Bændablaðið

7. tölublað 2025 • Fimmtudagur 10. apríl • Blað nr. 677 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Fundaferð atvinnuvegaráðherra og formanns Bændasamtaka Íslands um landið lauk í gær og bauð upp á dýrmæta umræðu fyrir vinnuna fram undan.

2



Trump skellir í lás með tollheimtu sinni. Hugmyndafræðileg óvissa virðist síst minni en sú viðskiptalega.

30



Bæjarnöfn eru oft skrítin og skemmtileg. Rýnt er í bæjatal Árnastofnunar þar sem kennir margra grasa um allar sveitir.

68





Birgir Steinn Birgisson keypti garðyrkjustöðina Ficus í Hveragerði fyrir um fjörutíu árum og hefur staðið vaktina í pottaplönturæktun öll þau ár. Nú er tími páskablómanna og um 40 þúsund fagurgular plöntur frá Birgi streyma í stórmarkaðina. – Sjá nánar á síðum 44–46

Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

Lóu og spóa fækkar ört

Hljóðheimur íslenska sumarsins er að breytast því bæði lóum og spóum hefur fækkað.

Ríflega helmingur allra heiðlóa veraldar verpa á Íslandi og hátt í þriðjungur allra spóa. Þeim fækkar nú ört, líkt og fuglum sem reiða sig á opin búsvæði.

Stofnarnir dragast saman á heimsvísu, ekki síst hin síðari ár, og nú sjást merki þess að þeim fækki einnig á Íslandi. Ekki er talið að rýrnun þessara stofna stafi af breytingum á vetrarstöðvum.

Fuglafræðingur segir sláandi að niðurstöður kerfisbundinna talninga leiði í ljós að lóu og spóa sé að fækka og á alveg óskyldum svæðum um allt land.

Helmingur hreiðra á Íslandi eru rænd en það er tiltölulega lágt hlutfall í alþjóðlegu samhengi og því ekki hægt að kenna afránsþrýstingi um fækkunina. Hins vegar eru mannleg umsvif að aukast verulega. Þeim fylgir tap á búsvæðum með tilheyrandi jaðaráhrifum, og þau geta haft áhrif á afránsþrýsting, þ.e. aukið hann á þá fugla sem eru eftir á búsvæðum.

Heiðlóa og spói eru meðal ábyrgðartegunda Íslands. Heiðlóa er auk þess skráð í viðauka Bernar-samningsins sem listar þær tegundir sem aðildarþjóðir skuldbinda sig til að vernda með sértækri búsvæðavernd.

/sá

Stuðningur við innleiðingu á LED-ljósabúnaði

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið að styðja garðyrkjubændur í ylrækt til fjárfestinga við innleiðingu á LED-ljósum í gróðurhúsin, sem talið er að geti minnkað raforkunotkun gróðurhúsa um 40–60 prósent.

Stuðningsupphæðin nemur 160 milljónum og samkvæmt upplýsingum sem fengust úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu er unnið að útfærslu á fjárfestingastuðningnum. Gert sé ráð fyrir að styrkir verði veittir til framleiðenda garðyrkjuafurða vegna fjárfestinga í orkusparandi búnaði, svo sem LED-ljósabúnaði, tölvu- og stýribúnaði og gardínukerfum.

Reiknað er með að styrkhlutfall verði 40 prósent og hámarksstyrkur 15 milljónir fyrir hvern framleiðanda og að opnað verði fyrir umsóknir um næstu mánaðamót.

„LED-ljósabúnaðurinn er mjög dýr og því er fjárfestingastuðningurinn úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu afar kærkominn, en þetta er mikill ávinningur fyrir alla því þetta er svo ofboðslega mikil orkusparandi aðgerð. Ég er sjálfur byrjaður að prófa LED-ljósin með gömlu perunum á ákveðnum svæðum í rósaræktuninni á okkar stöð og það hefur virkað mjög vel," segir Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, sem er blómabóndi og rekur garðyrkjustöðina Espiflöt í Reykholti í Bláskógabyggð.

LED-lýsingin betri í dag

„Ég myndi segja að LED-lýsingin væri í dag orðin betri en gömlu HPS-ljósin. En þetta hefur verið nokkuð lengi á leiðinni frá því fyrst var farið að tala um þessa nýja ljósatækni," segir Axel.

Vandamálið við LED-ljósin sé að þau gefi engan hita frá sér, sem sé mjög óheppilegt miðað við hvernig gróðurhús eru hönnuð. „Þess vegna þurfa garðyrkjubændur í ylrækt að fara í endurhönnun á sínum húsum, því HPS-ljósin eru á útleið og talað um að þau verði bönnuð á næstu árum.

Það er töluverð fjárfesting sem þessu fylgir, enda þarf að setja upp sérstakar gardínur til að halda hitanum inni í húsunum, nýjan rakabúnað til að stýra rakanum og jafnvel stækka hitakerfin.

Það er alveg ljóst að þessi innleiðing verður tekin í skrefum og þá erum við að tala um að taka jafnvel annað hvert ljós inn sem LED-ljós til að byrja með en nota HPS-ljósin á móti til að nýta hitann frá þeim."

Sparnaður fyrir ríkissjóð

Axel segist vonast til þess að garðyrkjubændur verði duglegir að fullnýta þessar 160 milljónir næstu 2 árin til að sýna fram á að þörf hafi verið fyrir stuðningnum og þann árangur sem getur hlotist af þessu. Það séu mikil tækifæri hjá garðyrkjubændum að fara betur með auðlindir landsins. Til langs tíma muni þessi aðgerð einnig spara ríkisjóði fjármuni í formi endurgreiðslu á dreifingarkostnaði raforku til garðyrkjubænda sem og skilað aukinni framleiðslu á markað.

Jóhann Páll sagði í sérstökum umræðum um orkumál á Alþingi 27. mars að almennar aðgerðir varðandi orkuöryggi og jöfnun dreifikostnaðar raforku dygðu garðyrkjubændum ekki einar og sér. Áratugir væru síðan stjórnvöld réðust síðast í skipulegan fjárfestingastuðning í þeirra þágu. */smh*



Boðar nýtt frumvarp um samruna afurðastöðva

Atvinnuvegaráðherra segist munu leggja fram eigið frumvarp sem leyfi samruna kjötafurðastöðva innan marka Samkeppniseftirlits.

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra sagði á fundi með bændum á Austurlandi að hún muni í haust leggja fram nýtt frumvarp um samruna kjötafurðastöðva. Frumvarp hennar um að afnema samráðsheimild afurðastöðva væri ekki afturvirkt.

Á fundi sem haldinn var á Eiðum, í fundaferð BÍ og atvinnuvegaráðherra, urðu talsverðar umræður um samruna afurðastöðva, kaup KS á Kjarnafæði Norðlenska og undanþágulög síðustu ríkisstjórnar sem heimiluðu sameiningu kjötafurðastöðva. Kom fram í svörum Hönnu Katrínar að frumvarpið um brottfall undanþágulaga yrði hvorki afturvirkt né myndi það stöðva samrunann. Hæstiréttur muni í maí skera úr um hvort hann standi.

Hún sagði undanþágulögin hafa gengið of langt í að girða fyrir aðkomu Samkeppniseftirlitsins. Löggjafinn gæti ekki leyft sér slíkt. Hagræðing afurðastöðva væri mikilvæg en ekki sama hvernig slíkt væri gert. Ná yrði til baka að samkeppnislöggjöfinni og eftirlitinu væri kippt úr gildi. Ekki stæði til að bregða fæti fyrir afurðastöðvarnar en gera yrði hlutina rétt og það myndi sýna sig að bændur og landbúnaðurinn yrðu ekki verr staddir eftir.

„Ég mun síðan leggja fram í haust mál sem miðar að því að leyfa samruna, eðlilegan samruna án þess að kippa þessu mikilvæga eftirliti Samkeppniseftirlitsins úr sambandi," sagði Hanna Katrín og útilokaði þannig ekki að samruni í hagræðingarskyni yrði mögulegur.

Fram kom í máli Aðalsteins Jónssonar, bónda í Klausturseli á Jökuldal, að honum væri óskiljanlegt af hverju stjórnvöld ætluðu að fella samráðsheimild afurðastöðvanna úr gildi. Ekki væri um samkeppni milli fátækra afurðastöðva hér innanlands að ræða heldur væri samkeppnin við innflutt matvæli. */sá*

Bændur fá tjónastuðning eftir kuldakast

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að tillögu Hönnu Katrínar Friðriksson atvinnuvegaráðherra að verja allt að 725 milljónum króna til stuðnings við bændur sem urðu fyrir tjóni vegna óvanalegs og erfiðs tíðarfars á landinu sumarið 2024.

Frá þessu greinir á vef stjórnarráðsins. Þar segir að sumarið hafi verið óvenju kalt samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands, eða það kaldasta á landsvísu síðan árið 1998.

Stuðningur verður tvíþættur, annars vegar vegna afurða- og gripatjóns, sem atvinnuvegaráðuneytið annast, og hins vegar vegna tjóns á heyi og uppskeru, sem fellur undir hlutverk Bjargráðasjóðs. Gert er ráð fyrir að stuðningur verði greiddur til ríflega 300 búa.

Áætlað er að tæp 60% af heildarstuðningi fari til framleiðenda á Norður- og Austurlandi en þau landsvæði urðu verst úti í kuldakastinu í júní 2024. Þá er áætlað að um 35% stuðningsins fari til framleiðenda á Suðurlandi þar sem rigning og kuldi ollu miklu tjóni á uppskeru.

„Fæðuöryggi er stórt öryggismál fyrir okkur á óvissutímum," segir atvinnuvegaráðherra. „Innlend matvælaframleiðsla spilar þar lykilhlutverk, því koma stjórnvöld til móts við bændur til að minnka þau áföll sem varð á búum í kjölfar kuldakastsins."

Til að gera viðbrögð skilvirkari og markvissari er gert ráð fyrir að framtíðarfyrirkomulag sjóða sem bæta náttúruvá verði endurskoðað, þ.m.t. samlegðar- og hagræðingartækifæri. Að auki verður áfram unnið að stefnumótun um náttúruvá, sbr. skýrslu umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá apríl 2023. */þh*

Næsta Bændablað kemur út 1. maí

Vegna páskahátíðarinnar verða þrjár vikur á milli blaða og mega lesendur eiga von á næsta eintaki blaðsins þann 1. maí.

Gleðilega páska!



Fundaferð:

Áhyggjur af nýliðun í bændastétt og afkomuvanda

– Dýrmæt umræða fyrir vinnuna fram undan í atvinnuvegaráðuneytinu

Fundaferð Bændasamtaka Íslands og atvinnuvegaráðherra lauk í gær. Helstu málefnin sem voru til umræðu snéru að vandamálum í nýliðun í landbúnaði, afkomuvanda, búvörusamningum og tollvernd.

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra var í för með Bændasamtökunum og segir hún að ánægjulegt hafi verið að fá tækifæri til þess og eiga milliliðalaust samtal við bændur. „Á öllum fundum hafa komið fram áhyggjur bænda af nýliðun í stéttinni, að afkoman sé ekki nógu góð til að ungt fólk sjái framtíð sína í landbúnaði. Þetta á íslensk bændastétt sameiginlegt með kollegum sínum víðs vegar um heim en við verðum að huga að leiðum til að ungt fólk sjái sér hag í að velja sér landbúnað sem starfsvettvang."


Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra var í för með Bændasamtökunum og átti samtöl við bændur. Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, er í bakgrunni. Mynd / BÍ

Umræðan nýtist ráðuneytinu í vinnunni framundan

Að sögn Hönnu Katrínar var margt annað áhugavert til umræðu á fundunum sem liggur bændum á hjarta og nefnir hún raforkuverð, stuðningskerfið, nýsköpun, tolla og hvernig megi koma í veg fyrir söfnun jarða á fárra hendur.

„Það sem fundargestir hafa lagt til umræðunnar mun nýtast í þeirri vinnu sem fram undan er í mínu ráðuneyti, einnig mun hluti fundargesta taka þátt í rafrænum umræðuhópum í rannsókn sem unnin verður á vegum ráðuneytisins, það verður dýrmætt veganesti fyrir þá vinnu sem fram undan er."

Gott samtal milli bænda og ráðherra

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir fyrirhugaðar breytingar á búvörulögum hafi meðal annars verið ræddar þar sem bændur létu skoðanir sínar í ljós varðandi fyrirhugaða niðurfellingu á heimild afurðastöðva til hagræðingar. Jarðalögin hafi einnig verið til umræðu, mikilvægi einföldunar regluverks og raforkumálin. „Það er gott og ekki síður mikilvægt að ráðherra fái – og ekki síst gefi sér – tækifæri til að heyra beint í bændum og að málefnalegar umræður eigi sér stað. Bændur hafa fagnað þessari fundaferð okkar og ráðherra. Komið er á aukið samtal við bændur og ráðherra fær betri skilning á landbúnaðinum og því sem brennur á bændum.

Það er augljóst að ráðherra hlustar á okkur bændur, skilningur á atvinnugreininni er að aukast og það mun skila okkur í betri samningum við ríkið. Gott samtal milli bænda og ráðherra mun vera öllum til heilla og ekki síst neytendum. Við erum öll í sama liði þó að ágreiningur kunni að skapast um leiðir að þeim markmiðum sem að er stefnt," segir Trausti.

Markmið fundanna var að finna raunhæfar lausnir á áskorunum bænda og voru fundir haldnir dagana 7.–9. apríl á sjö stöðum hringinn í kringum landið. Fundir í Reykjavík og á Vestfjörðum verða auglýstir síðar. */smh*

Fuglaflensa:

Nýtt smit gæti borist

– Matvælastofnun hvetur til árvekni

Dregið hefur talsvert úr tilkynningum til Matvælastofnunar um dauða villta fugla og er það talið sýna að dregið hafi úr fuglainflúensusmiti.

Samkvæmt Matvælastofnun virðist ljóst að fuglainflúensan er ekki úr sögunni hér á landi þar sem enn greinist einstaka fugl með skæða fuglainflúensu.

Þótt dregið hafi úr tilfellum í villtum fuglum er ekki talið rétt að draga úr varnaraðgerðum þar sem farfuglar flykkist til landsins um þessar mundir. Þeir komi frá slóðum þar sem töluvert hefur verið um sýkingar í fuglum. Því er talin nokkuð mikil hætta á að nýjar veirur berist með þeim. Fuglaeigendur þurfa því enn að gæta ýtrustu sóttvarna og fylgjast vel með fuglum sínum.

Lítil stúlka smituð í Mexíkó

Mexíkósk stjórnvöld greindu frá því 4. apríl sl. að fyrsta tilfelli H5N1-fuglaflensu í mönnum þar í landi hefði greinst í þriggja ára gamalli stúlku sem lögð var inn á sjúkrahús alvarlega veik. Gerðist þetta í Durango-fylki í norðvesturhluta Mexíkó. Ekki hefur orðið vart við H5N1-smit á bændabýlum með búfénað en veiran fannst nýlega í villigæsum við stöðuvatn í Durango og nokkru áður í dýrum í dýragarði í sama fylki.

H5N5 í ýmsum dýrum

Frá því í haust, þegar afbrigðið H5N5 greindist fyrst hér á landi, hafa 11 tegundir villtra fugla greinst með sýkingu og tilkynnt hefur verið um 333 dauða fugla og 78 veika fugla af þessum tegundum. Á sama tíma hafa 14 sýni verið tekin úr villtum spendýrum, 11 sýni úr köttum, eitt úr hundi og tvö úr nautgripum. Veiran hefur greinst í þremur köttum, einum ref og einum mink. Þessar tölur og


Farfuglar tínast nú sem óðast til landsins og eru áhyggjur af að þeir geti borið með sér fuglaflensuveirur frá meginlandinu. Mynd / sá

upplýsingar um staðsetningu er hægt að sjá á mælaborði um fuglainflúensu á heimasíðu Matvælastofnunar.

Nýjustu fuglaflensufréttir frá Evrópumiðstöðinni um forvarnir og eftirlit með sjúkdómum (ECDP) eru að frá desember til mars sl. hafi fuglaflensa greinst í 239 húsdýrum og 504 villtum fuglum í 31 landi Evrópu, einkum í Mið-, Vestur- og Suðaustur-Evrópu.

Engar vísbendingar um smit milli manna hafi verið skráðar. Hætta af þeim fuglainflúensuveirum sem nú eru í umferð í Evrópu sé enn talin lítil fyrir almenning, og í meðallagi eða lítil fyrir þá sem meðhöndla sýkt dýr eða eru sökum vinnu sinnar eða annars í menguðu umhverfi. */sá*

LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM.

SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS. UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is

Fjármálaáætlun 2026–2030:

Vill aukið fjármagn til næstu búvörusamninga

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segist sakna þess að fastar sé kveðið á um fjárhags- og afkomuvanda bænda í fjármálaáætlun 2026–2030 sem Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra kynnti í síðustu viku.


Trausti Hjálmarsson.

„Maður saknar í reynd að fastar sé kveðið á um slíkt í áætluninni og að horft sé til þess að veitt verði aukið fjármagn til næstu búvörusamninga sem taka eiga við í lok árs 2026. Bændur þurfa, eins og aðrir þeir sem eru í atvinnurekstri, að hafa fyrirsjáanleika í búrekstri sínum," segir Trausti en í áætluninni er talað um að íslenska ríkið hafi ítrekað gripið til sértækra aðgerða til að stuðla að bættri afkomu innan greinarinnar.

Í stefnu málefnasviðsins segir að vandi landbúnaðarins hafi einkum verið tvíþættur: „Annars vegar bráðavandi innan ákveðins hluta atvinnugreinarinnar sem rekja má til hækkunar fjármagnskostnaðar og hins vegar vandi til lengri tíma sem tengist framleiðni og veikleikum í stuðningskerfi landbúnaðarins. Mikill munur er í rekstri innan landbúnaðarins, bæði á milli búgreina og innan þeirra, og búgreinar því misvel í stakk búnar að takast á við áskoranir. Nýliðun og kynslóðaskipti hafa verið erfið fyrir atvinnugreinina. Þá fela áhrif loftslagsbreytinga á matvælaframleiðslu og aðlögun að þeim í sér mikla áskorun fyrir atvinnugreinina."

Gert er ráð fyrir að útgjaldarammi málefnasviðs landbúnaðar lækki um 261 m.kr. frá fjárlögum 2025 til ársins 2030 en þar er vísað til samningsbundinnar lækkunar á framlögum til búvörusamninga á árinu 2026. Trausti segir að áætlunin taki greinilega skýrt mið af landbúnaðarstefnunni til 2040, þar sem helstu áherslur eru á sjálfbærni, nýsköpun, loftslagsaðgerðir og fjölbreyttari framleiðslu sem styðja eigi við fæðuöryggið. „Áfram virðist stefnan vera að Ísland eigi að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum afurðum sem þýðir að stuðla þurfi að vernd og sjálfbærni búfjárstofna og dýraheilsu. Það talar inn í aukið fjármagn sem nemur 177,5 m.kr. á árinu 2026 til að innleiða verndandi arfgerðir í íslenska sauðfjárstofninum. Á sama ári er einnig gert ráð fyrir 100 m.kr. hækkun til að stuðla að aukinni innlendri framleiðslu á korni."

Nýtt stuðningskerfi

Vinna er hafin við mótun nýs stuðningskerfis fyrir landbúnað sem tekur mið af samþykktri landbúnaðarstefnu til ársins 2040, segir í áætluninni.

Til að bregðast við áskorunum í landbúnaði segir í stefnutexta áætlunarinnar að það þurfi að horfa á starfsumhverfi atvinnugreinarinnar í heild sinni til framtíðar. Núgildandi búvörusamningar renna út árið 2026 og segir að í þeirri vinnu sem hafin sé við mótun nýs stuðningskerfis verði lögð áhersla á að stuðningur við landbúnað skapi stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda framleiðslu og til að efla stoðir landbúnaðar verður sérstaklega hugað að því að auðvelda kynslóðaskipti og nýliðun.

„Jafnframt er gert ráð fyrir að stuðningur hins opinbera verði samhæfður með það að markmiði að styrkja og fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun. Stuðlað verði að aðlögunarhæfni til að mæta þörfum neytenda á hverjum tíma." Talað er um að stuðningskerfi landbúnaðar verði þróað í þá átt að það hvetji til aukins samdráttar í losun. Matvælaöryggi verði tryggt með skilvirku eftirliti og skýrri löggjöf þar sem eftirlit er samræmt um land allt.

„Ein heilsa"

Yfirskrift áætlunarinnar um landbúnað árin 2026 til 2030 er „sjálfbær og heilnæm matvælaframleiðsla" og helstu árherslur eru á „auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti", að „efla nýsköpun" og að „stuðla að verðmætasköpun og fjölbreytni í framleiðslu".

Um meginmarkmið segir: „Meginmarkmið málefnasviðsins er að efla íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu,ýta undir vöxt og verðmætasköpun og styrkja stoðir til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Tryggja skal matvæla- og fæðuöryggi í þágu einnar heilsu (e. one health) og hámarka velferð dýra."

Hugtakið „ein heilsa" er sótt til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar sem hafa hvatt þjóðir til að nálgast umfjöllun og aðgerðir í vernd og sjálfbærni búfjárstofna og dýraheilsu út frá hugtakinu. Það vísar meðal annars til þess að heilsa manna verði ekki aðskilin frá heilbrigði dýra og heilnæmu umhverfi yfirleitt. */þh*




Janne Känkänen, hagfræðingur og forstjóri finnsku Neyðarbirgðastofnunarinnar, t.v., og Rasmus Dahlberg sagnfræðingur veltu upp stöðu Norðurlandanna hvað varðar viðbúnað og viðnámsþrótt samfélaga. Mynd / sá

Norðurlönd:

Aðsteðjandi ógnir æ flóknari og fjölþættari

– Tækifæri til samstarfs um bættan viðbúnað

Vaxandi vilji er meðal norrænu þjóðanna til að fara í samstarf um viðbúnað og neyðarbirgðir á óvissutímum. Finnar og Svíar hafa þegar tekið höndum saman.

Efnt var til málþings í Norræna húsinu síðari hluta marsmánaðar í tilefni af árlegum Degi Norðurlanda. Var umræðuefnið viðbúnaður og viðnámsþol samfélagsins á tímum sem einkennast af spennu í alþjóðamálum, félagslegum óstöðugleika og áskorunum í umhverfismálum. Eru norræn samfélög sögð standa frammi fyrir æ flóknari og fjölþættari ógnum. Ísland búi að mikilli reynslu þegar komi að því að takast á við náttúruhamfarir en spyrja megi hversu tilbúin íslenska þjóðin er að takast á við fjölþættar ógnir sem reyni á samfélagslegt traust og samvinnu.


Vörubirgðir fyrir neyðarástand. Mynd / Finnska neyðarbirgðastofnunin

Öryggissamstarf Norðurlanda orðið aðkallandi

Janne Känkänen, hagfræðingur og forstjóri finnsku Neyðarbirgðastofnunarinnar, var einn framsögumanna. Hann greindi frá helstu dráttum í viðbúnaði Finnlands og hvernig tekist væri á við það verkefni að vernda mikilvæga innviði og hlutverk einkageirans þar að lútandi. „Við lifum á miklum óvissutímum og Norðurlönd standa frammi fyrir miklum breytingum á öryggisumhverfi sínu," sagði Känkänen. Að tryggja skilvirkt samstarf þvert á landamæri meðal geira og stofnana í hættuástandi væri lykilatriði og þegar komi að því að bæta viðbúnað sé augljóst tækifæri til samstarfs á milli Norðurlandanna.

Neyðarbirgðastofnunin er óháð ríkisstofnun sem rekur tveggja milljarða evra landssjóð til neyðaraðstoðar og samhæfir breitt net finnskra fyrirtækja sem talin eru mikilvæg fyrir þjóðarþol. Stofnunin ber ábyrgð á að viðhalda stefnumótandi birgðum Finnlands og tekur þátt í að keyra áætlanir sem miða að því að tryggja viðnám mikilvægra innviða. Markmiðið er að tryggja íbúum Finnlands m.a. korn, eldsneyti, áburðarefni, lyf og lækningabúnað, til níu mánaða tíma.

Känkänen minnti í framsögu sinni á að forsætisráðherra Finna, Petteri Orpo, hefði sl. haust hvatt til að norrænt samstarf um afhendingaröryggi neyðarbirgða yrði eflt. Forsætisráðherrann legði áherslu á að í núverandi öryggisumhverfi væri sífellt mikilvægara að efla viðnámsþol Norðurlandanna og stuðla að víðtækum viðbúnaði vegna margvíslegrar borgaralegrar kreppu og blendingsógna (e. hybrid-threat).

Ýmsar þreifingar í gangi

Í formennskuáætlun Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni 2025 er mikil áhersla lögð á að styrkja sameiginlegan viðbúnað Norðurlanda. Sagði Känkänen ýmsar þreifingar vera í gangi innan ríkjanna um samvinnu, en of snemmt væri að segja til um hver raunveruleg niðurstaða þess yrði. Enginn sameiginlegur norrænn sjóður eða miðstöð væru á dagskrá á þessum tímapunkti.

Síðasta haust var samþykkt viljayfirlýsing finnskra og sænskra stjórnvalda um að hefja undirbúning að sameiginlegri áætlun um birgðaöryggi. Markmiðið er að þróa afhendingaröryggi milli landanna tveggja, efla seiglu og bæta hagkvæmni.

Löndin gerðu með sér samning um efnahagssamvinnu í alþjóðlegu kreppuástandi árið 1992 og verður hann uppfærður í takt við nýja tíma. Horft er m.a. til sameiginlegra neyðarbirgða, getu til að gera við neðansjávarinnviði, sérstaklega sæstrengi, og flutningasamstarf á norðurslóðum, að skiptast á upplýsingum um aðstæður, sameiginlega endurskoðun á áhættu- og hættuumhverfi og sameiginlegt greiningarsamstarf.

Aukið tvíhliða samstarf ríkjanna er viðbót við annað samstarf á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og Evrópu, sem og vinnu NATO að viðnámsþoli. Sagði í sameiginlegri yfirlýsingu stjórnvalda Finnlands og Svíþjóðar að öllum möguleikum á að efla og auka samstarf við hin Norðurlöndin í þessum efnum væri fagnað.

Danir og Norðmenn hafa m.a. leitað í smiðju til Finnlands um skipulag og samþættingu neyðarráðstafana.

Margþættar og duldar ógnir

Rasmus Dahlberg, danskur sagnfræðingur og hamfarafræðingur, sem leiðir rannsóknarverkefnið RESECTOR á vegum Nordforsk (stofnun um norræna samvinnu á sviði rannsókna og rannsóknarinnviða), flutti einnig erindi á málþinginu og velti upp viðbrögðum við fjölþættri stríðsógn, tíðari veðuröfgum, upplýsingaóreiðu og rýrnun lýðræðislegra gilda.

Dahlberg benti m.a. á að aðsteðjandi ógnir væru afar margþættar og að miklu leyti undir yfirborðinu, svo að gríðarlega flókið væri að greina þær og þá sömuleiðis að bregðast við þeim. Styrkja þyrfti innviði samfélaga til að efla seiglu þeirra og bregðast við með heildstæðum hætti og alþjóðlegri samvinnu. Dahlberg hefur sérstaklega rannsakað hugtökin áhættu og seiglu í samvinnu við dönsku neyðarstjórnunarstofnunina.

Málþingið var haldið af Norrænu ráðherranefndinni í samstarfi við Norræna félagið á Íslandi. */sá*

BYD

Stærsta rafbílamerki í heimi

SEALION 7

4x4 **Staðalbúnaður, brot af því besta:**

- 91,3 kWh rafhlaða
- 1500 kg dráttargeta
- 578 lítra farangursrými
- Drægni: 502-615 km (WLTP)
- 230 kWh hraðhleðsla 10-80% á 24 min



Verð: 8.890.000 kr
Orkusjóður: -900.000 kr

7.990.000 kr

www.byd.is - soludeild@vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Meðbyr

Það var gott hljóð í bændum á fundaferð Bændasamtakanna og atvinnuvegaráðherra um landið í vikunni. Orðin bjartsýni og trú heyrðust ítrekað á fyrsta fundinum sem undirritaður sat í Félagslundi í Flóahreppi, enda augljós meðbyr með íslenskum landbúnaði sem þrátt fyrir æ erfiðari rekstrarskilyrði það sem af er öldinni hefur skilað ótvíræðri hagræðingu og framleiðsluaukningu um leið og afurðir hans eru heilnæmari en gengur og gerist á byggðu bóli. Markvisst ræktunarstarf og nýsköpun, auk útsjónarsemi í rekstri hefur umfram allt skilað þessum árangri en hann má raunar einnig mæla í sterkri ímynd og markaðsstöðu íslenskra landbúnaðarvara, umhverfishollustu þeirra og áfram mætti telja.

Aðstæður hafa svo orðið til þess að vitund stjórnvalda og alls almennings um mikilvægi landbúnaðar við að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar hefur orðið æ sterkari. Sú breytta heimsmynd sem blasir nú við hverju mannsbarni – og kemur vitanlega ekki til af góðu – setur innlenda matvælaframleiðslu framar í forgangsröðina. Um leið og stjórnvöld ætla skiljanlega að auka fjárframlög til öryggis- og varnarmála um tæp fjórtán prósent á næstu árum, hljóta þau að tryggja heilbrigðan rekstrargrundvöll landbúnaðarins og eðlileg tækifæri til nýsköpunar og nýliðunar í greininni. Með því er hægt að virkja enn frekar bjartsýnina, kraftinn og útsjónarsemina sem býr í íslenskum bændum og tryggja sjálfbæra matvælaframleiðslu í landinu og fæðuöryggi.

Eins og oft hefur verið bent á er það sömuleiðis brýnt lýðheilsumál að skjóta styrkari stoðum undir framleiðslu íslenskra landbúnaðarafurða. Í því sambandi má rifja upp að eitt af upphaflegum markmiðum búvörusamninganna á síðustu öld var að gera sem flestum fært að njóta þessara heilnæmu og öruggu matvæla óháð efnahag. Gera þarf betur ef það markmið á að nást enda hefur neysla gjörunninna matvæla aukist á síðustu árum og áratugum.

Allt blasir þetta við hverjum þeim sem skoða vill, enda standa nú vonir til þess að þétt og ákaflega uppbyggilegt samtal bænda og ráðherra á undanförnum dögum og vikum, meðal annars á sterku Búnaðarþingi í mars sl., muni skila sér í raunverulegum breytingum á rekstrarskilyrðum landbúnaðar og bættri afkomu bænda sem margir hverjir hafa allt of lengi þurft að setja sinn eigin efnahag í annað sætið. Náist þessar breytingar í gegn nú er auk heldur ljóst að sterkari grundvöllur að aukinni nýliðun og nýsköpun hefur verið lagður.

Nýjungar

Eins og lesendur hafa væntanlega komið auga á eru nokkrar nýjungar í efni og umbroti Bændablaðsins í dag. Forsíðu blaðsins hefur verið breytt lítillega og sömuleiðis þessari opnu hér, leiðaraopnunni. Á síðu sjö má nú finna pistil formanns Bændasamtakanna, auk annars skoðunarpistils sem skrifaður verður af völdum hópi fólks. Neðst á síðunni er svo höfundarlaus pistill þar sem ritstjórn blaðsins mun færa í tal ýmislegt, bæði stórt og smátt, sem henni liggur á hjarta. Að endingu skal bent á stuttan pistil aftarlega í blaðinu sem fengið hefur yfirskriftina Hrifla en þar mun skrifari benda á það sem helst hefur hrifið hann á sviði menningar og lista. Vonandi leggjast þessar breytingar vel í lesendur.

Þröstur Helgason



Skýring:

Úrgang skal færa til viðeigandi meðhöndlunar

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Mynd / smh

Líkt og fram kom í forsíðufrétt síðasta tölublaðs Bændablaðsins, er ekkert eftirlit haft með því hvernig garðyrkjuúrgangur frá garðyrkjubændum á Suðurlandi er meðhöndlaður.

Bændurnir bera sjálfir ábyrgð á því að koma úrgangi í réttan farveg, en það eru heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna sem hafa eftirlitshlutverk með því að rétt sé staðið að málum. Bændablaðið hefur heimildir fyrir því að almenn venja sé á Suðurlandi að bændur fargi sjálfir sínum úrgangi, urði eða noti til landfyllingar, sem er bannað með lögum.

Í áðurnefndri umfjöllun Bændablaðsins var ranglega staðhæft að garðyrkjuúrgangur frá garðyrkjustöðvum bænda flokkaðist sem „lífúrgangur“, samkvæmt lögum sem tóku gildi í byrjun árs 2023. Hið rétta er að hann er „lífrænn úrgangur“ – líkt og annar úrgangur sem er niðurbrjótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis og um hann gilda önnur lagaákvæði. „Lífúrgangur“ er þrengra skilgreindur lífrænn úrgangur og í þann úrgangsflokk fellur til dæmis lífrænn heimilisúrgangur eins og matarleifar og garðaúrgangur frá heimilum – og frá 1. janúar 2023 hefur verið bannað að urða hann.

Yfirleitt gert ráð fyrir endurnotkun á úrgangi

Heilbrigðisnefndir starfa undir heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga. Í umfjöllun Bændablaðsins var haft eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits Suðurlands, að eftirlit með garðyrkjuúrgangi bænda hafi ekki verið sett á oddinn í starfseminni, mannafli hafi ekki verið nægur til að sinna þessu eftirlitshlutverki. Einungis átta starfsmenn væru starfandi við heilbrigðiseftirlitið og í mörg horn að líta á öllu Suðurlandi. Hins vegar fylgdist starfsfólk með af hliðarlínunni án þess að hafa mikið látið að sér kveða í kröfugerðum á þessu sviði hingað til.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun (UOS) er það hlutverk heilbrigðisnefnda að sjá til þess að úrgangurinn rati í viðeigandi meðhöndlun og það eigi við um allan lífrænan úrgang. Í samþykktum sveitarfélaga og í reglugerðum sé fjallað nánar um hvers konar meðhöndlun er viðeigandi, en yfirleitt er það einhvers konar endurnotkun á úrganginum, til dæmis moltugerð, dísilgerð eða brennsla á dýrahræjum.

Margvísleg úrræði heilbrigðisnefnda

Fram kemur í upplýsingunum frá UOS að heilbrigðisnefnd hafi margvísleg úrræði til að grípa til ef meðhöndlun úrgangs sé ekki lögum samkvæmt. Eðlilegast sé að heilbrigðisnefnd leiðbeini viðkomandi um hvernig eigi að standa að málum, veiti honum hæfilegan frest til úrbóta og áminningu eftir þörfum.

Ef það dugi ekki til geti heilbrigðisnefnd beitt dagsektum eða látið vinna verk á kostnað viðkomandi. Í alvarlegum tilvikum megi jafnvel stöðva starfsemi rekstraraðilans til bráðabirgða og sem síðasta úrræði geti Umhverfis- og orkustofnun svipt viðkomandi starfsleyfi.

Æskilegt að komast hjá því að úrgangur falli til

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið segir í svari við fyrirspurn um stöðu þessara úrgangsmála á Suðurlandi, að eins og eigi við um allan annan úrgang þá gildir það um garðyrkjuúrgang að æskilegt er að komast hjá því að hann falli til, svo sem með nýtingu hliðarafurða. Annars eigi að endurnýta úrganginn, svo sem með endurvinnslu og komast hjá förgun hans eins og hægt sé. Það sé ekki síst mikilvægt með hliðsjón af losun gróðurhúsalofttegunda og markmiða Íslands í loftslagsmálum, auk þess sem það leiði til betri nýtingar hráefnis.

Almenn skylda gildi um garðyrkjuúrgang eins og annan úrgang, að hann sé færður til viðeigandi meðhöndlunar og að óheimilt sé að losa hann annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, samanber 9. grein laga um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðilum – og þar með garðyrkjubændum – sé skylt að flokka garðyrkjuúrgang og annan rekstrarúrgang í því skyni að stuðla að endurnýtingu hans. Nefnir ráðuneytið hugmyndir um starfrækslu á lífgas- og áburðarveri í uppsveitum Árnessýslu sem dæmi um slíkt, en þar er gert ráð fyrir að hráefnið verði garðyrkjuúrgangur frá ylrækt bænda og kúamykja kúabænda. Ráðuneytið hafi stutt það verkefni með aðkomu sinni að Orkídeu, sem hefur látið útfæra slíkar hugmyndir.

> „Í alvarlegum tilvikum megi jafnvel stöðva starfsemi ...

Starfsleyfi þarf til urðunar

Í svörum úr ráðuneytinu kemur fram að staðan í dag sé því þannig að rekstraraðilar eigi að leita leiða til endurnýtingar á úrgangi og losun utan lögmætrar móttökustöðvar óheimil. Ef farvegur til endurnýtingar sé ekki til staðar hjá formlegum móttökustöðvum sé þar heimild til urðunar. Hyggist bændur losa sig við úrgang á eigin landi þurfi þeir starfsleyfi til þess.

Ráðuneytið metur það sem svo að búast megi við að auknar skorður verði settar á förgun á komandi árum, meðal annars garðyrkjuúrgangs, og fyrirhugað sé samkvæmt aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum að leggja á bann við urðun alls lífræns úrgangs.

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Einn af vorboðunum er innflutningur á tilbúnum áburði til túnræktar. Hér er uppskipun í fullum gangi í Þorlákshöfn á áburði sem Fóðurblandan flytur inn frá Póllandi. Haraldur Teódór Agnarsson og Niklas Hyström fylgjast með úr öruggri fjarlægð á meðan tólf 600 kílóa áburðarsekkir eru hífðir upp úr lestinni með gröfu sem er áföst skipinu. Að þessu sinni er tæplega 4.000 tonnum landað í Þorlákshöfn áður en skipið heldur í aðrar hafnir í kringum landið. Fleiri skip eru svo væntanleg innan skamms. Mynd / ál

Að skulda eða ekki skulda

Vinkill | Steinþór Logi Arnarsson
steinthor99@gmail.com

Það er deginum ljósara að fjárfestingaþörf í landbúnaði er mikil líkt og í öðrum innviðum okkar. Núverandi framleiðsla byggir að miklu leyti á gömlum grunni, allt frá byggingum til bændanna sjálfra, sem yngjast ekki. Í skjóli þess hefur innlend matvælaframleiðsla ekki fylgt eftir vaxandi þörf á matvælum. Hægt og bítandi hefur hún gefið eftir í samkeppninni við sífellt aukinn innflutning á unnum matvælum. Margar eru ástæðurnar án efa en þá er vert að leiða hugann að því hvernig sé með raunverulegum hætti unnt að snúa þessari þróun við og fjárfesta í þeim tækifærum sem blasa við á sama tíma, þar spila fjármögnunarmöguleikar lykilhlutverk.

Fjárfestingar í landbúnaði hvort sem það er í landi, búfénaði, tækjum eða húsnæði færa viðkomandi bónda ekki aðeins fjárhagsleg verðmæti heldur öðlast hann einnig hlutdeild í framtíðinni. Í því felst mikil ábyrgð og hvati til að gera sífellt betur, nýta auðlindir vel, auka skilvirkni og hugsa til lengri tíma. Landbúnaður og matvælaframleiðsla einkennist af löngum framleiðsluferlum og hringrásarhugsjón. Það kallar því á langlífar fjárfestingar sem þarfnast framsýni, útsjónarsemi og þolinmæði. Landbúnaður býr þess vegna við hlutfallslega umtalsvert meiri skuldsetningu en þekkist í flestum öðrum atvinnuvegum, sérstaklega þar sem einstaklingar og einyrkjar standa að atvinnurekstri. Það má því með sanni segja að hvar sem byggt er upp í landbúnaði sé það birtingarmynd óspilltrar tiltrúar á framtíðina.

Saman mynda eignamyndun og skuldsetning það jafnvægi sem hvetur hlutaðeigandi til aukinnar verðmætasköpunar. Samfélagið allt nýtur líka góðs af og það með augljósum hætti í tilfelli landbúnaðar, með betri vöru á betra verði en ella. Þessir sömu drifkraftar hafa gert það að verkum að sjávarútvegurinn getur fært þjóðinni ríkulegan ávöxt okkur öllum til hagsbóta. Það er því miður hvernig þjóð- og efnahagslegt mikilvægi landbúnaðar hefur verið vanmetið í þessu samhengi. Landbúnaðurinn hefur ekki búið við viðeigandi fjármögnun sem krefst þolinmæði, fyrirsjáanleika og stöðugleika sem hefur leitt af sér stöðnun. Viðurkenning á því birtist okkur í niðurstöðum ráðuneytisstjórahópsins um fjárhagsvanda bænda síðla árs 2023 sem leiddi til einskiptis fjárstuðnings, með áherslu á þá sem höfðu fjárfest í framtíðinni. Var það til að draga úr þjóðhagslegum áhrifum á borð við enn hærra vöruverð af þessum sökum sem þó hefur hækkað nokkuð en þar hefur hár fjármagnskostnaður haft sín áhrif.

Ef það er raunveruleg meining stjórnvalda að efla innlendan landbúnað er nauðsynlegt að bæta úr og tryggja bændum viðeigandi lánsfjármagn, hagstætt og þolinmótt. Með því eflist samkeppnishæfni hans til muna, hvort sem það sé að ungt fólk velji það að starfa í landbúnaði eða þá afurðirnar og vörurnar sem til verða. Því að auki má vel horfa til þess að liðka fyrir kynslóðaskiptum með ívilnunum í skattkerfinu, slíkt þekkist í nágrannalöndum okkar og reynist mikill hvati. Öflugur landbúnaður færir okkur ekki aðeins góð og heilnæm matvæli á disk allra landsmanna heldur verða bændur áfram verndarar landsins, stuðla að byggðafestu og eru ábyrgir þátttakendur í efnahag og lýðheilsu þjóðarinnar.

Samtal um þá þætti og fleiri þarf að taka nú í aðdraganda nýrra búvörusamninga og gera þeim skil í samræmi við verðleika og tryggja að kerfið dragi ekki úr þeim framförum og fjárfestingum sem nauðsynlegar eru. Aðeins þannig tryggjum við fæðufullveldi okkar, sjálfstæði þjóðarinnar og velferð til framtíðar.

Höfundur er formaður Samtaka ungra bænda.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Hér aftar í blaðinu er stutt umfjöllun um vefmiðilinn og -verslunina Matland.is sem sérhæfir sig í umfjöllun og sölu á íslenskum landbúnaðarafurðum. Matvælin sem seld eru á vefnum koma að stórum hluta beint frá býli og eru því rekjanleg til bændanna sem framleiddu þau. Þau er hægt að fá send heim að dyrum eða á sérstakar stöðvar þar sem neytandinn getur nálgast þau. Þessi þjónusta er til fyrirmyndar og vekur spurningar um það hvort ekki sé ástæða til þess að ýta enn frekar undir möguleika bænda á að fullvinna matvörur í auknum mæli og koma beint á markað. Fram kemur í frétt af Búnaðarþingi að bændur vilja einfalda reglugerðina um lítil sláturhús á lögbýlum og fá skýrari leiðbeiningar frá ráðuneytinu og gera þannig framleiðslu og sölu beint frá býli auðveldari.

Allar aðgerðir sem stytta leiðina frá bændum til neytenda eru af hinu góða. Því styttri sem leiðin þarna á milli verður því sterkari verður vitundin um framleiðsluferlið, gæði og hollustu matarins, verðmyndunina, framboðið en líka kröfur markaðarins og eftirspurn. Öll myndum við standa betur.

❀

Landlæknir hefur nú breytt ráðlögðum dagskammti af rauðu kjöti úr 500 grömmum á viku í 350 grömm að hámarki.

Undir rautt kjöt fellur kjöt af nautgripum, svínum og sauðfé. Í staðinn er lagt til að borða fisk og svo baunir og linsur. Sömuleiðis mælist landlæknir til þess að minnkuð sé mjólkurneysla frá því sem áður var mælt með. Hún verði ekki meiri en 350 til 500 millilítrar á dag en áður var ráðlagður dagskammtur 500 millilítrar. Mælt er með fituminni mjólkurvörum, gjarnan sýrðum. Í stað mjólkur er mælt með því að fólk borði dökkt grænmeti, belgjurtir (baunir, ertur og linsur), hnetur og möndlur sem séu góðir kalkgjafar.

Allar byggja þessar ráðleggingar á nýjustu vísindum og rannsóknum og skal ekki efast um að þær séu settar fram af ábyrgð og þekkingu. Samt má benda á að hér er leitað langt yfir skammt. Kjöt- og mjólkurframleiðsla stendur með miklum blóma á Íslandi en baunir, linsur og ertur, hnetur og möndlur eru aftur á móti ekki ræktaðar hér í miklum mæli til manneldis. Heilnæmi íslenskra landbúnaðarafurða er einnig með því betra sem gerist í heiminum. Notkun sýklalyfja er til að mynda minni hér en í nánast öllum löndum Evrópu. Og þegar íslensk landbúnaðarafurð er valin veit neytandinn líka að hún er ekki langt að komin og þar af leiðandi að öllum líkindum með minna kolefnisfótspor en innflutt matvæli.

Það er að ýmsu að hyggja þegar matarbitinn er valinn.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarson
trausti@bondi.is

Berjumst saman

Fátt þykir mér skemmtilegra en að ferðast um landið, hitta bændur og annað áhugavert fólk og skiptast við það á sögum og skoðunum. Þegar þessi orð eru rituð er ég einmitt um það bil hálfnaður á hringferð Bændasamtakanna með atvinnuvegaráðherra, Hönnu Katrínu Friðriksson, en tilgangurinn með hringferðinni er að við bændur kynnumst ráðherranum. Ekki síður að ráðherrann kynnist bændum og öðlist enn dýpri skilning á stöðu okkar, áskorunum og væntingum.

Og ferðin hefur svo sannarlega ekki valdið vonbrigðum og á hverjum áningarstað hittum við fyrir fullt hús af bændum. Vissulega hafa bændur ekki farið í neinar grafgötur með sínar skoðanir á mikilvægum málum, enda ekki við því að búast, en alls staðar hafa umræðurnar verið málefnalegar og uppbyggilegar.

Á fundunum hef ég í minni framsögu lagt áherslu á mikilvægi landbúnaðar fyrir samfélagið allt. Að hagsmunir bænda – rekstrarafkoma og -öryggi, nýliðun, tollvernd og opinber stuðningur, séu ekki sérhagsmunir, heldur hagsmunir samfélagsins alls. Mikill meirihluti neytenda vill íslenskar landbúnaðarafurðir og íslenskir bændur vilja mæta þeirri eftirspurn. Rekstrarumhverfi landbúnaðarins þarf að vera þess eðlis að bændur geti haft sómasamlegar tekjur af starfsemi sinni, að neytendur hafi öruggt aðgengi að heilnæmum íslenskum landbúnaðarafurðum og að kynslóð geti tekið við af kynslóð.

Það hefur verið mér sérstök ánægja að heyra atvinnuvegaráðherra tala á þessum fundum, því hún virðist sýna mikilvægi landbúnaðar fyrir íslenskt samfélag og menningu mikinn skilning. Hún hefur nefnt þá staðreynd að ferðaþjónusta, að minnsta kosti ferðaþjónusta eins og við viljum hafa hana, geti ekki þrifist án landbúnaðar og byggðar í sveitum landsins. Hún hefur lýst vilja ríkisstjórnarinnar til að ýta undir nýfjárfestingu og nýsköpun í landbúnaði, styrkja bændur og auðvelda nýliðun í greininni.

Hún hefur, sem eðlilegt er held ég á þessu stigi málsins, farið varlega í loforðin. En engu að síður hefur hún verið afdráttarlaus með að það sé alls enginn niðurskurður til bænda í kortunum. Minna mætti það nú varla vera segja eflaust sumir, en það er gott að ganga til viðræðna og vita að gólfið er að minnsta kosti ekki lægra en það var áður.

Þá held ég að mörgum, sem töldu sig þekkja Viðreisnarráðherrann áður en þeir hittu hana, hafi komið á óvart hve vel hún hefur tekið í rök okkar bænda og málflutning þegar kemur að tollum og tollvernd. Hún hefur einnig ítrekað talað á þeim nótum sem okkur eru tamdar um mikilvægi fæðuöryggis og sagði það tekið mjög alvarlega innan ríkisstjórnarinnar.

Vissulega erum við ekki sammála um allt og ljóst er að átakafleti má finna, til dæmis hvað varðar búvörulög og samruna afurðastöðva. Og við munum þá bara takast á um þá hluti þegar að því kemur.

En fundirnir undirstrika mikilvægi þess að eiga í hreinskiptum og heiðarlegum samskiptum við fólk. Gagnkvæmur skilningur og virðing eru mun heppilegra veganesti á leið okkar að nýjum búvörusamningum en tortryggni og þekkingarleysi. Ég vil í því sambandi gera orð Hönnu Katrínar að mínum, þegar hún sagði á fundi okkar í Flóanum, að hún hlakkaði til baráttunnar, en að hún vildi berjast með okkur en ekki á móti okkur.

Mér er svo ekki stætt á því að ljúka pistlinum án þess að nefna það að á mánudag samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu Hönnu Katrínar, að verja allt að 725 milljónum króna til stuðnings við þá bændur sem urðu fyrir tjóni í kuldakastinu síðasta vor. Við eigum eftir að sjá hvort hann nægi til að bæta öllum það tjón sem varð, en þessi stuðningur lofar góðu um framtíðarsamstarf okkar bænda og ráðherrans og ég er vongóður um Viðreisn íslensks landbúnaðar!

Höfundur er formaður BÍ.

Úrgangsstjórnun og endurvinnsla:

Plastbrúsar framleiddir úr endurunnu rúlluplasti

Fyrirtækið Pure North í Hveragerði hefur nú náð að loka hringrás endurvinnslu á heyrúlluplasti með framleiðslu á fimm lítra plastbrúsum sem væntanlegir eru í verslanir.

Brúsaframleiðslan er afrakstur samstarfs sem fyrirtækið fór í með Bændasamtökum Íslands og nokkrum sveitarfélögum árið 2021. Því var ætlað að miðla upplýsingum og reynslu til að hraða framgangi innlendrar endurvinnslu á úrgangsefnum, meðal annars frá landbúnaði. Verkefnið var hugsað til fimm ára og var ætlað að leiða til aukinnar verðmætasköpunar úr úrgangi og minni umhverfisáhrifa. Í samningnum var gert ráð fyrir að það plast sem félli til í landbúnaði myndi nýtast til vöruframleiðslu.



Sigurður með plastbrúsana úr endurunnu heyrúlluplasti frá bændum, en þeir eru væntanlegir fljótlega í verslanir. Mynd / smh

Hringrás rúlluplastsins og plastbrúsaframleiðslunnar

Sigurður Halldórsson, stofnandi og einn eigenda Pure North, telur að nú fari um 90 prósent af öllu rúlluplasti í landinu til endurvinnslu hjá fyrirtækinu, sem var stofnað árið 2015. „Frágangurinn á plastinu til okkar frá bændum hefur stórbatnað með tímanum, en áður komu jafnvel heilu skrokkarnir með. Endurvinnslan hingað til hefur í raun falist í hreinsun á plasti, bræðslu og framleiðslu á plastperlum. Þær höfum við að mestu selt úr landi en einnig framleitt úr því girðingastaura. Það merkilega við framleiðslu á plastbrúsunum er að með henni lokum við hringrás heyrúlluplastsins þar sem allt það efni sem fellur til hjá bændum verður hugsað til þeirrar framleiðslu.

Það verður hægt að nota brúsana sem ílát undir hvað sem er, nema spilliefni ef það á að endurvinna þá aftur, en við stefnum auðvitað á að fá þá sem flesta aftur til okkar í endurvinnslu og þannig halda hringrásinni gangandi.“

Endurvinnsla sem skilar sér til bænda

Pure North greiðir bændum fyrir hráefnið, mismikið eftir því hversu langa leið það þarf að flytja það til fyrirtækisins í Hveragerði.

„Við greiðum minnst til þeirra sem senda plastið úr nágrenni Reykjavíkur, í kringum 11 þúsund krónur á tonnið, en mest er greitt um 30 þúsund á tonnið. Það er þá misjafnt hvort bændur sjálfir sjái um þetta, sveitarfélögin eða gámafélög safni þessu saman frá bændum. Við fáum svo okkar tekjur að hluta til í gegnum úrvinnslusjóð en að mestu leyti af sölu á okkar plastperlum erlendis. Lengst af hefur reksturinn verið brekka, en það er óhætt að segja að við séum nú komin yfir erfiðasta hjallann,“ útskýrir Sigurður.

Einnig í öðrum skyldum umhverfisverkefnum

Auk endurvinnslu á plasti er Pure North í öðrum skyldum umhverfisverkefnum, til dæmis býður það fyrirtækjum og sveitarfélögum upp á umhverfisráðgjöf um úrgangsstjórnun með hjálp hugbúnaðar og sérfræðinga í úrgangsmálum. „Við sáum að mörg fyrirtæki og sveitarfélög höfðu litla yfirsýn yfir úrgangsmálin sín og þurftu betri gögn til að taka upplýstar ákvarðanir, bæði til að hagræða og gera betur fyrir umhverfið. Þess vegna þróuðum við hugbúnað sem greinir bæði kostnað og magn úrgangs og hjálpar við að bæta nýtingu og skilja þennan málaflokk.“

Einnig býður Pure North upp á jarðgerðarvélar og fleiri úrgangbsúnað til sölu og leigu, sem til dæmis sveitarfélög hafa nýtt sér til meðhöndlunar á lífrænum úrgangi. „Þegar viðskiptavinir okkar fá yfirsýn yfir úrgangsmálin þá langar þá auðvitað að gera breytingar og þá fórum við að leysa ýmis vandamál með tækjum til ummálsminnkunar og umbreytinga á úrgangi. Jarðgerðarvélarnar til dæmis eru til í nokkrum stærðum og geta afkastað býsna miklu á stuttum tíma, þær stærstu. Ef við til dæmis setjum 100 kíló af matarafgöngum inn í svona vél þá koma um tíu kíló af sótthreinsuðum áburði út og ferlið tekur ekki meira en 24 tíma.

Sveitarfélög geta nýtt sér áburðinn beint til landgræðslu, og svo er hægt að gefa áburðinn eða selja hann þriðja aðila, þá þarf áburðurinn að fara í gegnum ákveðið eftirlitsferli sem hefur gengið vel hjá okkar samstarfsaðilum og áburðurinn að koma virkilega vel út,“ segir Sigurður. */smh*





Úr verknámshúsi skrúðgarðyrkjunnar þar sem verklegar æfingar skrúðgarðyrkjunema fara fram. Guðríður, staðarhaldari á Reykjum, segir húsið vera gamalt og úr sér gengið. Myndir / Aðsendar

Garðyrkjuskólinn:

Slæm staða á Reykjum

– Óskað eftir skýrri stefnumótun fyrir garðyrkjunám á Íslandi

Soffía Sveinsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu), hefur sent mennta- og barnamálaráðherra minnisblað vegna bágrar stöðu garðyrkjunámsins á Reykjum sem hefur verið rekið undir FSu frá árinu 2022.

Þar óskar hún eftir skýrri stefnumótun af hálfu ráðherra og ráðuneytisins hvað varðar garðyrkjunám á Íslandi.

Þörf á verulegu fjármagni

Að sögn Soffíu voru tveir starfshópar skipaðir sem áttu að skila tillögum til úrbóta. „Sá fyrri skilaði skýrslu í lok árs 2022, með metnaðarfullum tillögum, og síðan tók seinni starfshópurinn til starfa í ágúst 2023. Hann átti að fylgja fyrri niðurstöðum eftir og var gert ráð fyrir að hópurinn myndi skila drögum í október sama ár. Síðan er liðið eitt og hálft ár. Ásmundur Einar Daðason, þáverandi ráðherra, óskaði eftir að ég tæki saman minnisblað um stöðu mála þegar ég hafði nýlega tekið við skólameistarastöðunni. Þetta minnisblað sendi ég í ráðuneytið 13. febrúar en síðan hefur nýr ráðherra tekið við. Skólinn hefur átt gott samstarf við ráðuneytið en alþingiskosningar og mannabreytingar hafa tafið fyrir þessum málum.


Nú bíð ég átekta en það er alveg ljóst að það þarf að koma inn verulegt fjármagn inn í reksturinn á Garðyrkjuskólanum, bara svo hægt sé að halda við eðlilegri starfsemi og sinna viðhaldi. Svo þarf að efla námið og uppfæra námskrá, en hún var síðast uppfærð árið 2018.

Ég kalla í minnisblaðinu eftir pólitískri stefnu, hvað eigi að gera við garðyrkjunám á Íslandi. Mín skoðun, eftir þennan stutta tíma í starfi sem skólameistari, er sú að það eigi að gera garðyrkjunámið aftur að sjálfstæðri einingu og það legg ég til í minnisblaðinu sem fyrsta kost,“ segir Soffía og vísar þar til þess að skólinn starfaði sjálfstætt frá stofnun hans 1939 og þar til hann var sameinaður Landbúnaðarháskóla Íslands í byrjun árs 2005.


Til vara leggi hún til að starfsemin verði áfram undir FSu. Þá þurfi að koma til aukið fjármagn til að endurnýja húsakost en einnig til að hreinsa til á svæðinu eftir margra ára niðurníðslu, auk fjármagns til að endurskoða námsbrautir, efla starfsmenntanámið og fara í markaðsátak til að laða að yngri nemendur.



Endurbætur á aðalbyggingu skólans hafa staðið yfir frá árinu 2020 og ekki sér enn fyrir endann á þeim. Guðríður staðarhaldari segir að heilmikill gangur sé í verkinu og hafi verið frá því Ríkiseignir tóku yfir húsakost skólans árið 2023.



Guðríður Helgadóttir. Mynd / smh



Soffía Sveinsdóttir. Mynd / smh

Hús á Reykjum verið dæmd ónýt

Soffía segir að Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir eigi húsbyggingarnar á lóð Garðyrkjuskólans, en þær séu margar í mjög slæmu ástandi. „Það er að vísu verið að sinna endurbótum á aðalbyggingunni sem er mjög jákvætt, en svo eru önnur hús á svæðinu sem hafa hreinlega verið dæmd ónýt.

Mér er sagt af þeim sem vinna á Reykjum og þekkja þar best til að eitt af því brýnasta sé að laga aðstöðuna til kennslu, sem er að mörgu leyti orðin löngu úrelt.“

Sóknarfæri fyrir garðyrkjunámið á Reykjum

Soffía segir að með yfirfærslunni til Fjölbrautaskóla Suðurlands hafi verið talið að meiri samlegðaráhrif myndu nást með því að hafa námið undir skóla á framhaldsskólastigi frekar en á háskólastiginu.

„Raunin er hins vegar önnur enn sem komið er. Reykir eru í Ölfusi við Hveragerði en FSu á Selfossi og því áskorun að ná fram samlegð í rekstri á starfsstöðvum í sitthvoru bæjarfélaginu. Hér á Selfossi er staðnám, en í Garðyrkjuskólanum eru flestir í fjarnámi. Að auki eru nemendahóparnir mjög ólíkir, meðalaldur nemenda við FSu er um 18 ár en um 42 ár við Garðyrkjuskólann.“

Hún segir að fjármagnið sem skólinn fái í dag dugi varla til að standa undir lágmarksrekstri einingarinnar. Staðsetningin á Reykjum sé einstök og það séu heilmörg sóknarfæri fyrir garðyrkjunámið þar. Tillögur starfshópsins frá 2022 séu metnaðarfullar og vonandi verður hægt að tryggja fjármagn og hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst.

Allt of fámennur starfsmannahópur

Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari á Reykjum og sviðsstjóri garðyrkjubrauta Fjölbrautaskóla Suðurlands, segir brýnast fyrir Garðyrkjuskólann núna að fjármagn verði tryggt í rekstur námsins.

„Staðan er ansi þröng og þessir fáu starfsmenn sem sjá um námið þurfa að hlaupa verulega hratt til að láta dæmið ganga upp. Fyrir flutninginn til FSu höfðu þó nokkrir starfsmenn hætt og ekki var ráðið inn fólk í þeirra stað þannig að það var allt of fámennur hópur sem fluttist yfir og ekki hefur fjölgað í hópnum aftur. Svo er ástandið á verknámsaðstöðu fyrir skrúðgarðyrkjunámið orðið ansi bágborið og algerlega nauðsynlegt að ráðast í að koma upp nýrri og nútímalegri aðstöðu í staðinn.“ */smh*



Styrkir til skóg-ræktar

Milljón plöntur

Nýmörk er sjóður á vegum verslunarinnar sem styrkir skógræktarverkefni einstaklinga og félagasamtaka um land allt.

Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is

Nýmörk

POKASJÓÐUR

NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996 VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.



Mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík. Mynd / Hkr.

Mjólkurmarkaðir:

Stefnir stærsti hluthafi Örnu

Stefnir sjóðastýringarfyrirtæki hefur fjárfest í Örnu og er nú skráður stærsti hluthafi mjólkurvinnslunnar á Bolungarvík.

Eiríkur Ársælsson, sjóðstjóri hjá Stefni, segir mikil tækifæri á mjólkurmarkaði og hann sé sífellt að þróast.

„Örnu hefur tekist að byggja upp ótrúlega öflugt fyrirtæki í Bolungarvík sem er leiðandi í mjólkurvörum með tilliti til gæða og viðskiptaþróunar. Arna er að keppa á erfiðum markaði þegar kemur að samkeppni og inngönguskilyrði á markaðnum eru há þegar litið er til dæmis til framleiðslubúnaðar og þekkingar. Hálfdán Óskarsson, stofnandi Örnu, hefur unnið mikið frumkvöðlastarf til að koma fyrirtækinu á fót.“

Á hvaða stað þurfa íslensk landbúnaðar- og matvælafyrirtæki að vera til að fjárfestar sjái þau sem vænlegan fjárfestingakost?

„Þumalputtareglan í þeim sjóðum sem við stýrum hefur verið að fjárfesta í fyrirtækjum sem hafa rekstrarlíkan sem er komin góð reynsla á og reksturinn stendur undir sér. Ef félögin eru komin á þann stað eru vaxtarmöguleikar geirans og félaganna skoðaðir og á sama tíma skoðum við hvernig við getum aðstoðað fyrirtækin við að leysa krafta sína úr læðingi. Það eru mikil tækifæri á mjólkurmarkaði og hann sífellt að þróast. Einnig hafa íslenskir skyrframleiðendur verið að leita út fyrir landsteinana, bæði með íslenska framleiðslu og framleiðslu erlendis á íslensku skyri og hefur Arna til dæmis verið að flytja skyr út til Frakklands.“

Hvaða möguleika sjáið þið á næstu árum í þessum geira?



Eiríkur Ársælsson.

„Það er ljóst að það hafa verið mjög örar breytingar í geiranum með tilliti til þess sem endar í körfum neytenda. Það hefur verið ákall frá neytendum um laktósafríar vörur, hollari vörur og hafravörur og svo mætti lengi telja. Það þurfa því allir að vera á tánum því vörukarfan er sífellt að breytast og Arna er leiðandi í þeirri þróun. Við munum halda áfram á þessari braut hjá Örnu.“

Hvar liggja vaxtartækifærin hjá landbúnaðar- og matvæla- fyrirtækjum að ykkar mati?

„Í eignasafninu hjá okkur eru fjárfestingar sem tengjast matvælum með beinum eða óbeinum hætti. Við eigum til dæmis eignarhlut í GOOD GOOD sem framleiðir sultur, súkkulaðismyrjur og hnetusmjör og er dreift í þúsundir búða í Bandaríkjunum. Einnig erum við fjárfestar í VAXA Technologies, sem er örþörungaframleiðandi á Hellisheiði og Þorlákshöfn, en örþörungarnir eru svo nýttir til að framleiða náttúrulegt blátt litarefni sem notað er í matvæli.

Við höfum einnig fjárfest í þeim hluta virðiskeðjunnar sem flytur matvæli. Við erum stærstu hluthafarnir í Rotovia sem er alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki með höfuðstöðvar á Dalvík. Dótturfélög Rotoviu eru til dæmis Sæplast sem framleiðir plastker fyrir sjávarfang og Tempra sem framleiðir frauðplastkassa sem nýttir eru til flutninga á eldisfiski og hvítfiski.“

/ghp



Kærumál:

Fuglavernd í hart við Yggdrasil

– Kæra ristan lands Saltvíkur á varptíma

Fuglavernd hefur kært Yggdrasil Carbon ehf. til lögreglu fyrir að rista upp landsvæði í landi Saltvíkur við Húsavík á varptíma fugla sumarið 2024.

Fuglaverndarfélag Íslands (Fuglavernd) hefur óskað eftir opinberri rannsókn vegna ætlaðra brota Yggdrasils Carbon ehf., og eftir atvikum verktaka á vegum fyrirtækisins, á náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og villidýralögum nr. 64/1994 en mögulega hafi lög nr. 55/2013 um velferð dýra einnig verið brotin, með því að rista upp svæði mófugla innan jarðarinnar Saltvíkur í Norðurþingi. Yggdrasill hefur sérhæft sig í kolefnisbindingu með skógrækt og selur vottaðar kolefniseiningar til fyrirtækja.

Vorið 2024 lét fyrirtækið, að fengnu framkvæmdaleyfi frá Norðurþingi, herfa rásir í mólendi á jörðinni Saltvík við Húsavík á varptíma fugla. Fuglavernd leitaði þá eftir upplýsingum frá Norðurþingi og sendi í framhaldi þess erindi til Skipulagsstofnunar í byrjun árs, vegna þess sem félagið telur vera brot gegn skipulagslöggjöf. Er mál Yggdrasils og fleiri aðila vegna framkvæmda á þremur svæðum á tveimur jörðum í sveitarfélaginu nú til meðferðar hjá þeirri stofnun, og aðkoma sveitarfélagsins í því sambandi, segir m.a. í kæru Fuglaverndar til Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 25. mars sl.

Ábyrgðartegundir Íslands

Í greinargerð um málsatvik er farið yfir að Yggdrasill, eða verktaki á vegum félagsins, hafi rist upp um 160 ha landsvæði. Sú framkvæmd hafi farið fram á varptíma fugla sumarið 2024 (lok júní og byrjun júlí). Sé þetta hin kærða háttsemi. Um sé að ræða vel gróið og mikilvægt búsvæði mófugla, s.s. rjúpu, heiðlóu og spóa sem teljist til ábyrgðartegunda Íslands. Heiðlóa sé auk þess skráð í 1. viðauka Bernarsamningsins sem listar þær tegundir sem aðildarþjóðir skuldbindi sig til að vernda með sértækri búsvæðavernd. Þá sé rjúpa í yfirvofandi hættu skv. válista Náttúrufræðistofnunar og fálki, sem byggi afkomu sína á rjúpu, í nokkurri hættu.

Hafði Fuglavernd áður bent á að samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar séu vistgerðir á svæðinu þess eðlis að þar finnist ríkulegt fuglalíf og algengt að t.d. þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóuþræll, rjúpa, jaðrakan, stelkur, skógarþröstur og grágæs verpi þar. Allar þessar tegundir nema rjúpa og grágæs séu alfriðaðar, en rjúpa og grágæs veiðitegundir sem þó séu friðaðar á varptíma.



Fuglaverndarfélag Íslands (Fuglavernd) hefur óskað eftir opinberri rannsókn vegna ætlaðra brota Yggdrasils Carbon ehf., og eftir atvikum verktaka á vegum fyrirtækisins, á lögum, með því að rista upp svæði mófugla innan jarðarinnar Saltvíkur í Norðurþingi á varptíma. Mynd / Bbl.

Hvorki rýrt mólendi né fábreytt fuglalíf

Náttúrustofa Norðurausturlands ritaði sveitarstjórn Norðurþings bréf í árslok 2023 þar sem lagst var gegn úthlutun sveitarfélagsins á landi þess til Yggdrasils, til skógræktaráforma í landi Saltvíkur, vegna fuglaverndunarsjónarmiða. Var óskað eftir að sveitarfélagið fyndi áformum um fyrirhugaða skógrækt í Saltvík annan stað. Tók Náttúrufræðistofnun Íslands undir þau sjónarmið í bréf til sveitarfélagsins í febrúar 2024.

Í afgreiðslu skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings í ársbyrjun 2024 kom fram að skógur í Saltvík yrði ræktaður á rýru mólendi og fuglalíf þar væri fábreytt. Vísaði Náttúrustofa Norðausturlands því á bug. Upplýsingar bentu eindregið til að fyrirhuguð skógræktarsvæði í Saltvík og að Þverá hefðu þvert á móti hátt verndargildi, bæði hvað varðaði vistgerðir og fugla á héraðs-, lands- og heimsvísu. Alröng væri sú staðhæfing Norðurþings að á skógræktarsvæðinu í Saltvík væri einungis „rýrt mólendi“ og „fábreytt“ fuglalíf, sem lögð hefði verið til grundvallar ákvarðanatöku.

Frumkvæði sveitarfélagsins

Snemma árs 2024 veitti sveitarstjórn Norðurþings Yggdrasil Carbon framkvæmdaleyfi á grundvelli tillögu skipulags- og framkvæmdaráðs sveitarfélagsins fyrir skógrækt á 160 ha svæði í landi Saltvíkur. Hófst herfing landsins til undirbúnings plöntunar 290 þúsund trjáa til kolefnisbindingar í framhaldinu. Markmiðið er að binda um 45 þúsund tonn af koltvísýringi á um 50 ára löngum verkefnistíma. Hefur núverandi framkvæmdastjóri og einn eigenda Yggdrasils, Hilmar Gunnlaugsson, áður bent á að frumkvæði að skógrækt við Saltvík hafi komið frá sveitarfélaginu og landeigandi Saltvíkur viljað búa til útivistarskóg fyrir íbúa sveitarfélagsins. Fá hreiður hafi verið á landinu þegar jarðvinnsla hófst, væntanlega vegna fugladauða af völdum hrets í sumarbyrjun.

Kæru náttúruverndarsamtakanna Náttúrugriða vegna framkvæmdanna var vísað frá seint á árinu 2024, á grundvelli þess að framkvæmdin hefði ekki verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum og almannahagsmunasamtök hefðu því ekki kærurétt. Samtökin kærðu sveitarstjórn Norðurþings fyrir að veita Yggdrasil leyfi til framkvæmdanna, þrátt fyrir að Náttúrustofa Norðausturlands og Náttúrufræðistofnun Íslands hefðu lagst gegn þeim. */sá*

Málþing:

Auðgandi landbúnaður til umræðu

Málþing um „auðgandi landbúnað“ var haldið á Hilton Reykjavík Nordica 2. apríl, þar sem íslenskir og bandarískir fræðimenn og bændur deildu reynslu sinni af þessari nálgun í landbúnað. Þar er markmiðið að rækta jarðveginn og gera hann sjálfbæran fyrir búfjárrækt eða annan landbúnað.

Segja má að á Íslandi sé þessi nálgun rétt að skjóta rótum meðal bænda. Þeir eru fáir íslenskir bændurnir sem beinlínis gefa sig út fyrir að stunda auðgandi landbúnað, en hugmyndafræðin er þó náskyld lífrænum landbúnaði.

Bændur á þremur bæjum sem aðhyllast hugmyndafræðina og vilja breiða hana út, stóðu að skipulagningu málþingsins.

Hugtakið þekkist á ensku sem „Regenerative Agriculture“ en íslenska aðlögunin, „auðgandi landbúnaður“, mun vera ættuð frá Kristínu Völu Ragnarsdóttur, prófessor emerita í sjálfbærnivísindum við Háskóla Íslands, sem var í hópi framsögufólks á málþinginu. Þar útskýrði hún einmitt í sínu erindi um hvað málið snýst. */smh*



Hulda Brynjólfsdóttir sagði frá reynslu þeirra Tyrfings Sveinssonar í Lækjartúni sem hófu að nálgast auðgandi landbúnað í gegnum nautgriparækt sína. Mynd / smh

can-am®

EIGUM SEXHJÓL KLÁR TIL AFGREIÐSLU STRAX



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Móðurplöntur ræktaðar í útibeðum eða í gróðurhúsi til að tryggja fleiri stiklinga. Mynd /Aðsend

Fræhöll:

Framleiðsla á Hrym í Búðardal

Fyrirhuguð er stórtæk framleiðsla á lerkiafbrigðinu Hrymi í Dalabyggð á næstu misserum. Aðstaða fyrir ræktun á Hrym frá stiklingum var formlega opnuð fyrir skemmstu og starfsemi hennar kynnt áhugasömum gestum.

Það eru fyrirtækin Hólshlíð og Dalirnir heilla sem standa á bak við verkefnið og þar eru í forsvari þeir Jakob K. Kristjánsson og Franz Jezorski. Jakob segir að með þessu sé markmiðinu náð sem lagt var upp með þegar fyrsti styrkur fékkst úr Frumkvæðisjóði Dala Auðs árið 2023.

Hraðvaxta, beinvaxinn og viðarmikill

Hrymur er lerkiblendingur af Rússalerki og Evrópulerki og þykir mjög hentugur í skógrækt á Íslandi og segir Jakob K. Kristjánsson, skógarbóndi á Hóli í Hvammssveit, að um einstaklega eftirsóknarverða trjáplöntu sé að ræða. „Hrymur getur bundið gríðarlega mikið kolefni, jafnvel meira en 20 tonn af koltvísýringi á hektara á ári, en hann er hraðvaxta, beinvaxinn og viðarmeiri en aðrar lerkitegundir. Þá vex hann á rýru landi og þolir umhleypingasamt veðurfar eins og algengt er á Suður- og Vesturlandi.

Opna húsið tókst mjög vel og mættu nálægt 20 gestir, áhugasamir um Hrymræktina og mikið spurt um tæknina við þetta.

Ég er búinn að fá afnot af gróðurhúsi hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, sem er staðsett á Keldnaholti, fyrir framhaldsræktunina, svo það gengur ágætlega. Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun þó afföll hafi verið heldur meiri en ég átti von



Jakob K. Kristjánsson. Mynd / smh

á, en þetta er jú enn þá á tilraunastigi og stöðugt verið að læra til að bæta tæknina," segir Jakob.

Stiklinga- og fræræktun

Hægt er að framleiða Hryms-plöntur, bæði með því að klippa stiklinga af plöntum og rækta plöntur upp frá þeim eða með fræframleiðslu þannig að plönturnar séu ræktaðar upp frá fræi. Nokkrir skógarbændur í Dalabyggð og víðar eru þátttakendur í verkefninu og er hugmyndin að núna strax í vor verði byrjað að byggja upp akra eða stór beð með stiklingamæðrum, til að hægt verði að tryggja nægt framboð af góðum stiklingum næstu árin. Lerki myndar ekki fræ í náttúrulegum íslenskum aðstæðum og því þarf að hafa þær plöntur sem munu framleiða fræin í sérstökum gróðurhúsum þar sem hægt er að stýra aðstæðum vel.

Skógræktin hefur verið stór framleiðandi á Hrym en sú framleiðsla hefur dregist nánast alveg saman, að sögn Jakobs. Það sé hins vegar gríðarleg eftirspurn eftir þessari tegund, á bilinu tvær til þrjár milljónir plantna á hverju ári. Því sé ætlunin að vinna hratt og framleiða mikið á þessu ári. Jakob áætlar að núna í sumar verði hægt að planta út um fimm til tíu þúsund plöntum frá þeim.

/smh

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum 13. mars 2025 eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010.

Stuttárbotnar í Húsafelli – Nýtt deiliskipulag

Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. Samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti á fundi sínum 7. mars 2025 að auglýsa eftirfarandi lýsingu á deiliskipulagi í samræmi við 3.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Krumshólapartur 2 – Nýtt deiliskipulag (L213625)

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar.
Tillaga deiliskipulags er í kynningu frá 10. apríl til og með 26. maí.
Lýsing deiliskipulags er í kynningu frá 10. apríl til og með 27. apríl.
Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingu við lýsingu og/eða gera athugasemd við tillögu á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina.
Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 10. apríl 2025.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ

Riðuveikivarnir:

Fimmtíu gripir með T137 finnast í Skaftárhreppi

Áfram finnast sauðfjárbú með arfgerðabreytileikann T137 í hjörð sinni, sem talinn er mögulega verndandi gegn riðuveiki í sauðfé.

Áður var talið að hægt væri að rekja alla gripi með breytileikann niður á átta bú, með engin innbyrðis erfðatengsl, en nú er komið í ljós að þau eru 17.



Karólína Elísabetardóttir.

Á undanförnum mánuðum hefur markvisst verið leitað að gripum með breytileikann, í kjölfar þess að gripir fundust á Grímsstöðum 4 í Mývatnssveit fyrir áramót og höfðu ekki tengsl við aðra þekkta gripi með hann. Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, hefur leitt þessa vinnu og segir hún að einna markverðast við rannsóknirnar að undanförnu sé sú staðreynd að á bæjunum Jórvík og Snæbýli í Skaftárhreppi, þar sem búrekstur er sameiginlegur, hafi nýlega fundist 50 gripir með breytileikann.

Beiðni hafnað um formlega viðurkenningu

Síðasta sumar var samþykkt ný landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu, þar sem stefnt er að því að ná þessu markmiði með innleiðingu á verndandi og mögulega verndandi arfgerðum. Aðeins breytileikinn ARR hefur verið viðurkenndur sem verndandi en T137 er viðurkenndur sem mögulega verndandi í þessari áætlun. Í byrjun þessa árs hafnaði matvælaráðuneytið beiðni sem barst frá bændahópnum „Breiðvirkt riðuþol strax" um formlega viðurkenningu á breytileikanum sem verndandi gegn riðu, en erindið var stutt áliti alþjóðlegs vísindateymis sem hafði unnið að víðtækum rannsóknum á breytileikanum á Íslandi og Ítalíu.

Var beiðninni hafnað á þeim forsendum að ekki hafi verið einhugur um að skilgreina T137 sem verndandi arfgerð að svo stöddu. Óskað var umsagna frá Matvælastofnun, Tilraunastöðinni á Keldum og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Mikilvægt að varðveita erfðafræðilegan fjölbreytileika

Karólína segir að niðurstöður umfangsmikilla rannsókna á Ítalíu hafi leitt í ljós að breytileikinn sé verndandi þar. Því sé ljóst að á undanförnu hafi á Íslandi fundist mikilvægar og verðmætar erfðaauðlindir.



Grágola frá Flögu 1 í Skaftárhreppi er í hópi nýgreindra gripa með T137.

„Mikilvægið felst líka í því að erfðafræðilegur fjölbreytileiki sé varðveittur í sauðfjárstofninum okkar og því fleiri góðir kynbótagripir sem finnast með verndandi og mögulega verndandi breytileika, því betra verður að byggja upp riðuþolinn stofn. Áhættan á erfðagöllum minnkar um leið."

Allir 73 gripirnir með T137 voru neikvæðir

Karólína bætir við að athyglisverðar nýlegar rannsóknir renni frekari stoðum undir verndargildi T137-breytileikans. „Frá 2021 hefur alþjóðlegur vísindahópur rannsakað riðu á Íslandi, meðal annars frá Ítalíu. Breytileikinn er algengur þar en riða er sömuleiðis útbreidd sem skýrist af því að lítið er um markvissa ræktun á þolnum arfgerðum.

Nú er vitað að riðusjúkdómurinn sést fyrst í eitlunum á gripum, löngu áður en hann berst í heilann. Vegna tengsla okkar við ítölsku vísindamennina þá leituðum við eftir því nýlega að við fengjum hjá þeim eitlasýni úr nýlegum riðuniðurskurði á Ítalíu. Eitlar úr 73 kindum úr riðuhjörðinni, sem allar voru með T137-breytileikann, voru riðugreindir hér á Keldum og reyndust þeir allir vera neikvæðir. Þetta eru mjög áhugaverðar niðurstöður þar sem fjöldi sýna er marktækur og þær staðfesta að T137 býr yfir miklu mótstöðuafli gegn sjúkdómnum."

/smh

Félagsmál:

Áherslur á Búnaðarþingi

Á Búnaðarþingi 20. til 21. mars síðastliðinn var ályktað um áherslur á komandi starfsári Bændasamtaka Íslands.

Helst ber að nefna fimm atriði sem horfa skuli sérstaklega til við gerð nýrra búvörusamninga. Þessir samningar eru gerðir milli íslenska ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Nýir samningar eiga að taka gildi 1. janúar 2027 þegar núverandi samningar renna út.

Í fyrsta lagi vill Búnaðarþing tryggja nægt fjármagn til að efla landbúnaðarframleiðslu til samræmis við landbúnaðarstefnu. Sú stefna þarf að vera með mælanleg markmið um hversu mikið eigi að framleiða af vöru innanlands.

Tollvernd hluti starfsskilyrða

Í öðru lagi er lögð áhersla á að tollvernd sé hluti af starfsskilyrðum landbúnaðar og að efla þurfi eftirlit með innflutningi landbúnaðarvara. Jafnframt þurfi að tryggja að upprunamerking sé skýr fyrir neytendur. Í þriðja lagi vill Búnaðarþing að í nýjum búvörusamningum verði útfærðar hagkvæmar lánaleiðir til fjárfestinga og tryggðir séu fjárfestingastyrkir fyrir allar búgreinar. Enn fremur eigi að endurskoða umhverfi nýliðunar í landbúnaði.

Í fjórða lagi kallar Búnaðarþing eftir endurskoðun á tryggingamálum bænda með heildstæðum hætti, með það að markmiði að auka tryggingarvernd, fyrirsjáanleika og skilvirkni við uppgjör á tjónum í landbúnaði. Að lokum leggur Búnaðarþingið

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, ávarpar gesti við opnun Búnaðarþings. Mynd / ál

áherslu á að í búvörusamningum sé tryggð afleysingaþjónusta fyrir bændur samanber fyrirkomulag í nágrannalöndum okkar.

Vilja endurskoða heimaslátrun og -vinnslu

Búnaðarþing beindi því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að fara fram á við atvinnuvegaráðuneytið að sett yrði af stað vinna við endurskoðun reglugerðar um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum með það markmið að bæta úr vanköntum og víkka reglugerðina þannig að hún nái einnig yfir slátrun stórgripa.

Í rökstuðningi kemur fram að með því að einfalda reglugerðina um lítil sláturhús á lögbýlum og veita skýrari leiðbeiningar yrði framleiðsla og sala beint frá býli auðveldari. Slíkt myndi meðal annars auka framboð og fjölbreytni á innanlandsmarkaði, veita afurðastöðvum aðhald varðandi þjónustu og verð og draga úr áhrifum undanþáguákvæða afurðastöðva frá samkeppnislögum.

Mikilvægt aðgengi að orku

Búnaðarþingið ályktaði um mikilvægi þess að auka aðgengi íslensks landbúnaðar að nægri orku á sanngjörnu verði. Forgangsröðun á orku til landbúnaðar sé hluti af fæðu- og þjóðaröryggi. Jafnframt sé áreiðanlegt flutningskerfi raforku nauðsynlegt fyrir jafnræði milli byggða og stöðugleika í landbúnaði og nauðsynlegt sé að jafna dreifikostnað milli þéttbýlis og dreifbýlis. Í rökstuðningi segir að bætt raforkuframboð dragi úr þörf á innflutningi.

/ál

FÆST Í VEFVERSLUN

VORTILBOÐ Á GARÐHÚSUM 2025

VANTAR ÞIG PLÁSS?

Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkin ...



NAUST - 14,44 fm — 30% afsláttur
~~895.000 kr.~~
627.000 kr.



HLÍÐ - 10 fm — 25% afsláttur
~~772.000 kr.~~
579.000 kr.

BREKKA 34 - 9 fm — 25% afsláttur
~~732.000 kr.~~
549.000 kr.





STAPI - 14,98 fm — 25% afsláttur
~~1.156.000 kr.~~
867.000 kr.

OPIÐ FYRIR PANTANIR
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



EYRI - 15 fm — 25% afsláttur
~~1.172.000 kr.~~
879.000 kr.

Nánar á **www.kofaroghus.is** - Sími 553 1545


KOFAR OG HÚS
Síðan 2012

HRÍM HEILSÁRSHÚS










EFLA
Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.







Hrím er splunkunýtt hús úr smiðju Landshúsa. Húsið er stílhreint, bjart og hannað í nútímastíl. Gluggar eru stórir og rýmin rúmgóð. Húsið hentar vel sem sumarhús eða sem heilsársshús.

Miklir breytingarmöguleikar

Hægt er að breyta húsinu á ýmsa vegu og ráða stærð þess. Húsið kemur í tveimur grunnstærðum, 80 fm og 108 fm sem er síðan hægt að stækka enn frekar eða breyta skipulagi eins og staðsetningu hurða og glugga.





STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - **www.landshus.is**
Öll verð má finna á heimasíðu okkar

LANDSHÚS
Síðan 2013



Haraldur Guðjónsson, hvítlauksbóndi í Dölunum. Mynd / smh

Dalahvítlaukur:

Framleiðsla á hliðarafurðum heldur áfram

Hvítlauksbændurnir hjá Dalahvítlauk hafa á undanförnum mánuðum þróað tvær nýjar afurðir, hvítlauks-„confit“ og hvítlaukssalt með blóðbergi, sem eru hliðarafurðir úr ræktun þeirra.

Uppskerubrestur varð í haust hjá þeim Þórunni Ólafsdóttur og Haraldi Guðjónssyni í Neðri-Brekku í Dölum vegna óhagstæðra veðurskilyrða á síðasta ári, sem var þeim mikið áfall þar sem þau höfðu gert samning um sölu á allri uppskerunni fyrir fram en áætlað var að hún yrði um þrjú til fjögur tonn. Þau sneru sér því meira að vöruþróun úr afgangs útsæði, en áður höfðu þau þróað hvítlaukssalt í samstarfi við Matís sem hefur notið mikilla vinsælda.

Hólmgöngu-Bersir

Vöruheiti hvítlauks-confit er „Bersir“, að sögn Haraldar, eftir landnámsmanninum sem nam land í Bersatungu í Dölum og var einnig kallaður Hólmgöngu-Bersir.

„Hvítlauks-confit er hvítlauksgeiri, sem er bakaður í ofni með vandaðri ólífuolíu við ákveðið hitastig í ákveðinn tíma. Við það verður hvítlaukurinn brúnn og mjúkur og náttúrulega sætan í honum kemur fram. Varan er seld í sams konar krukkum og hvítlaukssaltið ásamt þeirri olíu sem hann var steiktur í.

Hvítlaukssaltið heitir Skjöldur, því landið okkar hefur verið nefnt það, sem örnefni. Það er eins og skjöldur í laginu.



Bersir er ný vara úr smiðju Dalahvítlauks og er hvítlauks-confit. Mynd / Aðsend

Auður djúpúðga

„Þriðja varan sem er að koma á markað er Hvítlaukssalt með íslensku blóðbergi. Sú vara mun heita Auður, í höfuðið á Auði djúpúðgu, landnámskonunni sem bjó í Hvammi. Fjórða varan, sem er enn í þróun er hvítlauksolía og er reiknað með henni á markað í haust,“ heldur Haraldur áfram.

Aukið umfang ræktunarinnar

Að sögn Haraldar eru þau ekki af baki dottin í ræktuninni, enda unnið mikla undirbúningsvinnu síðustu árin á ræktarlandinu, og hafa aukið umfangið. „Við höfum hins vegar eytt mestum tíma að undanförnu í eldhúsi Matís við framleiðslu á þessum hliðarafurðum og erum með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,“ segir Haraldur.

Hann bætir því við að vörurnar séu víða fáanlegar og þau hafi sjálf kynnt þær í verslunum á undanförnum vikum. */smh*





Stöllurnar Bergrós Vilbergsdóttir og Ásborg Styrmisdóttir kynntu hugmyndir ungmenna á tveggja daga íbúaþingi Reykhólahrepps. Myndir / Kristján Þ. Halldórsson.

Brothættar byggðir:

Fjársjóður fjalla og fjarða

Tveggja daga íbúaþing, undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur, fór fram í Reykhólahreppi 22.–23. mars sl. og markaði upphaf að þátttöku íbúa í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir.

Aðalmarkmið þessa verkefnis Byggðastofnunar er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum, en sveitarfélagið Reykhólahreppur telur rúmlega 250 íbúa búsetta á sunnanverðum Vestfjörðum í Austur-Barðastrandasýslu. Heilt á litið er samfélagið kröftugt og samheldið eins og í ljós kom á fundinum og hefur alla möguleika á að styrkjast og dafna þegar fram líða stundir.

Var ákveðið á þinginu að verkefnið hlyti nafnið *Fjársjóður fjalla og fjarða* en Reykhólahreppur er nú fimmtánda byggðarlagið undir hatti Brothættra byggða.

Ísbúð og auðlindir

Á þinginu komu fram fjölmörg málefni, m.a. sjá íbúar mikil tækifæri í ferðaþjónustu, þörf þykir á að bæta húsnæðismál og aðstöðu til íþrótta, en einnig var bent var á að íbúar töldu að endurskoða þyrfti reglur um nýtingarrétt jarðhita svo hægt væri að nýta þann kost til að styrkja byggð og atvinnulíf í sveitarfélaginu til framtíðar. Til viðbótar var rætt um tækifæri tengd menningu og arfleifð og sérstöðu svæðisins til lands og sjávar en þorpið Reykhólar er fornt höfuðból, talin einhver besta bújörð á öldum áður.

Horft var til þess að bæta þyrfti aðstöðu og þjónustu fyrir gesti, auk þess að efla samgöngur en mikil náttúrufegurð umlykur svæðið sem liggur við vogskorna strönd Breiðafjarðar. Jarðhiti finnst víða, ein helsta auðlind Reykhólahrepps, auk þess sem svæðið er einnig þekkt fyrir ríkt fuglalíf, ekki síst vegna hafarnarins, sem verpir einna helst í Breiðafjarðareyjunum.

Allar skoðanir nytu jafnræðis

Gestir þingsins veittu því sérstaka eftirtekt hve fulltrúar yngri kynslóðarinnar tóku virkan þátt, en ungmennin boðuðu framtíðarsýn nemenda undir yfirskriftinni Reykhólahreppur 2030. Þar komu fram hinar ýmsu hugmyndir, óskir um fjölbreyttari íþróttaiðkun og að aðstaða yrði bætt við sundlaugina svo eitthvað sé nefnt.

Embla Dögg Bachmann, nýskipaður verkefnastjóri verkefnisins til fimm ára, segir virka og jákvæða þátttöku hafa verið á þinginu auk þess sem nálgun Sigurborgar sem fundarstjóra hafi verið til fyrirmyndar – hún gætti þess að allir fengju orðið og allar skoðanir nytu jafnræðis.

„Ég fór annars og heimsótti öll stigin í skólanum einn daginn og fékk frá krökkunum hvaða stefnubreytingar þau sæju fyrir sér á komandi árum,“ segir Embla. „Það var áhugavert að því yngri sem þau voru því einfaldari voru hugmyndirnar, mjög góðar margar, en þau bentu m.a. á að fyrir utan að það vantaði ísbúð þyrfti að gera endurbætur á elliheimilinu!“



Reykhólar í blíðviðri.




Verkefnisstjórn ásamt fundarstjóranum, Sigurborgu Kr. Hannesdóttur, og Sigríði Elínu Þórðardóttur hjá Byggðastofnun.

Að leyfa öllum að fljúga

Voru það stöllurnar Ásborg Styrmisdóttir og Bergrós Vilbergsdóttir sem kynntu svo hugmyndirnar á þinginu fyrir hönd ungmennanna og fórst vel úr hendi.

Aðspurð segir Ásborg meðal annars vonast til þess að samfélagið í heild sinni verði opnara fyrir einstaklingum af öllu tagi með komandi árum. „Mér finnst að það þurfi að taka betur á móti aðkomufólki og að allir í samfélaginu megi vera eins og þeir eru – eða eins og þeir vilja vera. Að leyfa öllum að fljúga, mér finnst það vanta svolítið og mega breytast.“ Hún vitnar í bókina Strákurinn, moldvarpan, refurinn og hesturinn eftir Charlie Mackesy; *„Það er dálítið sem ég hef ekki sagt ykkur, sagði hesturinn, ég get flogið en ég hætti því vegna þess að hinir hestarnir urðu afbrýðisamir. Þá segir strákurinn: en okkur þykir vænt um þig hvort sem þú flýgur eða ekki.* „Mér finnst þetta vanta svolítið í samfélagið,“ segir Ásborg með festu.

Í aðdraganda íbúaþingsins voru lögð drög að stuttri samantekt á stöðunni í Reykhólahreppi, en áætlað er að sú vinna klárist á allra næstu vikum.



Embla Dögg Bachmann.

Segir Embla að samhliða því verði undirbúin mótun verkefnisáætlunar sem byggð verður á skilaboðum íbúa á þinginu og stöðugreiningunni og vonast er til þess að hægt verði að leggja fram drög að verkefnisáætlun á íbúafundi fyrir tíma sumarleyfa.

„Þegar verkefnisáætlun hefur verið staðfest af íbúum er hægt að huga að umsóknarferli vegna stuðnings við frumkvæðisverkefni í Reykhólahreppi úr svokölluðum frumkvæðissjóði verkefnisins Fjársjóður fjalla og fjarða. Það er því um að gera fyrir íbúa að fara að velta fyrir sér hvernig hver og einn getur lagt lóð á vogarskálar í verkefninu á næstu vikum og mánuðum,“ lýkur Embla máli sínu. */sp*

Erla Reynisdóttir

Gaman er að segja frá því að í lok fundar kvaddi Erla Reynisdóttir í Mýrartungu sér hljóðs og mælti fram þessa fallegu vísu:

Fjársjóður fjalla og fjarða
hér finnur þú fegurð og frið.
Auðlegð afls og jarða,
hver nýtir það nema við?

MOZZARELLA



Ítölsk hefð – íslensk matargerð!

Hvatningarverðlaun skógræktar 2025

Hvatningarverðlaun skógræktar 2025 voru veitt við hátíðlega athöfn í Kvikunni, menningarhúsi Grindvíkinga, á alþjóðlegum degi skóga þann 21. mars.

Er þetta í annað sinn sem verðlaunin eru afhent, en þau eru veitt árlega til einstaklinga, hópa, fyrirtækja, félaga eða stofnana sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi. Markmið með afhendingu þeirra er að hvetja skógræktarfólk til áframhaldandi starfa og vekja athygli á því margþætta góða skógarstarfi sem unnið er að um land allt.



Pálmar Örn Guðmundsson með verðlaunin. Mynd Elisabeth Bernard.

Kallað var eftir tilnefningum að verðlaununum í janúar. Alls bárust tilnefningar að 20 aðilum og valdi dómnefnd úr þrjá aðila til kosninga á vef. Niðurstaða kosninga var sú að Pálmar Örn Guðmundsson, formaður Skógræktarfélags Grindavíkur, fékk flest atkvæði og hlýtur því verðlaunin í ár.

Hófst athöfnin á ávarpi Ásrúnar Kristinsdóttur, forseta bæjarstjórnar Grindavíkur, sem bauð gesti velkomna og sagði stuttlega frá stöðu mála í bænum. Því næst tók Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður búgreinadeildar skógarbænda hjá Bændasamtökunum, við og afhenti Pálmari verðlaunin formlega. Fékk Pálmar sem verðlaunagrip til eignar tvær fallegar skálar úr íslensku birki, sem gerðar eru af handverksmanninum Trausta Tryggvasyni, sem einnig er fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Stykkishólms.

Pálmar hefur á eigin spýtur unnið mikilvægt og óeigingjarnt kynningarstarf í þágu skógræktar á Íslandi með Youtube-rás sinni, Skógurinn, þar sem hann hefur fjallað um ýmsa þætti skógræktar – einstaka trjátegundir, skóga og skógræktaraðila, svo sem gróðrarstöðvar. Þrátt fyrir að heimabærinn hans og skógar Skógræktarfélags Grindavíkur hafi skemmst vegna eldsumbrotanna á Reykjanesskaga undanfarin ár, þá hefur hann ekki látið deigan síga. Öll vinna við myndböndin er unnin af honum einum án aðkomu annarra. Með sinni einlægu og smitandi ástríðu fyrir skógum og náttúru, kveikir Pálmar áhuga hjá hverjum þeim sem uppgötvar myndböndin hans og er sérlega lofsvert hvað hann hefur verið duglegur að setja enska texta við myndböndin, svo fleiri geti notið þeirra.

Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands (búgreinadeild skógarbænda). */hgs*

Garðyrkjuskólinn:

Frú Halla heiðursgestur

Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, verður heiðursgestur á opnu húsi í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 24. apríl.

Forsetinn mun meðal annars afhenda Garðyrkjuverðlaunin 2025 og umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar. Hátíðardagskrá Garðyrkjuskólans mun standa frá 13:00 til 16:00 en opna húsið verður frá klukkan 10:00.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum, sem nú er starfræktur undir hatti Fjölbrautaskóla Suðurlands, vill með garðyrkjuverðlaununum heiðra þá sem staðið hafa sig vel í að vinna að framgangi garðyrkjunnar á ýmsum sviðum hennar. Veitt verða verðlaun í þremur flokkum en þeir eru heiðursverðlaun garðyrkjunnar, verknámsstaður ársins og hvatningarverðlaun garðyrkjunnar.

/mhh



Kennari/skólastjóri óskast að Finnbogastaðaskóla, Árneshreppi á Ströndum fyrir næsta skólaár.

Skólinn á sér langa og athyglisverða sögu síðan 1929 og hann er staðsettur í fallegu umhverfi sem bíður upp á frábæra náttúru til útikennslu/útiveru.
Gott húsnæði er í boði.
Nánari upplýsingar fást hjá oddvita og skólanefnd á oddviti@arneshreppur.is
Umsóknarfrestur er til 30.apríl n.k.



Loftslagsávinningur nýskógræktar hér á landi er sagður ótvíræður. Íslenskir skógar binda árlega að jafnaði um 1,3 tonn af koldíoxíði á hektara eingöngu í jarðvegi og binding í nýjum skógum og jarðvegi er nú að jafnaði samtals um tíu tonn á hektara á ári í ræktuðum skógum landsins, samkvæmt nýjustu skógarúttektum. Mynd / sá

Skógrækt:

Skógur alltaf til bóta

– Prófessor segir villandi umræðu farna að valda bakslagi

Rannsóknir sýna að áhrif skógræktar á kolefnisforða jarðvegs eru nær alltaf orðin jákvæð eftir fáein ár og loftslagsávinningur nýskógræktar er ótvíræður

Fagráðstefna skógræktar fór fram í lok mars í Hallormsstað. Meginþemað var „frá plöntu til planka“ og sneri fyrri dagur ráðstefnunnar einkum að framkvæmd nýskógræktar, allt frá landvali til mismunandi skógarumhirðukerfa, miðað við þær lokaafurðir sem stefnt er að. Síðari daginn var farið yfir fjölbreytt málefni er tengjast skógum og skógrækt, rannsóknum, menntun, nýsköpun og tækni.

Neikvæð umræða farin að valda bakslagi í skógrækt

Bjarni Diðrik Sigurðsson, skógfræðiprófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, flutti erindið „Nýskógrækt og áhrif á jarðvegskolefni“. Hann galt varhug við villandi og skaðlegri umræðu um að nýskógrækt geti verið til óþurftar þegar kemur að loftslagsmálunum. Nú væri komin upp sú staða að neikvæð umræða í garð skógræktar ylli bakslagi sem lýsti sér í að sveitarfélög héldu að sér höndum í leyfisveitingum fyrir skógrækt og dæmi væru um að skógarplöntupantanir hefðu verið afturkallaðar.

Hann sagði stöðu þekkingar um áhrif nýskógræktar á kolefnisforða jarðvegs á Íslandi hafa stóraukist á síðustu 15–20 árum og hún sé meðal þess besta sem gerist í heiminum. Til dæmis hafi ekkert Norðurlanda gert eins margar rannsóknir á áhrifum nýskógræktar á jarðvegskolefni eins og Íslendingar. Loftslagsávinningur nýskógræktar hér á landi sé ótvíræður. Íslenskir skógar bindi árlega að jafnaði um 1,3 tonn af koldíoxíði á hektara eingöngu í jarðvegi og binding í nýjum skógum og jarðvegi sé nú að jafnaði samtals um tíu tonn á hektara á ári í ræktuðum skógum landsins samkvæmt nýjustu skógarúttektum.

Skógur og jarðvegur vinna saman

Nokkuð hefur verið tekist á um kolefnisbindingargetu skóga miðað við skóglaus svæði.

Rannsóknir hafa farið fram um 30 ára skeið á um 60 svæðum á því hvað á sér stað í jarðvegi við skógrækt, miðað við mismunandi trjátegundir og hvort heldur er jarðvinnslu eða ekki. Bjarni Diðrik segir þær hafa leitt í ljós að meðaltalsbinding sé 1,3 tonn af koldíoxíði á hektara á ári í jarðvegi fyrstu 8–55 árin eftir að nýskógræktin hefst, miðað við skóglaust land sem ekki hefur verið tekið til nýskógræktar.

Hlýnandi veður og breytt landnýting geri hins vegar að verkum að skóglaus jarðvegur landsins taki einnig upp meira kolefni en áður. Þegar þar sé ræktaður upp skógur verði binding í jarðvegi enn meiri. Nýskógrækt auki þannig árlega bindingu í jarðvegi, að jafnaði um tæplega 10 tonn á hektara í jarðvegi og trjám samtals. Bindingar- og losunarjafnvægi náist svo á löngum tíma. Vistkerfið geymi þannig meira kolefni og kolefnishringrásin stækki við nýskógrækt á skóglausu landi.

Fram kom í máli Bjarna Diðriks að mikil uppsöfnun kolefnis væri í viði ofanjarðar yfir fyrstu 60 árin þar sem skógrækt tækist vel. Meðalbinding í viði í öllum ræktuðum skógum var árið 2020 um 8,5 t CO_2/ha sem eru nú að vegnu meðaltali ca 22 ára gamlir. Árið 2021 nam hún á landsvísu 510 þúsund tonnum CO_2 sem var raunbinding sem mæld var af landsúttekt Lands og skógar, eða um 15% af beinni losun CO_2 frá samfélaginu árið 2021.

Kolefnisríkustu landvistkerfin

Skógar mynda kolefnisríkustu landvistkerfi jarðar, að mómýrunum undanskildum, að sögn Bjarna Diðriks. Þegar horft er til allra skóga Evrópu í dag sé kolefnisforði í viði trjánna einungis 23% af heildarkolefnisforða alls skógarvistkerfisins, en skógarjarðvegur niður á 1 m dýpi geymi að jafnaði 59% kolefnisforða skóganna. Hvað gerist í jarðveginum eftir nýskógrækt sé því mjög mikilvægt fyrir loftslagsáhrif nýskógræktar til lengri tíma.

Forðinn eykst á átta árum

Á síðustu tíu árum hafa farið fram nýjar rannsóknir af hálfu Bjarna Diðriks og nemenda hans við Landbúnaðarháskóla Íslands á áhrifum nýskógræktar með og án jarðvinnslu á kolefnisforða jarðvegs sem allar sýna að kolefnisforðinn eykst eftir a.m.k. átta fyrstu árin í kjölfar nýskógræktar á þurrlendi.

Þegar nýir skógar eru ræktaðir þarf skv. Bjarna Diðriki að huga vel að því hvað gerist í jarðveginum. Á Íslandi séu um ⅓ nýskógræktar „landgræðsluskógrækt“ á rýru landi en um ⅔ fari fram sem „fjölnytjaskógrækt“ á grónu landi með einhverjum þroskuðum jarðvegi. Þar þurfi að nota jarðvinnslu til að draga úr samkeppni við staðargróður, til að tryggja að nýskógræktin takist.

Jarðvinnsla nýskógræktar

Jarðvinnsla nýskógræktar hefur verið mikið gagnrýnd á síðustu misserum og fullyrt að meira kolefni tapist þá úr jarðveginum en það sem skógarnir binda til lengi tíma, að sögn Bjarna Diðriks. Nýskógrækt fylgi alltaf jarðvinnsla á grónu landi (ca 33% nýskógræktar sem hefur farið fram til dagsins í dag). Jarðvinnsla geti verið í formi flekkingar, herfunar, plægingar eða heiljarðvinnslu þar sem er plægt, tætt eða teknar þökur. Spurt sé hvort jarðvinnsla skipti máli fyrir losun/bindingu CO_2.

Bjarni Diðrik telur að staðfesta verði slíkt með beinum mælingum í hinum kolefnisríka íslenska eldfjallajarðvegi. Engar rannsóknir hafi gert svokallaðar beinar CO_2 flúxmælingar fyrir og eftir jarðvinnslu, sem sé eina leiðin til að fá nákvæmar mælingar á „tímabundnu“ tapi frá jarðvegi á allra fyrstu árunum. Vonir séu bundnar við að slík rannsókn fari af stað næsta vor.

Alls staðar aukning kolefnisforða

Samkvæmt Bjarna Diðriki var á 17 rannsóknasvæðum og 95 mælistöðum á Austur- og Vesturlandi alls staðar aukning á kolefnisforða jarðvegs (0–30 cm). Um var að ræða mismunandi jarðvinnslu sem ekki hafði marktæk áhrif á niðurstöður og var því ekki hluti af lokagreiningunni.

Kolefnisforði í efstu 10 cm jarðvegs jókst marktækt með aldri skóga á mólendi fyrstu 8–50 árin. Meðalaukning var 1,3 t CO_2 /ha á ári. Mælanleg aukning var 8–12 árum eftir jarðvinnslu, miðað við ástand áður. Ný rannsókn (2025) sem var að koma út frá Sólveigu Sanchez, doktorsnema við LbhÍ, um áhrif endurnýjunar birkiskóga á kolefnisforða jarðvegs, sýnir að sögn Bjarna Diðriks að meðalaukning í efstu 30 cm jarðvegs var um 0,4 t CO_2 / ha á ári í upphafi og meðalaukning á 30–60 árum eftir að birkið nam land var 1,5–2,6 t CO_2 / ha á ári, sem rímar vel við fyrri niðurstöður.

Stór hluti lífmassa landsins í skógum

Bjarni Diðrik sagði flatarmál vistgerða og standandi lífmassi landsins skiptast þannig að birkiskógar væru nú um 1,5% landsins og ræktaðir skógar 0,5%, en þessi 2% flatarmálsins beri samtals 37% af ofanjarðarlífmassa landsins.

Ræktarland landbúnaðarins hafi um 13% standandi lífmassa landsins síðsumars. Um 14% af árlegum ofanjarðarvexti (árleg framleiðni; NPP) gróðurs myndist í lífmassa skóga en 26% í ofanjarðarvexti á túnum og ökrum landsins.

Fagráðstefna skógræktar var haldin í samstarfi Lands og skógar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktarfélags Íslands, Skógfræðingafélags Íslands og Bændasamtaka Íslands. */sá*

NÁTTÚRULEGA GÓÐIR PÁSKAR


MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI


Íslenska lambakjötið er ómissandi hluti af íslenskum páskum. Í meira en þúsund ár hefur læri, hryggur, lund eða fillet með kjarngóðri sósu fært okkur ómælda gleði um hátíðina – en möguleikarnir til að galdra fram ljúffengan páskamat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar
á íslensktlambakjöt.is









Er plantað nóg?

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is



Skógarbændur gegna mikilvægu hlutverki við landgræðslu og skógrækt. Þannig er skógrækt bænda ætlað að styðja við aukna kolefnisbindingu og hvetja til aukinnar verðmætasköpunar á efni úr íslenskum viði.


Með skógi má einnig skapa góð skilyrði fyrir beit húsdýra og auka gæði útivistar fólks allan ársins hring. Þá gegnir skógrækt og skjólbeltaræktun ekki síður því hlutverki að skapa betri ræktunarskilyrði svo sem fyrir korn- og grænmetisræktun sem aftur styður við aukna sjálfbærni í matvælaframleiðslu landsins.

Skógarbændur sjá um tæplega helming þess sem gróðursett er af trjáplöntum árlega. Fróðlegt er að rýna í þróun gróðursetningar í heild á landinu undanfarin ár.

Eftir talsverða lægð í gróðursetningu trjáplantna 2010 til 2018, hófst viðsnúningur aftur árið 2019 með fjölgun gróðursettra trjáplantna. Þannig var plantað hátt í sjö milljónum trjáplantna árið 2023 en tölur um gróðursetningu trjáplantna liggja ekki enn þá fyrir árið 2024 í heild sinni en vísbendingar eru um að einhver samdráttur hafi verið í gróðursetningu trjáplantna miðað við árið á undan.

Með fjölgun gróðursettra plantna frá árinu 2019 mátti sérstaklega greina fjölgun í gróðursetningu á íslenskum tegundum.

Þegar horft er til tegunda gróðursettra trjáplantna er hlutfallsleg skipting á gróðursettum plöntum hjá skógarbændum talsvert frábrugðin hlutfallslegri skiptingu hjá Skógræktinni, Landgræðslunni, skógræktarfélögum og öðrum þeim sem stunda skógrækt. Þannig hafa skógarbændur lagt áherslu á að velja plöntutegundir sem eru frekar fallnar til viðarnytja og kolefnisbindingar og fellur birkið síður þar undir. Þetta er einna helst lerki, fura og greni. Skógarbændur hafa skuldbundið sig gagnvart stjórnvöldum til að sinna nýræktun skóga í víðum skilningi. Er þá einkum átt við timburnytjar og loftslagsaðgerðir sem áfram styðja við betri ræktunarskilyrði í landbúnaði. Það er því brýnt að viðeigandi stuðningur og fjármagn fylgi frá stjórnvöldum til að tryggja vöxt og viðhald skóga á lögbýlum til að sinna þessu mikilvæga hlutverki.





17. – 24. ágúst 2025
Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir
Verð 278.900 kr. á mann í tvíbýli

Í ferðinni upplifum við hinar sögulegu perlur, Leipzig og Dresden, sem eftir fall múrsins hafa aftur náð fyrri dýrð. Við heimsækjum þjóðgarðinn Sächsische Schweiz, líðum á gondólum eftir síkjum hins græna skógarsvæðis Spreewald og endum ferðina í heimsborginni Berlín þar sem menning og listir blómstra.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Á ári hverju eru þrír tilboðsmarkaðir með greiðslumark. Mynd / ál

Jafnvægisverð 250 krónur

Markaður með greiðslumark í mjólk var haldinn þann 1. apríl og náðu viðskiptin yfir 839.986 lítra.

Greiðslumark sem boðið var til sölu voru alls 1.132.969 lítrar frá 23 aðilum, á meðan 27 bændur gerðu kauptilboð í 928.000 lítra. Við opnun tilboða er reiknað út svokallað jafnvægisverð sem öll viðskiptin fara fram á. Að þessu sinni var það 250 krónur á lítra, sem er sama upphæð og á síðasta tilboðsmarkaði í nóvember, og voru viðskiptin að andvirði 209.996.500 króna. Í gildi er ákvörðun ráðherra um að hámarksverð skuli vera þrefalt afurðastöðvaverð, sem við lok tilboðsfrests var 411 krónur fyrir hvern lítra.

Kaupendur með tilboð á jafnvægisverði eða hærra voru 24 á meðan þrír bændur buðu of lágt og gátu ekki keypt. Seljendur með tilboð á jafnvægisverði eða lægra voru 18 talsins á meðan fimm kúabændur buðu sitt greiðslumark yfir jafnvægisverði og gátu ekki selt. Nánar er greint frá málinu á vef atvinnuvegaráðuneytisins. */ál*

EYLÍF

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira



ÓLAFÍA INGÓLFSDÓTTIR
Ég mæli 100% með **Active JOINTS**, allra besta bætiefni sem ég hef kynnst



MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR
Ég elska íþróttina mína og er ánægð með **Active JOINTS**



HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Finn mikinn mun á liðleika mínum





ÁRNI PÉTUR AÐALSTEINSSON
Ég er sannfærður um að **Active JOINTS** er að gera mikið gagn fyrir mig



HARTMANN K. GUÐMUNDSSON
Ég skipti yfir í **Active JOINTS** og fljótlega fann ég mikinn mun



FRIÐRIK BENEDIKTSSON
Meiri orka og betri líðan með **Active JOINTS**



SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR
Active JOINTS hefur reynst mér einstaklega vel



Fuglar:

Lóum og spóum fækkar ógnvænlega

– Mannleg umsvif og afrán setja stofnana í hættu



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Heiðlóu og spóa fækkar ört. Ástæðan er rakin til samþættra áhrifa hér á landi, en ekki síst mannlegra umsvifa á láglendi. Stór hluti heimsstofna þessara fugla verpur á Íslandi.

Um helmingur allra heiðlóa veraldar verpa á Íslandi og hátt í þriðjungur allra spóa. Lóan og spóinn eiga nú í vök að verjast á Íslandi.

Fuglum sem reiða sig á opin búsvæði er að fækka. Stofnarnir dragast saman á heimsvísu, ekki síst hin síðari ár og nú sjást merki þess að þeim fækki einnig á Íslandi. Ekki er talið að rýrnun þessara stofna stafi af breytingum á vetrarstöðvum.

Helmingur hreiðra á Íslandi eru rænd en það er tiltölulega lágt hlutfall í alþjóðlegu samhengi og því ekki hægt að kenna afránsþrýstingi um fækkunina. Hins vegar eru mannleg umsvif að aukast verulega. Þeim fylgir tap á búsvæðum með tilheyrandi jaðaráhrifum, og þau geta haft áhrif á afránsþrýsting, þ.e. aukið hann á þá fugla sem eru eftir á búsvæðum.

Uppbygging þrengir að

Aldís Erna Pálsdóttir, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, fjallaði á dögunum um stöðu mófugla á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar. Kynntar voru rannsóknir Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi á áhrifum ýmissa landnotkunar, svo sem húsa, vega, raflína og skóga, á þéttleika mófugla í nánasta umhverfi. Einnig hvaða áhrif þessar breytingar hafa á afkomu (klakárangur) hreiðra, hverjir eru helstu afræningjar á hreiðrum þessara tegunda og stöðu íslensku vaðfuglastofnanna almennt. Aldís hefur sérstaklega rannsakað áhrif breytinga á landnotkun á fuglastofna á Íslandi.

„Hér á Íslandi má enn finna stór opin búsvæði; kjörvarpstöðvar ýmissa fuglategunda sem ferðast jafnvel þúsundir kílómetra til að verpa hér á sumrin. Hægt og rólega þrengir að þessum tegundum með mannlegri uppbyggingu og tilheyrandi búsvæðabreytingum," sagði Aldís í erindi sínu. Stór hluti mófugla Íslands séu vaðfuglar sem fari almennt fækkandi í heiminum, þar sem búsvæði þeirra minnki ört. Þessar tegundir eru, að sögn Aldísar, langlífar og því geta áhrif búsvæðamissis verið lengi að koma fram.

Stórir heimsstofnar hér

Mófuglar eru tegundir sem nýta sér þau opnu búsvæði sem finna má á Íslandi. Eru þar helstir skógarþröstur, þúfutittlingur, tjaldur, hrossagaukur, jaðrakan, lóuþræll, stelkur, spói og heiðlóa. Tveir fyrstnefndu eru spörfuglar en hinir vaðfuglar.

Á Íslandi eru mjög stórir heimsstofnar þessara tegunda. Talið er að 5% af öllum tjöldum og hrossagaukum heimsins verpi á Íslandi, milli 10 og 20% af öllum jaðrakönum, lóuþrælum og stelkum, og milli 30 og 60% af spóum og heiðlóum heimsins verpur hér á landi.

Mófuglar eru árlega taldir kerfisbundið á fimm stöðum á landinu og hófust þær talningar á bilinu 2006–2014 og því komnar nógu langar seríur til að sjá hvort breytingar eru að verða. Er það á Suðurlandi, Bakka, Mýrum, Þingeyjarsýslum og Úthéraði.

Í ljós hefur komið að skógarþröstum fjölgar á öllum svæðum, sem ekki kemur á óvart þar sem skógrækt er alltaf að aukast. Þúfutittlingur stendur í stað á flestum svæðum en fækkar þó á Suðurlandi. Hrossagauk fækkar á Mýrum, fjölgar á Bakka og stendur í stað á öðrum svæðum, og er það dæmi um stofn í jafnvægi. Jaðrakan fækkar á Suðurlandi og Úthéraði en fjölgar í Þingeyjarsýslum og Mýrum. Lóuþræl fækkar á Mýrum, Bakka og Suðurlandi en stendur í stað í Þingeyjarsýslum og á Úthéraði. Stelk fækkar á Suðurlandi og Úthéraði, fjölgar á Mýrum en stendur í stað annars staðar. Tjaldur stendur að mestu í stað þótt honum fækki á Suðurlandi.



Teikning / Hlynur Gauti

Tegund	Varpstofn á Íslandi (í þúsundum para)	Stofnstærð í heiminum í þúsundum einstakl.)	% heimsstofns sem verpur á Íslandi
Tjaldur	13	925-1.030	3
Sandlóa	23	415-1.400	5
Heiðlóa	396	1.300-1.750	52
Lóuþræll	275	4.300-6.799	10
Hrossagaukur	300	15.000-29.000	3
Jaðrakan	68	614-809	19
Spói	256	1.000-2.300	31
Stelkur	75	1.000-3.499	7

Taflan sýnir fjölda einstaklinga af mismunandi tegundum mófugla sem verpa á Íslandi ásamt stærð heimsstofns. Tafla / Moi.hi.is

Sláandi fækkun lóu og spóa

Aðra sögu er þó að segja um okkar helstu mólendisfugla, spóa og heiðlóu. Spóum fækkar á þremur af fimm stöðum en standa í stað á Bakka og í Þingeyjarsýslum. Heiðlóu fækkar alls staðar nema í Þingeyjarsýslum, þar sem hún stendur í stað.

„Það er sláandi að sjá því þetta eru náttúrlega okkar einkennisfuglar, fuglarnir sem við bíðum eftir á vorin og þeir sem skapa þennan hljóðheim sem stundum er talað um. Það er sláandi að sjá að þeim er að fækka á algerlega óskyldum svæðum í kringum allt landið," segir Aldís.

> „Að við séum nú þegar farin að sjá fækkun í þessum stofnum hraðir ...

Hún bendir sérstaklega á talninguna á Suðurlandi þar sem Suðurlandsundirlendið sé flokkað sem mikilvægt fuglasvæði, að miklu leyti vegna þess að það sé notað af vaðfuglum. Á bilinu 10–30% af íslenskum stofnum þeirra, mismunandi eftir tegundum, haldi sig á Suðurlandsundirlendinu á varptíma. Talningar þar nái yfir vítt svæði og hefur verið talið frá árinu 2011.

„Þarna fjölgar skógarþresti um 12% á hverju ári. Hrossagaukur stendur í stað, á meðan öðrum tegundum fækkar um 2 til 10% á hverju ári, lóuþræl mest. Það gefur auga leið að enginn stofn þolir 10% fækkun á hverju einasta ári í langan tíma," útskýrir hún.

Minkur minnsti afræninginn


„Maður spyr sig hverjar ástæður eru fyrir því að þessum fuglum er að fækka kringum allt landið, á svæðum sem tengjast hvert öðru í raun ekki neitt. Þrjár mögulegar meginorsakir hafa verið nefndar: Breytingar á vetrarstöðvum, því þetta eru auðvitað farfuglar sem fara af landinu á veturna. Í öðru lagi



Spói. Mynd / Pixabay

Staurahamar
vökvadrifinn
Auðveldur í notkun og léttir vinnuna við að reka niður girðingastaura
Wendel

Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



Rannsókn Aldísar Erlu Pálsdóttur leiðir í ljós að helstu mólendisfuglum landsins, spóa og heiðlóu, fækkar ískyggilega. Spóum fækkar á þremur af fimm stöðum þar sem talið er reglulega og heiðlóu fækkar alls staðar nema í Þingeyjarsýslum, þar sem hún stendur í stað. Skýringarmynd / Aldís Erna Pálsdóttir.

afránsþrýstingur og í þriðja lagi aukin umsvif manna. Ólíklegt er að breytingarnar séu drifnar áfram á breytingum á vetrarstöðvum þar sem tegundirnar dreifa sér yfir stórt svæði á veturna, allt frá Íslandi til Bretlands og sumar til Afríku," heldur Aldís áfram.

Þegar fuglar verpa í hreiður þá annaðhvort heppnast hreiðrin eða þau misfarast af ýmsum ástæðum. Skv. rannsókn (2015–2024) kom í ljós að 52% hreiðra klekjast. Fyrir sömu tegundir í Evrópu er hlutfall hreiðra sem klekjast oft á bilinu 10–60%. Stundum eru hreiður yfirgefin án þess að ástæða þess sé ljós. Flætt getur yfir þau. Hreiðrin eru svo stundum eyðilögð, t.d. troðin niður af búfénaði eða mönnum, eða jafnvel ekið yfir þau.

Algengasta ástæðan fyrir því að hreiður misfarast er þó að þau eru rænd og eggin étin. Afræningjar á Íslandi eru tófa, hrafn, kjói, mávar, stundum búfénaður og minkur. Minkur og kindur valda minnstum usla, þá mávurinn, síðan hestar, svo kjóinn og hrafninn og mesti vargurinn er tófan. Vart varð við að hrafn og refur skiptu eggjum í hreiðri á milli sín, þ.e. tófa kom og tók eitt egg, svo hrafn og tók annað, tófan það þriðja og hrafninn fjórða. Þá vakti athygli að fuglapör borða stundum saman, t.d. hrafnar annars vegar og kjóar hins vegar.

„Þótt tófan sé afkastamesti afræninginn þá hafa hún og fuglar þróast saman frá því fyrir landnám manna. Ísland hefur getað viðhaldið stórum fuglastofnum þrátt fyrir tófuna. Eina „nýja" rándýrið, minkurinn, virðist ekki afkastamikill afræningi. Þá er spurningin hvað sé að breytast núna sem ekki var fyrir einhverjum árum síðan," segir Aldís.

Hratt gengið á búsvæði

Beinast þá sjónir að umsvifum manna. Sé aftur horft til talningasvæðisins á Suðurlandi hafa orðið umtalsverðar breytingar þar á síðustu árum í formi nývirkja, þ.e. nýrra mannvirkja, landbúnaðarlands, vega og aukinnar skógræktar. Umsvif manna eru því að aukast á mörgum stöðum, einkum á láglendi, og þegar allt er talið saman eru þau umtalsverð.

Áhrifin afmarkast ekki einungis af því svæði sem fer undir uppbyggingu, þ.e. búsvæðamissi fyrir tegundirnar þegar byggt er hús, skógi plantað eða lagður vegur. Einnig koma til jaðaráhrif mannlegrar uppbyggingar sem valda einnig áhrifum á fuglana. Þau geta verið jákvæð, engin eða neikvæð.

Aldís skoðaði í doktorsverkefni sínu jaðaráhrif kringum sumarhús, skógrækt, vegi og raflínur. Jaðaráhrifum virðist sleppa eftir um 200–250 metra frá nývirkjum. Það sem eftir er gæti verið um 76% af láglendi en þar eru einnig vötn, ár og lækir, ógróin svæði sem fuglarnir verpa ekki á, og síðast en ekki síst er víða halli en umræddar fuglategundir verpa ekki í halla. Búsvæði fugla getur þá verið í landslagi á því láglendi sem út af stendur, en um það svæði keppa einnig 7.000 sumarhúsareitir sem búið er að samþykkja og mun fylgja fleiri vegir og raflínur, sem og skógrækt. „Við erum að fara að ganga æ meira á svæði þessara fugla og það að við séum nú þegar farin að sjá fækkun í þessum stofnum hræðir mann aðeins," segir Aldís.

Voveiflegar niðurstöður

„Rannsóknin leiðir í ljós að viðkvæmustu tegundir fyrir uppbyggingu eru heiðlóan og spóinn, einmitt tegundirnar sem er að fækka um land allt. Hér á íslandi verpur um 50% af öllum lóum í heiminum og um 30% af öllum spóum heimsins, sem þýðir að okkur ber alþjóðleg og lagaleg skylda til að vernda þessar tegundir. Þetta eru því frekar voveiflegar niðurstöður," segir Aldís. Samspil áhrifaþátta sé mikilvægt og ekki eitthvað eitt sem valdi því að fuglunum fækkar. Með búsvæðaeyðingu fækki fuglum en afránsþrýstingur minnki þó ekki og þá er ekki lengur framleitt nóg af ungum til að viðhalda stofninum.

„Þannig stöndum við frammi fyrir tapi á búsvæðum, jaðaráhrifum og áhrifum á afránsmynstur," segir hún. Náttúran sé vön afráni. Hvert par þurfi í rauninni aðeins að eignast tvo unga sem verða fullvaxta og koma inn í stofninn,

> Eina „nýja" rándýrið, minkurinn, virðist ekki afkastamikill afræningi ...

til að hann haldist stöðugur. Helmingur af öllum eggjum fari í afrán og af ungum gæti mögulega farið um helmingur. Þrátt fyrir afránið sé nýliðunin meiri en nóg til að viðhalda stofninum. Fuglarnir séu vanir afráni og því framleiði þeir miklu meira af eggjum en í raun þurfi.

Séu hins vegar búsvæði eyðilögð geti þeir ekki endilega fært sig því nóg sé af fuglum þar fyrir. „Þá fækkar verpandi pörum á tilteknu svæði en afræningjum fækkar ekki að sama skapi. Þar af leiðandi eykst afránsþrýstingur á þau pör sem eru eftir og þá mögulega ekki verið að framleiða nóg af ungum til að viðhalda stofninum. Því er líklega um að ræða samspil margra þátta sem veldur því að þessum fuglum er að fækka," segir Aldís enn fremur.



Aldís Erna Pálsdóttir. Mynd / Náttúrufræðistofnun

Mátulegt landbúnaðarland jákvætt

Skv. rannsókninni hafa raflínur neikvæð áhrif á stelk og spóa. Vegir hafa neikvæð áhrif á spóa, heiðlóu, lóuþræl og þúfutittling. Sumarhús hafa neikvæð áhrif á stelk, jaðrakan, spóa, heiðlóu og þúfutittling. Skógrækt hefur sömuleiðis neikvæð áhrif á fimm tegundir, þ.e. lóuþræl, heiðlóu, spóa, jaðrakan og tjald. Jákvæð áhrif eru töluvert minni. Sumarhús höfðu jákvæð áhrif á þéttleika hjá skógarþresti, og skógrækt á skógarþresti og hrossagauk, en þær tegundir verpa í skógi svo það þarf ekki að koma á óvart. Tekið er til þess að tjöldum sem verpa nær þéttbýli gengur betur.

Aldís segir mjög áhugavert að rannsóknir hafi sýnt að á svæðum þar sem lítið er af gróðri fyrir geti landbúnaðarland haft jákvæð áhrif á fugla, sérstaklega tegundir eins og stelk sem nýta sér landbúnaðarland. En þegar orðið sé of mikið af landbúnaðarlandi snúist þetta upp í andhverfu sína og fari að hafa neikvæð áhrif.

„Mögulega er þetta ein ástæða þess að fuglum hefur fækkað í Evrópu – með auknum landbúnaði fjölgar þeim fyrst og enginn verður var við neikvæð áhrif. Þegar of mikið er komið af landbúnaðarlandi og umhverfið orðið of einsleitt þá fækkar þeim hratt. Það virðist vera að þessar tegundir nýti oft meira en eitt búsvæði, kannski eitt til varps, annað til fæðuöflunar og þriðja fyrir ungana. Þetta þyrfti auðvitað að rannsaka betur. En svo virðist vera að landbúnaður í lágum þéttleika – innan um önnur búsvæði, svo sem votlendi og móa – geti verið góður fyrir mófuglana," segir hún.

Í máli Aldísar kom einnig fram að í Evrópu sé miklum fjármunum og tíma varið í að endurvekja mófuglalíf. Einkum sé reynt að auka þéttleika þeirra á svæðum þar sem þeir voru fyrir.

Jafnvægi í Hornstrandafriðlandi

Hún mælir með að fólk byggi heldur sumarbústaði í ógrónum fjallshlíðum, uppbyggingu verði þjappað saman í klasa til að minnka dreifingu jaðaráhrifa og fólk passi upp á þá fugla sem hætta sér nálægt þar sem eru mannleg umsvif. Þá þurfi bændur að gæta þess við slátt að fara ekki yfir hreiður og unga.

Í fyrirspurnum að fyrirlestri loknum var spurt um hver staðan væri á mófugli og svartfugli á Hornströndum þar sem refur er friðaður. Kom fram í svari Estherar Rutar Unnsteinsdóttur, spendýravistfræðings hjá Náttúrufræðistofnun, að hún væri nýkomin frá Hornströndum, 27. árið í röð, og hefði gert óformlega talningu. Sýndi hún stöðugt eða vaxandi ástand mófugla. Friðun á ref hafi ekki haft neikvæð áhrif á fugl en hins vegar á refinn sjálfan, honum hefði fækkað.



Lóa. Mynd / smh





Ráðuneytið má ekki grípa inn í

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að ef Lífland myndi sækja um starfsleyfi fyrir hveitimyllu á Grundartanga að nýju myndi leyfið vera veitt vegna breyttra laga.

Samkvæmt svörum frá ráðuneytinu eru áðurnefnd lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á þeim var gerð lagabreyting árið 2017 þar sem felldar voru á brott takmarkanir á staðsetningu matvælafyrirtækja með tilvísan til svokallaðs þynningarsvæðis stóriðju.

Lögin eru ekki á forræði atvinnuvegaráðuneytisins, heldur heyra þau undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Sú stofnun sem fer með veitingu starfsleyfis í þessu tilfelli er Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, en þar sem um matvælaframleiðslu er að ræða er ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins kæranleg til atvinnuvegaráðuneytisins.

Lífland nýtti sér ekki kæruréttinn þegar umsókn um starfsleyfi var hafnað í febrúar 2020. Fyrirtækið óskaði eftir endurupptöku málsins hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í ágúst 2023, en niðurstaða þess var sú sama og áður. Í kjölfarið leitaði Lífland til þáverandi matvælaráðuneytis og óskaði eftir undanþágum, en slík heimild var ekki til staðar eins og kom fram í svari til fyrirtækisins í júlí 2024.

Í fréttatilkynningu á vef atvinnuvegaráðuneytisins segir að það sé „miður að einu kornmyllu landsins verði lokað en ekki verður séð að það feli í sér ógn við fæðuöryggi landsins líkt og fullyrt hefur verið“. Í fréttatilkynningunni segir jafnframt: „Það er fyrirtækisins að meta hvernig uppbyggingu innviða þess verður háttað og hefur ráðuneytið ekki heimildir í lögum til að grípa inn í áform, viðskiptaáætlanir eða samninga framleiðenda kornafurða eða skipulagsáætlanir Faxaflóahafna og Reykjavíkurborgar.“ */ál*



Rannveig Hrólfsdóttir, gæðastjóri Líflands og starfandi stjórnandi hveitimyllunnar, heldur á hveitisigti. Aftan við hana er vél sem hreyfist stanslaust og inniheldur mörg sams konar sigti. Myndir / ál

Reykjavík:

Kornax búið að loka

– Kafla í sögu innlends matvælaiðnaðar lokið

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Hveitimylla Kornax að Korngörðum í Reykjavík hefur malað sitt síðasta korn og eru korngeymslurnar tómar. Þar með lýkur næstum fjögurra áratuga sögu.

Lífland ehf. á og rekur Kornax, sem var eina kornmylla landsins sem malaði hveiti og rúgmjöl til manneldis. Fyrirtækið starfrækir jafnframt fóðurverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði þar sem eru stórar korngeymslur.

Byggingar Kornax við Korngarða eru í eigu Faxaflóahafna sem hafa ekki endurnýjað leigusamning við Lífland. Fyrirtækið hafði hug á að byggja nýja hveitimyllu við hlið fóðurverksmiðjunnar á Grundartanga, en fékk ekki starfsleyfi vegna nálægðar við mengandi stóriðju. Lífland sá sér því þess einan kost að leggja niður innlenda hveitimölun og hefja innflutning á möluðu hveiti frá Danmörku undir merkjum Kornax.

Fylgst með síðustu kornunum

Bændablaðið fékk að líta inn í kornmylluna þegar eingöngu áttatíu tonn voru eftir af ómöluðu hveiti. Afkastageta Kornax var 50 tonn á sólarhring, sem þýðir að á fullum afköstum hefði verksmiðjan klárað þær birgðir á einum og hálfum sólarhring. „Við eigum ekki meira korn til þess að mala,“ sagði Rannveig Hrólfsdóttir, gæðastjóri Líflands og starfandi stjórnandi Kornax, í samtali við blaðamann á síðustu dögum myllunnar. „Akkúrat núna er ég að spara þessar restar þannig að ég slekk á næturnar.“ Að jafnaði var hveiti malað allan sólarhringinn til þess að anna eftirspurn, en verksmiðjan gat gengið á nóttinni án viðveru starfsfólks.

Neytendur ættu að þekkja Kornax hveiti í tveggja kílóa bréfpokum, sem hefur verið ráðandi á íslenskum markaði undanfarna áratugi. „Hjá okkur eru þrjár tegundir af hveiti til manneldis, en það eru til fleiri. Munurinn felst aðallega í próteininnihaldi, en við köllum það sterkara hveiti sem er með meira prótein. Langsterkasta hveitið er svokallað Manitoba-hveiti sem kemur frá Ameríku,“ sagði Rannveig, en það er notað í súrdeigsbakstur.

Sama vara frá Danmörku

Hinar tegundirnar af hveiti sem neytendur þekkja eru rautt eða blátt Kornax ásamt heilhveiti í grænum pokum. Hveitið í rauðu pakkningunum er veikasta hveitið og hentar best í kökur, á meðan bláa hveitið er sterkara og hugsað fyrir allan almennan brauðbakstur. Stærsti hluti framleiðslunnar er brauðhveiti sem er selt í lausu til bakaría og matvælafyrirtækja sem geyma mjölið í sílóum.

Lífland hefur fjárfest í aðstöðu og útbúnaði til að halda áfram að selja hveiti á sama hátt og hingað til, bæði í neytendapakkningum og í lausu. „Við sendum sýnishorn af öllum okkar vörum út til Danmerkur,“ sagði Rannveig. Lífland muni því kaupa nákvæmlega sömu vöru sem er pakkað í sömu umbúðir og neytendur þekkja. Helsta breytingin verður sú að birgðir af hveiti í landinu á hverjum tíma verða eingöngu til nokkurra vikna, á meðan korngeymslurnar gátu

-framhald á síðu 24



Síðasta hveitið hefur verið malað hérlendis. Eliut Jose Betancourt, starfsmaður Kornax, kannar gæði pakkninganna áður en þær eru sendar í verslanir.




Vortilboð

Steinar úr graníti.
Grár, svartur eða paradiso.
Litir til sýnis á heimasíðu.
Uppsetning innifalin á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi eða frí sending um allt land.
Geymum steina ef óskað er.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is

Tilboð 1 - 655.000

Án blómaramma 540.000



Tilboð 2
185.000

230.000
með lukt



Tilboð 3 - 585.000

Án blómaramma 485.000



Tilboð 4 - 465.000

Án blómaramma 365.000



Hægt að setja 2 nöfn

Minni steinar sem passa líka á duftleiði

Tilboð 5

Drangi
190.000

240.000
með lukt



Grár

Paradiso

Tilboð 6

Hjarta
199.000

249.000
með lukt



Svartur

TIlboð 7

Demantur
149.000

199.000
með lukt



Svartur



Paradiso



Blár



Grár

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri




Átta valsar mala kornið í jafnmörgum þrepum. Það er sent í sigti sem hleypir eingöngu nógu fínu hveiti í gegn en sendir grófari kornin aftur í valsinn þangað til réttri stærð er náð.



Horft ofan í korngeymslurnar í verksmiðjunni sem eru núna orðnar tómar.





Hveitimylla Kornax tók til starfa haustið 1987 og lauk þeirri sögu í þessari viku.

gátu geymt hátt í tveggja mánaða birgðir af ómöluðu hveiti.

Samkvæmt upplýsingum frá Líflandi munu neytendur ekki finna fyrir neinum mun á framboði þar sem innflutningurinn verður stöðugur. Víða hefur hins vegar verið bent á að fæðuöryggi landsins minnki þar sem aðfangakeðjur þurfa ekki að rofna í langan tíma áður en birgðirnar tæmast.

Buðust til að stækka korngeymslurnar

Í myllunni í Korngörðum voru átta síló sem geymdu korn sem dugði til mölunar í nokkra daga, ásamt því að geyma malað hveiti áður en það var flutt til viðskiptavina eða pakkað. Þar sem geymsluplássið var takmarkað í Korngörðum fór vörubíll tvær ferðir hvern virkan dag með ómalað korn frá Grundartanga og flutti hveitiklíð til baka í korngeymslurnar sem var síðan notað í fóðurframleiðslu.

Lífland sóttist eftir því að byggja hveitimyllu við hlið fóðurverksmiðjunnar á Grundartanga og var komið langt á veg með hönnun byggingarinnar. „Við buðumst til þess að stækka korngeymslurnar til þess að fá meira fæðuöryggi í landinu," sagði Rannveig. Fyrirtækið gat alla jafna geymt 2.500 tonn af hveiti til manneldis í einu á Grundartanga.

Voru búin að undirbúa nýja myllu

Hveitimyllan í Korngörðum var tekin í notkun haustið 1987 og var í sameiginlegri eigu Mjólkurfélags Reykjavíkur (nú Lífland) og Fóðurblöndunnar. „Upphaflega var þetta byggt til að fá hveitiklíð í fóður og hveitið var aukaafurð. Svo tók markaðurinn vel við sér og þá varð hveitið aðal," sagði Rannveig. „Það var komið að miklu viðhaldi og það er ástæðan fyrir því að við fórum af stað í undirbúning fyrir nýrri hveitimyllu árið 2020, áður en það var búið að segja upp leigusamningunum hér. Þá fengum við ekki starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og við söltuðum áformin aðeins. Svo kom þessi uppsögn á leigunni frá Faxaflóahöfnum og við fórum á fullt í að kanna möguleika á verksmiðju á Grundartanga. Eftir að hafa fengið endanlega neitun þurftum við að skipta um gír og fórum að undirbúa innflutning.

Við þurfum að tæma húsið og sjáum ekki fram á að geta notað vélarnar í neitt. Þær fara bara í endurvinnslu. Þetta eru bæði orðin gömul tæki og það borgar sig ekki að flytja þetta, því að verksmiðjan er innbyggð í húsið. Sílóin ná frá efstu hæð niður á neðstu og það er ekkert hægt að flytja þau. Um leið og þú fjarlægir sílóin þá tekur þú niður húsið," sagði Rannveig.

Allt stefnir í að síðasta kornið verði malað í dag, 10. apríl, og pökkun á hveitimjöli ljúki á morgun. „Það er búið að vera líf og fjör og gaman að fá að vera hluti af þessari sögu. Ég mun sakna þessarar verksmiðju og ef við byggjum nýja þá vona ég að ég fái að taka þátt í þeirri uppbyggingu," sagði Rannveig að lokum.

Ferill hveitisins:

1. Landað á Grundartanga og sett í korngeymslur þar.
2. Flutt með tankbíl í Korngarða tvisvar á dag.
3. Korninu blásið í minni geymslusíló í verksmiðjunni.
4. Kornið fer í hreinsilínu þar sem aðskotaefni eins og steinar, málmar, aðrar korntegundir o.fl. er tekið frá.
5. Kornið er lagt í bleyti í 10 til 24 klukkutíma til þess að það sé auðveldara í mölun.
6. Hveitiklíð er skilið frá og er það bæði notað í matvæla- og fóðurframleiðslu.
7. Kornið fer í gegnum átta valsa þar sem kornið verður fínna og fínna.
8. Mjölið fer upp í sigti sem sendir það aftur í viðeigandi valsa ef það er of gróft. Þetta ferli er endurtekið þangað til að það er orðið að fínmöluðu hveiti.
9. Möltuðu hveiti og C-vítamínum blandað við.
10. Mjölið fer í geymslusíló.
11. Hveitimjölið er sigtað aftur fyrir pökkun í 2 kílóa eða 25 kílóa pakkningar eða áður en því er dælt á tankbíl sem keyrir með hveitið í síló hjá matvælafyrirtækjum.



Ný hveitimylla ólíkleg

Opinberir aðilar hafa ekki gefið Líflandi formlega staðfestingu á að reglur sem stóðu í vegi fyrir starfsleyfi nýrrar hveitimyllu fyrir tveimur árum hafi verið felldar úr gildi. Því lítur Lífland svo á að forsendur hafi ekki breyst.

Arnar Þórisson, forstjóri Líflands, segir að þrátt fyrir ummæli atvinnuvegaráðherra í fjölmiðlum um að fyrirtækið fengi starfsleyfi fyrir hveitimyllu Kornax á Grundartanga ef það myndi sækja um aftur, sé ekki ljóst við hvað hún eigi. Samkvæmt honum hafa engir opinberir aðilar rætt þessi mál við stjórnendur hjá Líflandi og ekki útlit fyrir að Lífland reisi nýja hveitimyllu.

Á meðan enn þá er óvissa um lagalegan grundvöll starfseminnar á Grundartanga telji fyrirtækið ekki forsvaranlegt að halda áfram undirbúningi. Samkvæmt Arnari tæki minnst tvö til þrjú ár að koma nýrri hveitimyllu í rekstur frá samþykki leyfis, enda flókin uppbygging og fjárfesting fyrir allt að þrjá milljarða króna. Hann segir fyrirtækið hafa haft metnað til að halda rekstri hveitimyllunnar í Sundahöfn áfram, en eins og komið hefur fram eiga Faxaflóahafnir húsnæðið og hefur leigusamningnum verið sagt upp. Áframhaldandi afnot af húsinu hafi verið háð því að hafin væri uppbygging á nýjum stað, en þar sem áætluð hveitimylla á Grundartanga sigldi í strand hafi fyrirtækinu verið tilkynnt fyrir nokkrum misserum að því bæri að víkja sem fyrst.



Arnar Þórisson.

Arnar bendir á að íslenski markaðurinn með hveiti sé lítill og afar krefjandi sé að framleiða á verði sem stenst samkeppni við stórar myllur erlendis. Það hafi tekist með mikilli útsjónarsemi í gömlu myllunni í Korngörðum. Eftir að áframhaldandi rekstur þar var úr myndinni hafi fyrirtækið ekki séð neinn kost annan en uppbyggingu í nágrenni við þá starfsemi sem Lífland rekur nú þegar á Grundartanga. „Við höfum metnað fyrir innlendri framleiðslu, en það eru takmörk fyrir því hvað einkafyrirtæki getur lagt af mörkum til að tryggja fæðuöryggi. Það er mat okkar að opinber stuðningur, hvort sem um ræðir aðkomu að leyfismálum, fjármögnun eða undirbúningi að lóðum og innviðum, sé forsenda þess að slíkt verkefni verði raunhæft," segir Arnar.

Nú er Lífland búið að ráðast í fjárfestingu á búnaði til að halda áfram afhendingu á hveiti sem malað er í Danmörku undir merkjum Kornax. Kostnaðurinn við það hefur verið nokkur og hefur fyrirtækið skrifað undir samninga við dönsku aðilana sem eru bindandi til nokkurra ára. Því má ekki vænta sviplegra breytinga á þeirri atburðarás sem hafin er núna.

ál

CFMOTO

CFMOTO 1000
Touring Overland
2.599.000,-
Án vsk.2.095.967,-

CFMOTO 1000
Touring Premium



2.399.000,-
Án vsk.1.934.677,-

CFMOTO 1000
Touring



2.249.000,-
Án vsk.1.813.710,-

CFMOTO 850
Touring



1.979.000,-
Án vsk.1.595.967,-

CFMOTO 625
Touring



1.599.000,-
Án vsk.1.289.516,-

CFMOTO 520



1.449.000,-
Án vsk.1.168.548,-

CFMOTO 450



1.349.000,-
Án vsk.1.067.903,-

NITRO

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Umboðsaðilar:
Kaupfélag Skagfirðinga, *Sauðárkróki.*
Suður England, *Selfossi.* ***Bikevik,*** *Reykjanesbæ,*
AB varahlutir, *Egilsstöðum,* ***Lyngás 5,*** *Hellu.*

Málstofa um áburðarmöguleika fiskeldisseyrunnar

– Áætlað að um 934 tonn af nitri og 651 tonn af fosfór muni falla til í landeldinu

Fiskeldi á landi er vaxandi atvinnugrein, allnokkur stór eldisfyrirtæki eru í uppbyggingarfasa og er gert ráð fyrir að þau taki flest til starfa á næstu árum. Mikið magn fiskeldisseyru mun falla til á þessum stöðvum sem nú er lagt á ráðin með hvernig megi nýta sem áburðargjafa í framtíðinni, en hún er auðug af nitri og einnig sérstaklega af fosfór.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Áætlað er að um 25.000 tonn af þurrefni muni falla til hjá landeldisfyrirtækjum þegar allar áætlaðar stöðvar verða komnar í fulla framleiðslu. Samkvæmt þeim greiningum sem Matís hefur gert má áætla að um 934 tonn af nitri sé í því magni og um 651 tonn af fosfór, en fiskeldismykjan inniheldur ekki mikið af kalíum.

Til samanburðar má nefna að á árinu 2023 voru flutt inn um 8.700 tonn af nitri og um 1.110 tonn af fosfór, samkvæmt innflutningstölum Matvælastofnunar.

Aukin nýting á verðmætum efnum í vatni

Málið var rætt frá ýmsum hliðum á málstofunni Fiskeldisseyra í áburð – tækifæri, takmarkanir og tæknilausnir sem Matís hélt á dögunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Hildi Ingu Sveinsdóttur, verkefnastjóra hjá Matís og lektor við matvæla- og næringarfræðideild HÍ, var málstofan haldin í tengslum við verkefnið Accelwater, sem er evrópskt samstarfsverkefni sem gengur út á hröðun hringrásar vatns í matvæla- og drykkjariðnaði í Evrópu.

Það snúist í grundvallaratriðum um að minnka notkun á vatni í matvælavinnslu og aukna nýtingu verðmætra efna úr því. Íslensku þátttakendurnir í verkefninu eru frá Matís, Háskóla Íslands, Samherja Fiskeldi og Útgerðarfélagi Akureyrar og er unnið að aukinni nýtingu hráefnis úr vatni frá bæði fiskvinnslu og landeldi.

Greining á tækifærum

Að sögn Hildar hefur í tengslum við verkefnið farið fram töluverð vinna tengd greiningum á tækifærum til söfnunar og notkunar fiskeldisseyru eða fiskeldismykju til verðmætasköpunar með áherslu á notkun í áburð. Á málstofuna hafi komið saman hópur aðila úr landeldi, rannsóknum, eftirlitsstofnunum og úr landbúnaði.

„Regluverkið sem snýr að fiskeldismykju var kynnt, undir hvaða kringumstæðum mætti nýta hana. Greind voru möguleg grá svæði, þar sem óvissa ríkti en nauðsynlegt væri að skýra. Inn í þá umræðu kom gott erindi frá Ernu Karen Óskarsdóttur, fagsviðsstjóra áburðarmála frá Matvælastofnun. Hún kynnti núverandi regluverk og í tengslum við þá kynningu mynduðust miklar umræður um þau tækifæri sem væru til staðar, hvaða þætti þyrfti að leysa til að tryggja öryggi lokaafurðarinnar og hvernig stjórnvöld þyrftu að koma inn í þetta mál ásamt eftirlitsstofnunum til að skýra betur hvernig megi nýta þetta hráefni. Einar Sigurðsson frá Samherja Fiskeldi sagði frá áætlunum fyrirtækisins í nýrri eldisstöð sem áætluð er á Reykjanesi ásamt því að fara yfir þær lausnir sem fyrirtækið prófaði og skoðaði til söfnunar og stöðlunar á mykjunni í tilraunaverkefni sínu í Öxarfirði.

Þá myndaðist mikil umræða um það magn sem áætlað er að aðgengilegt verði, hvaða aðferðir eigi eftir að henta best í meðhöndlun og vinnslu til að einfalda utanumhald og slíkt. Að lokum sagði Friederike Danneil frá Landbúnaðarháskóla Íslands frá tilraunum síns rannsóknarhóps með fiskeldismykju, hvað virkaði og hvað ekki og út frá því mynduðust umræður um mikilvægi einsleitni afurðarinnar ásamt því að rætt var um mikilvægi þess að skoða möguleg áhrif stakra innihaldsefna, eins og til dæmis salts eða ákveðinna þungmálma, á notkunarmöguleika.“

Stórt tækifæri til að auka sjálfstæði okkar

Að sögn Hildar var hópurinn sem tók þátt í málstofunni á því að um væri að ræða stórt tækifæri til að auka sjálfstæði okkar í áburðarmálum og takmarka innflutning áburðar og að nú væri lykilatriði að fyrirtæki og aðilar í landbúnaði og landeldi taki höndum saman til að tryggja að efnið væri hægt að nýta hérlendis.

Til þess að það sé hægt þurfi stjórnvöld að halda áfram að koma að málum.

Ýmis verkefni um fiskeldisseyru hjá Matís

Matís hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum tengdum fiskeldisseyru ásamt hópi samstarfsaðila. Hildur segir að verkefnin hafi snúist um áburðargildi, lífgasframleiðslu og lífkolaframleiðslu. „Þessi verkefni hafa sýnt að ýmiss konar tækifæri eru til staðar og hefur Jónas Baldursson, verkefnastjóri hjá Matís, verið leiðandi í þessum málum ásamt góðum hópi samstarfaðila frá meðal annars Landi og skógi, Landbúnaðarháskólanum og Sjávarklasanum. Framleiðsla á áburði úr fiskeldismykju er eitt af þeim tækifærum sem landeldisfyrirtæki geta skoðað til að mæta kostnaði og vonandi fá verðmæti út úr mykjunni. Eigi það fram að ganga þurfa fyrirtækin að halda áfram að vinna það í nánu samstarfi við eftirlitsaðila eins og til dæmis Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Í dag eru fáar stöðvar komnar af stað í söfnun á fiskeldismykju sem er afvötnuð og meðhöndluð til að auka stöðugleika. Mykjan sem safnast í dag er um 20–25% þurrefni og inniheldur mikið magn næringarefna sem ættu að nýtast vel til áburðarframleiðslu, sérstaklega af fosfór. Þessa mykju sem verið er að framleiða er nú þegar verið að prófa til ræktunar í nærsveitum en til að geta nýtt mykjuna á stærra svæði er þörf á að fjarlægja úr henni vatn, til dæmis með þurrkun, til þess að einfalda flutning og lækka kostnað.“



Hildur Inga Sveinsdóttir, verkefnastjóri hjá Matís. Myndir / Aðsendar



Jónas Baldursson, verkefnastjóri hjá Matís.



Afvötnuð fiskeldismykja.

Afvötnun mykjunnar

Hildur segir að misjafnar áherslur séu í þeim verkefnum sem Matís vinni að í tengslum við fiskeldisseyruna. Í AccelWater var efnasamsetning fiskeldismykju greind ítarlega til að fá upplýsingar um stöðugleika innihaldsins, til að greina tækifæri og takmarkanir hráefnisins. Þar hafi aðferð við afvötnun mykjunnar einnig verið skoðuð og gerð gróðurtilraun í gróðurhúsi, með aðstoð frá Landi og skógi.

Sjálfbær áburðarframleiðsla hafi verið viðamikið verkefni sem kláraðist 2023 og var styrkt innan Markáætlunar Rannís. Þar var magn næringarefna í lífrænum aukaafurðum og úrgangi meðal annars greint. Svo hafi áburðartilraunir verið gerðar þar sem helstu straumar af lífrænu hráefni hafi verið nýttir annars vegar sem áburður á tún hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og hins vegar til uppgræðslu lands hjá Landi og skógi. Fiskeldismykja hafi komið einstaklega vel út í uppgræðslu lands og betur en aðrir þekktir straumar, eins og kúamykja, með tilliti til gróðurþekju.

Niturmyndandi örverur og lífkol

„Í verkefninu Örverur til auðgunar fiskeldisseyru, sem styrkt var af Matvælasjóði, var regluverkið sem snertir mögulega notkun á fiskeldismykju greint ásamt því að prófaðar voru aðferðir til að auka niturmagn í mykjunni með hjálp niturmyndandi örvera,“ heldur Hildur áfram.

„Síðan hefur Matís tekið þátt í tveimur verkefnum sem tengjast framleiðslu lífkola úr fiskeldisseyru, Lífkol úr landeldi, styrkt af Hringrásarsjóði, og Jarðvegsbætandi lífefni, styrkt af Matvælasjóði. Jarðvegsbætandi lífefni er enn í gangi en næstu skref í því verkefni er að prófa lífkol úr fiskeldismykju í áburðartilraunum næsta sumar og bera þau saman við lífkol framleidd úr viði, en nýlega fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að útvíkka þá vinnu enn frekar. Rannsóknir á lífkolagerð úr fiskeldismykju eru frekar stutt komnar og þó rannsóknir sýni að efnið geti haft jákvæð áhrif hefur það aldrei verið prófað á norðlægum slóðum og því alls óvíst hvort það verði góður farvegur fyrir þetta hráefni enn sem komið er,“ segir Hildur enn fremur.

Enn ýmsar áskoranir

Hildur telur að sýnt hafi verið fram á að tækifærin séu til staðar og fyrirtæki sem núna séu að skipuleggja mikla uppbyggingu hafi getað nýtt sér þá þekkingu sem myndast í verkefnunum. „Það er þó nokkur óvissa með ákveðin atriði, meðal annars varðandi regluverkið. En vísbendingar eru um að vinna sé nú í gangi hjá stjórnvöldum og eftirlitsstofnunum til að að leysa úr þeim. Að auki eru ákveðnar áskoranir við söfnun og meðhöndlun mykjunnar og þörf á auknum rannsóknum til að áætla betur aðgengi að næringarefnunum sem í henni er að finna. Fiskeldismykju er nú þegar verið að framleiða hérlendis hjá landeldisstöðvum, sumar nýta þá afvötnunar- og söfnunarkerfi, aðrar settjarnir eða -tanka. Með þeirri hröðu uppbyggingu sem nú er í gangi og þeirri sem er áformuð, eigum við von á margföldun á því magni sem nú er til staðar og fyrirtækin munu þurfa að geta komið þessari lífauðlind í not, það er okkar von að mögulegt verði að nýta efnið hérlendis til að takmarka þörf okkar fyrir innflutt næringarefni,“ segir Hildur að lokum.





RE/MAX

TIL SÖLU

GAUKSMÝRI
Í HÚNAÞINGI

- 650 hektara jörð
- 80 hektara ræktað land
- Ferðaþjónusta - 25 herbergi, veitingasalur
- Hestamennska - 30 hestastíur, reiðskemma, skeiðvöllur
- Tvö einbýlishús og 4 herbergja íbúð
- Eignarhluti í Miðfjarðarvatni
- Möguleiki á skógrækt
- Stækkunarmöguleikar í ferðaþjónustu

Nánari upplýsingar veitir Oddur Grétarsson löggiltur fasteignasali í síma **782-9282** eða **oddur@remax.is**

Magnússkógar 3:

Áframhaldandi stuðningur við bokashi-verkefnið

Sauðfjárbændurnir á Magnússkógum 3 í Dölum hafa frá síðasta sumri verið með tilraunaverkefni í gangi sem felst í því að búa til jarðvegsbæti úr lífrænum úrgangi sem fellur til á bænum og fengu nýlega viðbótarstyrk til að kanna áhrif hans á ræktarlöndin næsta sumar.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Ábúendurnir heita Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson og segir Anna að hugsunin hafi verið sú í upphafi að nýta betur það sem til fellur í búskapnum með það að markmiði að umbreyta því í næringarefni fyrir jarðveginn. Þau hafi fengið stuðning frá Frumkvæðisjóði Dala Auðs og einnig frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands til að koma verkefninu af stað, en þau notast við bokashi-aðferðina sem felst í loftfirrtri gerjun.

„Við fengum nýlega framhaldsstyrk frá Frumkvæðisjóði Dala Auðs til að halda áfram með verkefnið og fyrir lokahluta hans, sem er nýting á jarðvegsbætinum í vor. Við teljum það nefnilega vera nauðsynlegt fyrir okkur að geta séð það með berum augum að þetta beri árangur svo maður haldi áfram að tileinka sér þessi vinnubrögð. Í millitíðinni höfum við tekið sýni úr báðum haugunum sem við settum upp hér hjá okkur og það verður að viðurkennast að við urðum fyrir svolitlum vonbrigðum með niðurstöðuna því það er ýmislegt sem er ekki eins og það átti að vera. Má þar nefna að þurrefnisinnihald hauganna er í kringum 20 prósent en væri æskilegt að væri í kringum 25–45 prósent. Það kemur reyndar kannski ekki á óvart miðað við þetta rigningasumar sem við fengum í fyrra og hreinlega bara erfitt að finna heilan þurran dag til einhverra verka. Svo er C/N hlutfallið [kolefnis- og köfnunarefnis] hjá okkur neikvætt," segir Anna.

Margt sem veldur skekkju


„Ég var alltaf að hugsa þessa tilraun þannig að kosta sem minnstu til, við ákváðum því að slá tún hjá okkur sem hafði ekki fengið mikinn áburð annað en smá sauðaskít og köfnunarefnisáburð. Þannig það var alls ekki besta nýslegna grasið okkar sem fór í hauginn," heldur Anna áfram.

„Þannig það er margt sem veldur skekkju í okkar upphaflegu útreikningum og svo efnagreiningunni úr haugnum. Samkvæmt okkar haugum má reikna út að C/N hlutfallið hjá okkur sé um 60 í báðum haugunum. Þannig þessi niðurstaða þýðir það að áburðargildið í haugnum er neikvætt, að jarðvegslífverur munu taka meira af köfnunarefni við að brjóta niður lífræna efnið en það skilar. Sem gerir það að verkum að jarðvegslífið er þá í samkeppni við plöntur um köfnunarefnið. Samkvæmt þeirri góðu hjálp sem við höfum fengið, við þessa greiningu og í raun við allt ferlið frá Cornelis Aart Meijles, þá er það þannig að plöntur munu bíða lægri hlut í þessari samkeppni um köfnunarefnið. C/N hlutfallið þarf að vera undir 30 til að það sé jákvætt og þeim mun lægri tala, þeim mun meira áburðargildi."

Hlutfall skíts þyrfti að vera meira

Hún segir skýringuna á því að magn áburðarefna sé ekki nægilega mikið sé að finna í því að of efnasnautt hráefni hafi farið í hauginn. Ná hefði mátt hærra köfnunarefnisgildum með til dæmis kúaskít og enn betri með hænsnaskít. Ljóst sé samt að mjög gott sýrustig mælist og gott niðurbrot hefur orðið þannig að næringarefnin eru orðin aðgengileg fyrir plönturnar.

Tveir sams konar bokashi-haugar voru í tilrauninni, með sama innihaldi. Hráefnið sem fór í annan þeirra var vel unnið saman, skíturinn, grasið og heyið, en í hinn hauginn fór óblandað sams konar hráefni. Að auki fór í haugana tiltekin leirtegund, skeljakalk og örverur. „Tilgangurinn var að sjá hvort einhver munur yrði á gæðum jarðvegsbætisins með mismunandi undirbúningsvinnu og sjáum við ekki mikinn mun á þessum haugum, svo klárlega myndum við velja aðferðina aftur sem unnin var í haug 2 sem tók margfalt skemmri tíma," segir Anna.



Anna Berglind Halldórsdóttir og Ólafur Bragi Halldórsson, sauðfjárbændur á Magnússkógum 3. Myndir / Aðsendar

Tækifæri fyrir bændur

„Það verður forvitnilegt að sjá hvaða áhrif jarðvegsbætirinn mun hafa og sérstaklega til lengri tíma, en við ætlum að dreifa honum á tilraunareiti bæði í tún- og kálrækt núna í vor. Niðurstöðurnar sýna okkur að við þurfum að bæta við köfnunarefnisríkara efni til að fá eitthvað til að dafna í þessu. Því þótt næringarinnihaldið sé ekki eins gott og við vonuðumst eftir þá geta áhrifin á jarðveginn orðið mjög góð með meiri loftun og ríkari örveruflóru," útskýrir Anna.

„Það eru auðvitað tækifæri í þessari aðferð því hver vill ekki hugsa betur um sitt umhverfi og um leið bæta hjá sér jarðveginn? Við búum með um 650 fjár og mér finnst okkur bera skylda til þess að skila jörðinni betur af okkur en við tókum við henni. Allavega er það gott markmið til framtíðar. Tilraunir eru og verða alltaf tilraunir og þær eru til að læra af. Við lærum af því sem við gerum vitlaust og hvað við getum gert til að laga það. Það er svo okkar að sýna það í verki. Það er engin ástæða til að skammast sín eða sökkva sér í þunglyndi út af þessari niðurstöðu."

Þau Anna og Ólafur eru ekki af baki dottin og ætla að halda áfram tilraunum í vor og sumar. „Nú tekur bara við ný áskorun, það er að nýta haugana og svo að sjálfsögðu að hlaða í nýjan haug í sumar. Sjálf erum við ekki í lífrænni ræktun, bara svo það komi fram, en við höfum samt komist að því að tilbúinn áburður á það til að brenna upp lífræn efni og þar með svelta jarðvegslífið til lengri tíma. Plöntur nærast hins vegar vel á honum en með tímanum er maður að murka lífið úr spildunum sínum og þarf sífellt meira af tilbúnum áburði til að halda í við framleiðslugetuna, svo ég sé ekki alveg framtíðina í því. Vonandi tekst okkur þá allavega að bæta jarðveginn okkar með því að nýta það sem til fellur hér við búskapinn. En tilraunin okkar í sumar felst í því að sjá mun á vexti annars vegar með tilbúnum áburði og hins vegar með jarðvegsbætinum okkar ásamt meiri skít."



Bokashi-haugarnir tveir.



MÓTUM FRAMTÍÐINA
– MEISTARANÁM Í SJÁLFBÆRUM LANDBÚNAÐI OG BYGGÐAÞRÓUN



Viltu leggja þitt af mörkum til sjálfbærrar framtíðar?

Nýtt og metnaðarfullt meistaranám frá Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands hefst haustið 2025 – kennt á ensku og opið bæði innlendum og erlendum nemendum.

Í náminu mætast landbúnaðarvísindi, umhverfisfræði og nýsköpun – með skýra sýn á sjálfbærni, fæðuöryggi, loftslagsáskoranir og þróun dreifbýlis. Þú öðlast þverfaglega þekkingu og raunhæfa færni til að hafa áhrif – hvort sem er í stefnumótun, atvinnulífi eða rannsóknum.

Tvær leiðir – eitt markmið:

- **Umhverfis- og auðlindafræði við HÍ**
  – kjörsvið: Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun
- **Búvísindi við LBHÍ**
  – áherslusvið: Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun

Kennsla fer fram í samstarfi kennara frá báðum skólum og er byggð á nánu samtali við atvinnulíf og stjórnsýslu.

Umsóknarfrestur til 15. apríl

– Sæktu um á lbhi.is eða umhverfi.hi.is

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

HÍ

Dýrasjúkdómar:

Landamærum lokað í Austurríki

Vegna útbreiðslu gin- og klaufaveiki hafa stjórnvöld í Austurríki ákveðið að loka landamærunum að Slóvakíu og Ungverjalandi.

Sjúkdómurinn breiðist helst út meðal svína og nautgripa, en hann berst ekki eingöngu beint milli dýra, heldur getur mannfólk flutt sóttina í klæðum sínum. Í þeim héröðum Slóvakíu og Ungverjalands sem liggja að Austurríki hafa fjölmörg tilfelli greinst. Frá þessu er greint í Kronen Zeitung.



Mynd / Andrew Messner

Um helgina var samtals 23 landamærastöðvum lokað fyrir allri umferð og mun lokunin standa til 20. apríl. Er það gert til að vernda austurrískt búfé, en sóttin hefur ekki greinst í landinu síðan 1981. Bændum er bent á að vera sérstaklega á verði, bæði með því að gæta að hreinlæti og klæðast hlífðarfatnaði, ásamt því að skrásetja allar heimsóknir á bæinn og flutning dýra. Austurrísk stjórnvöld munu skima fyrir veikinni í landamærahéröðum á næstu vikum, en bændum er bent á að fylgjast vel með einkennum sem eru blöðrur, slappleiki og hiti. Gin- og klaufaveiki smitast ekki í menn.

/ál

Svíþjóð:

Andleg heilsa bænda kortlögð

Sautján prósent sænskra bænda sem starfa að öllu leyti innan bús eru með einkenni þunglyndis.

Þetta kemur fram í fyrstu stóru rannsókninni á andlegri heilsu sænsku bændastéttarinnar.

Peter Lundquist hjá Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar sem leiddi ransóknina, segir bændur almennt vinna of mikið og ekki hafa tíma til að hvíla sig. Arðsemi búanna hefur áhrif, en þar sem reksturinn gengur betur hafa bændur frekar möguleika á að ráða inn starfskraft til að minnka álagið. Frá þessu greinir Land Lantbruk.

Karlmenn yfir fimmtugu er sá hópur í bændastéttinni sem líður best, á meðan ungar konur í mjólkurframleiðslu hafa það verst. Ellefu prósent bænda hafa upplifað að lífið sé ekki þess virði að lifa því og hefur átta prósent bænda íhugað alvarlega að svipta sig lífi einhvern tímann á sínum starfsferli. Í Svíþjóð er ekki til tölfræði sem tengir saman sjálfsmorðstíðni við starfsstéttir en í einstaka erlendum rannsóknum hafa komið fram auknar líkur á sjálfsmorðum hjá bændum í samanburði við aðrar vinnandi stéttir.



Mynd / Damir Korotaj

Í rannsókninni kemur fram að margir bændur finna fyrir líkamlegum verkjum, sem eykur hættuna á slæmri andlegri líðan, sérstaklega þegar þeir eru undir miklu verkefnaálagi. Hluti þátttakenda í rannsókninni sagðist upplifa skilningsleysi meðal maka og fjölskyldu. Jafnframt geta verið árekstrar milli ólíkra kynslóða eða systkina. Margir utanaðkomandi þættir sem bændur geta ekki stjórnað auka andlegt álag, svo sem óhagstætt veður, háir vextir, krafa eftirlitsaðila um endurbætur og fleira.

Lundquist segir mestu máli skipta að bændastéttin spyrji sjálf spurninga um andlega líðan og hvernig hægt sé að bæta hana. Í gegnum tíðina hefur þetta viðfangsefni ekki mætt miklum áhuga meðal bænda eða innan þeirra félagskerfis. Hann vonast til að með aukinni þekkingu sé hægt að fyrirbyggja vandann.

/ál

Trump skellir í lás

Heimsljós | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Alþjóðasamfélagið er skekið eftir tollahækkanir Trumps í síðustu viku.

Hugmyndin virðist vera að leita nýs jafnvægis í alþjóðahagkerfinu og þá umfram allt með hagsmuni bandarísks framleiðsluiðnaðar í huga. Starfsfólk hans hefur í stórum stíl misst vinnuna eða í það minnsta misst kaupmátt í kjölfar þess að framleiðsla á raftækjum, fötum, bílum og ýmsu öðru hefur á undanförnum áratugum flust til annarra landa þar sem vinnuafl er ódýrara. Þetta starfsfólk bandarísks framleiðsluiðnaðar var að stórum hluta kjósendur Trumps og með aðgerðinni stendur hann við loforð sín úr kosningabaráttunni um að reisa við framleiðsluiðnað landsins og endurheimta störfin.

Hagfræðingar og fréttaskýrendur virðast sammála um það eitt að ómögulegt sé að spá fyrir um langtímaáhrif tollahækkananna á hagkerfi heimsins. Áhrifamiklir miðlar á borð við Economist og Financial Times segja Trump hafa skotið sig í fótinn og fært Bandaríkin aftur um hundrað ár. Þeir benda á að augljóslega muni vöruverð hækka í Bandaríkjunum og þannig vinna gegn markmiðum aðgerðanna um að styrkja kaupmátt þeirra sem verst standa.



Mynd / Natilyn Hicks

Taugaveiklun á mörkuðum

Flestir óttast bæði skammtíma- og langtímaáhrif aðgerðarinnar á hagkerfi heimsins og alþjóðaviðskipti. Sumir tala um dauða fríverslunar, lok alþjóðavæðingar og banahögg nýfrjálshyggjunnar. Færri halda því fram að aðgerðirnar muni endurreisa bandarískan framleiðsluiðnað, fjölga störfum og hækka laun verkafólks, hvað þá skila réttlátari skiptingu auðs í Bandaríkjunum. Fáeinir tala um að þetta muni á endanum styrkja hagkerfið vestan hafs og auka hagvöxt, en fleiri benda á þá staðreynd að hagvöxtur í Bandaríkjunum hafi á undanförnum árum verið meiri en í Evrópu og víðast annars staðar.

Hvað sem öllum spádómum líður, þá er um tímamót að ræða og umbyltingu á viðskiptum þjóða á milli sem mun líklega taka langan tíma að sjá hvert leiðir. Bretar íhuga viðbrögð en hafa þó lagt áherslu á að anda í kviðinn fyrst um sinn. Evrópusambandið vill semja við Trump um niðurfellingu gagnkvæmra tolla en úr Hvíta húsinu berast svör um að einnig þyrfti að fella niður virðisaukaskatt af vörum frá Evrópu og jafnvel greiða einhvers konar bætur aftur í tímann. Kínverjar hafa þegar hækkað tolla á innflutning frá Bandaríkjunum. Trump sagði þá hafa farið á taugum sem væru mistök. Síðast þegar heyrðist hótaði hann viðbótartollum á Kínverja.

Fyrstu viðbrögð á mörkuðum voru harkaleg. Hlutabréfavísitölur í Asíu og Evrópu féllu nokkuð í verði. Wall Street sveiflaðist og fjárfestar ausa skömmum yfir Trump. Viðskipti voru stöðvuð tímabundið í Japan og víðar. Taugaveiklunin gerir augljóslega vart við sig víðar en hjá hæstráðendum í Kína.

Heimurinn lokast æ meir

Tollar eru varnarviðbragð og mikilvægt tæki til þess að vernda viðkvæmar framleiðslugreinar sem eru til dæmis grundvöllur sjálfbærrar fæðuöflunar og fæðuöryggis meðal þjóða eins og í tilviki íslensks landbúnaðar. En spurningin er sú hvaða áhrif allsherjartollheimta Trumps hefur, ekki einungis á alþjóðahagkerfið heldur og heimspólitíkina.

Aðgerðirnar koma í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsátaka í Evrópu sem þegar hafa haft áhrif á aðfangakeðjur í álfunni. Það hefur til dæmis aukið áherslu á sjálfbæra matvælaframleiðslu þjóða og fæðuöryggi. Þjóðir horfa í auknum mæli inn á við og huga meðal annars að öryggis- og varnarmálum eins og gerst hefur hérlendis og á Norðurlöndunum. En í umræðunni má þegar sjá vangaveltur um það hvort hin langa tollatafla Trumps muni sömuleiðis auka áherslu á verndarstefnu, jafnvel þjóðernishyggju. Hættan er sú að Trump hafi komið óorði á það mikilvæga tæki sem tollar eru.

Tollar Trumps munu draga úr hagvexti í heiminum, að mati Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), en munu þeir einnig hafa áhrif á það hvernig þjóðir líta á alþjóðleg viðskipti og samvinnu? Munu þeir breyta valdahlutföllum í heimsviðskiptum? Hvaða möguleika sjá önnur stórveldi í ástandinu sem skapast?

Spurningarnar hrannast upp og hugmyndafræðileg óvissa virðist síst minni en sú viðskiptalega. Og sú tilfinning hefur styrkst að heimurinn sé að lokast æ meir.

Hörð viðbrögð í innsta hring Trumps við þessari aðgerð benda þó til þess að hann gæti þurft að gera einhverjar breytingar áður en langt um líður.

Öryggi heima og í bústaðnum



YALE Snjallt þjófavarnarkerfi grunnpakki
68.510 kr.



OSEC Slökkvitæki 6L Léttvatn/Froða
8.649 kr.



Master Lock lyklabox
34.261 kr.



TESLA Snjöll öryggismyndavél PTZ til utanhússnota
16.120 kr.

VÉLAR & VERKFÆRI
LYKIL LAUSNIR
Lyklasmiði & öryggiskerfi
Skútuvogi 1e, 104 Reykjavík | Sími 533 2900 | vv@vv.is | vv.is
Mán-fim 8:00-18:00 | Föstudaga 8:00-17:00 | Laugardaga 11:00-15:00



Vindorkuver í Kaliforníu. Hægst getur á grænu umskiptunum í Bandaríkjunum vegna aukinna tolla. Mynd / Yfu Wu

Bandaríkin:

Tollar kollvarpa endurnýjanlegri orku

Áætlað er að nýir tollar sem bandarísk stjórnvöld hafa lagt á innflutning muni auka kostnað við uppsetningu á grænum orkuinnviðum.

Því er áætlað að það muni hægjast á umskiptunum yfir í loftslagsvænni orkugjafa, en tollarnir bætast við stefnubreytingu stjórnvalda sem miðar að aukinni framleiðslu á jarðefnaeldsneyti vestanhafs. Óttast er að aðgengi Bandaríkjamanna að ódýrri og áreiðanlegri orku muni versna. The New York Times greinir frá. Á heimsvísu hefur verið mikil aukning á framleiðslu á endurnýjanlegri orku sem má að miklu leyti þakka Kínverjum sem framleiða sólarsellur, vindmyllur og liþíum rafhlöður í miklu magni, af góðum gæðum og á hagstæðu verði. Bandaríkin flytja inn flestar sínar sólarsellur frá kínverskum fyrirtækjum sem starfa í Suðaustur-Asíu og koma flestar rafhlöður í bíla beint frá Kína.

Indverjar eru farnir að auka sína framleiðslu á sólarsellum og rafhlöðum, en lagðir eru lægri tollar á vörur þaðan í samanburði við Kína. Jafnframt er áætlað að kínversk fyrirtæki muni flytja sína framleiðslu til landa eins og Pakistans og Brasilíu. Enn fremur er talið að einhverjir kínverskir framleiðendur muni draga sig frá bandarískum innflutningsmarkaði. Þar sem tollarnir eru svo víðtækir er ekki talið líklegt að hægt verði að framleiða rafhlöður og sólarsellur á hagkvæman hátt í Bandaríkjunum.

/ál

Heimsljós | Þröstur

vfs.is

Sterkt
Fjölhæft
Fljótlegt

HH CONNECT™

Vasakerfi
og vinnubuxur.

Sérhannaðir vasar fyrir smiði og rafvirkja sem auðvelt er að skipta út.

Skoðaðu
HH Connect
á vfs.is

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • 560 8888 • vfs.is

RARIK


Nýjir eigendur óskast


Nokkrir hlutir hafa nú lokið hlutverki sínu í þágu Rarik og leita því að nýjum verkefnum













Nú er tækifærið til að gera góð kaup og endurnýta. Tilboð sendast í tölvupósti á tilbod@rarik.is merkt hlut og staðsetningu fyrir 24. apríl nk.
Hlutirnir verða afhentir á starfsstöð Rarik á hverjum stað.

Rarik áskilur sér rétt til taka eða hafna hvaða tilboði sem er.

Rarik óskar eftir tilboðum í eftirfalda hluti:

1. **Gálgi fyrir ámoksturstæki - 1 stk.**
2. **Pallhús af Ford Ranger árg. 2020 - 1 stk.**
3. **Pallhús af Nissan Navara árg. 2020 - 5 stk.**

RARIK.IS

TILBOD@RARIK.IS





Það er ávallt stuð hjá dömunum í Kvenfélagi Eyrarbakka.

Myndir / Aðsendar



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is







Félagslífið er öflugt og snertir samfélagið á margvíslegan hátt.

„Kvennamafían á Eyrarbakka“

Kvenfélag Eyrarbakka var stofnað þann 25. apríl árið 1888 og því brátt einnar og hálfrar aldar gamalt. Samkvæmt fyrstu lögum félagsins var tilgangur þess að *„hjálpa og hjúkra sjúkum og bágstöddum á Eyrarbakka á hvern þann hátt sem bezt gegnir og félagið álítur hagkvæmast“*.

Í grein Önnu Sigurkarlsdóttur, sem birtist í tímariti Húsfreyjunnar árið 1959, kemur fram að á meðan fjáröflun sé „snar þáttur“ í starfseminni sé henni þó þannig háttað að kvöldvökur eru haldnar hálfsmánaðarlega, konum til skemmtunar. Þar sé glatt á hjalla og ber að gæta þess að þeir sem álíta það lélega skemmtun skulu athuga að „kvenfélögin eru einmitt það, sem við sjálfar gerum þau að, leiðinleg eða skemmtileg, það fer eftir því hvort við, þú eða ég, erum leiðinlegar eða skemmtilegar“.

Í dag tekur Kristín Eiríksdóttir, núverandi formaður kvenfélagsins, undir þessi orð og segir ævinlega glatt á hjalla enda félagsskapurinn góður.

Konur eru svo skemmtilegar og starfið ómetanlegt

„Ég byrjaði sjálf í félaginu fyrir tæpum þrjátíu árum en þetta hefur liðið svo hratt eins og ávallt þegar gaman er. Þetta er svo skemmtilegt, hér kynnist maður konum, vinnur með konum og konur eru svo skemmtilegar,“ segir Kristín hlæjandi, og greinilegt að konurnar á Eyrarbakka hafa ekkert breyst síðan Anna Sigurkarlsdóttir skrifaði grein sína fyrir 66 árum síðan.

„Grunnurinn er alltaf sá sami, félagið er stofnað til að styðja við konur og börn, menntun og menningu hér á Eyrarbakka. Þetta var sjómannaþorp og menn að drukkna frá fjölskyldum sínum sem sátu eftir. Þetta er mjög samheldið og kærleiksríkt samfélag.

Hér starfa líka björgunarsveit og slysavarnafélag sem hafa alla tíð verið mjög öflug. Ég var til dæmis, áður en ég fór í kvenfélagið, í stjórn slysavarnafélagsins, en þetta var í raun hluti af uppeldinu – að skila til samfélagsins. Hér eru allir til staðar fyrir alla sem er ómetanlegt enda aldrei að vita hvenær maður þarf sjálfur á því að halda yfir æviskeiðið.

Nú hef ég verið formaður síðan í apríl 2009 og við erum með ákveðið utanumhald hér á staðnum. Við sjáum m.a. um 17. júní með stuðningi sveitarfélagsins Árborgar, við sjáum um 1. maí kaffið, en helsta fjáröflunin hjá okkur er kannski sú að við sjáum um erfidrykkjur og erum til staðar fyrir fólkið okkar þegar það þarf á að halda. Svo styrkjum við bæði leikskólann og grunnskólann. Það er viss upphæð sem fer þangað en okkur þykir gaman að geta stutt við ferð hjá tíunda bekk til dæmis, útskriftarbekknum. En annars stjórnum við auðvitað ekki í hvað peningarnir fara, skólastjórnendur nýta þá til góða. Svo styrkjum við bágstaddar fjölskyldur fyrir jólin án þess að það fari hátt og það hefur verið vaninn frá stofnun kvenfélagsins (þeir einir vita sem njóta).“

Sögur kvenna skráðar



Kristín Eiríksdóttir.

Kristín segir frá því að nú sé verið að skrifa sögu þessa merkilega kvenfélags, sem áætlað er að komi út árið 2028. Það er Kristín Bragadóttir, doktor í menningar- og bóksögu frá Háskóla Íslands, sem stendur í skrifunum, en hún er fædd og uppalin á Eyrarbakka og hefur áður m.a. skrifað Bakkadrottninguna, sem segir frá kaupmannskonunni Eugeníu Nielsen, sem var mikil stoð og frömuður samfélagsins á Eyrarbakka á árum áður.

„Sagan er svo verðmæt, þetta er hluti af kvennamenningu sem er sterk hér á Íslandi sem betur fer.“

Kvennamafían við stjórn

„Það er gaman að segja frá því að Valgeir Guðjónsson söngvari er mikill vinur okkar og velunnari sem hefur komið og sungið fyrir okkur á fundum – hann kallar okkur kvennamafíuna á Eyrarbakka og vill meina að við stjórnum öllu! En það er nú svolítið grín. Við hins vegar reynum eftir fremsta megni að gera okkur glaðan dag á fundum.“

Félagið skiptist upp í nokkrar nefndir sem hittast reglulega og formenn yfir hverri nefnd, en Kristín segir að hlutverk hennar sé að „líma þetta saman“. Konurnar í kvenfélaginu eru yfir 65 talsins og aldursbilið frá fertugu og yfir áttrætt. Kristín segir þær nokkrar sem komi frá Stokkseyri, Hveragerði og í kring, enda hafa skemmtilegheitin og gleðin á Eyrarbakka greinilega smitað út frá sér frá árinu 1888.

> Hér eru allir til staðar fyrir alla sem er ómetanlegt enda aldrei að vita hvenær maður þarf sjálfur á því að halda ...

Afkvæmasýning vinsæl

Þær kvenfélagskonur bregða gjarnan undir sig betri fætinum þegar þannig stendur á og hafa m.a. mætt í kvöldkaffi og skemmtun Kvenfélagsins Fjallkvennanna í Fella- og Hólakirkju auk þess að bjóða þeim heim sjálfar á jólafund. „Það var ægilegt stuð, þær komu með hljómsveitina sína, Gleðisveitina, og gerðu allt tryllt! Við bröllum annars ýmislegt. Þann 19. júní förum við árlega í menningar- og skemmtiferð auk þess sem við reynum að fara utan annað hvert ár og upplifa heiminn. Konurnar spara fyrir því bara sjálfar. Svo höldum við bingó, jólabasar og ýmislegt fleira. Jólaboð fyrir þá sem vilja mæta, það er t.d. vinsælt af þeim sem eru brottfluttir, auk þess sem það mætti segja að þá séum við kvennamafían með afkvæmasýningu,“ segir Kristín og hlær, en börn kvenfélagskvennanna mæta gjarnan í jólaboðin, ekki síst þau sem nú hafa búsetu annars staðar. „Konur eru svo góður félagsskapur, traustur og góður, okkur þykir gaman að vera saman og viljum hugsa vel um nærsamfélagið okkar,“ segir Kristín að lokum, um leið og hún hvetur konur um land allt til þess að ganga í kvenfélag.



Eyrarbakki handan Ölfusárósa.

Mynd / Wikipedia



Hentar vel í sauðburðinn

sonett
LIFUM NÁTTÚRULEGA

Handsápa sem mýkir hendur og ertir ekki húð



Söluaðilar: Krónan, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Melabúðin, Kjörbúðin, Heimkaup, Húsasmiðjan, Lyfjaver, Byko Breiddinni, Byko Selfossi, BYKO Akureyri, Hlíðarkaup, H verslun.

Samvinna um betri heim

Árið 2025 er ***Alþjóðaár samvinnufélaga*** samkvæmt ákvörðun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Kjörorð ársins er „Samvinna um betri heim“ og verður efnt til fjölþættra viðburða víða um heim í tilefni þess.

Þetta er í annað sinn á þessari öld sem Sameinuðu þjóðirnar beina kastljósinu að samvinnufélögum með þessum hætti þar sem þau virkja fólk úr fátækt, stuðla að þrautseigju og velmegun samfélaga og styðja við sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Um 3 milljónir samvinnufélaga, með 1,2 milljarða félagsmanna, eru starfandi um allan heim. Á Íslandi starfa nokkur öflug samvinnufélög sem láta til sín taka í samfélagi og atvinnulífi. Tækifæri eru fyrir samvinnumódelið á mörgum nýjum sviðum.

2025

Alþjóðaár samvinnufélaga

Nánari upplýsingar má finna á
www.samvinna.is | www.2025.coop
www.bifrost.is/samvinna

Alþjóðaár samvinnufélaga á vegum Sameinuðu þjóðanna

Hestar:

Slys tengd hestamennsku verði skráð í gagnagrunn

– Kortasjá safnar upplýsingum um slysagildrur




Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Talsvert er um slys tengd hestamennsku en engar tölulegar upplýsingar að fá um algengi þeirra. Unnið er að því að þau verði sérstaklega skráð og staðsett.


Öryggis- og ferðanefnd Landssambands hestamannafélaga (LH) er með gagnvirkt eyðublað á vef sambandsins, lhhestar.is, þar sem hægt er að skrá slys sem verða í hestamennsku. Tengist skráningin sjálfkrafa við kortasjá sem einnig er á vefsíðu LH og má þannig sjá hvar slys verða. Alvarleiki þeirra er litakóðaður á þrennan hátt; minni háttar óhapp, töluvert og alvarlegt.

Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir, formaður öryggisnefndar LH, segir slysaskráningu á vegum sambandsins hafa farið af stað árið 2021 en efla eigi notkun hennar.

„Tilgangurinn með skráningu slysa er fyrst og fremst að hafa yfirsýn yfir atvik og staði þar sem óhöpp og slys hafa orðið, ásamt því að geta unnið að forvörnum, úrbótum og aukinni fræðslu," útskýrir Jóhanna. Hún segir töluvert um skráningar á síðunni. „Það sem þær skráningar eiga sammerkt er því miður að oft er um alvarlegri slys að ræða. Áverkar eru töluverðir, dæmi eru um bakbrot, lærbrot, ökklabrot og aðra áverka, þar sem hestamenn hafa verið frá vinnu og tómstundum um margra mánaða skeið," segir hún.



Kortasjá á vef Landssambands hestamannafélaga sýnir skráð slys, flokkuð eftir alvarleika. Hvatt er til skráningar slysa tengdum hestamennsku.



Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir, formaður öryggisnefndar Landssambands hestamannafélaga, segir sambandið nú undirbúa átak til að efla öryggi og slysaskráningu hestamanna. Mynd / Aðsend

Tölur ófáanlegar

Í svari Andra Ólafssonar almannatengils við fyrirspurn til Landspítala um fjölda hestatengdra slysa og alvarleika þeirra, kom fram að ekki sé haldið utan um skráningar með slíkum hætti. Það er að segja að yfirleitt séu ekki skráðar orsakir eins og „datt af hestbaki" í sjúkraskrá.

Hjalti Már Björnsson, yfirlæknir á bráðamóttökunni í Fossvogi, segir að því miður sé talsvert um þessi slys og nokkur af þeim alvarleg. „Illu heilli er hins vegar kóðunarkerfið, sem við notum til að halda utan um tegundir áverka, mjög ófullkomið og hefur tafist hjá Embætti landlæknis að uppfæra. Því höfum við ekki nákvæmar tölur um umfang þessara slysa né nánari upplýsingar um áverkana," segir Hjalti Már.

Því virðast slys tengd hestamennsku hvergi skráð sérstaklega sem slík, hvorki hjá sjúkrahúsum né heilsugæslum, og því ómögulegt að fá upplýsingar um algengi eða umfang slíkra slysa á landinu. Er það eitt af því sem öryggisnefnd LH hyggst beita sér fyrir að fá lagað og jafnframt er notkun slysaskráningaformsins á vef sambandsins talin mjög mikilvæg.

Kortasjá sýnir þekkt slysasvæði

Öryggisnefndin og fulltrúar LH hyggjast á næstunni eiga samtal við hestamannafélögin hringinn í kringum landið og kynna bæði kortasjána, slysaskráningu, sérstaka öryggisfulltrúa, sem eru nýmæli, og hlutverk þeirra á löglegum mótum.

Jóhanna útskýrir að koma eigi á fót öryggisnefndum inni í hestamannafélögum, sem tilnefna svo einstaklinga til að leiðbeina áfram um skráningu og viðbrögð við slysum í nærumhverfi hvers félags. „Með þessu viljum við hvetja fólk til að skoða reiðleiðir inni á kortasjánni og kynna sér hvort möguleg slysagildra leynist á leiðinni. Við hvetjum fólk líka til að skrá slys sem hafa orðið þrátt fyrir að langt sé um liðið.

Samhliða þessu langar okkur að eiga samtal við lögreglu og aðra viðbragðsaðila í hverjum landshluta, um skráningu og rannsóknir hestaslysa, ásamt því að fara yfir verkferla í útköllum ef slys verða. Hlutverk lögreglu er skýrt, henni ber að rannsaka slys og eiga hestaslys ekki að vera nein undantekning þar á," segir hún jafnframt.

Sérstök viðbragðsáætlun mótahalds

Öryggisfulltrúi er nýtt hugtak innan LH. Árið 2023 var samin viðbragðsáætlun fyrir mótahald og er hún samvinnuverkefni Jóhönnu og Jóhanns Más Andersen, læknis hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.


„Viðbragðsáætlunin er samin með öryggi hestamanna í fyrirrúmi. Eins og dæmin sýna erum við hestamenn í hættu á að verða fyrir miklum áverkum sem bregðast þarf við skjótt og með réttum hætti hverju sinni. Áætlunin tekur fyrst og fremst á þremur þáttum; ef ekið er á gangandi vegfaranda með marktæku höggi; ef aðili fellur úr 3 metra hæð (eða meira); eða ef aðili fellur af hestbaki með marktæku höggi: þá skal í öllum tilfellum hringja í 112.

Áætlun sem þessi er leiðbeinandi fyrir atvik en vissulega ekki tæmandi og þurfa hestamenn allir að viðhafa heilbrigða skynsemi og láta einstaklinginn njóta vafans. Neyðarverðir 112 eru sérþjálfaðir í úrvinnslu og bráðaflokkun og vel hægt að treysta þeim fyrir frekari leiðbeiningum ef slys á sér stað," segir Jóhanna enn fremur.

Öryggisnefnd LH lét fyrir nokkrum misserum vinna sérstök myndbönd um öryggisbúnað og öryggi hestamanna.



Bændablaðið kemur næst út 1. maí



Klár í vorverkin



Mobil Delvac Modern
15W-40 Full Protection 20L



Tork pappír
fyrir þrif blár 1faldur W8



Öryggisstígvél Purofort

Öflug dekk fyrir landbúnaðinn



Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn.
Í vefverslun okkar getur þú skoðað vöruúrval okkar og klárað kaupin þegar þér hentar.

Sími þjónustuvers: 440 1000
www.vefverslun.n1.is

N1

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



Gestir á málþinginu á dögunum. Myndir / smh



Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor emirita í sjálfbærnivísindum við Háskóla Íslands, útskýrði hugmyndafræði auðgandi landbúnaðar og bar auðgandi áhrifin af honum á ástand jarðvegs saman við mögulegar hnignandi afleiðingar hefðbundins landbúnaðar.

Málþing um auðgandi landbúnað:

Að rækta jarðveginn sinn

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson stunda „auðgandi landbúnað“ í sínum blandaða búskap í Lækjartúni í Ásahreppi.

Þau voru í litlum bændahópi sem stóð að skipulagningu á málþingi um þessa nálgun í landbúnaði sem haldið var 2. apríl, en þrír bandarískir sérfræðingar á þessu sviði voru fengnir til að halda fyrirlestra.

Markmiðið með auðgandi landbúnaði er fyrst og fremst að rækta jarðveg ræktarlanda og gera þau sjálfbær.

Höfðað til bænda og neytenda

Hulda Brynjólfsdóttir segir að gott samstarf sé á milli bændanna sem stóðu að skipulagningunni. En auk þeirra Tyrfings Sveinssonar eru í hópnum Haraldur Guðjónsson og Þórunn Ólafsdóttir frá Dalahvítlauk og þau Ævar Austfjörð og Ása Tryggvadóttir frá Litla búgarðinum.

Hún segir að nokkur nöfn á mögulegum gestafyrirlesurum hafi fljótlega komið upp í samtölum þeirra og eftir fundi með fulltrúum bandarískra sendiráðsins á Íslandi fékkst stuðningur til að koma þremur bandarískum fyrirlesurum til landsins.

Hugmyndin hafi verið að ná til bænda en einnig neytenda og vekja til umhugsunar um ábyrga meðferð jarðvegs til matvælaframleiðslu.

Auðgandi áhrif á jarðveginn

Erin Sawyer, starfandi sendiherra sendiráðs Bandaríkjanna í Reykjavík, var fyrst til að ávarpa gesti málþingsins og Hanna Katrín Friðriksson atvinnu- vegaráðherra gerði það í kjölfarið.


Fyrsta eiginlega erindið flutti svo Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor emirita í sjálfbærnivísindum við Háskóla Íslands, sem útskýrði hugmyndafræði auðgandi landbúnaðar og bar auðgandi áhrifin af honum á ástand jarðvegs saman við mögulegar hnignandi afleiðingar hefðbundins landbúnaðar.

Jarðvegurinn og þarmaflóran

Þá var komið að bandarísku vísindakonunni dr. Kris Nichols, en hún leggur áherslu á að kanna líkindi milli lífvera í jarðveginum og örvera í þörmum með því að skoða kolefnislykilinn (e. carbon key), lykilbreytur eða mikilvæga þætti sem ráða því hvernig kolefni binst eða losnar úr jarðvegi. Í nálgun sinni byggir hún á grunni heilbrigðis jarðvegs, til að greina mismunandi aðferðir við landbúnaðarframleiðslu og með hvaða aðferðum megi fækka meindýrum, draga úr jarðvegseyðingu, minnka notkun jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda frá landi.

Bandarískri kvikmyndagerðarmaðurinn Peter Byck sagði frá rannsóknum sem voru gerðar á sex árum með bændum og vísindamönnum og gerði heimildamynd um á meðan rannsóknin stóð yfir.

Afraksturinn af þeirri vinnu má sjá í þáttaröðinni „Roots So Deep (you can see the devil down there)“. Þá leikstýrði hann og framleiddi heimildarmyndina Carbon Nation, sem fjallar um hvernig sporna megi við loftslagsbreytingum með tæknilegum og samfélagslegum aðgerðum sem miða að því að draga úr kolefnislosun á heimsvísu.



Hulda Brynjólfsdóttir, bóndi í Lækjartúni í Ásahreppi.

> Markmiðið með auðgandi landbúnaði er fyrst og fremst að rækta jarðveg ræktarlanda...

Þriðji bandaríski gesturinn var dr. Allen Williams. Hann er sjötti ættliður bænda á fjölskyldubúi, en hann er doktor í erfðafræði búfjár og með meistaragráðu í dýrafræðum. Hann hefur leiðbeint meira en fjögur þúsund bændum á búgörðum í Bandaríkjunum, Kanada, Mexíkó, Suður-Ameríku og fleiri löndum, um bætta búskaparhætti á allt frá nokkrum hekturum upp í meira en milljón hektara.

Allen og samstarfsmenn hans sérhæfa sig í skipulagningu heilla búgarða út frá hugmyndafræði auðgandi landbúnaðar, með það að markmiði meðal annars að bæta afkomu og efla tekjuleiðir búanna.

Markviss hólfaskipt beitarstýring

Þá sagði Hulda sjálf frá reynslu þeirra Tyrfings, en þau byrjuðu að nálgast auðgandi landbúnað í gegnum nautgriparækt sína, aðallega með markvissri hólfaskiptri beitarstýringu. Síðar hafa þau einnig beitt aðferðunum á sauðfé, hænur og svín, með mjög góðum árangri á jarðveginn, afurðir og afurðasöluna – en þau selja sínar afurðir beint frá býli.

Loks flutti dr. Susanne Möckel, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, erindi þar sem hún fór yfir eiginleika og möguleika íslensks jarðvegs í jarðsögulegu ljósi.

Mikill áhugi gesta

„Ég og við öll, erum gríðarlega ánægð með hvernig málþingið tókst. Það kom hellingur af fólki til að hlusta og það var svo frábært að sjá hversu áhugasamir áheyrendur voru. Þeir voru á staðnum allan tímann, allan daginn, og hlustuður af athygli. Það var spurt áhugaverðra spurninga og margra spurninga eftir hvern fyrirlestur og ekki nóg með það, gestirnir stöldruðu við eftir að málþingið var búið. Reyndu að sitja fyrir fyrirlesurunum og spyrja fleiri spurninga og ná spjalli sem er líka svo dýrmætt,“ segir Hulda.

„Ég verð líka að segja að erlendu fyrirlesararnir sem komu voru frábært tríó, hver á sínu sviði útskýrði svo vel það sem þeir höfðu fram að færa og á máli sem maður skilur. Það skiptir miklu máli. Stundum eru fræðimenn of tæknilegir í sínu máli, en þarna komst allt svo skýrt til skila. Og efnið sem þau fjölluðu um skaraðist og studdi hvert annars fyrirlestur, bara frábært. Við erum óendanlega þakklát fyrir stuðninginn sem við fengum, bæði frá bandaríska sendiráðinu og atvinnuvegaráðuneytinu, sem varð til þess að við gátum haldið málþingið án þess að rukka aðgangseyri. Það skiptir mjög miklu máli að mínu mati, sérstaklega þar sem þetta var í fyrsta skipti sem svona er haldið.“

Langar að hjálpa öðrum áhugasömum bændum

Varðandi næstu skref segir Hulda að það séu mörg fyrirhuguð. „Í búskapnum viljum við halda áfram að bæta jarðveginn og vinna með náttúrunni til að ná uppskeru og afurðum án þess að vera með himinháan tilkostnað alls staðar. Náttúran getur séð um þetta allt saman ef við hjálpum henni til þess og það er það sem okkur langar að halda áfram að gera.

En okkur langar líka að hjálpa öðrum ef þeir hafa áhuga á að skoða þetta betur – hvort sem það er í heild eða bara einhverja þætti auðgandi landbúnaðar. Því það eru svo mörg atriði og aðferðir sem rýmast innan þessarar hugmyndafræði. Þannig að næstu skref í því að upplýsa og fræða er mögulega að bjóða fólki í verklega fræðslu. Fá einhverja til að leiðbeina og fræða. Við getum gert það að einhverju leyti líka, en það er svo gott að fá fleiri en eitt sjónarhorn þegar verið er að skoða eitthvað sem er öðruvísi.“

Ætlar að framleiða eigin fræ til framræktunar

Hulda segir að eitt af meginmarkmiðum sínum sé að sem mest af þeim mat sem þau neyti heima sé framleiddur á bænum. „Þá er ég líka að hugsa um að geta mögulega framleitt og átt okkar eigin fræ að einhverju leyti til framræktunar.

Svo stefnum við bara á að endurtaka leikinn á næsta ári, fá fleiri fræðimenn til að segja frá og skilgreina fræðin á bak við þetta. Það væri alveg frábært.“

Málþingið var haldið með stuðningi frá sendiráði Bandaríkjanna, Landbúnaðarháskóla Íslands og atvinnuvegaráðuneytinu.



BESTU TÆKIN FRÁ POLARIS!

+150.000 KR. AFSLÁTTUR AF TÆKJUM
150.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI



Sportsman 6x6 570
Verð frá: 3.480.000 kr.

Ranger 570 Mid-Size EPS
Verð frá: 3.490.000 kr.

Sportsman 570 EPS
Verð frá: 1.990.000 kr.

Sportsman XP 1000 S Limited Ed.
Verð frá: 3.580.000 kr.

FRÁBÆR AFSLÁTTUR OG KAUPAUKI FYLGIR BUGGY, FJÓR- OG 6-HJÓLUM TIL 20. APRÍL.
GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG NÆLDU ÞÉR Í DRAUMATÆKIÐ.

POLARIS

Kletthálsi 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is / Sími: 577 1717 | STORMUR

FULLBÚIN HÚS

Heilsárshús sem henta íslenskum aðstæðum



Húsin eru fullbúin og innréttuð hjá framleiðanda. Einnig er í boði að sérsmíða hús að þínum óskum. Vistvæn draumahús framleidd úr endurvinnanlegum efnum.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

FULLBÚNU HÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður







Nánari upplýsingar um **FULLBÚNU HÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is

VH-25-10 · Mána hönnunarstofa

Ber hag bænda fyrir brjósti

– Nýr formaður Félags atvinnurekenda einn stærsti búvélasali landsins

Friðrik Ingi Friðriksson tók fyrir skemmstu við formannsembætti hjá Félagi atvinnurekenda (FA). Hann er eigandi fyrirtækjanna Aflvéla og Búvéla sem eru stórtæk í innflutningi og sölu á tækjabúnaði fyrir bændur. Bændur hafa oft verið gagnrýnir á orðræðu FA í fjölmiðlum, en Friðrik segir hagsmuni atvinnurekenda og bænda fara saman.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



„Ég held að við hjá FA eigum ofboðslega mikla sameiginlega hagsmuni með bændum og getum unnið miklu meira með Bændasamtökunum," segir Friðrik. „Við viljum öll að það gangi vel hjá bændum og sveitir haldist í byggð. Félagið hefur oft fjallað um kerfið, það er að segja afurðastöðvarnar, Mjólkursamsöluna og þann hluta. Það er ómögulegt að bændur séu alltaf undir hælnum á afurðastöðvunum og að engin samkeppni sé í sölu á framleiðslu þeirra," segir Friðrik.

„Það er þessi fákeppni sem er eitur í okkar beinum. Bændur telja sig flesta búa við fákeppni eða ekki hafa val um það hvert þeir selja afurðir sínar. Við erum búin að berjast gegn þessum einokunaraðferðum Mjólkursamsölunnar sem er engin þörf á. Þegar búvörulögum er breytt þannig að einokun á kjötmarkaði er heimil þá erum við að sjálfsögðu ekki sammála því. Ef einn aðili kaupir öll sláturhús þá gerir það bændum erfiðara fyrir, en í samkeppni græða allir á endanum."

Vilja ekki afnema alla tolla

„Bændur og Bændasamtökin leggja áherslu á höft og að stoppa innflutning á alls konar vörum sem væri hægt að selja og bjóða. Við viljum ekki fella tollana algjörlega niður, en fella þá út þar sem ekki er verið að vernda neina innlenda framleiðslu, eins og á frönskum kartöflum eða öðru slíku. Þá er eðlilegt að neytendur njóti þess og við erum búin að ná árangri í því til hagsbóta fyrir alla, eins og þegar háir tollar á kartöflusnakki eða ís úr jurtamjólk féllu niður.

Fólk vill fá aðrar vörur en bara það sem er framleitt á Íslandi. Við getum tekið sem dæmi þetta pitsuostamál sem hefur verið mikið í fréttum. Þetta er að miklu leyti mjólk, en fituhlutinn er jurtaolía og veitingamenn vilja þetta miklu frekar en ostinn sem hefur verið í boði innanlands. Mjólkursamsalan hefur ekki verið tilbúin til að þróa svona ost og hafa menn verið að deila um tollflokka. Þessi vara er ekki til á Íslandi og verður einfaldlega of dýr ef hún fer í sama tollflokk og mjólkurvörur," segir Friðrik.

Styrkir ótengdir afurðum

Friðrik, sem er að miklu leyti alinn upp á Skorrastað í Norðfirði og sinnti þar afleysingum á yngri árum, segist bera hag bænda fyrir brjósti. „Mér finnst ómögulegt að bændur geti ekki lifað af þessu kerfi eins og það er byggt upp í dag og eingöngu tengt afurðaverði. Ef þú horfir til Evrópu þá er styrkjakerfið ekki svona mikið tengt afurðunum, heldur er það tengt landinu, ræktun og nýtingu," segir Friðrik.

„Félag atvinnurekenda hefur haldið því fram í mörg ár að besta leiðin fyrir bændur séu beinir styrkir. Við erum ekki að tala um að breyta öllu kerfinu, heldur að breyta til hagsbóta fyrir bændur," segir Friðrik. Hann tekur fram að styrkirnir þyrftu að vera skilyrtir á þann hátt að á bak við þá stæði framleiðsla af ákveðnum gæðum. „Það þarf að viðhalda landinu og halda sveitunum í byggð og ræktun. Mjög mörg góð fordæmi eru til fyrir þessu í Evrópu."

Persónuleg viðskipti við bændur

Friðrik, sem er fæddur árið 1963, hóf sinn feril í viðskiptalífinu fyrir tvítugt hjá Burstagerðinni, en hann er þriðja kynslóðin hjá því fyrirtæki. „Afi, Hróbjartur Árnason, stofnaði fyrirtækið. Hann byrjaði árið 1930 í öllum skortinum og það var erfitt að fá aðföng erlendis frá. Afi fór um allt land til að safna hrosshárum til að búa til bursta." Hróbjartur var frá Áshóli í Ásahreppi og kona hans, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, frá Langholti í Flóa.

Viðskipti Burstagerðarinnar með tæki og vélar byrjuðu með sölu á flugbrautasópum árið 1987. Aflvélar voru fyrst deild innan Burstagerðarinnar en urðu síðan sjálfstætt fyrirtæki árið 2004 í kjölfar aukinna umsvifa. Fyrirtækið hefur í gegnum tíðina sérhæft sig í sölu á götusópum og snjóruðningstækjum fyrir flugvelli, sveitarfélög og verktaka. Nokkuð hefur verið um útflutning síðustu ár, en Aflvélar selur mikið af tækjabúnaði til flugvalla á Grænlandi.

Friðrik gerðist búvélasali í kjölfar gjaldþrots Jötun véla árið 2020, en Aflvélar tóku yfir sölu á vörumerkjum eins og Valtra og stofnuðu systurfyrirtækið Búvélar fyrir sölu á Massey Ferguson. Hann segir viðskipti við bændur vera mun persónulegri en það sem hann þekkti áður frá samskiptum við flugmálayfirvöld, verktaka og sveitarfélög. „Margir minni bændur líta frekar á sig sem einstaklinga en fyrirtækjarekendur og kemur allur peningurinn úr sama vasa, bæði til að kaupa mat fyrir fjölskylduna og dráttarvélar. Þar sem svo mikið er undir eru bændur mjög passasamir á sinn pening og með allt annað viðhorf en verktakar," segir Friðrik.

Viðskipti með búvélar hafa verið rysjótt undanfarin ár. Friðrik nefnir að á meðan heimsfaraldrinum stóð var skortur á öllum búvélum, en síðan hafi tekið við offramleiðsla. Þá hafa undanfarin ár einkennst af háum vöxtum sem geri söluaðilum og viðskiptavinum erfiðara fyrir. Friðrik segir samdrátt í sölu vera merkjanlegan en nokkuð hefur birt yfir í kjölfar vaxtalækkana. „Það verður að halda því til haga að því betur sem bændum gengur, þeim mun betri verður salan hjá okkur."



Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla og formaður Félags atvinnurekenda. Hann segir fákeppni vera eitur í beinum félagsins og alla græða í eðlilegri samkeppni. Mynd / ál

Mikil tengsl við Lettland

Á tíunda áratugnum stofnaði Friðrik fyrirtækið Besta sem sá um sölu á ýmsum búnaði og efnum til þrifa. Rekstur Besta gekk vel og seldi hann fyrirtækið árið 2006 og keypti hann í kjölfarið fyrirtæki í Lettlandi sem heitir Spodriba. Það framleiðir snyrtivörur, sápur, hreinsiefni og plöntuáburð undir vörumerkinu Seal, en þær vörur þekkjast lítið hérlendis. Friðrik er giftur Baiba Megre frá Lettlandi og hefur hún starfað við hlið hans í verksmiðju Spodriba og eiga þau saman einn son. „Hún er miklu betri í fyrirtækjarekstri en ég," segir Friðrik. Hann seldi lettneska fyrirtækið fyrir nokkrum misserum, en er með mikil tengsl úti og ver miklum tíma þar.

Friðrik var búsettur í Lettlandi þegar þar var tekin upp evra árið 2013 og segir að það hafi haft ofboðsleg áhrif til batnaðar. „Vextir lækkuðu og allur kostnaður, þannig að þetta var lyftistöng fyrir fyrirtæki. Félag atvinnurekenda hefur ekki gefið það út að það sé hliðhollt aðild að Evrópusambandinu," segir Friðrik, en tekur fram að samkvæmt hans persónulegu skoðun ætti Ísland heima innan sambandsins og að upptöku evru myndi fylgja mikill sparnaður. „Við erum að taka upp allar reglugerðirnar, og það sem verra er þá erum við að gullhúða þær. Hverju munar það að fara í Evrópusambandið? Innan þess eru miklar heimildir fyrir bændur að fá styrki á stöðum þar sem er dýrt að framleiða. Ég held að fyrir flesta væri aðild að ESB jákvæð."

Landbúnaður mikilvægari en burstar

Umsvif Burstagerðarinnar hafa minnkað talsvert, en í dag framleiðir fyrirtækið aðallega bílakústana, sem sjást víða á þvottaplönum, og anddyrismottur ásamt sérframleiðslu fyrir iðnað. „Þegar leyfður var óheftur innflutningur á ýmsum framleiðsluvörum Burstagerðarinnar, þá duttum við út af neytendamarkaðnum. Við erum alveg búin að upplifa það þegar höft eru tekin af," segir Friðrik og hlær. Hann segir að það kæmi sér illa fyrir landbúnaðinn að fella niður tolla í einu vetfangi.

„Það eru ekki mín skilaboð að fella niður öll höft og hafa ótakmarkaðan innflutning á landbúnaðarvörum og drepa íslenskan landbúnað. Við viljum frekar efla bændur með því að breyta fyrirkomulaginu. Landbúnaðurinn hérna býr við svo ójafna samkeppni við útlönd, en það verðum við að rétta af ef við ætlum að halda landbúnaðinum lifandi á Íslandi.

Ef við hefðum ætlað að halda Burstagerðinni lifandi þá hefðum við þurft einhvers konar höft. Það hafði enginn áhuga á að halda henni gangandi, en við höfum öll áhuga á að halda landbúnaðinum lifandi, meðala annars vegna fæðuöryggis. Svo er ég mikill talsmaður íslenskrar framleiðslu og vil að við styðjum okkar iðnað betur, en það gefur svo mörg afleidd störf og eykur sjálfbærni okkar. Það væri hægt að gera með bættu regluverki, styrkjum eða minni sköttum á þá sem eru að framleiða og skapa störf. Það á við í landbúnaði, eins og öllu öðru."

Alltaf á ferð og flugi

Friðrik ætlaði sér að starfa sem flugmaður og fékk flugréttindi áður en hann fékk bílpróf. Samhliða því starfaði hann við sölu hjá Burstagerðinni og sautján ára gamall var hann farinn að taka að sér að heimsækja viðskiptavini um allt land. Á níunda áratugnum var margra ára bið eftir því að komast í vinnu sem flugmaður og mikið að gera í fjölskyldufyrirtækinu, þannig að hann leiddist út í rekstur.

Seinna kynntist Friðrik listflugi hjá Magnúsi Norðdahl og segir að þá hafi ekki verið aftur snúið. „Hann var líklega besti flugmaður allra tíma á Íslandi," segir Friðrik, en Magnús starfaði lengst af sem flugstjóri hjá Loftleiðum. Friðrik segir frjálsræðið og keppnisskapið draga hann að listfluginu, en hann hefur verið Íslandsmeistari í greininni. „Ég hef líka verið að keppa í skútusiglingum og var á sínum tíma Íslandsmeistari í því. Ég hef rosalega gaman af svona brasi," segir Friðrik. Hann er jafnframt hreindýraleiðsögumaður, er í veiðifélögum og ferðast víða til að veiða.

Öryggisvörur af öllu tagi
Hafðu samband og við gerum þér tilboð í það sem þú þarft



VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -
Sala og leiga
www.vpallar.is
Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 557 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

Vélar og tæki frá FK Machinery eru hjá H. Hauksson

H. HAUKSSON

Rúllugreip
með keflum
og spjótum



Verð kr. 247.000 m. vsk.

Faðmgreip



Verð kr. 235.000 m. vsk.

Stórbaggagreip



Verð kr. 343.000 m. vsk.

Rúllugreip
með þrítengi



Verð kr. 99.000 m. vsk.

Brettagaflar
með handfærslu



Verð kr. 189.000 m. vsk.

Brettagaflar
með vökvafærslu



Verð kr. 263.000 m. vsk.

Rúlluskeri
með plastklóm




Verð kr. 757.000 m. vsk.

Taðkvísl
140cm breið



Verð kr. 126.000 m. vsk.

Taðkló



140cm Verð kr. 310.000*
160cm Verð kr. 335.000*
180cm Verð kr. 347.000*

*verð m. vsk.

H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna




Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir







Umhverfismál:

Endurnýjanleg orka þema á degi Jarðar

– Talin muni skapa 14 milljónir nýrra starfa

Alþjóðlegur dagur Jarðar er 22. apríl. Sjónum er nú beint að endurnýjanlegri orku.

Í ár er dagur Jarðar helgaður endurnýjanlegri orku, undir yfirskriftinni „Our Power, Our Planet“. Á vefsíðunni earthday.org má sjá hvatningu til Jarðarbúa um að sameinast í átaki til að þrefalda alþjóðlega framleiðslu á hreinni raforku fyrir árið 2030. Að því megi stuðla með beinum og óbeinum aðgerðum, mótmælum, hvatningu til stjórnvalda, samtali og kennslu, svo eitthvað sé nefnt.



Dagur Jarðar 22. apríl.

Bein áhrif á heilbrigði

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) er talið að um 3,8 milljarðar manna nái ekki tilskildu orkulágmarki (e. Modern Energy Management, MEM). Það þýðir að raforkunotkun þeirra pr. mann er undir 1.000 kílóvattsstundum (kWh) en það er gjarnan viðmið um þröskuld til að draga úr fátækt.

Endurnýjanleg orka er talin geta breytt þessu ástandi; bætt lífskjör og heilsufar. Loftmengun af völdum brennslu jarðefnaeldsneytis er tengd hjartaáföllum, öndunarfærasjúkdómum, heilablóðfalli og astma og gæti minni loftmengun dregið verulega úr öndunarfæra- og hjarta- og æðasjúkdómum. Þá er heilsa kvenna sögð sérstaklega útsett fyrir áhrifum af loft- og vatnsmengun, sem leiði til brjóstakrabbameins, eggjastokkasjúkdóma og heilsufarsáhættu mæðra.

Milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) bendir á að minni losun gróðurhúsalofttegunda minnki heilsufarsáhættu sem tengist loftslagsbreytingum, svo sem hitabylgjum, flóðum og útbreiðslu smitsjúkdóma. Því sé þörfin fyrir endurnýjanlega orku óhemjumikilvæg.

Gríðarleg tækifæri

Endurnýjanleg orka er sögð fela í sér gríðarstórt efnahagslegt tækifæri og líkur leiddar að því að hún muni skapa 14 milljónir nýrra starfa á heimsvísu. Árið 2023 var endurnýjanleg orka, um allan heim, virði 1,21 billjónar Bandaríkjadala og er spáð að virðið muni vaxa um 17,2% árlega frá 2024 til 2030.



Endurnýjanlegir orkugjafar framleiða rafmagn án þess að framleiða koltvísýring, helstu gróðurhúsalofttegundina. Aftur á móti veldur jarðefnaeldsneyti mikilli losun gróðurhúsalofttegunda og á því mestan þátt í hlýnun jarðar, segja Sameinuðu þjóðirnar. Gnægð endurnýjanlegra orkugjafa séu í kringum okkur; sólin, vindur, vatn, úrgangur og hiti frá jörðinni.

Dagur Jarðar er árlega helgaður fræðslu um umhverfismál. Til hans var í upphafi stofnað af bandaríska öldungadeildarþingmanninum Gaylord Nelson árið 1970. Sameinuðu þjóðirnar gerðu hann svo að alþjóðlegum og árlegum degi Jarðar. */sá*





Dagur Jarðar og Disney

Á alþjóðlegum degi Jarðar 22. apríl hyggjast forsvarsmenn National Geographic, í samvinnu við Disney, frumsýna heimildarmyndina Leyndarmál mörgæsanna (e. Secrets of the Penguins) þar sem sjá má meðal margs nýstárlegs fyrstu drónamyndir í heimi af mörgæsaungum, þar sem þeir stökkva fram af 20 metra háu bjargi til að taka fyrsta sundsprettinn. Í fyrra var minna um hafís en nokkru sinni áður og þá neyddust ungarnir til að fara í sjóinn áður en fjaðrir þeirra voru orðnar nægjanlega vatnsheldar. Vísindamenn telja að þetta hafi valdið dauða tugþúsunda unga.

National Geographic Society hefur vakið áhuga fólks á lífríki og umhverfi Jarðarinnar allt frá árinu 1888. NGS er ein stærsta vísinda- og menntastofnun í heiminum sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. Áherslur eru m.a. landafræði, fornleifafræði og náttúrufræði, umhverfisvernd og efling sögulegrar geymdar.



Dagur Jarðar er árlega helgaður fræðslu um umhverfismál og áherslan nú er endurnýjanleg orka. National Geographic frumsýnir nýja þriggja þátta heimildamynd um mörgæsir í tilefni dagsins. Myndir / Pixabay

Fiskeldi – Bændur – Vertakar – Orkufyrirtæki

Þar sem kröfurnar eru mestar
ERU CUMMINS RAFSTÖÐVAR BESTAR



Rifós ehf 3.3MW



Arctic Smolt 3.6 MW



Ístak 3 rafstöðvar samt. 324 KW

STAMFORD power generation

Cummins Power Generation

AFLHLUTIR

AFLHLUTIR EHF / SELHELU 13 / 221 HAFNARFJÖRÐUR / SÍMI 544 2045 / AFLHLUTIR@AFLHLUTIR.IS

METALSISTEM®

Pláss fyrir allar hugmyndir

Ísold

Selhellu 3, 221 Hafnarfjörður
isold.is • 535 3600

Hestamennska:

Járningar skemmtilegasta vinnan

– Starf járningamannsins fjölbreytt og yfirleitt nóg að gera



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Leó Hauksson hefur haft atvinnu af járningum í áratug, en steig sín fyrstu skref í faginu á unglingsárunum. Hann segir rétt viðhorf nauðsynlegt til að njóta starfsins, ásamt því sem dugnaður og elja skipta máli.

Leó kynntist faginu fyrst þegar hann var að aðstoða föður sinn við járningar á hestum í eigu fjölskyldunnar í hesthúsi þeirra að Varmárbökkum í Mosfellsbæ. „Þetta var þannig þegar ég var yngri að maður járnaði með öðrum. Þegar ég járnaði með pabba þurfti ég að halda fætinum fyrir hann. Svo var ég svo óþolinmóður að ég nennti ekki að bíða eftir honum og þá byrjaði ég aðeins að fikta við að járna sjálfur. Ég var byrjaður að járna fyrir okkur svona fjórtán, fimmtán ára," segir Leó.

Í kjölfarið fékk Leó frekari leiðsögn frá reyndum járningamanni og smátt og smátt fór hann að járna fyrir aðra hestamenn í hesthúsahverfinu. Leó er menntaður smiður og hann stundaði járningar meðfram námi. Frá árinu 2015 hefur hann haft fulla atvinnu af járningum, en hann skýtur á að það séu fimmtán til tuttugu aðilar sem gefa sig alfarið út fyrir járningar hér á landi á meðan fjölmargir stundi þær í minna mæli.

Hann sinnir járningum að mestu á höfuðborgarsvæðinu, en hann fer minnst einu sinni til tvisvar í viku á stór ræktunarbú á Suðurlandinu. „Ég er búinn að vera heppinn að hafa alltaf nóg að gera og ég er oft að járna fyrir sama fólkið mjög lengi," segir Leó. Haustin eru rólegur tími, en þá grípur Leó oft í smíðavinnu eða þá að hann aðstoðar eiginkonu sína, Sonju Noaek, sem rekur reiðskóla.



Leó Hauksson, sem er 32 ára, segist ætla að verða gamall járningamaður, enda sé þetta langskemmtilegasta starf sem hann hefur unnið. Hlutverk hesta eru ólík og þarf járningamaðurinn að geta járnað samkvæmt því. Myndir / ál









Járnað fyrir ólík hlutverk

Lykillinn að góðri járningu segir Leó vera vönduð vinnubrögð og að „hesturinn sé járnaður fyrir það hlutverk sem hann er að fara í. Ef ég er með tvo hesta, annar er að fara í hestaferð og hleypur allan daginn alla daga, þá járna ég hann allt öðruvísi en hest sem er að fara í úrslit á landsmóti," segir Leó. Í hestaferðum sé betra að hófarnir séu ekki of langir og skeifurnar ekki of stórar, því þær þurfa að tolla vel undir og endast vel.

„Hesturinn sem er að fara í úrslit á landsmóti þarf að standast mál. Táin á honum þarf að vera ákveðið löng, hófarnir þurfa að vera alveg jafnir að framan og aftan," segir Leó. Járningin þarf jafnframt að stuðla að góðu jafnvægi þegar hesturinn fer á mót, því að í keppnisgreinunum þarf að sýna ólíkar gangtegundir á mismiklum hraða.

Leó segir að hestar sem eru í notkun þurfi að vera járnaðir á átta til tíu vikna fresti að jafnaði. Það er meðal annars vegna þess að hófurinn vex og tolla skeifurnar þá verr undir. Það fer eftir notkun hvort skeifurnar séu úr sér slitnar þegar hestur er járnaður upp á nýtt. „Í hestaleigum duga skeifurnar ekki endilega í tíu vikur. Þá eru hestarnir oft notaðir svo mikið og fara lengri vegalengdir og þar af leiðandi getur skeifan verið uppslitin þó svo að járningin sé enn þá fín og skeifan ekki orðin laus," segir Leó. Í mörgum tilfellum er hins vegar hægt að nota sömu skeifurnar í fleiri en eina járningu.

Aðspurður um áhrif þess ef hestur í lítilli notkun er ekki járnaður nema einu sinni að sumri segir Leó: „Það gerist ekki neitt svakalegt, nema hófarnir verða mjög ljótir og úr sér vaxnir og skeifurnar detta yfirleitt af. Þetta verður ekki mjög fallegt."

Menntun breyti litlu hérlendis

„Oft er talað um að góður járningamaður geti gert allt. Hann sérhæfir sig kannski ekki í neinu, en hann getur járnað hvaða hest sem er fyrir hvaða hlutverk sem er," segir Leó. Hann bætir við að þeir sem eru góðir í faginu geti nýtt allar skeifur og þau verkfæri sem eru fyrir hendi. Hjá hestamönnum sé hins vegar nokkur pólitík þegar kemur að ólíkum framleiðendum skeifa.

Samkvæmt Leó skiptir máli fyrir járningamenn að búa yfir réttu hugarfari. „Þetta er þannig djobb að þig þarf að langa til að vera járningamaður til þess að nenna þessu. Þetta er rosalega leiðinlegt starf ef þér finnst það leiðinlegt. Þetta er ekki svona átta til fimm vinna með fríi um helgar og sumur. Þú ert alltaf í vinnunni. Dugnaður og elja hefur komið mér lengst."

Hann segir ekki hægt að mennta sig sérstaklega í faginu hérlendis, en Leó hefur heyrt af námsbrautum fyrir járningamenn erlendis. „Það er tveggja til þriggja ára nám, en það varð aldrei neitt af því að ég færi í það," segir Leó og bendir á að slík gráða hefði lítil áhrif á atvinnumöguleika hans hér á landi.

Starfið fjölbreytt

Dagskráin hjá Leó er oft þétt, en hann mætir á tiltekna staði og er með lista af hrossum sem þarf að járna. Ef verkefnalistinn er langur byrjar Leó á þeim hestum sem eru í forgangi, hafa beðið lengi eða eru nýkomnir úr haga.

Leó segir að algengt verð fyrir járningar sé 17 til 23 þúsund krónur fyrir hvern hest. Inni í því er bæði vinna og efniskostnaður. „Þetta eru ekki slæm laun, en þetta er mikil og líkamlega erfið vinna," segir Leó. Alla jafna er hann 30 til 90 mínútur með hvern hest og á hefðbundnum degi nær hann að járna sex til átta hesta.

Leó, sem er 32 ára, segir ekki algengt að járningamenn endist lengi í faginu en hann segist ekki vera farinn að leita að öðrum starfsvettvangi.

„Ég ætla að verða gamall járningamaður. Ég er líka svo þrjóskur að ég ætla ekki að gefast upp. Ég er búinn að einsetja mér að halda áfram á meðan ég hef gaman af þessu. Þetta er langskemmtilegasta vinna sem ég hef verið í. Þú ert alltaf að járna hesta en aldrei á sama staðnum og aldrei fyrir sama fólkið. Þetta er svo fjölbreytt og þú ert að díla við alls konar hesta og ólíkt fólk. Það sem gerir þetta skemmtilegt er að þú þarft að vera góður í mannlegum samskiptum af því að þú ert endalaust að tala við fólkið sem á hestana."

Sem járningamaður hittir Leó hvern hest í stuttan tíma á tveggja mánaða fresti. „Svo eru eigendurnir með hestunum í nokkra klukkutíma alla daga þannig að þeir þekkja hestana miklu betur en ég og geta sagt mér hvernig þeir vilja hafa járninguna. Þá þarf maður að vera móttækilegur fyrir því hvað fólk er að pæla og hvað hestarnir eru að fara að gera."



HÚSASMIÐJAN
www.husa.is



Í apríl
Sértilboð til bænda

15-20% af öllum verkfærum og 24% af öllum vinnufatnaði

Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki af lægsta lága verði Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum

Tilboð gerð á staðnum

makita 15-20%

DEWALT 15-20%

Milwaukee 15-20%

HiKOKI HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS 15-20%

MASCOT® 24%



Þjónusta fyrir þig

Höfuðborgarsvæðið



Sigurður Svavarsson
Rekstrarstjóri Grafarholti
Byggingavörur og verslunarvara
siggi@husa.is - Sími 660 3197

Borgarnes



Valdimar Ólafsson
Sölustjóri Borgarnesi
Byggingavörur
valdi@husa.is - Sími 660 3199

Egilsstaðir

Aðalsteinn Hákonarson
Sölustjóri Austurland
Byggingavörur
adalst@husa.is - Sími 766 2929

Hvolsvöllur

Finnbogi Óskar Ómarsson
Rekstrarstjóri Hvolsvelli
Byggingavörur
finnbogi@husa.is - Sími 660 3101

Höfn

Kristján V. Björgvinsson
Rekstrarstjóri Höfn
Byggingavörur
kristv@husa.is - Sími 660 3037

ALLT TIL HEYVERKUNAR
Betri árangur með JOSILAC íblöndunarefni



10.190 kr. pr./bréf

9.390 kr. pr./bréf



Öll verð eru án vsk.
Verð miðast við bréf (150g)



STÆÐAN
- Stæðuplast -
- Stæðuborði -
- Stæðugrúspokar -
- Stæðunet -
- Íblöndunardælur -
og fleira...

FORSALA!
JOSILAC íblöndunarefni

15% AFSLÁTTUR
Gildir til 30. apríl

JOSILAC Ferm - 10.190 kr. - **15% afsl. 8.662 kr.**
JOSILAC Classic - 9.390 kr. - **15% afsl. 7.982 kr.**

SilaWRAP rúlluplast
Silawrap **hvítt** 750*1500mm
14.990 kr. + vsk.
Silawrap **grænt** 750*1500mm
14.990 kr. + vsk.
Silawrap **svart** 750*1500mm
14.778 kr. + vsk.

Afsláttur er veittur við kaup á bretti af rúlluplasti - 40 rúllur

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Blómabændur:

Tíu milljónir afskorinna blóma ræktuð á Íslandi

– Svigrúm fyrir allt að 30% aukningu þrátt fyrir innflutning



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Íslensk blóm eru ræktuð með vistvænum hætti allt árið með hjálp jarðvarma, vaxtarlýsingar og lífrænna varna.

Íslenskir blómabændur rækta fjölmargar tegundir afskorinna blóma, pottaplantna, sumarblóma og garðplantna. Allt er þetta gert sitt með hverju laginu þegar kemur að ræktunaraðferðum og vinnuumhverfi. Um tíu garðyrkjubændur sinna blómamarkaðinum í afskornum- og pottablómum. Sumarblóma-framleiðendur eru svo enn annar geirinn innan blómaframleiðenda og eru þeir fjölmargir og víða um land.

Svigrúm fyrir aukningu

Axel Sæland rekur, ásamt konu sinni, Heiðu Pálrúnu Leifsdóttur, garðyrkjustöðina Espiflöt í hjarta Reykholtsþorpsins í Bláskógabyggð. Hann er jafnframt formaður deildar garðyrkjubænda Bændasamtaka Íslands.

Espiflöt sérhæfir sig í afskornum blómum. Aðspurður um hver heildarframleiðsla afskorinna blóma sé árlega á Íslandi segir Axel að tölur séu nokkuð á reiki þar sem talnagögnum sé ekki safnað sérstaklega í innlendri blómarækt. Hann giskar þó á að á Íslandi séu framleiddar um tíu milljónir afskorinna blóma.

„Fyrir hrun töldum við innlendir framleiðendur afskorinna blóma okkur vera með um 80% af markaðinum, á móti 20% innflutningi. Í hruninu fórum við í 100% hlutdeild af því að blóm urðu gríðarlega dýr í innflutningi. Eftir hrun, og eftir því sem krónan styrktist, hneig þetta aftur í 80% / 20% og ég held að við séum frekar að gefa eftir í dag á þessum markaði af því að aðgangur að vöru erlendis er orðinn auðveldari og fólk leitar í meiri fjölbreytni, sem er skiljanlegt. Það verður alltaf erfitt fyrir innlenda framleiðendur að keppa í fjölbreytninni en við getum keppt í magninu. Ég gæti trúað að innanlandsframleiðslan sé á bilinu 70–75% í dag," segir hann. Espiflöt framleiði um tvær milljónir blóma árlega. „Tilfinning hjá okkur hefur verið að við séum með um 20% af markaðinum," bætir hann við.

Fyrir afskorin blóm skal vasi vera tandurhreinn. Í hann skal fara kalt vatn og meðfylgjandi næring. Bæta svo við vatni eftir 3 daga. Eftir 5-6 daga skal þrífa vasann, skipta um vatn og skera neðan af blómunum. Ef ekki fylgir næring má nota í vatnið sykur, klór, vodka eða spíra.

Blómunum líður best í kulda. Þau eru að koma úr 75% rakastigi gróðurhúsa í umhverfi þar sem almennt er um 15% loftraki og hafa því mögulega gott af vatnsúða.

Ræktendur afskorinna blóma halda ekki í við aukningu á eftirspurn. Axel kveður söluaukningu mikla. „Ef við segjum að framleiðslan á ári séu tíu milljónir blóma þá held ég að við ættum að geta farið í tólf til þrettán milljónir hér innanlands. Það væri vel gerlegt og væru um 4.000–6.000 m² af gróðurhúsum í viðbót inn á markaðinn."

Markviss umhverfisvæn skref

Garðyrkjustöðin er 7.700 m² og af því eru 7.000 m² undir gleri en 700 m² í aðstöðuhúsi og starfsmannaaðstöðu. 18 eru á launaskrá og að jafnaði 16 ársverk. Espiflöt er innleggjandi hjá Grænum markaði og blómabíll þaðan sækir blóm til dreifingar og sölu fimm sinnum í viku.

Rósir taka mesta plássið í húsunum, í 2.600 m², krýsi er í 1.200 m², gerberur í 800 m², sóllilja í 500 m², aðrar liljur í 1.200 m² og önnur ræktun þar fyrir utan.

Því hefur verið fleygt að Axel lifi fyrir rósirnar sínar og að grúska í lífrænum vörnum fyrir alla ræktunina. Hann segir uppáhaldsrósayrkið vera Red Eagle enda sé það mjög gjöfult. Rauði rósaliturinn sé alltaf vinsælastur. Sóllilljan sé hins vegar það blóm sem gefi mest og best af sér, geti orðið 20 ára gömul, sé öflug, meindýr sæki lítt í hana, hún sé þægileg í ræktun og standi tvær til þrjár vikur í vasa.



Axel Sæland, eigandi garðyrkjustöðvarinnar Espiflatar í Reykholti, ræktar um 20% afskorinna blóma á innlendum markaði. Hann telur að auka megi framleiðslu á landsvísu um allt að 30%. Nærfellt öll framleiðsla Espiflatar selst jafnharðan enda blóm vinsæl vara. Myndir / sá

Blómaframleiðendur fá ráðgjöf, m.a. gegnum Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Haldnir eru ræktunar- og fagfundir þar sem bornar eru saman bækur t.d. í loftslagsstýringum, vökvun eða meðhöndlun plantna. Þá eru gjarnan fengnir erlendir ráðunautar inn á gólf í stöðvarnar sem fara yfir hvað gera má betur skv. bestu viðmiðum í Evrópu. Kveður Axel það hafa komið greininni mjög til góða.

Espiflöt er annáluð fyrir umhverfishugsun, þ.á m. í endurnýtingu á vatni, lífrænum vörnum og moltugerð úr affalli. „Við höldum okkar aðgerðum í þessum efnum talsvert á lofti. Ég leyfi mér að fullyrða að allir blómaræktendur í dag séu að færast í þessa átt, ef ekki meðvitað þá ósjálfrátt," segir hann og bætir við að þau á Espiflöt hafi tekið markviss umhverfisvæn skref:

„Fyrsta risaskrefið var í kringum árið 2000 þegar við tileinkuðum okkur af alvöru að nota lífrænar varnir í ræktuninni í staðinn fyrir varnarefni. Við höfum náð ótrúlega góðum árangri í því. Ef þú ert að vinna með fjölær blóm inni í stýrðu umhverfi þá hefurðu meiri möguleika á að nota lífrænar varnir." Þau flytji inn um hálfa milljón skordýra á viku. Axel segir þessa aðferð dýrari en varnarefnanotkun en miklu heilbrigðara umhverfi að vinna í, fyrir fólk, blóm og umhverfi. „Svo fórum við 2018 í að endurnýta áburðarvatnið frá plöntunum. Upp úr 2010 fórum við að huga að vistvænni umbúðum og höfum verið að skoða þau mál síðan og áskoranir verið ýmsar á þeirri leið." Nú er Espiflöt að kynna til sögunnar 100% endurunnar plastumbúðir sem ættu að henta víðast og vonast þau til að stíga þar enn eitt umhverfisvænt skref.

Sérhæfa sig í fjölbreytni

„Við sérhæfum okkur í fjölbreytni,",segir Axel og hlær við. „Okkar sérhæfing er blandaðir blómvendir. Öll blómin í vöndunum ræktum við sjálf. Við flytjum svo inn grænt fylliefni til að gera vendina skemmtilegri, eftir því hvaða tíska er í gangi hverju sinni. Við erum með fimm grunntegundir; rósir, gerberur, krýsa, sóllilju og liljur og bætum svo við eftir árstímum öðrum tegundum. Statika er einnig að ryðja sér til rúms í grunntegundunum. Við horfum til þess að vera með stöðugt framboð allt árið, minna í sveiflum en auðvitað gefum við í eins og við getum fyrir t.d. konudag og mæðradag, þessa stóru blómvandadaga."

Á Espiflöt er töluvert ræktað í vikri og rauðamöl sem eru næringarsnauð steríl efni og drena vel. Plönturnar liggja því aldrei í vatni og eru alltaf í fersku umhverfi. Næring til plöntunnar kemur öll með vatninu sem hripar gegnum pottana, plantan tekur upp það sem hún þarf af vatni og næringu og skilar frá sér því sem hún er ekki að nota lengur. Vatnið fer í rennur, svo með lögnum í tanka sem grafnir hafa verið í jörð. Vatninu er síðan dælt upp, það hreinsað með síum, hitað til sótthreinsunar gegn bakteríum og er eftir það kælt og notað aftur.

Stór hluti ræktunarinnar er þó í mold, einkum plöntur sem þola þurrk betur. Þegar skipt er um plöntur er jarðvegurinn bættur með moltu sem er í stöðugri vinnslu á Espiflöt, svo sem í liljugróðurhúsi þar sem enginn úrgangur er af jarðvegi heldur er hann stöðugt moltaður aftur. Yfir árin safnast sá jarðvegur upp og þá er notað af honum til að jarðvegsbæta önnur hús.

Hugleiða stækkun

Espiflöt er ein elsta garðyrkjustöð landsins, stofnuð fyrir 76 árum. Axel og Heiða hafa rekið hana sl. 13 ár. „Maður er náttúrlega alltaf með einhverja drauma," segir Axel. „Pabbi var mjög ýtinn við mig, þegar við Heiða komum inn í fyrirtækið, um að vera með framtíðarsýn. Ekki staðna, ekki vera bara ánægður þar sem þú ert, heldur taka alltaf virk skref áfram til að halda fyrirtækinu inni í nútímanum og sjá tækifærin á markaðinum. Ég tel afar mikilvægt að tileinka sér þessa hugsun, hún heldur manni ferskum og áhugasömum um allt sem er að gerast í bransanum.

> „Þetta er mjög nærandi og heilbrigt umhverfi að vera í ...

Síðasta sumar endurbyggðum við 1.200 m² gróðurhús til að færa það inn í nútímann. Við byggðum síðast nýtt gróðurhús árið 2020, í Covid, 1.100 m² rósahús, til að svara markaðinum, en blómasala jókst gríðarlega um allan heim í Covid þegar fólk vantaði eitthvað hlýtt inn í híbýli sín. Við byggðum kæli- og tæknirými 2017 og núna finnum við fyrir að það er pláss á markaðinum og erum að skoða að stækka. Landið okkar er þó nánast búið og umleitanir um landkaup af m.a. nágrönnum hafa ekki borið mikinn árangur. Við erum því að skoða hvort við eigum hreinlega að rífa elstu gróðurhúsin og byggja ný. Yfirleitt er pláss í kringum gróðurhúsin sem mætti þá nýta betur til að stækka ræktunarrýmið."

Hann segir að með nútíma gróðurhúsum sé unnt að uppskera 50–100% meira. Þau séu öðruvísi byggð en gömlu hefðbundnu A-húsin, og með það í huga að unnt sé að hafa meiri



Garðyrkjustöðin Espiflöt er 7.700 m² að stærð og af því eru 7.000 m² undir gleri en 700 m² í aðstöðuhúsi og starfsmannaaðstöðu. 18 eru á launaskrá og að jafnaði 16 ársverk í stöðinni.



T.h. Helga Kristinsdóttir, starfsmaður Espiflatar, ásamt viðskiptavini í blómakaupum. Litskrúðugir og frísklegir blómvendir eru aðalsmerki stöðvarinnar og þeir renna út eins og heitar lummur.

lofthæð, rými fyrir betri ljósabúnaði, auðveldari loftslagsstýringu, betri nálgun á plöntunni og vinnu- og ræktunarumhverfi. Þau séu tæknilegri og hægt að fara í miklu meiri nákvæmnisstýringu sem skili sér hratt. Öll stýring sé sjálfvirk í tölvukerfi sem láti vita af frávikum.

Þau hugleiða að koma sér upp varaaflstöð, fyrst og fremst til að halda dælum og stýribúnaði gangandi í rafmagnsleysi. Heita vatnið sé grunnauðlind garðyrkjustöðvarinnar. „Það er ástæðan fyrir því að við erum einmitt hér, enda er Reykholt auðugt af heitu vatni. Við búum að gríðarlega öflugu hitaveitukerfi og sveitarfélagið stendur afar vel með okkur og sinnir okkur mjög vel. Ef rafmagn fer af þá setur sjálfvirkt kerfi dísilrafstöð í gang sem tryggir heitt vatn til okkar. Að vetri til myndi ræktunin annars bara frjósa og deyja. Garðyrkjan er grunnatvinnugrein í sveitarfélaginu og mikill velvilji í hennar garð. Við garðyrkjubændur í Reykholti styðjum hver annan vel og tölum mikið saman. Þetta er mjög nærandi og heilbrigt umhverfi að vera í," segir hann.

Tollavitleysa og raforkuhækkanir

Tollar á innfluttum blómum hafa nokkuð verið til umræðu hin síðari ár. Ruglingi veldur að Evrópustaðallinn miðast við kíló en innflutningstölur á Íslandi við stykki. Eru dæmi um að kíló af blómum hafi orðið að stöku blómi á innflutningspappírum. Axel veltir því upp hvort ekki þurfi að hætta að telja innflutt blóm í stykkjum heldur láta tolla miðast við grömm og kíló. Þetta þurfi blómabændur að skoða ítarlega með viðkomandi ráðuneyti og tolli.

Þá hefur raforkuumhverfi garðyrkjunnar verið mjög í kastljósinu eftir 25% hækkun um áramótin og frekari hækkanir líklegar. Garðyrkjan náði samningi um fast raforkuverð til eins árs sl. haust en fyrirsjáanleikinn er lítill þar sem raforkusalar geta ekki tryggt sig lengra fram í tímann en ár í senn. „Maður veit ekki hvort komið er að sársaukamörkum þar sem innviðir fara að gefa eftir eða að ríkið sér hag sinn í að taka virkilega á málunum," segir Axel um þetta.

Hann er þó ánægður með viðleitni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að koma á fót fjárfestingarstuðningi til garðyrkjunnar, með það að markmiði að taka inn orkusparandi led-lýsingu í stað hefðbundins ljósabúnaðar sem notar allt að helmingi meiri raforku. Garðyrkjubændur gætu nýtt þetta tækifæri til að auka framleiðslu og spara raforkunotkun í senn. Jafnframt mætti hugsa sér að stuðningurinn næði yfir einangrun gróðurhúsa, þ.e. gluggatjöld sem endurkasta ljósi innanhúss þegar sólarljóssins nýtur ekki við, sem er stóran hluta ársins hér á landi, og auka þannig uppskeru. Led-ljós gefa ekki frá sér varma eins og hefðbundin lýsing svo þá þarf að nota meira heitt vatn og slík endurkastandi einangrun fer betur með varmann. Að sögn Axels gæti þó tekið um áratug fyrir alla garðyrkjubændur að tileinka sér lausnir slíks fjárfestingarstuðnings.

Áskoranir bara verkefni

Blómabændum virðist almennt hafa vegnað ágætlega frá miðjum síðasta áratug og eftirspurn eftir framleiðslu þeirra verið mikil. „Við seljum nánast allt af því sem við framleiðum hér og okkur hefur alla jafna gengið vel. Blóm eru frekar vinsæl í dag og því ekki yfir miklu að kvarta þar fyrir blómabændur," segir Axel.

Hvað hann sjálfan varði mæti hann alltaf í vinnuna spenntur fyrir deginum. „Það sem gefur mér mest í þessari vinnu er hversu áskoranir eru margar. Það heldur mér ferskum og öflugum, myndi ég segja, því áskoranir eru bara verkefni. Ef maður getur tamið sér það hugarfar að horfa á þetta sem verkefni en ekki vandamál, verða dagarnir mikið auðveldari," segir Axel að endingu.

- framhald á síðu 46



Axel í litskrúðugu gerberuhúsinu.

NAUTGRIPABÆNDUR ATHUGIÐ!

Óskum eftir að gera langtímasamninga við nautgripabændur um kaup á nautakjöti.
Við greiðum álagsgreiðslur pr.kg við útgefinn verðlista hjá sláturleyfishöfum:

- 15% álagsgreiðsla á þá gripi sem hafa náð 300 kg fallþunga
- 10% álagsgreiðsla á þá gripi sem hafa náð 250 kg fallþunga
- 5% álagsgreiðsla á þá gripi sem hafa náð 200 kg fallþunga

ÍSLANDS NAUT



Nánari upplýsingar
í síma 414 6320
ingibjorn@ferskar.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR









Birgir Steinn Birgisson, eigandi garðyrkjustöðvarinnar Ficus í Hveragerði. Þar fer fram fjölbreytt ræktun allt árið en páskaguli liturinn er nú allsráðandi og ræktaðar um 40 þúsund gular plöntur fyrir vertíðina. Birgir er hér ásamt eineygða kettinum Önnu sem settist að í stöðinni fyrir áratug. Myndir / sá

Grænar plöntur ná yfirhöndinni en páskagult er þó næst á dagskrá

Gróðrarstöðin Ficus í Hveragerði er áratugagömul stöð sem ræktar um 250 þúsund pottablóm á ári og selur fjölbreytt úrval þeirra m.a. í stórmörkuðum.

Birgir Steinn Birgisson, eigandi garðyrkjustöðvarinnar Ficus við Bröttuhlíð í Hveragerði, hefur rekið stöðina í um fjóra áratugi og segir fyrstu árin hafa verið sérlega strembin. Hann keypti stöðina rétt áður en óðaverðbólga brast á og þurfti að hafa sig allan við til að halda rekstrinum á floti. Ólafur Steinsson hafði áður rekið stöðina um árabil undir nafninu Garðyrkjustöð Óla Steins.

Hugur Birgis hneigðist snemma til gróðurs og hann fór upphaflega í nám í Garðyrkjuskólanum á Reykjum. Hann nam svo rekstrarhagfræði garðyrkju í Danmörku og vann í garðyrkjustöðvum þar og í Noregi í fimm ár áður en hann keypti Ficus.

Þegar Birgir tók við Ficus voru rósir í allri stöðinni en þar sem hann hafði alltaf unnið með pottaplöntur breytti hann henni smám saman og fór alveg yfir í pottaplöntuframleiðslu. „Við erum með ca 100 þúsund sumarblóm á ári og ætli við ræktum ekki eitthvað um 150 þúsund pottaplöntur," upplýsir Birgir. Reksturinn hafi gengið ágætlega undanfarið.

„Fyrir hrun kom tímabil þar sem tískan bauð að hvergi skyldu vera pottaplöntur. Tískustraumar gerðu ekki ráð fyrir plöntum innandyra og veggir áttu að vera gráir. Fólk fylgdi þessu, eins og gengur, og allt varð dálítið sterílt. Þetta var erfitt tíu ára tímabil og einna helst ömmur sem voru að versla sér pottablóm hjá mér. Svo kom hrunið og unga fólkið keypti innanhússplöntur unnvörpum. Það sá allt í einu hvað plantan gerir fyrir híbýlin. Salan jókst hraðbyri og þá fór ég að stækka stöðina. Síðan kom Covid og þá jókst eftirspurnin enn meira. Þá vildu allir hafa huggulegt heima hjá sér," segir hann kankvís. Enn sé vöxtur í eftirspurn en hægst hafi verulega á honum.

Hann rifjar upp að í byrjun hafi eingöngu verið unnt að selja blómstrandi pottaplöntur. Grænar plöntur hafi alls ekki selst. Í dag séu þær grænu hins vegar búnar að ná yfirhöndinni. Tegundir þeirra séu mjög fjölbreytilegar.

Eitthvað nýtt árið um kring

Ræktunin er mánaðabundin. „Í janúarbyrjun er stöðin full af grænum plöntum sem seljast í janúar og febrúar. Á meðan þær eru að seljast er maður að rækta upp fyrir páskana sem eru stórir hjá mér. Þá eru ræktaðar 25 þúsund Tete-a-Tete (narcissus-dvergpáskaliljur) og aðrar 17 þúsund gular plöntur af ýmsum gerðum. Síðan koma sumarblómin, svo aftur grænar plöntur. Í júní fæ ég það sem við köllum Októberstjörnu, í júlí koma jólastjörnur og þegar sala á þeim er búin byrjar árshringrásin aftur. Þetta er svona hringurinn en alltaf grænar plöntur á öllum árstímum," segir Birgir. Hann hefur framleitt hina fagurbleiku Októberstjörnu J´Adore Pink´ sl. fjögur ár og látið hluta ágóða af sölu hennar renna til Krabbameinsfélagsins.

Stöðugildi Ficus eru 2,5 árið um kring. „Aðalsölustaðirnir hjá mér eru súpermarkaðirnir. Grænn markaður dreifir fyrir mig og það fer alltaf eitthvað út frá stöðinni í hverri viku."



Garðyrkjustöðin Ficus hefur verið starfrækt í áratugi og selur mikið blóm í stórmarkaði. Ræktuð eru um 100 þúsund sumarblóm og 150 þúsund pottaplöntur árlega. Ficus framleiðir líka hina vinsælu skærbleiku Októberstjörnu.

Framleiðendum hefur fækkað

Pottaplöntuframleiðendum hefur fækkað verulega frá því sem var, að sögn Birgis. „Við náum þó engan veginn að framleiða upp í eftirspurn." Hann segir að hin síðari ár hafi innflutningur á pottaplöntum stóraukist hjá söluaðilum á höfuðborgarsvæðinu. „Því varð ég að finna mér annan sölufarveg og byggði með Grænum markaði upp pottaplöntusölu til stórverslana." Hann flytur líka inn svolítið af tilbúnum og hálftilbúnum plöntum sjálfur, til að auka fjölbreytileikann í úrvalinu hverju sinni.

Hann er spurður út í meindýravarnir, enda skipta þær ræktandann afar miklu máli. „Hér áður fyrr var maður með eitur og þau efni voru ansi slæm. Maður las greinar um að hæsta tíðni krabbameins væri hjá garðyrkjumönnum. Í dag er ég alveg kominn í lífrænar varnir og það hefur gefist vel eftir að ég náði tökum á þeim." Hann flytur inn um 20 tonn af jarðvegi á ári, sphagnum-mómosamold, en búið er að drepa öll fræ úr honum með hita. Svo er blandað áburði í moldina fyrir pökkun, enda velur Birgir sér jarðveg með réttu áburðarinnihaldi fyrir sín blóm. „Þetta hefur gengið vel en Evrópusambandið er að setja skorður við sphagnum-töku sem gæti valdið okkur vandræðum. Væntanlega verður útfösun þó hæg og eitthvað annað kemur í staðinn," útskýrir hann.


Kynslóðaskiptastuðningur

Hann segir Ficus-stöðina á sinn hátt tæknilega, hitakerfi, loftun og vökvun allt sjálfvirkt. Hann ræktar á 2.000 m^2, sumarblómin á 3–4 hæðum og húsin eru þrjú og samtengd.



Auk raforku- og tollamála eru honum, líkt og fleiri garðyrkjubændum, málefni Garðyrkjuskólans ofarlega í huga. „Það verður að leysa vandræði skólans fyrir fullt og allt. Fólk vill hafa skólann en þetta snýst allt um fjármagn og það verður að veita til hans meiri peningum," segir hann.

Birgir telur bráðum koma að því að hann setji Ficus á sölu. Hann leggur áherslu á að bæta þurfi og ýta undir kynslóðaskipti í búskap, algert lykilatriði sé að ríkið komi þar að málum svo að ungt fólk geti tekið við í landbúnaði og leyst gamla bændur af hólmi, hvort sem um sé að ræða ylrækt eða aðrar búgreinar. „Það er þó erfitt að hætta. Ég ætla nú að klára að gera ýmislegt hér áður en ég sel og þá þurfa menn ekki að gera neitt hér næstu þrjátíu árin annað en að rækta plöntur – bara taka fögnuðinum," segir hann glaðhlakkalegur að endingu. */sá*



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

ERTU TILBÚINN Í VORVERKIN?

Sáðvara - Girðingarefni - Hliðgrindur



GIRÐINGAREFNI

Túngirðinganet -
- Gaddavír-
- Vírlykkjur -
- Girðingastaurar -
- Rafgirðingarefni -
og fleira...

Athugið! Brettatilboð á staurum



HLIÐGRINDUR

MEÐ OG ÁN NETS

Öflugar heitgalvaniseraðar hliðgrindur.

Margar stærðir í boði á flottu verði!
Frá 915mm - 4880mm

Sjá nánar á landstolpi.is



SÁÐVÖRULISTINN

NÝTT! Stólpablanda III með forsmituðum smára

Frí heimsending á sáðvöru ef pantað er fyrir 1. maí!

Sjá nánar á landstolpi.is

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn í húsnæði félagsins að Völuteig 6 270 Mosfellsbæ, mánudaginn 14. apríl 2025, kl. 14:00.

Dagskrá

1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar fyrir félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur er til sýnis á skrifstofu í Mosfellsbæ og er sendur hverjum þeim hluthafa sem þess óskar.

Hægt verður að skrá sig á istex.hf@istex.is eða í síma 566-6300 til að fylgjast með fundinum rafrænt. Umboðsmenn þurfa að leggja fram dagsett og skriflegt umboð. Gott er að tryggja að rétt farsímanúmer og netfang sé í hluthafaskrá til að auðvelda kosningar.

Fundargögn og hlekkur á fundinn verða afhent eftir skráningu á fundardag.

Mosfellsbæ, apríl 2025.
Stjórn ÍSTEX hf.

Landbúnaður – rótin sem nærir þjóðina og skapar störf víða um land

Landbúnaðurinn er hjartað í íslenskri byggð og samfélagi – ekki aðeins vegna þess að hann sér okkur fyrir fæðu, heldur vegna þess að hann knýr áfram heila atvinnugrein sem teygir anga sína víða.


Petrína Jónsdóttir.

Í raun og veru er landbúnaðurinn lífæð sem skapar hundruð starfa í hinum ýmsu greinum, bæði beint og óbeint. Þessi afleiddu störf eru burðarás í atvinnulífi landsins – hvort sem litið er til dreifbýlis eða þéttbýlis.

Það er auðvelt að tengja landbúnað við mat. Við sjáum kýr á túni, grænmeti í beði, eða heyrúllur á túnum – og við vitum að maturinn á disknum okkar kemur einhvers staðar frá. En það sem færri átta sig á er hversu mikil keðja starfa og verðmætasköpunar liggur að baki hverri afurð.

Loðdýrarækt hefur í gegnum tíðina skapað störf í ræktun, fóðrun, vinnslu og alþjóðlegri sölu. Hún hefur einnig leitt af sér aukna nýtingu á hliðarafurðum og samstarf við önnur bú – t.d. með því að nýta afskurð frá sláturhúsum sem fóður og úrgangur frá dýrunum er nýttur sem áburður.

Landbúnaður er nefnilega miklu meira en búfé og akrar. Hann er burðarás í byggð, atvinnulíf og menningu landsins – og hann kveikir fjölda annarra starfa sem margir hugsa ekki um dags daglega.

Afleidd störf í landbúnaði spanna vítt svið og tengjast ýmsum atvinnugreinum. Meðal þeirra eru störf í matvælavinnslu, eins og slátrun, kjötvinnslu, kornvinnslu og ostagerð. En einnig skiptir garðyrkja og blómarækt miklu máli – hvort sem um ræðir ræktun grænmetis, jarðarberja, kryddjurta, garðplantna eða afskorinna blóma. Þar skapast störf við framleiðslu, pökkun, dreifingu og sölu, auk tengdrar þjónustu og nýsköpunar. Þessi störf skapa verðmæti á mörgum stigum virðiskeðjunnar og tryggja að afurðir bænda og garðyrkjubænda nái til neytenda á sem skilvirkastan hátt.


Mjólkurbílar í Mjólkursamsölunni á Selfossi. „Afleidd störf í landbúnaði spanna vítt svið og tengjast ýmsum atvinnugreinum. “ Mynd / ál

Landbúnaður skapar störf – víðar en þú heldur

Þegar þú kaupir beikon, egg, grænmeti, mjólk eða blómvönd, þá hefur varan þegar farið í gegnum margar hendur. Hér eru nokkur dæmi um afleidd störf sem landbúnaðurinn heldur gangandi:

- Slátrun, kjötvinnsla og pökkun matvæla.
- Mjólkurvinnsla, ostagerð og drykkjarframleiðsla.
- Kornvinnsla, brauðgerð og bakstur.
- Flutningar á afurðum – frá sveitum til verslana.
- Sala í matvöruverslunum og veitingarekstri.
- Garðyrkja: grænmeti, ber, kryddjurtir og blómarækt.
- Framleiðsla og sala á afskornum blómum og pottaplöntum.
- Þjónusta við afurðastöðvar og dreifingu.

Þetta eru störf sem tryggja að hráefni verði að vöru, og að hún skili sér fersk og góð til þín sem neytanda.

Tækni, sjálfbærni og framtíðin

Tæknivæðing hefur stórbætt framleiðslugetu í landbúnaði og stuðlað að nýjum tækifærum í tengdum greinum. Fyrirtæki sem þróa tæknibúnað, eins og dróna, áburðarkerfi, gróðurhúsalausnir og ræktunarhugbúnað, eiga í miklu samstarfi við bændur og garðyrkjubændur og skapa sérhæfð störf á því sviði. Einnig hefur nýsköpun í líftækni og umhverfisvænni lausnum, eins og vinnslu á hliðarafurðum og endurnýting úrgangs, leitt til aukins framboðs á störfum sem tengjast sjálfbærni og grænni framtíð.

Í dag er landbúnaður orðinn hátæknigreinar. Þar starfa:

- Sérfræðingar í mjaltatækni, drónum og fóðurbúnaði.
- Hugbúnaðarfólk sem vinnur með bændum að skynvæðingu og gervigreind.
- Vistfræðingar, líffræðingar og nýsköpunarteymi sem þróa sjálfbærar lausnir.
- Hönnuðir endurnýjanlegra orkulausna og hringrásarkerfa.
- Jarðvegsfræðingar og ráðgjafar í vistvænni ræktun.

Þessi störf stuðla að meiri nýtingu, minni sóun og betri vörum – fyrir umhverfið og framtíðina.

Landbúnaður sem upplifun

Sífellt fleiri ferðamenn – og reyndar Íslendingar sjálfir – vilja vita meira um uppruna matar og tengjast náttúru og fólki. Af því spretta nýjar atvinnugreinar:

- Bændagisting og sveitaævintýri.
- Matarupplifanir og sögulegar matarferðir.
- Hestasýningar og bændamarkaðir.
- Námskeið um ræktun, matargerð og umhverfisvitund.
- Skógarbændur sem bjóða upp á gönguleiðir, fræðslu um kolefnisbindingu og nýtingu nytjaskóga.
- Störf við bókanir, móttöku, þrif og eldamennsku.

Landgræðsla og skógrækt – jarðvegur framtíðarinnar

Landgræðsla og skógrækt eru lykilþættir í tengslum landbúnaðar og loftslagsmála. Þessar greinar skapa fjölbreytt störf og tengjast beint ræktun, sjálfbærni og náttúruvernd:

- Starf við uppgræðslu lands, frædreifingu og beitarstýringu.
- Ræktun nytjaskóga, skjólbelta og vistheimt svæða.
- Vöktun og mælingar á jarðvegsheilsu og gróðurframvindu.
- Framleiðsla og sala á viði, eldiviði og timbri úr íslenskum skógum.
- Fræðsla um áhrif trjáa og skóga á kolefnisspor og loftslag.

Skógarbændur og landgræðslufólk vinna með náttúrunni, ekki á móti henni – og það skapar störf sem styrkja bæði vistkerfi og byggð.

> Landbúnaður er meira en matur – hann er lífæðin sem heldur samfélaginu gangandi...

Byggðirnar blómstra með landbúnaði

Í dreifbýli er mikilvægi afleiddra starfa óumdeilanlegt. Þau tryggja atvinnu fyrir fleiri en bændurna sjálfa og stuðla að lífvænlegri byggð. Aðilar sem starfa við nýframkvæmdir, viðhaldi tækjabúnaðar, rekstri afurðastöðva og í landgræðslu leggja sitt af mörkum til þess að byggðir landsins blómstri. Þar með styrkja þau samfélagið og gera dreifbýlið að spennandi stað til að búa á.

Ekki má heldur gleyma lykilstarfsstéttum sem halda sveitum gangandi. Flestir bændur eiga börn og fjölskyldur og treysta á nærumhverfið: kennara, leikskólakennara og skólabílstjóra til að mennta börnin, hjúkrunarfræðinga og lækna til að sinna heilsuvernd, þjónustufólk í verslunum og starfsfólki sveitarfélaga sem heldur daglegu lífi í sveitinni gangandi. Þegar landbúnaður dafnar, dafnar samfélagið með.

Fjölbreytt atvinnulíf í sveitum heldur samfélögum lifandi. Þar gegna afleidd störf lykilhlutverki.

Rót sem nærir framtíðina

Allt þetta – öll þessi störf, þessi samvinna – sprettur af einni rót: vinnu bænda. Landbúnaðurinn er ekki einangruð eining heldur aflið á bak við fjölda starfa, fjölskyldna og framtíðarmöguleika um allt land.

Í stað þess að horfa á landbúnað sem þrönga grein ættum við að horfa á hann sem kraftmikinn grunn sem heldur samfélaginu gangandi – í orðsins fyllstu merkingu. Því þar sem bændur rækta jörðina, þar rætist líka vinna, von og verðmæti fyrir okkur öll.

Þú styður sveitina – þegar þú velur íslenskt

Hversu oft í vikunni kaupir þú mjólk, egg, grænmeti, brauð eða kjöt? Með því að velja íslenskt ertu ekki aðeins að velja gæði og ferskleika – þú ert líka að styðja við fjölmörg störf og öflugt samfélag.

Niðurstaða

Landbúnaður er ekki bara lífsviðurværi bænda – hann er líflína fyrir samfélögin okkar öll. Með því að styðja íslenskan landbúnað styður þú ekki aðeins mat á disknum heldur störf, framtíð og samfélagslegan stöðugleika um land allt.

Höfundur er svínabóndi og situr í stjórn Bændasamtakanna.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir




- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

VIÐAR GRÓÐURHÚS

Fallegt gróðurhús/garðskáli í garðinn



VH-25-07 · Mána hönnunarstofa

Sérstaða gróðurhúsanna frá okkur eru að þetta eru viðargróðurhús sem eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði og henta því vel norðlægum veðurskilyrðum.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

GRÓÐURHÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður







Nánari upplýsingar um **GRÓÐURHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

Þarft þú að láta bora??

Heitt vatn? Kalt vatn?? Varmaskiptir??

Við hjá Finni ehf. búum yfir tækjakosti af allra nýjustu gerð.

Við borum niður allt að 600 metrum með beltabor sem auðvelt er að koma að á erfiða staði.

Við borum um allt land.

Fyrir frekari upplýsingar, sendið á finnur@finnurehf eða hringið í síma 897-1490

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA



Frá stofnfundi ASETT hugveitunnar á þingi Alþjóðasambands samvinnufélaga í Nýju-Delí á Indlandi 25. nóvember síðastliðinn. Mynd / Aðsend

Samvinnufélögin og félagshagkerfið 2025

Sú ákvörðun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að helga 2025 sem alþjóðaár samvinnufélaga, í annað sinn á þessari öld, á rætur sínar í mikilvægi samvinnufélaga í fátækum ríkjum á þróunarbraut.



Sigurjón R. Rafnsson.

Crameen banki fátæka fólksins, sem upprunninn er í Bangladesh og veitti í byrjun fyrst og fremst samvinnufélögum kvenna fjárfestingarlán, er gott dæmi um áhrifamátt samvinnu hugsjónarinnar. Enda hlaut bankinn og stofnandi hans Friðarverðlaun Nóbels árið 2006.

Antónió Guterres, framkvæmdastjóri SÞ, segir í yfirlýsingu að ástæðu þess að kastljósinu sé aftur beint að samvinnufélögum megi rekja til mikilvægis samvinnumódelsins við að virkja fólk úr fátækt, stuðla að þrautseigju og velmegun samfélaga og styðja við sjálfbærnimarkmið Sameinðu þjóðanna. Kaupfélögin og samvinnuhugsjónin áttu á sama hátt ríkan þátt í að skapa hér nútímasamfélag á síðustu öld og hefja Ísland úr fátækt til fullveldis og framfara.

Spennandi valkostur

En það fer heldur ekki fram hjá þeim sem fylgjast með að nýjar kynslóðir horfa með áhuga til samvinnuformsins. Þannig sagði Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, í hugleiðingu árið 2022: „Upplýst ung kynslóð nýrrar aldar er í öllum álfum að ganga í smiðju samvinnuformsins. Sér það sem spennandi valkost. Í betri takti við breytta tíma en gamlar venjur auðhyggjunnar.“

Þing Alþjóðasambands samvinnufélaga (ICA) var haldið í Nýju-Delí á Indlandi í lok síðasta árs. Það sóttu um 3.000 fulltrúar samvinnuhreyfinga í rúmlega 100 löndum. Þar stjórnaði Ana Aguirre, forseti Ungliðanefndar ICA, samvinnumaraþoni þar sem 40 ungmenni nýttu sér gervigreind til þess að skapa framtíðarlausnir.

Greina má einnig mikinn áhuga meðal listafólks og höfundarréttarhafa að verja hagsmuni sína sameiginlega gegn heimsveitum í eigu ofurríkra tæknimeistara úr Kísildalnum. Og samvinnulausnir í húsnæðismálum eru víða upp á teningnum, m.a. á Íslandi hjá húsnæðis- og leigufélögum á vegum verkalýðsfélaga.

ASETT – ný klakstöð

Nýrri hugveitu og klakstöð félagslegra fyrirtækja, ASETT, var sömuleiðis hleypt af stokkunum á þinginu í Nýju- Delí. Það eru ríkisstjórn Spánar, heimastjórn Baska, Mondragon háskóli og samvinnufélög sem standa að veitunni. Saman leggja stjórnirnar 1,5 milljónir evra til þess að koma ASETT af stað.

Mondragon tækni- og viðskiptaháskólinn mun halda utan um rekstur veitunnar.

Háskólinn hefur starfað síðan 1997 og í honum eru 7 þúsund nemar á ári hverju á ýmsum skólastigum. Mondragon er samvinnurisi í eigu starfsfólks og dæmi um velheppnað samvinnustarf í stórum skala. ASETT – (Arizmendiarrieta Social Economy Think Tank) – er nefnd eftir frumkvöðlinum José Maria Arizmendiarrieta, sem kom á fót tækni- og samvinnuskóla fyrir framhaldsnema í Escuela árið 1943.

Talsmaður Mondragon sagði við athöfnina á þinginu að eiginlega ætti ASETT að nefnast athafnaveita. Henni er ætlað að koma hugmyndum til framkvæmda. Í því felst að lyfta fram þætti félagslegra fyrirtækja í því að minnka ójöfnuð og stuðla að hluttöku launafólks í efnahagslífi, tengja saman háskóla og stofnanir á Spáni og annars staðar og ýta undir nýsköpun í samvinnustarfi og félagslegum fyrirtækjarekstri.

Ráðuneyti félagshagkerfis

Í þessu sambandi er eftirtektarvert að í atvinnuráðuneyti Spánar er sérstök stjórnardeild sem fer með félagshagkerfið. Prófessor Amparo Merino, sem veitir henni forstöðu, sagði í Nýju-Delí, að ASETT athafnaveitan myndi setja Spán í forystusæti á heimsvísu hvað snertir þróun samvinnureksturs og félagsdrifinna fyrirtækja. Þegar talað er um félagshagkerfið er vísað til þeirrar flóru fyrirtækja, samtaka og félaga sem nær meðal annars yfir samvinnufélög, félagsdrifin fyrirtæki, sjálfseignarstofnanir, gagnkvæm tryggingarfélög og lánastofnanir sem og sparisjóði og húsnæðisfélög.

Félagsdrifin fyrirtæki

Sameiginlegt þessum fyrirtækjum er að þau reka atvinnustarfsemi í tilteknu samfélagi og selja vöru og þjónustu á markaði til þess að ná markmiðum í félags- og framfaramálum á sínu svæði. Gróði og tekjur slíkra fyrirtækja eru alltaf tengd samfélagslegu hlutverki starfseminnar. Sums staðar eru íþróttafélög, áhugafélög, klúbbar og almannaheillafélög af ýmsu tagi einnig flokkuð til félagshagkerfisins. Samanlagt er þá um stórt mengi að ræða í efnahagslífinu sem getur staðið fyrir 10–20% af landsframleiðslu. Rétt er að geta þess að í Belgíu, Frakklandi, Ítalíu og Kanada eru einnig sérstök ráðuneyti sem fjalla um og styðja við félagshagkerfið og félagslegu fyrirtækin. Það sýnir hve félagshagkerfið er mikils metið í þessum löndum. Gæti þetta verið til fyrirmyndar hér á landi?

Rannsóknarsetur um samvinnu

Það er ánægjulegt til þess að vita að Háskólinn á Bifröst, sem á rætur að rekja til Samvinnuskólans, hefur skapað góð tengsl við Mondragon háskólann sem í ráði er að rækta á komandi misserum. Þá er áhugi á því að koma á fót rannsóknarsetri við Háskólann á Bifröst um samvinnurekstur og félagsdrifin fyrirtæki. Þar er sáð í frjóan jarðveg eins og hér hefur verið rakið.

Margir líta í dag til samvinnuhugsjónarinnar. Í nýútkominni bók sinni, Vegferð til farsældar, talar Vilhjálmur Egilsson, fyrrum alþingismaður og rektor á Bifröst með meiru, um félagslega einkavæðingu. Ýmsir skólar eru í dag reknir á vegum félagasamtaka en stórtækasta dæmið um félagslega einkavæðingu er náttúrlega lífeyrissjóðakerfið. Vilhjálmur nefnir í bókinni að samvinnufélagsformið sé vannýtt þegar kemur að rekstri í margvíslegri starfsemi sem sé á vegum hins opinbera. „Þetta rekstrarform gæti hentað vel t.d. í grunnskólum, heilsugæslu og víðar þar sem hægt er að sjá að margir einstaklingar geti komið að fjármögnun með tiltölulega lága fjárhæð hver.“

Liðka þarf til fyrir samvinnurekstri

Þetta eru athyglisverð viðhorf og í samræmi við þá gerjun sem víða er fyrir hendi. Ekki er því ósennilegt að fólk muni taka sig saman í auknum mæli og reyna fyrir sér með samvinnurekstur,

Á Alþingi Íslendinga þyrfti að liðka enn frekar fyrir samvinnurekstri en gert hefur verið. Samvinnufélög hafa ævinlega starfað sem mótvægi og viðbót við annan atvinnurekstur í opinberri eigu og einkaeigu. Samvinnufélögin eru sjálfstæð samtök fólks sem taka höndum saman til að mæta sameiginlegum efnahagslegum, félagslegum eða menningarlegum þörfum og væntingum, með rekstri í sameiginlegri eigu og undir lýðræðislegri stjórn allra sem að honum koma. Samvinnuhugsjónin er lifandi afl um allan heim eins og alþjóðaár samvinnufélaga á vegum Sameinuðu þjóðanna ber órækt vitni um.

Höfundur er aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga.



Kúabúið í Akbraut er til leigu.

Til leigu er kúabú í fullum rekstri í **Akbraut, Rangárþingi ytra,** staðsett á fallegum útsýnisstað á bökkum Þjórsár.

Helstu upplýsingar:

Jörð: 554 ha, þar af um 70 ha ræktaðir, rúmlega 50 ha nýtt sem tún undanfarin ár.

Framleiðsluréttur í mjólk: 138,207 lítrar.

Íbúðarhús: 210 fm, tveggja hæða með bílskúr, 5–6 herbergi.

Fjós: 741 fm stálgrindahús með 32 básum fyrir mjólkurkýr, 15 legubásum og uppeldisstíum.

Mjaltabás: 10 SAC mjaltatæki, 2.000L mjólkurtankur.

Aðstaða: Skrifstofa, klósett, áburðarkjallari, síló fyrir kjarnfóður.

Önnur hús: Tvö eldri útihús – fjárhús og uppeldishús fyrir nautpening.

Veiðiréttur í Veiðivötnum og Þjórsá.

ATH - aðeins fólk með bændaskólamenntun og reynslu af sveitastörfum og mjólkurframleiðslu kemur til greina.

Nánari upplýsingar veitir Loftur Erlingsson í síma 8969565 eða tölvupósti loftur@husfasteign.is.

PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL · TOYO TIRES · NANKANG FREE YOUR WAY · MAXXIS DEKK · KUMHO TIRE All Ways, Go With you · Mastercraft TIRES · IPLUS · NORDEXX · DOUBLECOIN

Sumarið byrjar hjá Nesdekk

Við eigum réttu dekkin fyrir ferðalagið

SUMARDEKK



SENDIBÍLADEKK




JEPPADEKK AT



JEPPADEKK MT



VÖRUBÍLADEKK



FJÓRHJÓLADEKK





Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13	Skeifan 9	Fiskislóð 41	Lyngás 8	Njarðarbraut 9	Dalsbraut 1	Austurvegi 54
110 Reykjavík	108 Reykjavík	101 Reykjavík	210 Garðabæ	260 Reykjanesbæ	600 Akureyri	800 Selfoss
590 2080	590 2098	561 4110	565 8600	420 3333	460 4350	590 2095

NESDEKK

nesdekk.is / 561 4200

Fagþing dönsku nautgriparæktarinnar 2025


– Annar hluti



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Kvægkongres 2025, árlegt og einkar áhugavert fagþing hinnar dönsku nautgriparæktar, var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarin ár voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur og annað fagfólk í nautgriparækt.

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagasamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í tvo daga og var skipt upp í 12 málstofur með tugum erinda. Í síðasta Bændablaði var fyrsti hluti umfjöllunar um fagþingið og þá fyrst og fremst fjallað um ársfundinn sjálfan. Nú verður hér haldið áfram með umfjöllunina og gripið niður í nokkur áhugaverð erindi sem voru flutt í málstofunum um betri afkomu, kálfa og dönsku kúakynin.



Fleiri íbúar heimsins búa innan hringsins en utan hans! Mynd / Cartarium/iStock/Thinkstock

1. Betri afkoma

Í þessari málstofu voru flutt alls 10 erindi og verður hér fjallað um fjögur þeirra, en öll erindin 10 sneru að því hvernig efla má enn frekar afkomu danskra kúabúa. Erindin voru eiginlega hvert öðru betra enda efni þeirra að benda á þá möguleika sem eru til staðar til að bæta reksturinn. Í síðasta Bændablaði kom fram að dönsk mjólkurframleiðsla hefur líklega aldrei gengið jafn vel og einmitt nú um stundir en hvernig lítur framtíðin út? Inn á það kom Thomas Carstensen frá danska afurðafélaginu Arla, en hann fjallaði í erindi sínu um horfurnar á mjólkurmarkaðinum í heiminum. Í stuttu máli sagt eru þær afar áhugaverðar og góðar, enda fjölgar íbúum heimsins um 1,5 milljónir manna á viku hverri og alls um 78 milljónir á ári. Þessi viðbót í fólksfjölda heimsins kallar á aukna framleiðslu á mjólk og mjólkurvörum enda neyta í dag um og yfir 80% íbúa heimsins mjólkur og mjólkurvara. Þá fer neyslan vaxandi og enda þótt Evrópumarkaðurinn standi e.t.v. svolítið í stað nú um stundir þá er gríðarlegur vöxtur í bæði Afríku og þó sérstaklega í Asíu. Þar byggir auk þess þorri íbúa heimsins og sýndi hann skemmtilega mynd því til stuðnings, þar sem hringur afmarkar svæði þar sem fleiri íbúar heimsins búa innan hans en utan!

Vaxandi eftirspurn eftir kjöti

Annað áþekkt erindi sneri svo að kjötmarkaðinum en það var flutt af Finn Klostermann frá danska sláturfélaginu Danish Crown. Í máli hans kom fram, líkt og í máli Thomas, að það væri mikil aukning í eftirspurninni og að á árabilinu 2022–2032 væri talið að heimsmarkaðurinn kallaði á 36 milljón tonna aukningu af próteini. Með öðrum orðum þyrftu bændur að framleiða mun meira en hingað til, til þess að geta mettað heimsbyggðina. Hluti af þessari aukningu kemur klárlega frá nautakjötsframleiðslunni en talið er að á árabilinu 2023–2033 muni heimsframleiðslan á nautgripakjöti aukast um 8 milljónir tonna. Þessa miklu aukningu muni þó bændur í Suður-Ameríku og Afríku fyrst og fremst bera en ekki er gert ráð fyrir að bændur í t.d. Evrópu muni að jafnaði bæta miklu við heimsframleiðsluna frá því sem nú er orðið. Raunar er því spáð að framleiðslusamdráttur verði í flestum löndum Evrópusambandsins og að jafnaði um 7,6% á árabilinu 2020–2027. Einstaka lönd munu þó bæta við framleiðsluna eins og t.d. Írland, svo dæmi sé tekið.



Samkvæmt danskri tölfræði verða mest afföll af kvígum á aldursbilinu 0–180 daga. Mynd / Ruth Davis Kring

Tölvuvarnir mikilvægar

Enn eitt áhugavert erindið sneri að tölvuvörnum bænda og fyrirtækja sem þjónusta bændur en það var hann Michael Brødsted frá þekkingarfélaginu SEGES sem flutti erindið. Hann kom inn á að tölvuþrjótar væru nú í auknum mæli farnir að horfa til landbúnaðar og að taka gögn í gíslingu. Michael nefndi það að allt of margir bændur væru í raun með of lélegar varnir gegn árásum og gætu misst viðkvæm gögn fyrir vikið. Þá væru bændur sem væru með beintengdan búnað sérstaklega áhugaverðir fyrir svona tölvuþrjóta, enda hægt að brjótast inn í kerfi þeirra „utan frá“, þ.e. án þess að viðkomandi bóndi hlaði fyrir mistök niður vírus í tölvuna sína.

Hvernig á að verjast?

Til þess að verjast mögulegum árásum frá tölvuþrjótum sagði Michael að margt væri í raun til ráða. Fyrst og fremst þyrfti að:

1. Taka afrit – Eiga afrit af öllum gögnum, gjarnan vistað á tveimur ólíkum stöðum og a.m.k. á einum stað sem ekki er aðgengilegur á netinu.

2. Nota örugg lykilorð – Bæði vera með flókin lykilorð og aldrei nokkurn tíma að nota sama lykilorðið á fleiri en einum stað.

3. Styðjast við tveggja þrepa innskráningu, t.d. með því að notast við snjallsímaforrit sem hjálpa við slíkt.

4. Uppfæra hugbúnaðinn reglulega – Tryggja þannig að nýjustu útgáfur á hverjum tíma séu í notkun og treysta þannig að hluta á framleiðandann á hugbúnaðinum að gera hann tryggan.

5. Vera með vírusvarnir – Passa upp á að nota góða vírusvörn á hverjum tíma.

6. Tryggja netið með svokölluðum eldvegg eða netvörn.

7. Gera kröfu til þjónustuaðila – Tala við þjónustuaðila þess hugbúnaðar sem er í notkun á búinu og gera kröfu um að varnirnar séu góðar.

8. Vera með áætlun ef allt fer á versta veg – Hvernig á að bregðast við ef gögn eru tekin í gíslingu?




Bændur og þjónustufyrirtæki í landbúnaði eru stærri og stærri „markhópur“ fyrir tölvuþrjóta nú orðið.

Sótspor fjósbyggingarinnar

Í Danmörku, árið 2034, munu nýjar víðtækar reglur um aðbúnað nautgripa taka gildi og þá munu í kringum 70% allra fjósa byggð fyrir árið 2010 missa starfsleyfi sitt að óbreyttu. Skýringin á þessu felst í breyttum rýmiskröfum sem hin eldri fjós geta einfaldlega ekki mætt. Fyrir vikið hafa byggingarráðunautar nóg að gera við að teikna endurbætur og breytingar þessi árin. Um frekar sérhæfðar danskar aðstæður er að ræða og því verður ekki kafað nánar í erindið sem fjallaði um þetta en eitt atriði vakti þó athygli greinarhöfundar en það er að danskir bændur velta fyrir sér sótspori þess að byggja nýtt miðað við breytingar eða endurbætur. Þetta er eitthvað sem er nýtt í landbúnaði en í dæmi sem var tekið kom í ljós að við það að breyta fjósi sem í dag er með 83 legubása og gera það að 124 básum með hefðbundnum mjaltabás þá reiknast sótspor framkvæmdanna 2,05 kg CO_2 á ári á m² en ef byggt væri nýtt myndi sótsporið verða 4,33 kg CO_2 á ári á m². Munurinn felst auðvitað í því að eldri byggingar og eldri framkvæmdir yrðu í þessu dæmi nýttar vel. Þá má geta þess að útreikningur á kostnaði við svona breytingar á eldra fjósi í stærra nemur um 50 milljónir íslenskra króna (um 2,6 milljónir danskra króna) en ef byggt væri nýtt frá grunni er áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd um 114 milljónir íslenskra króna (um 5,9 milljónir danskra króna) og ef mjaltabás væri sleppt og byggt fyrir tvo mjaltaþjóna myndi heildarkostnaðurinn enda í um 131 milljón íslenskra króna (um 6,8 milljónir danskra króna).

2. Kálfar

Málstofan sem fjallaði um kálfa innihélt nokkuð hefðbundið efni frá SEGES, en svo virðist sem árlega sé ástæða til þess að minna danska bændur á mikilvægi þess að mæla broddmjólkurgæðin og gefa einungis góðan brodd innan tveggja tíma eftir fæðingu, svo tryggt sé að kálfar fái sem best og mest mótefni strax við fæðingu. Um þetta verður ekki fjallað

STARTARAR OG ALTERNATORAR
VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

EIGUM MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER - VIKULEGAR PANTANIR - BJÓÐUM UPP Á SÉRPANTANIR
RAFSTILLING REKI
rafstilling.is - rafstilling@rafstilling.is - 581-4991



Mælingar á smástraum í fjósum eru ekki sérlega flóknar en geta haft mikil áhrif finnist smástraumur sem truflar kýrnar. Mynd/Anne-Mette Søndergaard.

frekar hér enda einnig búið að margskrifa um það í Bændablaðið áður.

Annað efni var öllu fróðlegra en það tók á þeirri staðreynd að allt of margar kvígur ná því aldrei að verða kýr. Það var hún Ruth Davis Kring, frá fyrirtækinu SimHerd, sem fjallaði um það efni. Í máli hennar kom m.a. fram að 20–25% af heildarkostnaði kúabúa falli til vegna uppeldiskostnaðar á kvígum og að samkvæmt dönskum gögnum þá skili sér ekki nema 82% fæddra kvígna sér inn í framleiðsluna sem kýr. Af þessum 18%, sem ekki ná því að enda sem kýr, fara 8–9% út úr framleiðsluskrám fyrstu 180 dagana, þ.e. fyrstu sex mánuðina, og hin 9–10% hverfa úr framleiðsluskrám þá næstu 18 mánuði þar á eftir.

Sinna betur yngstu gripunum

Framangreind tölfræði sýnir að ætli bændur að bæta árangur búa sinna, en geta ekki á sama tíma tekið á öllum þáttum, þá er heillavænlegast að horfa til yngstu gripanna þar sem hlutfallslega mest afföll verða á stystum tíma. Hér skiptir auðvitað meginmáli að huga vel að hreinlæti og að bregðast hratt við sjáist minnstu merki um veikindi. Í Danmörku er algengasta orsök smákálfadauða ekki dauðfæddir kálfar heldur kálfar sem drepast fyrstu dagana eftir fæðingu úr annaðhvort skitu eða lungnabólgu. Danir mæla með því að bændur setji sér skýr markmið og fylgist með vexti kálfanna, ekki einungis á mjólkurfóðrunartímanum heldur allt fyrsta árið í lífi kálfanna. Sé það gert, uppgötvast fljótt ef kálfur er að dragast aftur úr hinum og gæti það þá verið merki um að gera þurfi ráðstafanir t.d. vegna einhverra veikinda.

3-5. Dönsku kúakynin

Þrjár málstofur fjölluðu um hin þrjú megin dönsku kúakyn: Holstein, Jersey og RDM. Alls voru flutt sex erindi í þessum málstofum og oftast eru þau mjög sérhæfð sem gefur að skilja. Að þessu sinni var þó eitt erindið almenns eðlis og sérlega áhugavert, en það sneri að smástraumsmælingum í fjósum og hvernig hægt er að snarbæta vellíðan kúa með litlum tilkostnaði.


Sambland straummælinga og atferlismats

Erindið var flutt af rafvirkjanum Lars Wagner og Anne-Mette Søndergaard, sem er landsþekktur nautgriparáðunautur í Danmörku. Þau tóku sig til og settu upp myndavélakerfi í fjósi þar sem grunur var um að smástraumur væri að trufla kýrnar og svo var hreinlega fylgst með atferli þeirra með skoðun á upptökum úr kerfinu. Því næst voru gerðar mælingar á smástraum víða í fjósinu og niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöðurnar úr upptökukerfi myndavélanna. Ekki þarf að koma á óvart að mikið samræmi fannst, þ.e. þar sem kýrnar voru síður að nýta legubása, og/eða sleikja vatn úr drykkjartrogum, þar mældist smástraumur. Þetta vandamál var svo leyst með betri og réttum jarðtengingum og gögnin úr fjósinu sýna svart á hvítu hve miklu máli þetta skiptir. Nytin jókst nánast frá einum degi til annars, um leið og búið var að leysa vandamálið.

Algengustu vandamálin

Samkvæmt reynslu þeirra Anne-Mette og Lars er algengasta ástæða þess að vandamál með smástraum í ólagi finnast í fjósum tengt uppsetningu á sjálfvirkum kúaburstum. Þeir virðast oft ekki rétt jarðtengdir. Þar á eftir koma rafmagns mykjudælur, straumbreytar, ljóstvistaljós (LED ljós), sköfu- og skolkerfi og vatnsdælur. Þau hvöttu bændur einfaldlega til þess að horfa á kýrnar og hvernig þær haga sér. Ef þær velji síður ákveðna legubása, sleiki vatn úr vatnstrogum eða séu latar við að koma í mjaltir þá gæti skýringin falist í smástraum sem í raun er afar auðvelt að bæði mæla og laga.

Í næsta Bændablaði verður haldið áfram með umfjöllun um danska fagþingið. Fyrir áhugasama má benda á að flest erindi ráðstefnunnar eru aðgengileg á vefslóðinni: *www.kvaegkongres.dk/praesentationer/*









Forystuhrúturinn Jökull 22-978 frá Álftavatni sultuslakur í höndum Páls Þórarinssonar, hrútahirðis á Sauðfjársæðingarstöðinni í Þorleifskoti.
Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir



Hér er forystuhrúturinn Kobbi sem er fæddur í Sveinungsvík.
Mynd / Guðrún Hildur Gunnarsdóttir

Forystuféð og Fjárvís

– Breytingar á Fjárvís í þágu forystufjár



Árni B. Bragason.



Daníel Hansen.



Guðrún Hildur Gunnarsdóttir.

Árið 2021 fengust styrkir frá m.a. Framleiðnisjóði landbúnaðarins, til að aðlaga Fjárvís sérstaklega að þörfum forystufjár. Megintilgangurinn var sá að forystueiginleikinn myndi reiknast á milli kynslóða út frá upplýsingum um að hve miklu leyti foreldrar væru af skilgreindum ættum forystufjár. Forystukindur eru skilgreindar sem forystukindur í gegnum ættir þeirra og eftir þessar breytingar reiknast í Fjárvís forystuhlutfall á lamb strax við vorskráningu út frá upplýsingum um foreldra þess. Ef gripur er 75% af forystuættum eða meira þá er hann skilgreindur sem hreinræktuð forystukind. Forystublendingar kallast kindur sem reiknast með 50–74,9% forystuhlutfall. Forystuhlutfall er birt í Fjárvís í upplýsingum um grip alveg niður í 5%.

Verkefnið sjálft

Í þessari umbótavinnu á Fjárvís kom í ljós að nokkuð var enn um að kindur af forystuættum sem voru ekki skráðar sem forystukindur eða að forystufjárhlutfall reiknaðist ekki rétt hjá þeim. Þar með reiknaðist forystuhlutfall ekki rétt út frá þeim til afkomenda. Áður en þessi breyting var gerð á Fjárvís þurftu fjáreigendur að leita til ráðunauta hjá RML til að skilgreina hverja kind sem forystukind þó hún væri af þekktum forystuættum. Þetta gat farist fyrir að fá gert. Fyrir rúmum áratug var þó gerð gangskör í því að skilgreina forystukindur inni í Fjárvís og bæta ætternisupplýsingar og leiddi Jón Viðar Jónmundsson þá vinnu. Við vinnuna við þetta verkefni nú var enn hægt að bæta inn upplýsingum um ætterni þar sem eyður voru í ættartrjám og þær upplýsingar þá sóttar til eigenda eða nákunnugra. Þá var ómetanlegt að eiga fróða menn að sem hægt var að leita til varðandi ættir. Meirihluti vinnunnar snéri að því að uppfæra forystufjárhlutfallið frekar en því að ætternisupplýsingar skorti beinlínis. Nú eru lagfæringar líklega mjög langt komnar þannig að gagnagrunnurinn á að vera orðinn nokkuð réttur. Að sjálfsögðu verður áfram hægt að gera leiðréttingar og allar ábendingar frá fjáreigendum þar um vel þegnar hjá starfsfólki RML sem vinnur í sauðfjárræktinni hverju sinni.

Skráning á hæfileikum

Nú getur hver forystufjáreigandi skráð forystueiginleika hvers grips í Fjárvís. Þetta er mikilvægt að gera og getur enginn gert nema sá sem umgengst kindina og þekkir eiginleika hennar. Hvetjum við eigendur forystufjár til að nýta sér alla þá skráningarmöguleika sem í boði eru. Stofninn er svo lítill að auðveldlega er hægt að safna saman öllum mögulegum upplýsingum um hann sem nýtast áfram við ræktun og einnig fyrir þá sem koma til með að rannsaka forystufé sérstaklega.

Fjöldi forystufjár

Í dag eru um 1.400 hreinræktaðar forystukindur skráðar í gagnagrunninn, þ.e. að a.m.k. að 75% af ætterni þeirra eru forystufjárættir. Auk þessa eru til tæplega 500 forystublendingar (50–74%) sem nýtast við framræktun á forystufénu og stækkar þannig ræktunarhópinn og auka fjölbreytileika hans.

Arfgerðargreining


Nú er búið að arfgerðargreina um 450 núlifandi hreinræktaðar forystukindur með tilliti til hvort þær eru með verndandi, mögulega verndandi, hlutlausa eða áhættuarfgerð gagnvart riðu. Þetta er um 32% af núlifandi stofni. Arfgerð hjá hverri kind skráist sjálfkrafa inn í Fjárvís um leið og niðurstöður greininga liggja fyrir. Markmið með greiningu og ræktun er að eftir einhver ár verði allur stofn forystufjár með verndandi arfgerð. Þess vegna er mikilvægt fyrir bændur að vita hver arfgerð er hjá sínum kindum og nota þegar frá líður til framræktunar þá einstaklinga sem eru með verndandi og mögulega verndandi arfgerð. Athuga þarf þó jafnhliða að týna ekki því eðli sem forystukindin býr yfir og þeim ræktunarmarkmiðum sem í gildi eru um forystuféð. Forystukindin er jú ræktuð vegna þeirra sérstöku eiginleika sem hún hefur að geyma og þeim má ekki tapa. Það er hægt með markvissri notkun hrúta að halda í gott forystueðli og að koma verndandi arfgerð inn í stofninn. Skrefin þarf þó að taka eilítið hægar en almennt ætlunin er með fjárstofninn í heild sinni. Á meðan unnið er að því á fáeinum búum að rækta fram góðar

Heildaryfirlit yfir lifandi forystufé og forystublendinga (ær og hrútar) niður í 50%

Sýsla	Forystuhrútar 75-100%	Forystuær 75-100%	Blendingshrútar 50-74,9%	Blendingsær 50-74,9%
Gullbr.- og Kjósarsýsla	0	1	0	6
Borgarfjarðarsýsla	11	79	3	20
Mýrasýsla	15	53	4	9
Snæfellsnes	6	80	0	9
Dalasýsla	16	64	2	27
Barðastrandarsýslur	16	44	1	14
Vestur-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	1
Norður-Ísafjarðarsýsla	1	1	0	0
Strandasýsla	8	37	0	19
Vestur-Húnavatnssýsla	3	32	2	34
Austur-Húnavatnssýsla	12	77	11	39
Skagafjörður	13	84	4	39
Eyjafjörður	17	106	3	26
Suður-Þingeyjarsýsla	40	91	2	28
Norður-Þingeyjarsýsla	29	160	7	36
Norður-Múlasýsla	19	54	3	22
Suður-Múlasýsla	4	9	3	17
Austur-Skaftafellssýsla	2	14	3	27
Vestur-Skaftafellssýsla	6	11	0	2
Rangárvallasýsla	12	75	2	25
Árnessýsla	40	106	2	25
	270	1178	52	425

Samtals 1925 - 322 hrútar og 1603 ær. Tekið saman í byrjun febrúar 2025. Ath. að skráðir sauðir og lifandi lömb eru ekki með í þessum tölum.





Myndin hér að ofan sýnir hlutfall arfgerða í forystuám. Til nánari glöggvunar höfum við tekið út algengustu flöggin eða villitýpuna (gulu flöggin) bæði arfhreinar og arfblendnar. Þá sjáum við að mikið er, eins og áður hefur komið fram, af rauðum flöggum. 13 ær bera þó mögulega verndandi genið H154 á móti áhættugeninu, sjá röndóttu súluna. Örfáar ær bera N138 (arfhreinar) og nokkrar bera gula flaggið á móti N138 (bláröndótta súlan). Aðeins eru til fimm ær arfhreinar fyrir H154 .

forystukindur sem jafnframt eru með verndandi arfgerðina R171 er lögð áhersla á að auka hlutdeild mögulega verndandi arfgerðarinnar H154 hjá forystufénu í gegnum sæðingar. Miðað við þær niðurstöður sem liggja fyrir úr arfgerðagreiningum hjá forystufé virðist tíðni áhættuarfgerðarinnar V136 vera hærri hjá forystufénu en almennt gerist í fjárstofninum og þyrfti að vinna markvisst að því að ná tíðni þeirrar arfgerðar hratt niður. Mögulega verndandi arfgerðirnar C151 og T137 virðast varla vera til í forystufénu miða við þær niðurstöður greininga sem liggja fyrir.

Ákaflega mikilvægt er að halda áfram að arfgerðargreina forystufé. Einungis þannig má útrýma áhættuarfgerðinni og ná að blanda í vaxandi mæli inn verndandi og mögulega verndandi arfgerðum. Samhliða því meta gripina með tilliti til forystueiginleika þeirra og velja vel úr hópnum til ásetnings.

Forystukindur ekki með í ársuppgjöri búsins – Forystufé sem stendur utan skýrsluhalds

Rétt er að taka það fram að við ársuppgjör í Fjárvís reiknast forystufé þar utan við sé það rétt skráð enda ræktunarmarkmið forystufjár allt önnur. Miðast þetta við kindur sem eru 50% eða meira af ættum forystufjár. Margir bændur voru ekki með sitt forystufé skráð í Fjárvís til að koma í veg fyrir að það skekkti ársuppgjör búsins. Nú er engin hætta á því lengur þegar forystukind er skráð sem slík í gagnagrunninum. Það gætu þó enn leynst einhverjar forystukindur utan skýrsluhalds inni á búum sem eru í skýrsluhaldi. Nokkur ár eru samt frá því að byrjað var á að taka forystufé til hliðar áður en ársuppgjör búa eru reiknuð og flestir bændur hafa þegar áttað sig á því svo forystukindur þeirra koma fram í Fjárvís. Fyrir utan þennan möguleika er eitthvað enn til af óskráðu forystufé í landinu í hjörðum sem standa utan skýrsluhalds. Þetta forystufé má nú í flestum tilfellum tengja við þekktar ættir forystufjár í landinu ef upplýsingar um ætterni liggja fyrir. Til að taka þátt í skýrsluhaldi er um tvær leiðir að velja.

a) Bóndi í lögbundnu skýrsluhaldi

Hefur þá alla skráningarmöguleika sem þarf til að skýrsluhald uppfylli ákvæði reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt varðandi greiðslur frá hinu opinbera. Veitir ekki aðgang að neinum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins.

(Verð skv verðskrá RML 2024: 14.650 kr.)

b) Bóndi í almennu skýrsluhaldi – Félagar í BÍ fá afslátt af þessari áskriftarleið

Fullur aðgangur, allir skráningarmöguleikar til staðar og aðgangur að öllum sameiginlegum skýrslum skýrsluhaldsins. Gerir notanda kleift að taka út gögn á Excel-formi til frekari úrvinnslu.

(Verð skv verðskrá RML 2024):
Félagar BÍ: 26.553 kr.
Utan félagsaðildar: 37.935 kr.


Mikill fengur er að því að sem allra flestir fjáreigendur taki þátt í sameiginlegu skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar. Það á ekki síst við þá sem eiga forystufé því þetta er örlítið fjárkyn sem einungis er til hér á Íslandi. Það væri óskastaðan að allt forystufé í landinu væri þekkt og skráð í Fjárvís.

Árni B. Bragason er ráðunaur RML, Daníel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, ráðunautur RML.










Mynd 1. Meirihluti gripa var með þungamælingu og sterk jákvæð fylgni var á þunga gripa og þykkt ómvöðva.



Mynd 2. Þykkt ómfitu miðað við brjóstmál í gripum sem eru 100% Angus og meira eða minna en 50% Angus.

Ómmælingar við val holdagripa til ásetnings



Linda Margrét Gunnarsdóttir



Ditte Clausen.

Árið 2023 fóru tveir galvaskir ráðunautar RML til Noregs að læra ómmælingar á bakvöðva og bakfitu holdanauta, rétt eins og er gert hér á landi í sauðfjárrækt.

Fyrir þau sem ekki kannast við ómmælingar þá er notuð við þær ómsjá sem „horfir“ ofan í hryggvöðva á holdagripum eða sauðfé og gerir ráðunautum kleift að mæla þykkt bakvöðvans og fituna sem hylur hann. Þetta bústjórnartæki er eitt af þeim verkfærum sem bændur geta nýtt sér í vali á ræktunargripum framtíðarinnar og er viðurkennt tæki til þess, í sauðfjárrækt og nautakjötsframleiðslu annars staðar í heiminum.

Vorið 2024 var veittur styrkur úr Þróunarfé nautgriparæktarinnar til að hefja gagnasöfnum um ómmælingar á íslenskum holdagripum. Verkefnið var unnið í samstarfi við bændur sem stunda ræktun á holdagripum og gátu séð sért fært að taka á móti ráðunautum sem gerðu mælingarnar. Kröfur voru gerðar um að aðstaða við ómmælingar tryggði bæði öryggi manna og dýra. Notuð voru sömu aldursskilyrði og í Noregi en allir holdagripirnir voru á aldrinum 290–460 daga. Gripirnir áttu að vera af holdakyni og mátti hlutfall hins íslenska mjólkurkúakyns vera að hámarki 20%. Aðalástæða þess er að viðmiðin fyrir ómmælingar voru miðuð að norska Angus-holdakyninu.



Einföld og færanleg aðstaða með tökubás og gripavigt. Mynd / Ditte Clausen.

	Aldur (d)	Þungi (kg)	Brjóstmál (cm)	Ómfita (mm)	Ómvöðvi (mm)
Meðaltal	350	387	175,1	5,07	55,8
Lægsta gildi	290	254	146,5	1,2	33,2
Hæsta gildi	430	598	211,5	11,9	76,3
Fjöldi mælinga	416	321	398	381	382

Tafla 1. Helstu meðaltöl úr ómmælingum holdagripa vorið 2024.

Helstu niðurstöður

Þykkt bakvöðva og -fitu var mæld á 416 holdagripum af mismunandi blöndu af búfjárkynjum, þar af voru 19 gripir 100% Angus og 178 gripir með yfir 50% Angus. Meðalaldur gripanna var um 350 dagar og var yngsti gripurinn 290 daga við ómmælingu. Elsti gripurinn var 430 daga og ekki er mælt með að ómmæla gripi eldri en 460 daga.

Meðaltöl, lægstu og hæstu gildi má finna í töflu 1. Mældur ómvöðvi var á bilinu 33,2 mm til 76,3 mm og dreifingin var svipuð og í Angus gripum í Noregi. Fita var einnig svipuð og hjá norsku gripunum en hún var á bilinu 1,2 mm til 11,9 mm en einhverjar líkur eru á því að tvöfalt fitulag sé viðvarandi í stofninum. Eðlilegt er að það sé mikill breytileiki í ómfitu.

Aldur virðist hafa lítil áhrif á brjóstmál, þunga, þykkt ómvöðva og fitulags í þessari athugun. Það er í góðu samræmi við gögn frá Noregi. Það staðfestir að marktækt er að mæla gripi á þessum aldri, 290–460 daga, og hægt að velja ásetning eftir því. Það er líklegt að aldur og aðrir umhverfisþættir hafi meiri áhrif á þykkt ómvöðva og -fitu þegar gripirnir eru eldri en 460 daga.

Þungaskráning var á meirihluta gripanna en þungi hefur sterka jákvæða fylgni við ómvöðvann eins og sést á halla aðhvarfslínunnar á mynd 1. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem þekkist erlendis og í sauðfjárrækt hérlendis. Þar sem var ekki aðstaða á öllum stöðum til að vigta gripi var ákveðið að taka brjóstmál af öllum gripum. Það gerði okkur kleift að kanna samband brjóstmáls og þunga. Brjóstmálið var tekið með hefðbundnu málbandi sem var sótt undir kvið gripanna með heimatilbúnum krók, kústskafti með krók af herðatré.

Brjóstmál hefur sterka jákvæða fylgni við þyngd sem verða að teljast ánægjulegar fréttir. Með auknu gagnasafni munum við geta þróað jöfnu sem bændur gætu nýtt til að meta, með ákveðnu öryggi, hvort gripir séu komnir í sláturþyngd, út frá mælingum með málbandi.

Við tölfræðilegt uppgjör kom í ljós að það eru fleiri þættir sem hafa áhrif á þykkt ómvöðva og -fitu. Þungi, brjóstmál og fæðingarbú virðist hafa marktæk

VATNSVIRKINN

LÍFRÆN SKOLP
HREINSISTÖÐ





• Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
• Hátt hreinsunarstig
• Lyktarlaus
• Einföld uppsetning
• Ekki þörf á siturlögnum
• Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

áhrif á þykkt ómvöðva og -fitu. Að auki hefur kyn marktæk áhrif á ómfitu þar sem kvígur voru með marktækt þykkra fitulag en naut. Kvígur byrja að safna fitu fyrr en naut og það er í góðu samræmi við aðrar rannsóknir.

Tilhneiging til Angus-áhrifa

Við að nota gögn um hlutfall búfjárkyns gripa úr Huppu.is má skoða dreifingu mælinga með mismunandi hlutfall af Angus-kyni. Á mynd 2 eru allar mælingar á ómfitu miðaðar við brjóstmál. Niðurstöður sýna að búfjárstofn hefur ekki marktæk áhrif á þykkt fitulags en einhver tilhneiging sást að með auknu Angus-hlutfalli ykist þykkt fitulags. Sterk jákvæð fylgni er milli þykktar fitulags á hryggvöðva og innanvöðvafitu og má því áætla að einhverju leyti um fitusprengingu. Í Noregi er spáð fyrir um innanvöðvafitu (fitusprengingu) með sérstöku reiknilíkani en hugbúnaðurinn er ekki enn kominn í ómtækið sem við notum.

Í athuguninni er gagnasafnið lítið og breytileiki mikill, bæði milli einstaklinga og búa. Því er mikilvægt að draga ekki of sterkar ályktanir af henni og túlka niðurstöðurnar varlega. Það virðist þó vera gott samræmi í ómmælingum á íslenskum holdagripum miðað við erlendar niðurstöður. Með aukinni gagnasöfnun og fleiri mælingum eykst öryggi niðurstaðna og því er mikilvægt að halda því áfram.

RML leitar að þátttökubúi

Þróunarfé nautgriparæktar hefur samþykkt styrk fyrir áframhaldandi verkefni til ómmælinga á nautgripum. Við leitum til bænda um þátttöku í verkefninu til áframhaldandi gagnasöfnunar um holdagripi. Til stendur að mæla í maí og júní. Til þess að taka þátt í verkefninu eru nokkur atriði sem þarf að uppfylla.

- Tökubás.
- Holdagripir með hlutfall holdakyns yfir 80% og íslenskt ekki yfir 20%.
- Gripir þurfa að vera 290–460 daga gamlir.
- Bæði naut og kvígur geta fengið mælingu.
- Æskilegast er að hafa þungaskráningu 7 daga fyrir mælingu en ekki krafa.
- Rafmagn, ef um lengri tíma er að ræða.

Kostur er að hafa gripaklippur þannig að hægt sé að raka rönd á gripunum á mælistað á hryggnum. Aðstaðan hjá bændum sem tóku þátt árið 2024 var allt frá föstum tökubás yfir í færanlegan og heimasmíðaðan bás og virkaði það allt vel við ómmælingu.

Ómmælingin kostar bændur eingöngu komugjald samkvæmt verðskrá RML. Bændur fá mælingar af sínum gripum og geta notað þær við val á ásetningi. Í vinnslu er að koma ómgögnum og holdadómum inn í skýrsluhaldskerfið Huppu.is þannig að þær upplýsingar verði aðgengilegar bændum þar.

Ef þið hafið áhuga á að fá ómmælingu, endilega hafið samband við Lindu (s: 516-5009, linda@rml.is) eða Ditte (s: 516-5011 ditte@rml.is).

Höfundar eru ráðgjafar á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.









Nýting keppnisárangurs í kynbótamati íslenskra hrossa



Keppni á íslenskum hestum er stór hluti af notkun þeirra og nýting keppnisgagna i kynbótamatinu gefur okkur verðmætar viðbótarupplýsingar.
Mynd / Aðsend



Þorvaldur Árnason.



Gísli Guðjónsson.



Þorvaldur Kristjánsson.

Nú stendur til sú nýjung að nýta keppnisárangur hrossa í kynbótamati fyrir íslensk hross.

Fram til þessa hefur kynbótamatið byggt eingöngu á kynbótadómum en framvegis mun það byggja bæði á þeim og keppnisárangri hrossa í völdum flokkum íþrótta- og gæðingakeppni. Hér fyrir neðan eru helstu punktar en nánari skýringar eru í textanum sem fylgir:

- Keppnisgögn úr íþróttakeppni og gæðingakeppni verða notuð í kynbótamatinu ásamt kynbótadómum.
- Dómar úr eftirfarandi keppnisgreinum verða nýttir:
  - o Töltgreinum (T1, T3, T2 og T4),
  - o Fjórgangsgreinum (V1, V2 og B-flokki),
  - o Fimmgangsgreinum (F1, F2 og A-flokki) og
  - o Skeiðgreinum (250 metra skeiði, 100 metra skeiði og gæðingaskeiði).
- Keppnisárangur hrossa á alþjóðlegum mótum (e. World ranking) í fullorðinsflokki (meistaraflokki og 1.flokki), stórmótum í gæðingakeppni auk skeiðgreina verða nýtt.
- Erfðafylgni á milli álíkra greina, eins og T1 og T2 og fjórgangs og B-flokks, er afar há og eru greinarnar því sameinaðar í ofangreinda fjóra keppniseiginleika.
- Það að bæta keppnisgögnum við útreikning á kynbótamati eykur öryggi kynbótamatsins og gerir okkur kleift að birta kynbótamat fyrir árangur í keppni.
  - o Því umfangsmeiri gögn = því meira öryggi kynbótamatsins.
- Öryggi nýju keppniseiginleikanna verður birt en ávallt þarf að hafa í huga að nýta sér kynbótamatið með hliðsjón af öryggi matsins.
- Arfgengi keppniseiginleikanna er á bilinu 27–29% og erfðafylgni þeirra við tengda eiginleika í kynbótadómi er afar há.
- Arfgengi keppniseiginleika er lægra en arfgengi kynbótadóma sem er um 40% og er því mestur þungi á upplýsingar úr kynbótadómi við mat á kynbótamati.
- Kynbótadómur er afar gott spágildi fyrir keppnisárangur og segir okkur mikið um mögulega nýtingu sýndra hrossa við ræktun keppnishrossa.
- Nýtt kynbótamat verður birt í WorldFeng um 20. apríl.







Klippur og beygjuvélar











Stroffur
Naglar
Víralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar



Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vír og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

Bakgrunnur

Þessi nýjung byggir á doktors verkefni Elsu Albertsdóttur frá 2010 þar sem hún sýndi fram á háa erfðafylgni á milli metinna eiginleika í kynbótadómi og árangurs í keppni. Í lok ársins 2022 voru það svo dr. Þorvaldur Árnason og Gísli Guðjónsson (meistaranemi við Sænska Landbúnaðarháskólann) sem tóku það að sér að uppfæra niðurstöður og meta aftur arfgengi keppniseiginleika og erfðafylgni þeirra við eiginleika kynbótadómsins.

Arfgengi og erfðafylgni

Arfgengi eiginleika segir til um hversu mikið þeir ráðast af erfðum (eiginleikar í kynbótadómi og keppni ráðast bæði af erfða- og umhverfisáhrifum). Það gefur því til kynna hversu mikið dómar segja okkur um kynbótagildi gripanna; eftir því sem það er hærra segja dómarnir okkur meira um kynbótagildið.

Arfgengi sameinaðra keppniseiginleika er á bilinu 27-29%, það er því heldur lægra en arfgengi á aðaleinkunn í kynbótadómi (sem er um 40%). Metið arfgengi keppniseiginleikanna segir okkur að þeir eru vel nýtilegir til mats á kynbótagildi. En vegna þess að arfgengi þeirra er lægra en kynbótadómsins verður meiri þungi á upplýsingar úr kynbótadómum í útreikningi á kynbótamati.

Erfðafylgni á milli tveggja eiginleika gefur til kynna að hvaða marki þeir stjórnast af sameiginlegum erfðavísum. Eftir því sem erfðafylgnin er hærri því meira ráðast eiginleikarnir af sameiginlegu erfðavísamengi.

Þegar erfðafylgni keppniseiginleika við eiginleika í kynbótadómi er skoðuð (sjá töflu) kemur í ljós að erfðafylgnin er afar há á milli sambærilegra eiginleika. Til dæmis er 93% erfðafylgni á milli *Tölts* í kynbótadómi og Töltgreina, þá er 92% erfðafylgni á milli *Skeiðs* og Skeiðgreina. Þá er áhugavert að sjá þá háu erfðafylgni sem *Fegurð í reið* hefur við hringvallargreinar og ljóst að sá eiginleiki er afar gott spágildi fyrir keppnisárangur. Af þessu má sjá að mikill ávinningur er að bæta keppnisgögnum við mat á kynbótagildi hrossa. Verðmætar viðbótarupplýsingar um þá eiginleika sem eru innifaldir í ræktunartakmarki íslenska hestsins munu bætast við núverandi kynbótamatskerfi.

> Erfðafylgni á milli tveggja eiginleika gefur til kynna að hvaða marki þeir stjórnast af sameiginlegum erfðavísum. ...

Hvernig gögnin verða nýtt

Nýja kynbótamatið fyrir alla eiginleika í sköpulagi, hæfileikum, hæð á herðar, aðaleinkunn og aðaleinkunn án skeiðs og kynbótamat fyrir keppnisárangri mun byggja á nýtingu gagna úr kynbótadómum og fyrrgreindum keppnisflokkum. Svo dæmi sé tekið: þegar kynbótamat fyrir tölt er metið fyrir einstakling að þá eru upplýsingar nýttar úr eigin dómi, fyrirliggjandi dómum á foreldrum/forfeðrum og afkvæmum. En einnig eru nýttar upplýsingar um aðra eiginleika (tengda eiginleika) í gegnum erfðafylgni þeirra við tölt; hvort sem það eru aðrir eiginleikar sem eru metnir í kynbótadómi (brokk og skeið til dæmis) eða við þær keppnisgreinar sem ætlunin er að nýta í kynbótamatinu. Þannig eru keppniseiginleikarnir ekki vegnir inní matið með vægistuðlum heldur eru upplýsingar um þá nýttar inn í kerfið í gegnum erfðafylgni við eiginleika í byggingu og hæfileikum.

Hvað kynbótadómana varðar er einn dómur notaður við mat á kynbótagildi; hæsti aldursleiðrétti dómur einstaklings. Allir keppnisdómar einstaklings verða á hinn bóginn nýttir og öryggi þeirra eykst upp að vissu marki með fjölda mælinga (skráðs keppnisárangurs). Þannig er öryggi kynbótamats keppniseiginleika hross sem hefur skráðan árangur í a.m.k. 4-5 mótum nánast sambærilegt við öryggi kynbótadóms, þrátt fyrir lægra arfgengi einstaks keppnisdóms.

Þá verður keppniseiginleikum bætt inn í Stóðhestaval og Valparanir í WorldFeng þannig að hægt er að fá uppröðun stóðhesta eftir kynbótamati þeirra fyrir valda keppniseiginleika. Það verður fengur að því, sérstaklega fyrir þá sem leggja mikla áherslu á ræktun hrossa til árangurs í keppni.

Mæting til dóms

Í núverandi kynbótamati er eiginleikinn mæting til kynbóta-dóms einungis skilgreindur fyrir hryssur en í nýju samþættu kynbótamati mun sá eiginleiki ná til beggja kynja og miðast við mætingu til kynbótadóms eða keppni. Öll hross sem eru orðin sex vetra þegar kynbótamatið er reiknað fá skráningu mætingareiginleikans;

Kynbótadómar	Tölt-greinar	Fjórgangs-greinar	Fimmgangs-greinar	Skeið-greinar
Tölt	**0.93**	**0.90**	**0.85**	**0.36**
Brokk	**0.81**	**0.90**	**0.78**	**0.28**
Skeið ≥ 5.5	**0.35**	**0.22**	**0.79**	**0.92**
Stökk	**0.83**	**0.88**	**0.75**	**0.23**
Fegurð í reið	**0.95**	**0.93**	**0.91**	**0.42**
Samstarfsvilji	**0.90**	**0.88**	**0.91**	**0.71**
Fet	**0.19**	**0.53**	**0.47**	**0.06**
Hægt tölt	**0.96**	**0.95**	**0.82**	**0.17**
Hægt stökk	**0.76**	**0.86**	**0.60**	**-0.13**

Erfðafylgni á milli eiginleika kynbótadóms og keppnisgreina. Afar há erfðafylgni er á milli álíkra eiginleika sem bendir til að kynbótadómurinn spái vel fyrir keppnisárangur hrossa og einnig hvað keppnisdómar bæta verðmætum upplýsingum við kynbótamatið.

0 (ekki mæting) eða 1 (mæting) og hafa þar með áhrif (neikvæð eða jákvæð) á kynbótamat sitt og skyldra hrossa. Áhrifin eru missterk fyrir einstaka eiginleika og ráðast aðallega af því hversu háa erfðafylgni þeir hafa við mætingareiginleikann. Mætingareiginleikinn hefur hátt arfgengi 0.4 og sterkustu fylgnina við samstarfsvilja, fegurð í reið, samræmi, tölt, brokk, háls-herðar og bóga, og stökk (0.39-0.56). Erfðafylgni mætingar og keppniseiginleika er 0.24. Rannsóknir hafa sýnt að mætingareiginleikinn gefur allgóða leiðréttingu fyrir forvali í gögnum sem annars mundi skekkja matið. Að kynbótahross geti af sér afkvæmi sem líkleg eru til að koma til dóms eða keppni segir ákveðna sögu um almenn gæði hrossanna og þær upplýsingar geta styrkt ræktunarstarfið og ákvarðanir ræktenda. Upplýsingar af þessu tagi eru m.a. notaðar við ræktun veð- hlaupahrossa með góðum árangri.

Öryggi nýja kynbótamatsins

Öryggi kynbótamatsins, eftir að keppnisgögnum hefur verið bætt við, er að jafnaði að hækka um 10% ef einstök hross eru skoðuð. Að nýta keppnisgögnin bætir miklum upplýsingum um ganghæfni hrossa við núverandi mat. Gagnaskráin með keppnisgögnum eins og hún lítur út núna inniheldur 121,938 færslur fyrir samtals 19,921 hross. Öryggi þeirra hrossa sem hafa kynbótamat í dag sem byggir á litlum upplýsingum hækkar eðlilega mest. Ef afkvæmahestar eru skoðaðir sérstaklega, en kynbótamat þeirra byggir nú þegar á miklum upplýsingum, þá breytast þeir afar lítið í kynbótamati með viðbót keppnisgagna.

Varðandi röðun hrossa í nýja kynbótamatinu samanborið við núverandi mat – þá er fylgnin afar há eða um 99%. Breytingar á hrossum á milli núverandi mats og nýja matsins má sjá hérna fyrir neðan, þ.e. hversu mörg hross eru að hækka eða lækka í aðaleinkunn kynbótamatsins:

- Hross með hækkun ≥ 5 stig 12,841 (2,97%)
- Hross með hækkun ≥ 10 stig 1,685 (0,39%)
- Hross með hækkun ≥ 15 stig 60 (0,014%)
- Hross með lækkun ≥ 5 stig 8,849 (2,05%)
- Hross með lækkun ≥ 10 stig 5 (0,001%)
- Hross með lækkun ≥ 15 stig 0 (0,0%)

Dreifni kynbótamatsins

Ef dreifni nýja kynbótamatsins er skoðuð má sjá að hún dregst aðeins saman og er það eingöngu vegna þess hvernig nýja kynbótamatið er kvarðað. Þess vegna lækka flest hross aðeins í nýja matinu (um 2-3 stig).

Ávinningur

Eins og sjá má er ávinningur þess að bæta keppnisárangri við kynbótamatið afar mikill. Það bætast við verðmætar upplýsingar um ganghæfni og geðslag hrossa og hversu vel þau nýtast sem reiðhross almennt. Við fáum auk þess upplýsingar um mun fleiri hross en við gerum í dag og þar með eykst öryggi til muna. Þá bætast að sjálfsögðu við gagnlegar upplýsingar sem nýtast við ræktun keppnishrossa. Áfram er ráðgjöfin sú að flestar hryssur eigi að fara undir stóðhesta sem standa sig vel sem einstaklingar í kynbótadómi fjögurra, fimm eða sex vetra. Hraðastar erfðaframfarir nást með því enda segja þær upplýsingar okkur mest um kynbótagildi hrossa samanborið við aðrar upplýsingar. Þá er einboðið að velta fyrir sér möguleikanum að bæta við fleiri keppnisflokkum í framtíðinni til að ná til fleiri hestagerða; í raun að nýta keppnisárangur á enn breiðari grunni. Þegar fram líða stundir mætti einnig hugsa sér að nýta gögn um keppnisárangur til að skoða nánar endingu hrossa en í keppnisgögnum höfum við upplýsingar um frammistöðu mun eldri hrossa en algengt er í kynbótadómum. Þannig að það eru spennandi tímar framundan hvað kynbótamat íslenskra hrossa varðar.

Þorvaldur Árnason er búfjárerfðafræðingur í Sviþjóð, Gísli Guðjónsson er meistaranemi við Sænska Landbúnaðarháskólann og Þorvaldur Kristjánsson er hrossaræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.



Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Vísað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar **www.agrogen.is.**

Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaauðlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir allt að kr. 2.000.000.
Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar **www.agrogen.is**
Umsóknum skal skilað fyrir 9. maí 2025 til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - **birna@lbhi.is.**

Erfðanefnd landbúnaðarins



Tækifæri og framtíð landsbyggðarinnar

Á hverju ári flytur fjöldi ungs fólks frá heimabyggðum sínum yfir á höfuðborgarsvæðið. Aðalástæðurnar eru oft menntun, atvinnuleit og skortur á tækifærum í heimahéraði.



Anton Guðmundsson.

Þessi þróun hefur áhrif – ekki aðeins á þau sem flytja, heldur líka á samfélögin sem þau skilja eftir. Byggðir um landið veikjast þegar íbúum fækkar, þjónusta dregst saman og fyrirtæki eiga erfiðara með að fá starfsfólk. Þetta þarf ekki að vera svona – og má breyta.

Með því að horfa til nýsköpunar, fjölbreyttari menntunar og atvinnuuppbyggingar er hægt að styrkja heimabyggðirnar þannig að ungt fólk hafi raunveruleg tækifæri til að velja að vera áfram eða snúa aftur eftir nám. Það krefst þó þess að byggðarmál séu sett á oddinn í stefnumótun – og að tekið sé á þeim með aðgerðum, ekki aðeins orðum.

Hefðbundnar atvinnugreinar og nýir möguleikar

Sjávarútvegur, landbúnaður, stóriðja, fiskeldi og ferðaþjónusta eru rótgrónir atvinnuvegir víða um land. Þeir skapa verðmæti og störf – en duga ekki alltaf til að halda í ungt fólk sem sækist eftir fjölbreyttari störfum, nýrri þekkingu og sveigjanleika.

Það þarf því að bjóða upp á fleiri leiðir. Með stuðningi við nýsköpun, sprotafyrirtæki og fjarvinnu skapast ný störf sem ekki eru bundin staðsetningu. Fjölmargir búa yfir færni sem nýtist í stafrænu umhverfi – hvort sem um er að ræða hugbúnaðargerð, hönnun, ráðgjöf, greiningarvinnu eða þjónustu sem hægt er að veita hvar sem er. Landsbyggðin getur verið mjög góður vettvangur fyrir slíkt – ef vilji er til að styðja við þá þróun.

Menntun sem hentar fólki á landsbyggðinni

Fjarnám og dreifinám hafa opnað nýjar leiðir fyrir fólk utan stærstu þéttbýliskjarna. En fleiri úrræði þurfa að koma til – og það þarf að tryggja að menntun sé í takt við þarfir atvinnulífsins á hverjum stað. Samstarf milli skóla, fyrirtækja og sveitarfélaga getur skipt miklu máli.

Jafnframt þarf að hvetja ungt fólk til að snúa heim eftir nám. Það má gera með því að bjóða tækifæri til atvinnuþátttöku, nýsköpunarstyrki, aðstoð við húsnæðismál og tengingu við samfélagið. Ungt fólk vill taka þátt og skiptir máli – það þarf bara að fá tækifæri til þess.

Opinber störf – dreifing sem virkar

Eitt af því sem virkilega getur styrkt byggðir eru opinber störf. Það eru engin haldbær rök lengur fyrir því að allar ríkisstofnanir og opinber störf séu staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Með tækni eins og fjarfundum, rafrænni undirritun og stafrænni umsýslu er hægt að vinna fjölmörg störf hvaðan sem er.

Fjölmörg sveitarfélög hafa nægt lóðarframboð, góða innviði og vilja til að taka við stofnunum eða hluta þeirra. Það er því spurning um forgangsröðun – hvort menn vilji virkilega byggja upp fleiri staði á Íslandi eða halda áfram að einblína á eitt svæði. Þetta er spurning um jafnræði, þjónustu og framtíðarsýn fyrir landið í heild.

Ungt fólk á ekki að þurfa að flytja til að finna sér tækifæri. Það á að vera raunhæfur kostur að búa í sinni heimabyggð, stunda þar nám eða vinna, og lifa góðu lífi. Til þess þarf markvissa stefnu og raunverulegar aðgerðir. Það þarf að treysta landsbyggðinni fyrir verkefnum, fjárfestingum og tækifærum – ekki bara vona að fólkið þar sætti sig við minni hlutverk.

Ef við viljum framtíð fyrir allt landið, þá verðum við að taka byggðarmál alvarlega og bregðast við núna – með skynsamlegri dreifingu, nýjum úrræðum og aukinni trú á það sem heimabyggðir landsins hafa fram að færa.

Höfundur er oddviti Framsóknar í Suðurnesjabæ.

Sátt um lok á samkeppnismálum Mjólku og Mjólkursamsölunnar

Vorið er árstíð bænda. Þá lifnar landið og gróandi klæðir landið. Af því tilefni vil ég senda bændum vorkveðju um leið og ég geri þeim grein fyrir frágangi og lokum á svokölluðum samkeppnismálum sem sneru að átökum Mjólku og Mjólkusamsölunnar (MS) og Kaupfélags Skagfirðinga á mjólkurvörumarkaði um 17 ára bil.



Ólafur Magnús Magnússon.

Málið hófst þegar upplýst var að Mjólkursamsalan hafði brotið alvarlega samkeppnislög gagnvart Mjólku með mismunun í verðlagningu, og beitt þar markaðsráðandi stöðu sinni með alvarlegum hætti, ásamt fleiri alvarlegum brotum á sömu lögum. Brotin voru ítrekuð og fjölþætt og sköðuðu fyrirtækið mikið með beinu fjárhagstjóni, og á annan hátt.

Málarekstur bæði hjá Samkeppniseftirlitinu, fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og á öllum dómstigum, þ.e. Héraðsdómi Reykjavíkur, Landsrétti og Hæstarétti Íslands, tók í heild sinni um 17 ár. Í öllum tilvikum hafði Mjólka fullnaðarsigur, fyrir utan áfrýjunarnefnd samkeppnismála, en hún klofnaði í niðurstöðu sinni. Í því efni má nefna að við hjá Mjólku gagnrýndum mjög að Stefán Már Stefánsson, prófessor emeritus, hafi ekki vikið sæti í nefndinni, enda töldum við hann klárlega vanhæfan í málinu vegna umfangsmikilla hagsmuna af vinnu fyrir Bændasamtök Íslands um árabil og ráðgjafar í ýmsum málum. Voru þar undir miklir fjárhagslegir hagsmunir, svo ekki sé meira sagt. Það er okkar mat að Stefán Már hafi sett mjög niður við þessa framgöngu. Þetta litaði því miður störf áfrýjunarnefndar með ófaglegum hætti, eins og kom svo á daginni í niðurstöðum dómstóla sem voru mjög afgerandi.

Alls kallaði ofanskráður málarekstur á 7 fyrirtökur fyrir dómi hér heima og 4 fyrirtökur í vörumerkjamálinu Finnlandi, en Mjólka hafði fullnaðarsigur í öllum þessum málum. Við bjuggum á stundum við svo þröngan stakk að við fluttum málin sjálf, höfðum ekki ráð á lögfræðiaðstoð.



Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Átök sem reyna á

Öll þessi átök reyndu mjög á alla hlutaðeigandi, ekki síst okkar fjölskyldu sem mátti búa við tjónið sem af þessari framgöngu hlaust, og eru þá ónefnd þau hatrömmu átök sem málarekstrinum fylgdi. Án efa hefur þetta einnig reynt á forystumenn MS, bændur og ekki síst almennt starfsfólk sem bar enga ábyrgð á þessari framgöngu allri, frekar en almennir bændur. Við biðjumst hér með velvirðingar á því og þykir það miður.

Því miður fylgir svona átökum að fólk skipar sér í sveitir, og af stað fer atburðarás sem enginn gat séð fyrir hvernig endaði eða hvaða mynd tæki á sig, hvorki af hálfu MS né annarra málsaðila. Við hjá Mjólku máttum þola ýmislegt þar sem fótgönguliðar tóku sig til að eigin frumkvæði og gengu hart fram gagnvart okkur, og töldu sig hafa fulla heimild til þess, ekki síst í ljósi þess að sjálfskipaðir varðhundar kerfisins, m.a. fyrrverandi landbúnaðarráðherra, sem gerði sig ítrekað sekan um að fara endurtekið með helber ósannindi, alvarlegan atvinnuróg og annan þvætting, bæði opinberlega og á vettvangi bænda. Slík framganga gefur skotleyfi á fólk, fyrirtæki þeirra og fjölskyldur sem er erfitt að búa við og er slík framkoma ekki til eftirbreytni. Það væri þarft að slíkir aðilar þekktu sinn vitjunartíma, og héldu sig við trúðshlutverkið sem fer þeim betur en sérhagsmunagæslan.

Þannig var því ítrekað haldið fram að MS hefði tapað háum fjárhæðum á viðskiptum við Mjólku, en rannsókn og gögn Samkeppniseftirlitsins sýndu hins vegar ótvírætt fram á að svo var ekki, heldur var um viðskipti/millifærslu á milli MS og KS að ræða við yfirtökuna á Mjólku.

Betur má ef duga skal

Við ruddum sannarlega brautina og samkeppni ríkir nú á mjólkurvörumarkaði og barátta okkar hefur skilað lífvænlegri rekstrarskilyrðum fyrir nýja aðila á þessum markaði eftir ríflega 80 ára einokunarsögu, en betur má ef duga skal í þeim efnum. Við áttum nefnilega öfluga liðsmenn í Samkeppniseftirlitinu sem tryggðu þessa niðurstöðu með vandaðri vinnu, og hafa unnið hvert afrekið á fætur öðru sem hefur verið eftirtektarvert. Að mínu viti er enginn betur að fálkorðu forseta Íslands kominn en forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson, fyrir þau afrek sem eftirlitið hefur unnið undir forystu hans.

Eftir að niðurstöður dómstóla lágu fyrir, var ljóst að Mjólka ætti hugsanlega ríkar skaðabótakröfur á hendur Mjólkursamsölunni, eða allt að 1.800 milljónir, ekki síst vegna þess mikla tíma sem málareksturinn tók.

Við fjölskyldan að Eyjum II í Kjós, og stofnendur Mjólku, erum hefðbundið bændafólk sem hefur fyrst og fremst viljað skapa sér lífsviðurværi og afkomu með stofnun og rekstri Mjólku. Okkar markmið var aldrei að koma höggi á Mjólkursamsöluna eða íslenska bændur, heldur þvert á móti höfum ávallt verið þeim velviljuð. Því síður var það okkar markmið að verða rík á kostnað bænda og neytenda, og því var niðurstaða okkar sú að ljúka málinu, hvað varðar skaðabótakröfu gagnvart MS, með þeim hætti að þær yrðu ekki sóttar í vasa bænda eða neytenda.

Við höfðum því frumkvæði að sáttum í málinu og lögðum fram þá tillögu að við fengjum greiddan stóran hluta af útlögðum lögfræðikostnaði við málareksturinn, bæði hér heima og erlendis. Málinu var lokið á grunni þeirra tillagna. Aðrar kröfur voru felldar niður af okkar hálfu. Íslenskir neytendur og bændur fá því ekki bakreikning vegna þessarar baráttu og þess herkostnaðar og beina fjárhagstjóns sem við urðum fyrir.


Auðmýktin er móðir virðingar

Við hvetjum bændur til að standa þétt við bakið á sínum fyrirtækjum, en ganga fram af auðmýkt og sanngirni gagnvart samkeppnisaðilum sínum á markaði. Jafnframt hvetjum við þá til að velja til forystu hæft og framsýnt fólk, sem sér ekki framþróun og breytingar sem óvin heldur sem nýtt tækifæri. Einnig er mikilvægt að bændur sýni þeirri vernd og stöðu sem hefur verið þjóðarsátt um að skapa bændum, veglæti og virðingu, og ganga um það vald sem í því felst af auðmýkt og ábyrgð. Þá mun bændum farnast vel og samfélagið standa vörð um íslenskan landbúnað og efla hann, því auðmýkt er móðir virðingar.

Við fjölskyldan í Eyjum II í Kjósarhreppi sendum bændum og neytendum okkar bestu óskir um gleðilegt og gjöfult sumar.

Höfundur er stofnandi Mjólku.





Samdráttur í kartöfluuppskeru

Hagstofa Íslands sló upp á forsíðu sinni nýlega að kartöfluppskeran 2024 hefði verið óvenjulítil.



Torfi Jóhannesson.

Um 25% lægri en árið á undan og að við þyrftum að fara aftur til ársins 1993 til að finna minni uppskeru. Þetta er allt satt og rétt. En við vitum að kartöfluuppskera sveiflast mikið milli ára og þótt uppskeran árið 1993 hafi verið einungis 3.900 tonn þá var fimm ára meðaltal 1990–1994 yfir 10.000 tonn. Sú er ekki raunin nú heldur er meðaluppskera síðustu fimm ára einungis 6.700 tonn sem er lægsta fimm ára meðaltal í gögnum Hagstofunnar (sem ná aftur til 1977). Næstlægsta fimm ára meðaltal er svo 2015–2019.

Og það þarf ekki mikla tölfræðikunnáttu til að sjá að langtímaþróunin er niður á við. Nærtæk skýring væri að innflutningur sé að aukast og það staðfestist í innflutningsskýrslum. Síðustu árin hefur árlegur innflutningur verið á bilinu 2.500 tonn en var nær 1.500 fyrir 20 árum síðan. Þetta skýrir þó aðeins hluta samdráttarins því þrátt fyrir stöðuga fólksfjölgun er neysla á kartöflum á niðurleið.


Þetta eru slæmar fréttir út frá sjónarmiðum innlendrar framleiðslu og fæðuöryggis. Sérstaklega því til viðbótar við opinberar hagtölur hefur alltaf verið mikið um heimaræktun á kartöflum, sem nær örugglega er að dragast saman líka. Og kartöflur eru nær eina kolvetnafæðan sem verið er að rækta á Íslandi í einhverju magni.

Innflutningur á kartöflum er nú nálægt 40% af heildarneyslu og augljóslega ættu að vera möguleikar á að auka innlenda framleiðslu á kostnað innflutnings. Þegar kafað er í tölurnar kemur þó í ljós að stærstur hluti innflutnings eru bökunarkartöflur, sem getur verið erfitt að rækta hérlendis í stórum stíl. Þá er óraunhæft annað en að alltaf verði nokkuð flutt inn af nýjum kartöflum yfir sumarmánuðina.

Annar möguleiki væri að auka neyslu á kartöflum á kostnað annarra valkosta. Snöggsoðinn samanburður undirritaðs á útsöluverði í Danmörku og Íslandi bendir til þess að algengar pastategundir séu á svipuðu verði á meðan kartöflur eru tvöfalt dýrari á Íslandi. Frekari greiningar þarf til að hægt sé draga víðtækari ályktanir en það virðist full ástæða til að skoða með hvaða hætti sé hægt að styðja betur við innlenda kartöflframleiðslu og stöðva þessa neikvæðu þróun.

Höfundur er frkv.stjóri Nordic Insights.





Innflutningur á erlendu kúakyni til mjólkurframleiðslu

Í kjölfar umræðu um innflutning á erlendu kúakyni til mjólkurframleiðslu vill erfðanefnd landbúnaðarins benda á að ef af innflutningi verður þarf að huga að verndun íslenska kúastofnsins.

Það er sennilega einsdæmi að til sé virkt, kynbótahæft landkyn með jafnlanga, einsleita og trausta forsögu og það íslenska. Íslenski kúastofninn hefur verið nægilega stór til að standa undir virku kynbótastarfi og á meðan hann er eini mjólkurkúastofn landsins hefur ekki þurft að hafa áhyggjur af viðgangi hans, en gæta hefur þurft að þróun skyldleikaræktar í stofninum. Erfðaframfarir hafa verið töluverðar í stofninum á undanförnum árum og í lok árs 2022 var tekið upp erfðamengjaúrval og hafnar eru tilraunir með notkun á kyngreindu sæði. Í ljósi þess að mikill munur er á meðalnyt milli búa, væri ástæða til að huga betur að rannsóknum og ráðgjöf varðandi fóðrun, uppeldi og aðbúnað.

Í landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins 2024–2028 (www.agrogen.is) kemur fram að nauðsynlegt sé að gera úttekt á verndargildi kúastofnsins, ræktun og viðhaldi verndaðs stofns ef til innflutnings á öðru kúakyni kemur. Þetta felur í sér að skipuleggja þarf verndunarstofninn frá upphafi og setja upp skýrsluhald og ræktunaráætlun, sem miði að viðhaldi stofnsins til lengri tíma. Rétt er að leggja áherslu á að skipuleg verndun íslenska kúastofnsins mun kosta töluverða fjármuni og fjármögnun starfsins verður að tryggja til frambúðar. Verndunargildi íslenska kúastofnsins er ótvírætt, litafjölbreytni er einstök og sennilega eru fá eða engin nautgripakyn í Evrópu sem hafa haldist við án innblöndunar jafnlengi og það íslenska. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi sérkenna íslensku kúnna í samanburði við erlend kyn. Erfðafræðilegur samanburður kúakynja á Norðurlöndum sem gerður var á vegum Norræna genabankans fyrir húsdýr sýndi að það er munur á tíðni próteingerða í mjólk hjá íslenskum kúm og hjá framleiðslukynjum á Norðurlöndum. Munurinn er íslensku mjólkinni í hag varðandi nýtingu mjólkur til ostagerðar. Nýlega birtist vísindagrein sem sýndi fram á að mjólk úr íslenskum kúm inniheldur hátt hlutfall fásykra (oligosaccharides) sem eru vel til þess fallnar að nýta í fæðubótarefni sem t.d. styrkja ónæmiskerfið, hafa góð áhrif á meltinguna og draga úr líkum á offitu. Báðir þessir eiginleikar eru verðmætir og hugsanlega búa íslenskar kýr yfir fleiri sérstæðum eiginleikum sem geta orðið verðmætir í framtíðinni. Til langtíma varðveislu þarf einnig að huga að því að safna erfðaefni úr íslenskum nautgripum. Í dag er aðeins varðveitt sæði úr völdum nautum á Nautastöð BÍ. Til að fanga sem mestan breytileika í stofninum þarf að varðveita erfðaefni úr breiðum hópi gripa.

Á deildarfundi nautgripabænda sem haldinn var 27.–28. febrúar s.l. voru samþykktar tvær tillögur sem snúa að innflutningi á erlendu mjólkurkúakyni. Annars vegar tillaga þar sem fundurinn hvetur stjórnvöld til að hefja vinnu við verndaráætlun fyrir íslenska mjólkurkúakynið og hins vegar að stjórn nautgripabænda skipi starfshóp til að greina áhrif af hugsanlegum innflutningi á erfðaefni úr erlendu mjólkurkúakyni á íslenska mjólkurframleiðslu. Erfðanefnd landbúnaðarins fagnar þessum ályktunum og telur að nautgripabændur séu með þessu að sýna ábyrgð. Erfðanefndin vill leggja á það ríka áherslu að umræða og ákvarðanataka í þessu máli geti ekki farið fram nema að raunsæ verndaráætlun fyrir íslensku kúna liggi fyrir, hvernig eigi að framkvæma þá verndun og hvað hún komi til með að kosta.

Hlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er skilgreint í 16. grein búnaðarlaga nr. 70/1998 og 5. grein laga um innflutning dýra nr. 54/1990. Um starf nefndarinnar gildir reglugerð 151/2005 um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Reglugerðin er sett með skírskotun til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem Alþingi fullgilti 1994. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda þjóðir heims sig til að vernda og viðhalda erfðaauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Lögð er áhersla á umráðarétt þjóða yfir eigin erfðaauðlindum og þar með ábyrgð á verndun þeirra. Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er því að fjalla um innflutning á erlendu kúakyni út frá sjónarmiðum verndunar búfjárstofna og varðveislu erfðafjölbreytileika þeirra.

Erfðanefnd landbúnaðarins.



„ Það er sennilega einsdæmi að til sé virkt, kynbótahæft landkyn með jafnlanga, einsleita og trausta forsögu og það íslenska.“ Mynd / Bbl





Skaðvaldar á trjám og runnum

Skógar byggja upp fjölbreytta skógarauðlind sem veitir mönnum og náttúru ýmiss konar þjónustu.



Helga Ösp Jónsdóttir.



Brynja Hrafnkelsdóttir.

Sú þjónusta getur verið efnahagsleg í formi auðlinda m.a. til viðarframleiðslu, umhverfisleg með gróður- og jarðvegsvernd, skjólmyndun og bindingu kolefnis. Síðast en ekki síst getur þetta verið félagsleg og lýðheilsuleg þjónusta í formi útvistarskóga og grænna svæða í byggð. Heilbrigði skóga hefur áhrif á gildi þeirra og getu til að veita þessa fjölbreyttu þjónustu. Oft og tíðum ímyndar maður sér skógana sem heildstætt kerfi þar sem ákveðið jafnvægi ríki en í raun eru skógarnir tiltölulega flókið og breytilegt kerfi. Skógarvistkerfið samanstendur af mörgum þáttum eins og trjátegundum og öðrum plöntutegundum, dýrum smáum sem stórum, örverum og jarðvegi ásamt ólíkum umhverfisþáttum.

Í umhverfinu eru fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á heilbrigði trjáa. Flest skordýr teljast hagnýt, eru skaðlaus gagnvart trjám og gegna mikilvægu hlutverki í lífríkinu á meðan önnur skordýr valda beinum skaða á trjám og eru því talin vera meindýr. Það sama gildir um örverur, hvort sem um er að ræða bakteríur eða sveppi, að langflestar örverur gegna ákveðnu nytsamlegu hlutverki í lífríkinu t.a.m. í ýmsum niðurbrotsferlum á meðan sumar örverur sníkja af lifandi plöntum og geta því valdið plöntusjúkdómum og skaðlegum áhrifum á trjám. Aðrir þættir úr umhverfinu, til að mynda óhagstætt veðurfar og skortur eða ofgnótt ljóss, vatns og næringarefna, geta einnig valdið skaða á plöntum og er þá talað um kjarrænan skaða.

Afleiðingarnar geta verið misalvarlegar, allt frá því að vera einungis sjónrænn skaði á plöntunni upp í alvarlegt vaxtartap og jafnvel trjádauða. Þegar planta er að berjast við skaðvald hefur hún einnig minni orku til að verjast öðrum skaðvöldum og þar með minni samkeppnishæfni gagnvart öðrum plöntum sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir hana.

Á Íslandi finnast mun færri skaðvaldar á trjám samanborið við nágrannalönd okkar. Skýrist það einna helst af landfræðilegri einangrun auk þess sem veðurfar er ekki hagstætt hér fyrir margar tegundir. Á síðustu árum hefur skaðvöldum aftur á móti fjölgað talsvert. Meindýr og sjúkdómar á trjám sem hafa numið hér land nýlega valda oft meiri skaða hér en í upprunalöndum sínum, þar sem þeir hafa verið lengur. Þetta er líklega vegna þess að trjáplöntur á svæðum þar sem skaðvaldurinn hefur verið í lengri tíma eru búnar að aðlagast viðkomandi skaðvaldi og framleiða til dæmis varnarefni til að minnka skaðann af völdum hans. Einnig fylgja náttúrulegir óvinir skaðvaldsins, sem halda stofnum hans í skefjum, oft ekki með þegar hann nemur land á nýju svæði og er skaðinn því meiri. Einnig hafa orðið breytingar á stofnstærð og útbreiðslu skaðvalda sem hafa verið hér lengur, líklega vegna hlýnunar. Ekki er ólíklegt að áhrifin verði meiri í framtíðinni, bæði af völdum innlendra og erlendra skaðvalda, ef meðalárshiti heldur áfram að hækka.

Á næstu mánuðum munu birtast greinar í Bændablaðinu um nokkra algenga skaðvalda á trjám og runnum á Íslandi. Þar verður fjallað nánar um viðkomandi skaðvald, lífshætti, útbreiðslu og hvaða afleiðingar hann hefur fyrir trjáplöntur og skóga hérlendis.

Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi.



Árekstrarprófuð Sænsk hillukerfi
í alla atvinnubíla.
Sterk en létt hillukerfi sem endast.
Teiknum og gerum tilboð. Öll þjónusta á staðnum.
Svansson ehf. Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður.
www.svansson.is sala@svansson.is



Hnúfubakar eru farnir að sjást í auknum mæli í Ísafjarðardjúpi á meðan mjög fáar hrefnur hafa sést í hvalarannsóknum. Mynd / Todd Cravens

Ferðaþjónusta:

Griðasvæði hvala við Ísafjarðardjúp

Samtök ferðaþjónustunnar og Hvalaskoðunarsamtök Íslands hafa beint þeirri tillögu til atvinnuvegaráðherra að Ísafjarðardjúp verði skilgreint sem griðasvæði hvala með reglugerð.

Þar segir að á undanförnum árum hafi byggst upp fjölbreytt ferðaþjónusta í og við Ísafjarðardjúp og er skipulögð hvalaskoðun frá Ísafirði hluti af því. Þá hafa fyrirtæki sem annast siglingar með ferðamenn um svæðið notið þess að hnúfubakur er í auknum mæli farinn að láta sjá sig í Ísafjarðardjúpi.

Í lok síðasta árs var gefið út veiðileyfi fyrir allt að 217 hrefnur árlega til minnst fimm ára. Í áðurnefndu erindi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Hvalaskoðunarsamtakanna (Icewhale) segir að hrefnuveiðimenn hafi lýst því yfir að veiðarnar muni fara fram í og við Ísafjarðardjúp. SAF og Icewhale segja einungis tvær hrefnur hafa sést í hvalarannsóknum í Ísafjarðardjúpi á tímabilinu júní til september í fyrra.


Í erindinu er bent á að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hafi árið 2017, þegar hún var landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, stækkað griðasvæði hvala í Faxaflóa umtalsvert í framhaldi af ósk Icewhale. Bent er á að fleiri fordæmi séu fyrir griðasvæðum hvala, meðal annars í Steingrímsfirði, Eyjafirði og við Skjálfanda.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur rætt erindið á sínum fundi og bókað eftirfarandi: „Bæjarráð Ísafjarðarbæjar getur tekið undir að hvalveiðar og hvalaskoðun eigi illa samleið ef ekki er hugað að sambúð þessara atvinnugreina. Bæði minnkar það sem af er tekið, en einnig geta veiðarnar, löndun og verkun haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Ein leið er að stofna griðasvæði eins og bréfritarar leggja upp með, en einnig má hugsa sér aðrar takmarkanir í tíma eða rúmi.“ */ál*



BELKOD EHF
belkod@belkod.is
belkod.is
verslun.belkod.se
facebook.com/belkodehf
BELKOD





Húsin okkar

Bambahús eru einstök hönnun sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu. Bambahús eru smíðuð úr galvaneseraði stálgrind, klædd með 10mm. einangruðu gróðurhúsaplasti og koma með sérsmíðaðri stálhurð, ásamt loftglugga með stormjárni.

Bambahús smíða falleg gróðurhús, níðsterk og notendavæn. Gróðurhúsin koma fullbúin og hagkvæm til notkunar allt árið um kring. Þau er létt og meðfærileg og alltaf hægt að bæta við einingum.
Bambahús eru hönnuð til að rækta fæðu í mold og auðvelt að umbreyta í alla tegundir ræktunar ásamt plássi fyrir kósýsvæði.

Verð frá 369.000 kr. + vsk.

Bambahús koma með gróðurkerjum í vinnuhæð og það má tvöfalda ræktunarplássið með því að nýta rýmið fyrir neðan gróðurkerin. Bambahús eru einstök, lítið viðhald er á húsunum, einfalt í uppsetningu, lágt verð og hefur jákvæð umhverfisáhrif.

Eiginleikar

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjóþunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er íslenkst hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun

Kaldi Bambapotturinn



BAMBAHÚS
www.bambahus.is
bambahus@bambahus.is
s.862-5008

Unnið með vondar veirur og barátta gegn þeim

– Úr fórum Margrétar Guðnadóttur, læknis, veirufræðings og prófessors á Tilraunastöðinni á Keldum

Margrét Guðnadóttir, læknir, veirufræðingur og prófessor, var eftirminnileg afrekskona. Of langt yrði að telja upp öll tilþrif hennar á vísindasviði. Hún var fædd í Landakoti á Vatnsleysuströnd 7. júlí 1929. Hún dó 2. janúar 2018, næstum 90 ára. Veirur urðu ævilangir lífsförunautar Margrétar.



Höfundur, Sigurður Sigurðarson dýralæknir, ásamt Margréti Guðnadóttur á góðri stundu. Mynd / Einkaeign.

Björn Sigurðsson frá Veðramóti í Skagafirði, forstöðumaður á Keldum, bauð henni vinnu, taldi hana efni í vísindamann, er félli vel í hópinn á Keldum. Hún hóf störf þar og rannsóknir, fyrst á lungnabólgu og mænusótt í fólki, síðan á rauðum hundum og bólusetningum. Hún fór í framhaldsnám til Bretlands, en síðan til Bandaríkjanna í Yale-háskólann þar sem hún stundaði nám í veirufræðum 1958–60 og hóf svo aftur störf á Keldum við rannsóknir á meinum manna og húsdýra. Fyrsta verkefni Keldna var að rannsaka og skilgreina illvíga smitsjúkdóma, sem áður voru óþekktir hér, fluttir inn með 20 Karakúl-kindum frá Þýskalandi 1933. Þetta voru votamæði, þurramæði, visna og garnaveiki, svokallaðir Karakúl-sjúkdómar. Þeim fylgdu falleg vottorð um heilbrigði, sem reyndust falsvottorð. Í framhaldsnámi mínu í Þýskalandi 1973 kynntist ég manni sem hét Ronald Ziegler. Hann hafði séð um fjárbúið við háskólann í Halle, sem seldi Karakúl-féð til Íslands. Hann spurði mig hvernig gengið hefði með Karahúl-féð á Íslandi. Ég sagðist þekkja þá sögu, þar sem ég hefði tekið þátt í baráttu gegn sjúkdómum sem bárust með fénu. Þeir hefðu nærri gert út af við íslenska fjárstofninn. Hann sagði þá: „Það var ekki eins heilbrigt féð og yfirmenn okkar í Halle vildu vera láta. Við fengum fyrirmæli um að grafa í kyrrþey kindur sem veiktust og drápust, ella myndi það spilla sölumöguleikum fjárins.“ Heilbrigðisvottorð eru stundum villandi, jafnvel fölsuð, ef það þjónar hagsmunum seljenda. Það sannaðist hér. Margrét fór að vinna við rannsókn á Karakúl-sjúkdómunum. Sumir af þessum sjúkdómum og öðrum sem Margrét fékkst við voru líka mannamein eða náskyldir þeim. Margt mátti því af þeim læra fyrir heilsu manna og dýra.

Rannsóknir Björns og samstarfsmanna hans sýndu að sama veira var orsök þurramæði og visnu. Þegar veiran lagðist á öndunarfærin varð sjúkdómurinn þurramæði, en þegar sama veira lagðist á taugakerfið varð sjúkdómurinn visna. Frekari rannsóknir Keldnamanna vörpuðu ljósi á nýtt svið í læknisfræðinni, áður ekki skilgreint. Það voru smitsjúkdómar með óvenjulangan meðgöngutíma, sem þeir kölluðu á ensku ,,slow infections“. Björn Sigurðsson stýrði þessum rannsóknum en samverkamenn hans voru Guðmundur Gíslason læknir, Páll Agnar Pálsson, síðar yfirdýralæknir, og Halldór Grímsson efnafræðingur.

Einnig má nefna Halldór Vigfússon frá Engey, aðstoðarmann Guðmundar, er vann við sjúkdómagreiningar. Hann naut sérstakrar virðingar fyrir víðtæka þekkingu og nákvæmni í störfum. Ég nefni líka Steina gamla, Þorstein Þorsteinsson frá Háafelli í Hreppi, sem var alhliða hjálparhella, viðgerðarmaður og smiður á einföld rannsóknartæki úr tré, járni og dýrari efnum. Steini sá einnig um að brenna hræin þegar krufið var. Á Keldum voru líka margar konur vísindamenn sem tóku þátt í rannsóknum. Þetta starf gagnaðist mér vel við dýralæknisnámið í Ósló og síðar. Að loknu prófi varð ég samverkamaður Margrétar um árabil. Kenninguna um ,,slow infections“ útskýrði Björn Sigurðsson í frægum fyrirlestri í London 1954. Björn andaðist fimm árum síðar, langt um aldur fram. Hann hefði getað fengið Nóbelsverðlaun í læknisfræði, vegna þessara rannsókna. Karakúl-sjúkdómarnir voru á leið með að leggja allt landið undir sig. Landinu var skipt í mörg varnarhólf. Sjúkdómum þessum var loks útrýmt. Til þess þurfti fjárskipti. Öllum kindum var fargað frá Jökulsá á Fjöllum vestur, suður og austur um að Mýrdalssandi. Vestfirðir, Austfirðir og svæðið austan að til Mýrdalssands slapp að mestu. Bannað var að flytja fé milli svæða. Með því móti varð baráttan viðráðanleg. Engin ráð önnur dugðu, hvorki voru þekkt lyf né bóluefni. Garnaveiki lifði þó af fjárskiptin. Hún lagðist á öll jórturdýr, sauðfé, geitur, nautgripi og hreindýr. Bóluefni frá Keldum takmarkaði tjónið. Við garnaveiki er enn glímt eftir 90 ár.

> „Menntun er lykill að farsæld manna, en gróðafíkn er eitur fyrir mannlífið ...

Um 100 þúsund kindur dóu úr Karakúl-sjúkdómunum og um 650 þúsund var fargað í þessari baráttu. Nýr fjárstofn fyrir niðurskurðarsvæðin var fenginn af ósýktu svæðunum á Vestfjörðum og úr Öræfum. Margrét tók þátt í lokabaráttunni gegn mæðiveiki, leitaði mótefna og ummerkja mæðiveiki í mörg þúsund blóðsýnum og lungum úr sláturfé frá grunuðum svæðum. Baráttan stóð í 10 ár. Þá var mæðiveiki úr sögunni. Margrét skildi sérstöðu okkar vegna heilbrigðis búfjár á Íslandi og hreinleika umhverfisins. Hún vann að dýra- og mannameinum full af eldmóði og áhuga, sem aldrei bilaði.

Hún gaf gagnleg ráð og





leiðbeiningar. Á skoðanir hennar var hlustað og farið eftir þeim. Enn er vitnað til Margrétar, þótt hún sé löngu dáin. Nú er það vegna kröfu um innflutning frá Noregi á nythærra kúakyni en því íslenska. Fyrir 20 árum var sama krafa sett fram. Ég birti brot úr áliti Margrétar frá 2000. Hún skrifaði:

,,Ég er hrædd um að þessi innflutningur (fósturvísa kúa frá Noregi) geti fært okkur hættulega sjúkdóma, er hafa aldrei fundist hér, og vil gera það sem ég get til að koma í veg fyrir óbætanlegt tjón, sem af slíkum innflutningi getur hlotist. Löng reynsla í vinnu með hæggenga smitsjúkdóma í sauðfé hefur kennt mér margt. Þess vegna ætla ég hér og nú að vara alveg sérstaklega við innflutningi norsku fósturvísanna, vegna tveggja hæggengra sjúkdóma í kúm. Það eru kúariða og hvítblæði. Þeir hafa aldrei fundist hér á landi. Við skulum enga áhættu taka, því að báðir geta valdið banvænum mannasjúkdómum, ef sýklarnir sem valda þeim komast í fæðukeðju manna.“

Stefán Aðalsteinsson búfjárfræðingur vakti athygli á því að í mjólk erlendra kúa sé meira af próteininu ,,beta-kasein A1“ en í íslenskri mjólk. Tíðni sykursýki í börnum er mun lægri hér á landi en í öðrum löndum vegna þess. Ýmislegt fleira mælir gegn erlendu þungu kúakyni, að mati Stefáns. Með því er stefnt að verksmiðjubúskap og innistöðu mestallt árið. Ef til kæmi myndi sala mjólkur leggjast af smám saman í dreifðum byggðum landsins.

Margrét var skipaður prófessor í sýklafræði við Háskóla Íslands 1969, fyrst íslenskra kvenna. Mesta ánægja hennar í starfinu var kennslan. Hún lagði sig alla fram, hafði mikinn metnað fyrir hönd nemenda sinna og talaði um þá af virðingu og hlýju og var því einstaklega vel látin sem kennari. Margrét setti fram þá kenningu, sem reyndist rétt, að mæði/visnuveiran hefði hæfileika til að skjóta sér undan náttúrulegum vörnum með stökkbreytingu. Svipað má segja um alnæmis-/eyðniveiruna. Margrét hóf tilraunir með framleiðslu á bóluefni gegn visnu, í von um að það gæti gagnast í baráttu gegn eyðni í fólki. Í fyrstu hafði hún aðstöðu fyrir tilraunafé á Keldum. Margrét hélt áfram að vinna, hlífði sér aldrei og gaf sér ekki tíma fyrir frí eins og aðrir, þótt aldur færðist yfir. Vegna lokatilraunar hennar með bóluefni gegn visnu náði hún sambandi við dýralækna og stjórnvöld á Kýpur í Miðjarðarhafi, en þar er mæði og visna útbreidd eins og víða erlendis. Þar var því kjörinn vettvangur fyrir rannsóknir hennar. Þegar Margrét var komin hátt á níræðisaldur birti hún grein um rannsóknir sínar þar sem hún sýndi fram á að bóluefnið gæti dregið úr krafti sjúkdómsins visnu. Þessi niðurstaða gaf von um að sömu aðferð mætti beita gegn þeim alvarlega, erfiða og skylda sjúkdómi eyðni eða alnæmi í fólki. Óvíst er, hvað gert verður með þessar niðurstöður.

Í 40 ára afmæli Tilraunastöðvarinnar var kampavín í glösum. Ég sat við hliðina á Margréti og þar stóðu 2 Pálar, 2 Þorsteinar, 3 Halldórar og 4 Guðmundar. Ég sagði við Margréti að merkilegt væri hvað margir nafnar söfnuðust að Keldum. Margrét hafði smekk fyrir kveðskap og gerði vísur stundum. Hún sagði eftir stutta stund:

Kátt er á afmæli Keldusvína
kampavíni þau hella í sig.
Pálarnir láta nú ljós sitt skína,
líklega komnir á efsta stig.

Hér eru snjallir Halldórar og
hreint ágætir Þorsteinar.
Glaðir og reifir Guðmundar
af glösunum kneyfa hér og þar.

Undir lokin ein saga: Samvinna vísindamanna á Keldum var náin. Steini gamli, fyrrnefndur, veiktist og missti málið að mestu. Til hjálpar kom Pétur, Húnvetningur úr Víðidal, lipur og ljúfur en stríðinn. Það þoldi Steini illa. Seinna fór Steini á hvíldarheimili. Ég bar honum kveðju Keldnamanna, en hann svaraði engu. Svo segir hann allt í einu: Er Pétur þarna enn þá? Ég gladdist yfir því að Steini hefði fengið málið á ný og sagði: Já, Steini minn, hann tók við af þér og stendur við ofninn í krufningarstofunni þar sem hræin eru brennd eftir krufninguna og starir í glæðurnar eins og þú gerðir. Þá sagði Steini: Getur þú ekki stjakað við honum?

Margrét barðist fyrir heilsuvernd fólks og húsdýra. Hún var opin fyrir nýjungum í vísindum og listum og elskaði allt sem íslenskt er: Landið, gróðurinn, búféð, fólkið og örverurnar. Hún fylgdist með á öllum sviðum mannlífsins. Margrét sagði: ,,Menntun er lykill að farsæld manna, en gróðafíkn er eitur fyrir mannlífið. Jafnrétti er mikilvægara öðru. Allir ættu að hafa jafnan rétt til náms og lífs. Allir eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu, en ofurlaun og arðgreiðslur til þeirra sem mest eiga og síst þurfa á slíku að halda eru af hinu illa.“ Lífsskoðun hennar mótaðist af samhug og samhjálp, sem hafði verið ríkjandi á æskuslóðum hennar á Vatnsleysuströnd. Njótum lífs í ljósi skoðana Margrétar Guðnadóttur.

Höfundur er Sigurður Sigurðarson, dýralæknir frá Keldum.






Átt þú jörð í **Múlaþingi**? Vilt þú vita hvar þú mátt vera með **skógrækt**, hvað má byggja mörg **íbúðarhús** á jörðinni og hvaða **vegslóðar** eru skráðir í þínu landi? Hyggur þú á uppbyggingu **ferðaþjónustu**? Veistu hvernig **ræktunarland** þitt er flokkað?

Þá skaltu kynna þér vinnslutillögu fyrir nýtt Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045, sem sveitarstjórn samþykkti þann 12. mars 2025 að kynna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er aðgengileg í gegnum vef Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 1030/2023. Einnig er hægt að nálgast frekari upplýsingar og hlekk á kortasjá á www.mulathing.is
Umsagnir og ábendingar skulu berast í gegnum Skipulagsgátt fyrir 5. maí 2025.

Skipulagsfulltrúi Múlaþings
Sigríður Kristjánsdóttir
skipulagsfulltrui@mulathing.is





Matvöruverðbólga – af hverju hækkaði matvælaverð mismikið milli landa?

Á árunum 2021 til 2025 hækkaði matvælaverð í Evrópu víða verulega.


Erna Bjarnadóttir.

Meðalverð á matvöru í Evrópusambandinu (ESB) hækkaði um 33 prósent á þessu tímabili. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun matvælaverðs í völdum löndum. Ungverjaland sker sig úr með yfir 70% hækkun – langt yfir meðaltali ESB. Neytendur í fjórum öðrum ESB-löndum þurftu að takast á við yfir 50% verðhækkun á sama tíma. Ísland, Danmörk og Noregur eru á hinn bóginn öll með lægri verðhækkanir á matvælum en að meðaltali í ESB. Í Sviss hækkaði matvöruverð svo aðeins um 5,3% á þessu tímabili.

En hverjar kunna að vera skýringar á þessu? Líklega gegndu ríkisstjórnir lykilhlutverki. Í þeim löndum sem náðu að halda aftur af verðbólgu var brugðist hratt við. Til dæmis lækkuðu Þýskaland, Pólland og Spánn virðisaukaskatt tímabundið á nauðsynjavörum á borð við mjólk, brauð og grænmeti til að draga úr áhrifum verðhækkana á heimilin. Í Frakklandi var samið við stórmarkaði um að frysta verð á tilteknum grunnvörum. Á Íslandi gegndi opinbert stuðningskerfi við landbúnaðinn einnig mikilvægu hlutverki og má þar nefna sérstakan stuðning sem kenndur var við Spretthóp. Í Noregi var hluti af kostnaðarhækkun landbúnaðarins tekinn inn í fjárlögum í gegnum búvörusamninga og beinan stuðning við framleiðendur, sem dró úr verðhækkunum til neytenda.

Gjaldmiðill getur haft áhrif, en ekki endilega í öllum tilvikum. Í Ungverjalandi veikist forintan á árunum 2021–2022 og ýtti undir verðhækkanir á innfluttum vörum. Hins vegar héldu Rúmenía og Svíþjóð, sem einnig eru með sjálfstæða mynt, sínum gjaldmiðlum stöðugum og matvælaverð í þeim löndum hækkaði mun minna.

Sumir hafa haldið því fram að verðhækkanir hafi verið mestar þar sem verðlag á matvælum var lágt fyrir eins og í mörgum löndum Austur-Evrópu. Það stenst þó ekki skoðun. Í Rúmeníu, sem er með hlutfallslega lágt verðlag, reyndust verðhækkanir mun minni en í mörgum nágrannalöndum.

Í tilfelli Ungverjalands er líkast til um að ræða samspil margra þátta. Þrátt fyrir mikla framleiðslu á hrávöru í landbúnaði eru úrvinnslu- og dreifingarkeðjur að stórum hluta í höndum erlendra fyrirtækja. Smásölumarkaðurinn er einnig að stórum hluta undir yfirráðum erlendra keðja, eins og Lidl og Aldi. Á sama tíma er landið háð innflutningi á tilbúnum matvörum, og þegar innlend mynt veikist og ríkisvaldið tekur ekki á sig hluta kostnaðarins, fer verðbólgan ört vaxandi.

Lokaorð – hver er lærdómurinn?

Matvælaverðbólgan í Evrópu dreifðist ekki jafnt – og hún var ekki óhjákvæmileg. Það sem skipti mestu máli var ekki hvar lönd stóðu í byrjun, heldur hvernig þau brugðust við.

Sum stjórnvöld gripu skjótt og röggsamlega til gagnaðgerða og milduðu áhrifin. Önnur brugðust seint við eða alls ekki. Og þar voru það neytendur sem báru kostnaðinn – bókstaflega.

Höfundur er hagfræðingur hjá Mjólkursamsölunni.


VALLARBRAUT.IS

Pantið bogahúsin tímanlega

Stuttur afgreiðslutími.
Breiddir með veggjum og bogaþaki: 6,8m 8m, 9,m
Breiddir á bröggum: 9m, 10m, 12m, 13m, 15m







vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði



Ullarævintýri á krossgötum

Þau tímamót urðu á dögunum að Flóahreppur seldi eitt af félagsheimilum sínum, það elsta í sinni eigu og sem heitir Þingborg, en er í daglegu tali nefnt Gamla Þingborg til aðgreiningar frá félagsheimilinu Þingborg sem stendur örlítið vestar.


Margrét Jónsdóttir

Vegagerð ríkisins keypti húsið, en það stendur á þjóðvegi 1 fyrir austan Selfoss og nær veghelgunarsvæði þjóðvegarins inn í miðjan salinn í húsinu.

Haustið 1990 var haldið í Gömlu Þingborg fyrsta námskeiðið af nokkrum í ullariðn á vegum Farskóla Suðurlands. Frumkvæðið áttu Hildur Hákonardóttir, veflistakona og baráttumaður í jafnréttismálum, og Helga Thoroddsen, sem var nýútskrifaður vefjarefnafræðingur frá Colorado-háskóla. Þær báðar höfðu mikinn metnað fyrir því að hefja íslensku ullina til vegs og virðingar að nýju, eftir nokkra lægð þar sem önnur vefjarefni virtust ætla að ýta ullinni út af markaði. Helga var kennarinn á þessum námskeiðum og strax ári eftir það fyrsta var stofnað samvinnufélag um rekstur Ullarverslunar og vinnslu, Þingborg svf. Ýmsir opinberir styrkir fengust til að koma þessu af stað, m.a. úr Jóhönnusjóði sem styrkti atvinnumál kvenna, Rannsóknastofnun landbúnaðarins styrkti verkefnið, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Búnaðarsamband Suðurlands einnig og Húsafriðunarsjóður styrkti lagfæringu á húsinu. Fyrstu árin skiptust Þingborgarkonur á um að afgreiða í versluninni sem eingöngu var opin á sumrin. Fljótlega tóku þó einstaka konur úr hópnum að sér reksturinn á búðinni í eigin reikning og svo gekk lengi vel, þó ekki væru greidd laun, hugsjón og þrautseigja réðu för. Fastur opnunartími allt árið var síðan festur í sessi fyrir um 15 árum síðan. Árið 2019 var stofnað einkahlutafélag um reksturinn og hefur undirrituð rekið búðina síðan þá á eigin ábyrgð. Eitt af markmiðum þessa verkefnis þeirra Hildar og Helgu var einmitt að skapa störf í handverki og að fyrir það fengist sem sanngjarnast verð. Þetta hefur ræst, verslunin skapar 2–3 heilsársstörf auk þess sem fjöldinn allur af handverksfólki selur sína framleiðslu í versluninni, eða samtals um 100 manns, mest eldri borgarar og öryrkjar sem þannig drýgja tekjur sínar.

Fljótlega eftir stofnun verslunarinnar var samið við Ístex um vinnslu á lopa. Þingborgarkonur fóru í Þvottastöð Ístex sem þá var staðsett í Hveragerði og sérvöldu ull sem svo var þvegin þar og loks kembd í lopaplötur hjá Ístex í Mosfellsbæ, auk þess sem fengið var einband og tvíband úr lopanum einnig. Þessari sérstöku vinnslu hefur verið haldið áfram og nánast á hverju ári fara Þingborgarkonur í Þvottastöðina sem nú er á Blönduósi og velja þá ull sem fer í Þingborgarlopann. Þetta hefur skapað Þingborg algjöra sérstöðu á markaði og þessi lopi er grunnur að öllu því handverki sem selt er í Ullarversluninni.

Mikil gróska hefur einkennt starfið í Gömlu Þingborg. Á hverjum fimmtudegi hittast Þingborgarkonur og eiga sitt samfélag. Þar spretta fram hugmyndir að nýju handverki, þar er vettvangurinn til að koma því á framfæri og fá gagnrýni og þar er hvatning til frekari dáða. Að auki hefur innan þessa hóps orðið til sterk og djúp vinátta og það er eitthvað sem ekki verður metið til fjár. Eitt af afkvæmum þessa hóps í samvinnu við Spunasystur í Rangárþingi og fleiri er Ullarvikan. Þrisvar sinnum hefur verið haldin Ullarvika á Suðurlandi þar sem ullin af íslensku sauðkindinni hefur verið í öndvegi og sú fjórða er þegar í undirbúningi og verður haldin árið 2026.

Sögu Þingborgar eru ekki gerð skil hér, hún er rík og merkileg og nær aftur til ársins 1927 þegar eldri hluti hússins var tekinn í notkun. Þingborgarhópurinn hefur verið í húsinu í meira en þriðjung þess tíma sem það hefur staðið og er því orðinn stór hluti af sögu þess. Það má segja fullum fetum að Þingborgarhópurinn hafi bjargað þessu húsi frá glötun með veru sinni þar. Það hafa margir sterkar taugar til Gömlu Þingborgar, það er enginn vandi að skilja. Húsið var jú bæði félagsheimili og skóli í áratugi. En það er samt ofur skiljanlegt að mati undirritaðrar að Flóahreppur hafi viljað selja Gömlu Þingborg. Húsið hefur ekki hlutverk fyrir íbúa sveitarfélagsins með beinum hætti og því ekki hagsmunir þeirra að sveitarfélagið eigi húsið áfram, það kostar sitt eigi það að njóta sín sem gamalt virðulegt hús. Gamla Þingborg hefur þurft mikið viðhald og töluverðum fjármunum verið varið til þess en það hefur því miður ekki alltaf skilað tilætluðum árangri.

Þingborgarhópurinn naut mikillar velvildar hjá Hraungerðishreppi hinum forna og sérstaklega skal hér nefndur Stefán Guðmundsson, oddviti í Túni. Hann var ætíð mjög hliðhollur þessu „brölti“ Þingborgarkvenna og fyrir hans tilstilli fékk hópurinn að vera í húsinu gegn því að halda því við. Þegar viðhald hússins var orðið hópnum ofviða var samið við Flóahrepp um leigu og hefur svo verið um 10 ára skeið. Fyrrnefnd velvild hefur ekkert breyst þótt sveitarfélagið heiti núna Flóahreppur og annað fólk komið í brúna. Fyrir þessa velvild er Þingborgarhópurinn afar þakklátur.

Það stóð öllum til boða að gera tilboð í húsið, en Vegagerðin bauð hæst og fékk. Það var vitaskuld rætt í Þingborgarhópnum að gera tilboð, en það er varla á færi venjulegs fólks að taka svona hús að sér og ætla að lagfæra það svo vel sé, það þarf svo miklu meira til. Hvort húsið verður rifið eða ekki verður svo að koma i ljós. Ullarverslunin verður rekin í Gömlu Þingborg meðan leigunni verður ekki sagt upp og heldur sínu striki og selur áfram sitt gæða handverk og breiðir út boðskapinn um þetta frábæra hráefni sem íslenska ullin er.

Höfundur er verslunarstjóri.



Kirkjukórar syngja ekki bara Ave María og prjóna á milli messa

Kór Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal er skipaður kraftmiklu fólki sem kallar ekki allt ömmu sína og stjórnandi þessa galvaska og síkáta hóps, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, vílar fátt ef nokkuð fyrir sér.

Það er því oftar en ekki í þessu samstarfi að ýmsum hugmyndum er hrundið í framkvæmd. Fyrir ekki svo löngu kviknaði hugmynd um að syngja í kirkjum Skagafjarðar og úr varð heljarinnar verkefni – Sálmafoss í Skagafirði. Einn íslenskur sálmur eða sönglag var tekið upp í hverri kirkju, bæði hljóð og mynd og unnið stutt tónlistarmyndband með myndum af viðkomandi kirkju og umhverfi hennar. Hvert lag var valið sérstaklega með tilliti til hverrar kirkju, hvort þar er hljóðfæri eða ekki, hversu stór hún er, hvernig hljóðvistin er o.s.frv. Lögin og sálmarnir sem valin voru til flutnings eru mjög fjölbreytt. Þau eru samin á mismunandi öldum af bæði konum og körlum, sum þekkt en önnur glæný, sum samin sérstaklega fyrir þennan kór en önnur fyrir annað tilefni.

Skagfirðingar eru ríkir af kirkjum og kílómetrum og því ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur en kirkjurnar í héraðinu eru yfir 20. Verkefnið tók eina helgi frá kl. 09.00 á laugardagsmorgni til 20.30 á sunnudagskvöldi. Ekki náðust allar kirkjurnar í þessu maraþoni – söngfólk þarf jú að nærast, sofa og skemmta sér til að viðhalda sönggleði og jákvæðni sem er skyldubundinn staðalbúnaður í söngferðum. Því var kirkjum sem liggja lengst frá megindalnum og þeim sem rúma ekki hópinn sleppt. Úr varð að undirbúinn var söngur í 16 kirkjum, æfðir jafnmargir sálmar og haft samband við staðarhaldara á hverjum stað. Svona stórviðburð verður að skrásetja, því voru ráðnir þeir Björgvin myndatökumaður og Trausti hljóðmaður, valdir sérstakir undanfarar til að hreinsa flugur úr gluggum og búa í haginn fyrir kórinn og eins og öllum betri listrænum hópum sæmir voru hafðar með búningatöskur.

Að morgni 22. mars safnaðist hópurinn saman í rútu við Löngumýri en þar var bækistöð í Skagafjarðardvölinni. Ekið var sem leið lá í Goðdali þar sem stjórnandi, upptökuteymið og undanfarar voru klár, kórnum var stillt upp eftir kúnstarinnar reglum og innan skamms fylltist kirkjan af söng. Að upptöku lokinni voru hafðar hraðar hendur við frágang og nefinu snúið norður, að Mælifelli, Reykjum og Víðimýri. Sungið var vestan Vatna á laugardeginum og endað á Sjávarborg. Atburðarás í kirkjunum var keimlík og slípaðist fljótt, Sigrún Magna stillti kórnum upp og sýndi ótrúlega útsjónarsemi enda rýmisgreind hennar með afbrigðum góð – það er ekki á hvers manns færi að koma tæplega 40 manna kór fyrir í Víðimýrarkirkju. Með átta kirkjur að baki voru allir tilbúnir í hátíðarkvöldverð og kvöldvöku á Löngumýri, þar sem Gunnar staðarhaldari kynnti starfsemi og fór með gamanmál og hljómsveit skipuð kórfélögum lék undir fjöldasöng.

Þrátt fyrir slydduhraglanda vöknuðu allir í sólskinsskapi á sunnudag. Kl. 9.00 var haldið að Miklabæ og í kirkjunni var vel við hæfi að syngja „Andi þinn er sem úðaregnið“, en einhverjir vildu nú meina að nafnið gæti vísað til manneskju að hnerra. Þaðan lá leiðin norður, austan Vatna, í Flugumýri, Hofsstaði, Hóla, Viðvík, Hofsós og Hof. Síðasti viðkomustaður var Rípurkirkja í Hegranesi. Heima á Hólum buðu Gísli vígslubiskup og frú Þuríður hópnum í súpu og meðlæti, það vafðist ekki fyrir þeim hjónum að taka á móti tæplega 50 manns og þökkum við höfðinglegar móttökur.

Kirkjur landsins nýtast ekki einungis til lesturs guðsorða. Þær eru tónlistarhús, menningararfleifð, samkomuhús og söguheimild sveitarinnar. Í kringum þær hvílir fólkið sem þær byggði og þær sótti, fólkið sem myndaði samfélagið. Þar bíður okkar sem myndum nútímasamfélagið pláss og við viljum hafa fallegar, lifandi kirkjur í hverri sveit. Hver og ein hefur sérstöðu, einstaka gripi með sögu, handsmíðaðar innréttingar og lykt sem hvergi annars staðar finnst og fólk tengist sinni kirkju mjög oft sterkum tilfinningaböndum. Eftir góða helgi í kirkjum Skagafjarðar var andinn vel nærður og eins og vera ber var raddböndum haldið volgum með spjalli og léttum söng milli atriða. Það var þreyttur en glaður hópur sem hélt heim í Eyjafjörðinn undir kvöld á sunnudegi, að baki tvö góð og rífleg dagsverk í Skagafirði. Fram undan eru ýmis söngtækifæri en við erum spenntust fyrir vortónleikum kórsins. Sjáumst á Möðruvöllum í Hörgárdal 1. maí!

Fyrir hönd kórsins: Bryndís Fanný, Erla og Sigrún Magna.



Lambheldu hliðgrindurnar

Vinsælu og ódýru hliðgrindurnar komnar aftur. Takmarkað magn.
Verð frá kr. 29.900 auk vsk. ef keyptar eru 5 grindur eða fleiri.
Athugið ódýrar lamir, aðeins kr. 3.900 auk vsk. Heilt sett, lamir og loka.
Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10x15 cm.

Verðskrá: **1 stk. kr. 34.200 auk vsk.**
2-4 stk. kr. 32.900 auk vsk.
5 stk eða fleiri kr. 29.900 auk vsk.

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundhaöfn án aukakostnaðar.
Sent hvert á land sem er.
Upplýsingar og pantanir í símum 669-1336 og 899-1776.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

BRENDERUP KERRUR



Skoðaðu vöruúrvalið á **www.bilanaust.is**

Bílanaust
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 12 110 REYKJAVÍK S. 535 9000	STÓRVERSLUN BÆJARHRAUNI 12 220 HAFNARFIRÐI S. 555 4800	Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510	Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200	Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085	Miðvangi 2 - 4 700 Egilsstöðum S. 471 1244

Þarftu að halda fuglum frá?



Fuglafælu búnaður frá **Scarecrow**
Er vistvæn og skilvirk lausn. Heldur gæsum frá ræktunarsvæðum og verndar niðurgöngu seiða í laxveiðiám frá ágangi máva.

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013

fuglavarnir.is



Víða eru bæjarstæði á Íslandi undurfögur og stórhrikaleg. Bærinn Breiðavík dregur nafn sitt af samnefndri vík á Vestfjörðum, en Breiðavík er ein af svonefndum Útvíkum og liggur milli Látravíkur og Kollsvíkur. Mynd / Bbl.

Bæjarnöfn á ská og skjön

– Skrítin og skemmtileg, lágstemmd og bíræfin

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Nöfn íslenskra bæja og býla til sveita eru fjölskrúðug, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Nafngiftirnar draga oft dám af staðháttum, kennileitum, sagnfræði svæðisins, veðurfari eða jafnvel eigendum að fornu og nýju.

Fjallað var um bæjarnöfn í 2. tbl. Bændablaðsins sumarið 1987, þá í útgáfu félagsins Bændasona. Voru íslensk bæjarnöfn þar ýmist sögð torræð, flókin, fyndin, skondin, skrýtin eða venjuleg: „Fram á þessa öld fengu Íslendingar að ráða nöfnum bæja sinna sjálfir – danski kóngurinn var aldrei svo vondur að setja eitthvert kansellíið sitt í að ráðskast með þessi mál. Og þess vegna eigum við enn þá mikið af góðum nöfnum sem eru upprunnin hjá fólkinu í sveitunum.“ Rætt er í greininni um þá ósvinnu að breyta gömlum nafngiftum bæja: „Hvernig geta menn fengið sig til þess að afnema falleg og skemmtilegt nöfn eins og Látalæti, en sá bær stendur ofarlega í Landsveit undir Skarðsfjalli, sem sagt Látalæti í Landi, og kalla bæinn Múla?

Dæmin eru ótal fleiri, Snússu var breytt í Ásatún ... Stritlu í Dalsmynni, Tittlingi í Fagrahvamm.“ Einnig er minnst á bæjarnafnið Stamp sem ekki sé lengur til og nafnið Fjólugerði á bæ sem ekki sé annað en „illa hirtur gróðurvana haugur,“ eins og segir í greininni frá 1987. Þar er einnig leitt getum að því að nágrannar hafi stundum „uppnefnt“ bæi af kerskni og þau viðurnefni fest við, hvort sem ábúendum líkaði betur eða verr.

Langstærst eða alminnst

Fólk hefur ýmist þanið bæjarnöfn út með því að skeyta framan við þau t.d. stóri-, stærsti-, mesti-, digri-, dýri- og auðs-, eða viljað hafa nafnið minna en eitthvað annað og skeytt þá við minni-, smái- og jafnvel minnsti-. Að ekki sé nú talað um kot og parta, t.d. Kotungsstaði og Kotleysu. Þá rak á fjörur nafnið Aðalbreið.

Bæjarnöfn eru mönnum oft töm á tungu, heimafólki ekki síst, en séu þau tekin úr samhengi og skoðuð sérstaklega eru þau stundum framandleg, og beinlínis skrítin.

Gaman er að skoða bæjatal Árnastofnuna sem býður upp á ýmsar flokkanir eftir sýslum og sveitarfélögum. Má þar til dæmis sjá að mörg bæjarnöfn eru afar látlaus og nöfnin oft í takt við alþekkt og hversdagsleg fyrirbæri í náttúrunni. Svo sem:

Á, Álar, Ás, Bali, Barð, Barmur, Berangur, Berghylur, Botnsmýrar, Brún, Bæjarfljót, Dalbrún, Dalland, Fjall, Fyrirbarð, Grasgeiri, Grashóll, Gráhella, Grjót, Grjóteyri, Grjótgarður, Grjótnes, Grunnvatn, Gröf, Haugur, Haugar, Hauganes, Haugabrekka, Heiðarbrún, Hólaland, Hraukbæjarkot, Hvarf, Jarðbrú, Kelda, Kúfhóll, Malarás, Miðbýli, Miðsker, Moldbrekka, Moldhaugar, Moldnúpur, Mór, Mosi, Mykjunes, Mýrarlón, Nabbi, Rof, Runnar, Skák, Sker, Slýjar, Steintún, Stífla, Stóralág, Sviðningur, Tjörn, Torfa, Túngarður, Urðir, Vatn, Veiðilækur, Veisa, Þúfa og Þúfur.

Þá má nefna Grafarbakka og Grafardal og einnig hin látlausu nöfn Bæ, Bæi, Bæjarstæði, Bústaði, Staðarstað, Heimabæ og Deild.

Heiti eftir veðri, dýrum og formum

Veðurtengd bæjarnöfn finnast allmörg og meðal þeirra eru:

Belgsdalur, Ísabakki, Kalastaðir, Kulvaldur, Skjaldfönn, Slitvindastaðir, Snæbýli, Snæfoksstaðir, Sólbyrgi, Svalbarð, Svalvogur, Tíðagerði, Veðramót, Veturhús, Vindbelgur, Vindheimar, Vindhæli og Þytill.

Bæir heita einnig eftir formum og merkjum, t.d. Baugasel, Bogabúð, Bogey, Hyrningsstaðir, Komma, Kúludalsá, Lykkja, Svignaskarð og Þríhyrningur. Ekki er þó loku fyrir það skotið að nefndur bogi sé einfaldlega mannsnafnið Bogi og heitið þaðan, eins og er m.a. raunin í fjölmörgum bæjarnöfnum sem tengjast Íslendingasögum og nafnkenndum fornmönnum.

Dýr koma víða við sögu í heitum býla, svo sem;

Arnarbæli, Apavatn, Baulhólmi, Beinakelda, Birningsstaðir, Brettingsstaðir, Dratthalastaðir, Folafótur, Galtahryggur, Galtastaðir, Galtartunga, Gásaeyri, Gásir, Geitasandur, Gemlufall, Gnýsstaðir, Hafurbjarnarstaðir, Hegrabjarg, Hestheimar, Hrafntóftir, Hreiðurborg, Hundadalur, Huppahlíð, Hvalgrafir, Hænuvík, Kúskerpi, Kvígindisdalur, Kvígindisfjörður, Kvísker, Kýrunnarstaðir, Lambleiksstaðir, Laxaborg, Ljónshöfði, Ljónsstaðir, Marðarnúpur, Nautabú, Otradalur, Skarfsstaðir, Skjöldólfsstaðir, Strjúgsá, Strjúgsstaðir, Svangrund, Svínabakkar, Sænautasel og Ærlækur.

Stundum ber fyrir óvenjulega beygingu og/eða fleirtölumynd í bæjarnöfnum og má þar taka til kostanna þessi nöfn: Fjósar, Sviðnur, Holtar, Hlaðir, Lundar, Seljar, Sultir, Brúar og Skipar. Er þá oft um að ræða gamlar orðmyndir sem eru hálfdottnar út úr daglegu máli. Hér er greinarhöfundur þó vissulega að hætta sér út á hálan ís í íslenskum fræðum.

Fögur nöfn og furðuleg

Skrítin og skemmtileg nöfn eru fjölmörg og er bæjalisti Árnastofnunar oft og tíðum hrein skemmtilesning. Þessi þótti greinarhöfundi þar skara fram úr:

Beigaldi, Bessahlaðir, Brakandi, Butra, Fyrirbarð, Dunkur, Efra-Rot, Eilífsdalur, Einfætingsgil, Eintúnaháls, Emburhöfði, Feitsdalur, Fíflholt, Gaul, Glammastaðir, Gloppa, Hlemmiskeið, Hraðastaðir, Hrjótur, Hugljótsstaðir, Hunkubakkar, Hurðarbak, Hægindi, Ingvarir, Jarðlangsstaðir, Kagaðarhóll, Klasbarði, Klaufabrekkur, Klón, Klúka, Klyppsstaður, Kurfur, Kúskerpi, Ljótshólapartur, Manheimar, Pula, Purkugerði, Rugludalur, Sakka, Saursstaðir, Sitjandi, Síðumúlaveggir, Skallhóll, Skálpastaðir, Skinnhúfa, Skjálg, Skrapatunga, Sleðbrjótur, Snældubeinsstaðir, Sperðlahlíð, Stagley, Svaðastaðir, Sæla, Torta, Tréstaðir,Utanverðunes, Útibleiksstaðir, Volasel, Vælugerðiskot, Þambárvellir, Þrasastaðir, Þröm, Þverspyrna, Þytill og Ölmóðsey.

Dæmi um fögur nöfn bæja gætu til dæmis verið;

Berghylur, Bjarteyjarsandur, Bólstaður, Fagrihvammur, Fornustekkar, Forsæludalur, Hindisvík, Hléberg, Hnitbjörg, Hvannstóð, Knarrarberg, Ljósavatn, Lokinhamrar, Mánafoss, Myrkhylur, Nátthagi, Röðull, Silfrastaðir, Skjaldfönn, Skrúður, Smyrlabjörg, Svalvogur, Sævarendi, Unaðsdalur, Vattarnes, Vökuland og Vorsalir.

Auðvitað er þetta þó smekksatriði hjá hverjum og einum.

Ógetið er svo m.a. bæjarnafna er tengjast þjóðtrú, frægðarstöðum í öðrum löndum og allra handa verkfærum og nytjahlutum.

> „Bæjalisti Árnastofnunar er oft og tíðum hrein skemmtilesning...“



Vísnahornið

Jón, sem kallaður var „betri“, mun hafa verið bréfberi og vandaður til orðs og æðis, talinn hagyrðingur á Vatnsleysuströnd, samkv. sagnaþáttum Guðna Jónssonar. Jón orti m.a.:

Há sem fjöllin halda brík
fræg með snjöllum rómi,
hún er í öllu eins og tík,
argast tröll úr Grindavík.

Engan Gunna á sér pilt,
allt er það í standi,
kýrin vitlaus, kvígan tryllt
og kálfurinn símígandi.

Lúinn eftir langan veg
lítt við hungur undi,
græðgisfullur gleypti eg
ganglim einn af hundi.

Bjarni úrsmiður á Akureyri kenndi sig við Gröf í Víðidal þar sem foreldrar hanns bjuggu. Hann kynntist mótlæti lífsins snemma:

Þú mátt ekki drepa dauðann,
drottins lögmál bannar það.
Hann er eins og eggjarauðan
ómissandi á sínum stað.

Bjarni var gamansamur:

Í útvarpinu atómskáldin ekki
þykja góð
og ýmsir gjöra þeirra hlut nú
smáan.
Þó drottinn sjálfur kæmi
og læsi þeirra ljóð,
líklega myndu fáir hlusta á´ann,
en gaman væri í sjónvarpinu að
sjá´ann.

Ágjöf kallar Bjarni þessa vísu:

Bölvuð ellin ógnar mér,
allt að velli mylur.
Á mig hella árin sér,
eins og fellibylur.

Um þingmenn yrkir Bjarni:

Ég þingmenn háa heyrði þar
halda ræður dagsins,
ég held þeir séu hornsteinar
í heimsku þjóðfélagsins.

Það var bölvað þrælatak,
þvert á móti kærleikanum,
sveðjuna þegar Rógur rak,
í rassgatið á Sannleikanum.

Einar orti gamall maður orðinn:

Reykjarhóll mér löngum lét,
þótt lítill væri auður.
Þaðan ekki fer ég fet
fyrr en ég er dauður.

Svona eftir fáein fet,
flest þó snauðan hryggi,
í Víðmýrargarði get,
giskað á ég liggi.

Þar er hvíldin þægust léð
í þröngu grafarbóli;
alltaf getur augað séð,
út að Reykjarhóli.

Af svipuðum slóðum og Einar, var upprunninn **Andrés Björnsson**.

Hálfbróðir alnafna síns, þess er lengi var útvarpsstjóri. Kannski er kunnust staka hans Ferskeytlan er Frónbúans o.s.frv.

Ekki hlífði Andrés þingheimi á sínum tíma, var þingritari um skeið:

Sundrungar þeir sungu vers
svo að hvein í grönum.
Að því loknu langs og þvers,
lágu þeir fyrir dönum.

Þingmenn hafa verið eyrnastórir:

Eyrnamörk er óþörf hér í salnum.
Þekkist allur þingsins fans
á þessum parti líkamans.

Um jafnaldra og skólabróður, Pál Eggert Ólafsson, orti Andrés:

Von er Páli verði ei rótt.
Hann var í gær með bullum.
Og svo loks í alla nótt
með andskotanum fullum.

Andrés orti líka þessa:

Manni dettur margt í hug
um manns og konu samfarir.
Á eðlinu vinnur engin bug,
ef það kemst í hamfarir.

Einar á Reykjarhóli, Skagafirði, mun hafa ort þessa um tvo bændur sem uppnefndir voru Stórisannleikur og Rógur, en þeir lentu í illdeilum:

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com









Áhugaleikhúsin:

Í lok vertíðar

Eftir því sem líða fer að sumri ljúka áhugaleikhús landsins sýningum sínum, en að sama skapi verður skemmtilegt að fylgjast með þegar þau taka upp þráðinn að hausti.

Leikhúsin á Eyrarbakka, Hofsósi og í Vestmannaeyjum standa þó enn keik á fjölunum og ættu áhugasamir að bregða undir sig betri fætinum hið snarasta og njóta sýninganna. */sp*

Leikfélag Vestmannaeyja setti nýverið á svið gamanleikinn Beint í Æð eftir Ray Cooney í leikstjórn Árna Grétars Jóhannssonar. Þessi klassíski farsi segir frá taugalækni sem er á lokametrunum við mikilvægan undirbúning alþjóðlegrar ráðstefnu samlækna sinna. Honum að óvörum mætir gömul hjásvæfa hans á svæðið og kynnir til leiks son þeirra sem kominn er til manns. Má segja að taugalæknirinn fari nánast á taugum og neyðist til að hagræða sannleikanum þannig að úr verður eitt allsherjar klúður og misskilningur af bestu gerð. Höfundur verksins er þekktur fyrir að gera frábæra farsa og því hægt að búast við góðri skemmtun. Miða má nálgast í síma 852-1940, miðaverð er kr. 4.200 og sýnt verður á Heiðarvegi 19, Vestmannaeyjum föstudags- og laugardagskvöld allar helgar í apríl.



Skál! Mynd / Gísli Halldór Halldórsson

Söngleikurinn Stöndum saman eftir Huldu Ólafsdóttur, í leikstjórn hennar sjálfrar, er nú kominn á svið Rauða hússins á Eyrarbakka, frumsýnt nú í kvöld 10. apríl. Á sviðinu kynnast leikhúsgestir ungu pari sem heldur fast í að láta drauma sína rætast þó lífið geti verið flókið – og fær til þess aðstoð sinna nánustu en eins og flestir vita er mest um vert að standa saman og halda í gleðina – hið eina sem þýðir þegar á reynir. Álfrún Auður Bjarnadóttir hjá leikfélagi Eyrarbakka segir leikritið innihalda bæði húmor og ýkjur en þó einnig vera tilfinningaþrungið og alvarlegt. Frumsýnt verður í Rauða húsinu á Eyrarbakka klukkan 20 og geta gestir kynnt sér sérvalinn leikhúsmatseðill sem er í boði fyrir sýningar. Sjö sýningar eru áætlaðar, fram til 2. maí, en miða og frekari upplýsingar má finna á tix.is.

Leikfélag Hofsóss frumsýndi á dögunum gamanleikinn Ærsladrauginn eftir Noel Coward í leikstjórn Barkar Gunnarssonar. Aðspurð segir formaður leikfélagsins, Fríða Eyjólfsdóttir, verkið gerast á yfirstéttarheimili bresks rithöfundar sem er forvitinn um starfsemi miðla og býður einum slíkum í heimsókn. „Skemmst er frá því að segja að ýmislegt fer á annan veg en hann sá fyrir sér enda eins og nafn verksins bendir til kemur óútreiknanlegur ærsladraugur við sögu," segir Fríða. „Komu margar hendur að sýningunni en félagið býr að góðum mannauði sem er fús að leggja á sig mikla vinnu í hvert sinn sem leikrit er sett upp, sem er að jafnaði annað hvert ár." Ærsladraugurinn er sýndur í Höfðaborg á Hofsósi og hægt að nálgast miða í síma 837-5045. Miðaverð er kr. 4.000 f. fullorðna, kr. 3.500 f. ellilífeyrisþega og kr. 2.500 f. börn 6–14 ára.



Leikhópurinn ásamt Berki Gunnarssyni leikstjóra. Mynd / Valdís Hálfdánardóttir



Frá farsanum Beint í æð sem sýnt er í Vestmannaeyjum. Mynd / Guðrún Elfa Jóhannsdóttir





„Matland hefur vaxið hægt og örugglega. Æ fleiri neytendur vilja vita um uppruna þess matar sem þeir kaupa og margir eru einfaldlega kröfuharðir og nýjungagjarnir," segir Tjörvi Bjarnason. Mynd /smh

Matland í Reykjavík:

Neytendur vilja vita um uppruna matar

Matland.is er vefmiðill og vefverslun sem sérhæfir sig í að fjalla um og selja íslenskar landbúnaðarafurðir.

Vefurinn fór í loftið vorið 2022 og voru stofnendur Hilmar Steinn Grétarsson, Hörður Kristbjörnsson og Tjörvi Bjarnason, sem segir í samtali við Bændablaðið að vefurinn hafi fengið mjög góðar viðtökur:

„Matland hefur vaxið hægt og örugglega. Æ fleiri neytendur vilja vita um uppruna þess matar sem þeir kaupa og margir eru einfaldlega kröfuharðir og nýjungagjarnir. Þess vegna taka þeir því fagnandi að geta keypt t.d. kjöt eða grænmeti sem er upprunamerkt bændum og auðvelt að kaupa á vefnum. Við bjóðum upp á sjálfsafgreiðslu þannig að þegar viðskiptin eru farin í gegn og vörurnar tilbúnar fá viðskiptavinir aðgangskóða að afhendingarstað okkar á Hrísateig í Reykjavík. Þetta er nýtt fyrirkomulag í viðskiptum með mat sem fólk er að læra á og kann vel að meta. Það er frábært að geta til dæmis keypt sér ferska nautasteik og mjólk frá Gunnbjarnarholti á netinu og sækja síðan í sjálfsafgreiðslu þegar hentar eða fá sent heim til sín."

Þið fjallið um íslenska matvælaframleiðslu, matreiðslu og fleira sem tengist íslenskum mat, en hefur áherslan í rekstri Matlands ekki færst æ meir til þess að selja matvæli á síðunni?

„Jú, það má segja það, upprunalega markmiðið var að gera Matland að fjölmiðli sem fjallaði um mat og matvælaframleiðslugreinar á Íslandi jöfnum höndum. Í atvinnnugreinum sem tengjast mat starfa um 20 þúsund manns í sjávarútvegi, iðnaði, ferðaþjónustu og veitingageiranum og auðvitað í landbúnaði. Sala á mat átti að vera ein af tekjustoðum miðilsins en síðan hefur það gerst að vefbúðin tekur æ meira pláss og tíma okkar sem störfum hjá Matlandi."

Nær eingöngu íslenskar matvörur

Sérhæfið þið ykkur alfarið í íslenskum matvælum?

„Já, við bjóðum nær eingöngu upp á íslenskar matvörur og erum í samskiptum við fjölmarga íslenska birgja, bæði almenna matvælaframleiðendur og bændur. En við kaupum líka svolítið af erlendum sérvörum, t.d. matarolíur, sósur og pasta. En mest erum við að bjóða upp á íslenska framleiðslu og leggjum metnað okkar í það. Við seljum nánast allt á netsíðunni okkar en erum líka að selja veitingastöðum upprunamerkt hráefni. Fólk getur líka litið til okkar á Hrísateig þar sem Matland er til húsa og keypt það sem er til hverju sinni."

Eru vörurnar að öllu leyti beint frá býli?

„Við kaupum þó nokkuð beint af bændum en það er misjafnt hvernig fyrirkomulagið er. Nautgripi kaupum við beint af bændum og látum vinna fyrir okkur eftir okkar forskrift hjá kjötvinnslum. Grænmeti fáum við úr ýmsum áttum og það er allt upprunamerkt. Sumar vörur seljum við fyrir fram með ákveðinn afhendingardag í huga og þá pöntum við nákvæmlega frá bændum það sem er selt hverju sinni. Við höfum nokkrum sinnum boðið fulleldaðar vörur fyrir helgar. Þá nýtum við hráefni sem kemur frá bændum, t.d. gúllas í kjötrétti eða reykt nautabrjóst."

Dreift um allt land

Og þeim er dreift hvert sem er á landinu, eða hvað?

„Vörur frá Matlandi eru sendar um allt land með Samskipum. Það hefur komið okkur ánægjulega á óvart hvað grænmetiskassarnir okkar, sem við setjum saman í hverri viku, eru vinsælir utan höfuðborgarsvæðisins. Fólk er þakklátt að fá glænýtt grænmeti sent til sín með reglubundnum hætti."

Ef maður vill ná sér í eitthvert gott hráefni fyrir páskamáltíðina, með hverju mælirðu?

„Lambið er auðvitað klassík yfir páska en góðar vel hangnar nautasteikur eru ekki síðri. Við erum með lífrænt vottað lambakjöt frá Sölvanesi í Skagafirði og svo erum við með frábært lamb frá Árdal í Kelduhverfi. Nýir samstarfsaðilar okkar í Holti í Álftaveri voru að senda okkur tvær holdakvígur sem verða alveg mátulegar um páskana. Þær voru unnar hjá góðum samstarfsaðilum okkar hjá Villt og alið á Hellu og búnar að hanga í tvær vikur þannig að þær bráðna í munni." */þh*

Stúderið eldunartíma og hitastig

Aðspurður hvort Tjörvi lumi á uppskrift fyrir páskana kemur hann með ráðleggingar um það hvað er gott að hafa í huga við eldun:

„Það eru allnokkrar uppskriftir á Matlandsvefnum, www.matland.is, og það er ánægjulegt þegar fólk fer aðeins út fyrir þægindarammann og uppgötvar eitthvað nýtt í eldhúsinu. Í stað þess að deila einni uppskrift þá vil ég hvetja fólk til að stúdera eldunartíma og hitastig. Það gildir eiginlega um allt kjöt og ekki síður fisk að hiti og tímalengd skiptir öllu máli. Það er auðvelt að nota kjöthitamæli til að hjálpa sér að ná sem bestum árangri. Veltið fyrir ykkur áhrifum þess að elda mat á lengri tíma við lágt hitastig, hvað hvíld á kjöti hefur mikið að segja og auðvitað að ofelda ekki við of mikinn hita. Reynslan er ef til vill besti kennarinn en verið óhrædd við að prófa og leita upplýsinga um hvað hentar hverju sinni.

Sjálfur elda ég til dæmis lambalæri á lágum hita, rúmum 100 gráðum, en kýs að moðsteikja það ekki. Ég vel millistór læri og vil hafa þau í feitari kantinum. Nota kjöthitamæli og læt staðar numið þegar kjarnhitinn er kominn í 65 °C. Þá tek ég lærið út úr ofninum og hvíli það í 15 mínútur. Skelli því svo aftur inn í blússheitan ofn til þess að „herða" upp skorpuna."

Hönnunarmars:

Gjörið svo vel að líta inn!

Hönnunarmars, ein helsta hátíð og kynning íslenskrar hönnunar og arkitektúrs, var haldinn nýverið og margt forvitnilegt bar fyrir augu.

Íslenskir listunnendur gátu meðal annars heimsótt KJÖRBÚÐINA í Rammagerðinni við Laugaveg þar sem hönnunarteymið Til & frá kynnti og seldi ýmiss konar spennandi afurðir íslenskra geita og sauðfjár. Verkefnið er tenging íslenskra hönnuða við íslenska bændur í bland við nýsköpun þar sem hönnuðirnir þróuðu bæði áhöld svo og nýjar matvörur.



Hönnunarteymi Til & frá tók vel á móti gestum. Myndir / Stefanía Sigurdís

Einstakar vörur úr hágæða hráefni

Hönnuðirnir, þau Anna Diljá Sigurðardóttir, Elín Arna Kristjánsdóttir, Elín Margot, Helgi Jóhanns son og Kjartan Óli Guðmundsson, voru í samstarfi við geitabýlið Hrísakot, sauðfjárbýlið Hofstaði og Svæðisgarðinn á Snæ- fellsnesi. Verkefnið sækir innblástur í staðbundna hefð en sýnir þó þá möguleika sem felast í sauðfjár- og geitabúskap. Var markmiðið að skapa einstakar vörur sem gera þessu hágæða hráefni hátt undir höfði og er ekki annað hægt að segja en það hafi nú aldeilis tekist vel.

Alls voru það tíu hönnuðir/hönnunarteymi sem tóku yfir verslun Rammagerðarinnar á hátíðinni og voru verkin afar fjölbreytt. Gestir gátu til viðbótar við kynningu teymisins Til & frá kynnt sér grafíska hönnun, prjónalist, keramik, handblásið gler og þar fram eftir götunum. Gaman er að bæta því við að titill sýningarinnar var sóttur í gamlar auglýsingar verslunarinnar sem hófust gjarnan með þessum orðum: „Gjörið svo vel að líta inn“.

/sp



Gestum var boðið að smakka nýjar matvörur og drykki sem runnu ljúflega niður.











Söguslóðir:

Fótspor fyrri alda

– Stiklað á stóru yfir sögu Laugarnesjarðarinnar

Í kringum aldamótin síðustu stóð gult einlyft bárujárnshús á bæjarhól í Reykjavík, svolítill reitur af sólskini á jörð menningararfs okkar þjóðar. Þaðan sást yfir til eyjanna Viðeyjar og Engeyjar og stutt var að fjörunni Norðurkotsvör, í dag einu ósnortnu fjöru á norðurströnd Reykjavíkur.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Þessi sólskinsreitur ber nafnið Laugarnes og saga hans snertir á heilmörgum flötum byggða-, sjúkrahúss- og kirkjusögu landsins, hernáminu eða uppbyggingu Reykjavíkur í heild.

Eitt fyrstu stórbýla höfuðborgarsvæðisins, heimili Hallgerðar langbrókar, var reist á þessum stað, þar sem síðar stóð biskupssetur og í framhaldinu holdsveikispítali hundrað árum seinna.

Braggahverfið Laugarneskampur (Laugarnes-Camp) var reist þar á stríðsárunum og hýsti að stórum hluta sjúkradeildir hersins en nýtti sem íbúðarhúsnæði í stríðslok. Í dag er á Laugarnesinu nokkur byggð auk Listasafns Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara.

Holdsveikispítali á grunni biskupsseturs

Laugarness var fyrst getið í Njálu og á Hallgerður langbrók að hafa haft þar búsetu. Telja margir gröf hennar vera þar sem nú eru gatnamót Laugarnesvegar og Kleppsvegar, áður þúst sem kölluð var Hallgerðarleiði – en aðrir segja hana jarðsetta í kirkjugarði Laugarness.

Fram kemur í *Greinargerð Bjarna F. Einarssonar um fornleifar á Laugarnesi í Reykjavík* að kirkju í Laugarnesi sé fyrst getið árið 1235. Rúmum fimm hundruð árum síðar, árið 1794, var kirkjan lögð niður þegar sóknin sameinaðist dómkirkjusókn Reykjavíkur, og má nærri geta að ýmsar lagfæringar hafi orðið á húsinu sjálfu, svo og kirkjugarðinum. Á þessum tíma var jörðin þó í eigu biskupa og segir einnig í greinargerð Bjarna að á árunum 1830–33 hafi Jón Sigurðsson, sem seinna varð forseti, haft búsetu í Laugarnesi, en hann var skrifari Steingríms Jónssonar, þáverandi biskups.

Þótti þetta biskupssetur léleg smíð og ótætilegt enda fór það svo að bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jörðina árið 1885 og nokkru síðar var reistur þar holdveikispítali á grunni setursins. Hann var þá stærsta hús sem reist hafði verið á Íslandi og átti að geta hýst 60 sjúklinga þó lauslega áætlað væri tala sjúklinga að minnsta kosti sá fjöldi þrefaldur. Spítalinn var þó starfræktur með sóma fram að seinni heimsstyrjöld þegar herinn tók hann yfir og brenndi óvart til grunna árið 1943.

Laugarnes-Camp

Eftir stríðsárin stóð heilmikið braggahverfi. Er áætlað að á þessum árum hafi um 300 manns verið búsettir í Laugarneskampi en síðasti bragginn var rifinn árið 1980. Barnmargar fjölskyldur nutu þó góðs af á meðan braggarnir stóðu ef marka má auglýsingu Morgunblaðsins árið 1955, „Góðir íbúðarbraggar – Til sölu í Laugarnescamp, 4 herbergi og eldhús, útigeymslu og þvottahús“. Myndhöggvarinn Sigurjón Ólafsson heitinn fékk til umráða bragga þarna árið 1945, gamlan herskála sem vinnustofu, en í dag stendur á Laugarnesi safn í hans nafni sem hýsir höggmyndir og teikningar ásamt heimildum um listamanninn. Ekkja hans, Birgitta Spur, stofnaði safnið sem í dag er rekið undir forystu aðstandenda Sigurjóns.



Laugarnesbærinn á fallegum degi árið 1947. Mynd / Úr bók Þorgríms Geststsonar, Mannlíf við Sund.



Apa og slöngu-
leikhús
Sýnir í Bárubúð daglega frá kl. 8 síðdegis.
Kvenmaður glimir við björn.
Aðgöngumiðar seldir frá kl. 6 síðdegis í Bárunni.

Æsileg auglýsing Morgunblaðsins árið 1926. Myndir / timarit.is

Dugnaður og röggsemi

Áður en að þetta varð, árið 1915, tóku við Laugarnesjörðinni síðustu ábúendur hennar sem sáu um rekstur og leigu á hagabeit fyrir bæjarbúa. Þetta voru hjónin Þorgrímur Jónsson, söðlasmiður og veggfóðrari, og Ingibjörg Kristjánsdóttir ásamt börnum sínum.

Þau hjónin höfðu gott orð á sér, voru bæði vinnusöm og dugleg auk þess sem barnahópurinn var stór en þar höfðu allir sitt hlutverk. Til viðbótar við að sjá um leigu á haga fyrir bæjarbúa hóf fjölskyldan búskapinn með 30 kindur, sex kýr og nokkur hænsn, auk þess að hafa afnot af tveimur matjurtagörðum og því ærinn starfi hjá fjölskyldunni. Af börnunum voru þeir elstir drengirnir Jón Kristján f. 1899 og Ólafur f. 1902, þá næstir Pétur f. 1906, Ragnar 1908, stúlkurnar Guðrún Sigríður 1911 og Þorbjörg 1915 og loks Gestur litli fæddur 1920, rétt rúmum tuttugu árum á eftir elsta bróður sínum.

Fengu bræðurnir gjarnan lánaðan bát og veiddu rauðmaga og grásleppu auk hrognkelsa og sáu hag í að selja nokkurn hluta aflans. Ólafur, í kringum fermingaraldur, fékk vinnu sem mjólkurekill og ferjaði mjólkina frá Köllunarkletti og niður Laugaveginn auk þess sem bræðurnir stóðu sína vakt sem hestasmalar hestanna sem voru á beit í leigutúninu. Þetta voru röggsamir og duglegir piltar sem áttu þó nokkurn hlut í menningu Reykjavíkur þegar fram leið. Þeir stóðu meðal annars að stofnun Strætisvagna Reykjavíkur árið 1931. Ólafur þá um þrítugt og orðinn hæstaréttarlögmaður, kosinn fyrsti formaður stjórnar, en Pétur, 25 ára, var ráðinn forstjóri.

Í bók Þorgríms Geststsonar, *Mannlíf við Sund*, sem var útgefin fyrst árið 1998, segir á skemmtilegan og fróðlegan hátt frá lífinu á Laugarnesi sem var, svo og mannlífinu í nærliggjandi hverfum. Þorgrímur er sonur Gests, yngsta barns þeirra Ingibjargar og Þorgríms á Laugarnesinu og bókin því að nokkru byggð á munnlegum heimildum þeirra sem fjallað er um.

Til að mynda er í bókinni sagt frá minnisstæðum persónum á borð við föður skáldsins Steins Steinars. Það var Kristmundur Guðmundsson, sem kynnti sig gjarnan á þessa leið: *„Þetta er hann Kristmundur gamli, steinblindur á öðru auganu og sér andskotann ekkert með hinu!“* Þó var hann ekki nema í kringum fertugt og manna fljótastur að finna glataðar nálar saumakvenna ef svo bar undir - því stundum vildi blindan gleymast.



Þeir Ólafur og Pétur Þorgrímssynir fyrir framan fyrsta strætisvaginn árið 1931. Meðfylgjandi texti úr tölublaði Fálkans segir: *Fjelag hefur verið stofnað í þeim tilgangi að starfrækja reglubundnar ferðir fyrir almenning um borgina og nágrennið.*



„Apa og slöngu leikhús“

Önnur skemmtileg frásögn frá árinu 1926 segir frá danskri fjölskyldu sem fluttist til landsins um tíma og höfðu m.a. með sér apa, slöngur og bjarndýr. Þau ferðuðust um með þennan dýragarð í vagni sem festur var við bíl og á síðum Morgunblaðsins birtust auglýsingar með fyrirsagnir á borð við *„Apa og slöngu leikhús“* og *„Kona glímir við björn“* sem má ætla að hafi látið blóðið renna í lesendum. Þessi skrautlega fjölskylda sá fyrir sér að setjast að á Íslandi en fór svo að fjölskyldufaðirinn lést og þær mæðgur sem eftir sátu hröktust til Kaupmannahafnar fjórum árum eftir að hafa stigið hér á land.

Heimsókn fjölskyldunnar til litla Íslands hefur þó án efa kveikt elda og ævintýraþrá í hjörtum einhverra heimamanna. Þó geta ævintýrin allt eins verið í garðinum heima, ekki síst á söguslóðum Íslands í ósnortinni náttúru þar sem sér út á haf.





Prjónahönnuðirnir, þær Magnea Einarsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir, Ýr Jóhannesdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Andrea Fanney Jónsdóttir.
Mynd / Þórdís Reynisdóttir.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:

Prjónavetri lýkur

Íslenskur prjónaiðnaður hættir aldrei að vera móðins enda hefur Listasafn Sigurjóns Ólafssonar staðið fyrir röð stuttra sýninga og viðburða í vetur - Prjónavetri - þar sem áherslan hefur verið á prjónahönnun og stöðu prjónaiðnaðar hérlendis.

Í kjölfar Hönnunarmars lýkur Prjónavetri listasafnsins, þar sem hægt er að kynna sér framleiðslu og hönnun íslensks prjónavarnings frá sl. tveimur áratugum.

Þar fléttast inn í áhrif skapandi greina og nýsköpunar auk samstarfs hönnuða og listamanna við íslenskar prjónaverksmiðjur sem framleitt hafa margar af þekktustu hönnunarvörum landsins sem margar hafa náð heimsathygli.

Markmið sýningarinnar er að gefa gestum kost á að sjá vandaðar vörur sem hafa vakið athygli og fengið verðuga viðurkenningu fyrir hönnun, útfærslu og framleiðslu – og geta lesendur Bændablaðsins náð í skottið á sýningunni sem lýkur helgina 12.–13. apríl, en opið er á milli klukkan 13–17.

Listasafn Sigurjóns er staðsett á Laugarnestanga 70 og hýsir höggmyndir og teikningar Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara sem lést í Reykjavík árið 1982. Auk þess að kynna list Sigurjóns býður safnið almennt upp á sýningar á verkum annarra listamanna og yfir sumartímann eru vikulega haldnir tónleikar sem hafa skipað sér fastan sess í menningarlífi Reykjavíkurborgar. */sp*

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

KOMDU SKIPULAGI Á HJÓLAGEYMSLUNA



Hjólarekkarnir frá Falco hámarka nýtingu á gólfplássi.

HJÓLALAUSNIR

hjolalausnir.is





MAXAM dekkin eru þekkt fyrir frábær gæði, áreiðanleika og öryggi. Dekkin eru hönnuð til að mæta þörfum og kröfum í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi og henta því frábærlega fyrir íslenskar aðstæður.

MAXAM dekkin eru hentug fyrir:

- Landbúnað
- Þungar vinnuvélar
- Bændur
- Verktaka

Hafðu samband við **Eggert B. Eggertsson** sölustjóra, í **590 5180** eða **ebe@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR

REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

Byggingarstjóri.



Ertu í byggingarhugleiðingum, eða kominn af stað með framkvæmdir ? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í síma 8523222 eða netfang: asgeirvil@gmail.com

Hannyrðir:

Rósavettlingar

Vettlingar eru alltaf nýtilegir, vetur, sumar, vor og haust. Það er gott að eiga eina svona í vasanum þegar farið er í göngutúr. Ólöf Karlsdóttir hannaði þessa fallegu rósavettlinga.



Ein stærð.

Efni og áhöld: Þingborgar tvíband 50 g í aðallit og 50 g í mynsturlit. Sokkaprjónar 3.5 mm á stroff og 4 mm á belg og þumal. Nál til að ganga frá endum. Hægt er að nota léttlopa eða jafnvel tvöfaldan lopa einnig.

Prjónfesta: 20 l og 26 umferðir gera 10x10 sm. Ef notaður er lopi eða annað band en gefið er upp hér þarf að gæta að prjónfestu. Lesið uppskriftina yfir áður en hafist er handa. Mynsturblaðið sýnir lykkjufjölda, útaukningu, mynstur og úrtöku, hver rúða táknar eina lykkju. Feita strikið sem nær yfir 7 lykkjur sýnir hvar á að prjóna aukaband fyrir þumli.


Vettlingur: Fitjið upp 36 lykkjur á 3.5 mm prjónana. Prjónið stroff, 3 sléttar og 1 brugðna lykkju, alls 18 umferðir. Skiptið yfir á 4 mm prjónana, aukið út um 4 lykkjur jafnt yfir umferð og prjónið svo áfram eftir teikningu.

Úrtaka: Prjónið saman 2 lykkjur, prjónið 1 lykkju, takið 1 lykkju óprjónaða, prjónið næstu og steypið svo fyrri lykkjunni yfir. Gerið eins á báðum hliðum. Takið úr samkvæmt teikningu þar til 5 lykkjur eru eftir, slítið frá og dragið bandið í gegnum lykkjurnar.

Þumall: Þegar lykkjur hafa verið teknar upp fyrir þumli með því að rekja upp aukbandið, takið þá upp 1 aukalykkju í hvorri kverk. Prjónið þumal 12 umferðir eða í þá lengd sem óskað er og takið svo úr á þremur stöðum jafnt yfir umferð. Takið úr í hverri umferð með því að prjóna 2 lykkjur saman í hvert sinn og þegar 3 lykkjur eru eftir, slítið frá og þræðið bandið í gegn. Gangið vel frá öllum endum og sérstaklega vel í þumalkverk svo ekki verði gat.

Þvottur: Þvoið vettlingana í höndum með mildri sápu eða þvottaefni. Skolið, kreistið vatnið vel úr og leggið til þerris.

Hönnun: Ólöf Karlsdóttir
Uppskrift: Margrét Jónsdóttir



o Brugðin lykkja.
☐ Slétt lykkja

Dökka strikið táknar staðsetningu þumals.
Prjónið aukaband í þeirri umferð sem strikið er sýnt.

Rafmagnaðir páskabílar
á frábæru verði!
Benni
Notaðir bílar



MG MG5 LUXURY
- Nýskráður 2023
- Rafmagn
- Sjálfskiptur
- Ekinn 18 þ.km.

Lækkað verð: 3.690.000 kr.
Ásett verð: 3.990.000 kr.



HYUNDAI KONA STYLE
- Nýskráður 2020
- Rafmagn
- Sjálfskiptur
- Ekinn 39 þ.km.

Lækkað verð: 3.390.000 kr.
Ásett verð: 3.690.000 kr.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Meira úrval á notadir.benni.is

Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035

Bílabúð Benna Notaðir bílar



Sambland listræns gildis og meðvitundar um umhverfið er Bryndísi mikilvægt en hún leggur ríka áherslu á hringrás og nýtingu þess sem til fellur.
Mynd / Aðsend

Íslensk ull:

Samspil ljóss og hljóðs veitir vellíðan

Bryndís Bolladóttir vakti fyrst athygli vegna hönnunar sinnar á Kúlunni, hljóðdempandi veggverki sem kom á markaðinn árið 2010; hálfri kúlu sem hefur ytra byrði úr íslenskri ull.

Í kjölfarið urðu til ýmsir aðrir skúlptúrar og verk hljóðvistar en einnig hefur textíll hennar, Earth Matters, hlotið mikla athygli. Hann er unninn úr ull sem annars hefði farið til spillis og segist Bryndís vera stolt af því að vera ein þeirra listamanna sem geta sýnt fram á að hægt sé að draga úr sóun á skapandi hátt auk þess sem hún bendir á að mikilvægi hljóðvistar sé margsannað þegar kemur að almennri vellíðan.

Sambland listræns gildis og meðvitundar um umhverfið er Bryndísi mikilvægt en hún leggur ríka áherslu á hringrás og nýtingu þess sem til fellur. Framleiðsla ullarefnanna fór upphaflega fram á Seyðisfirði, en hún og eiginmaður hennar tóku við rekstrinum árið 2019. Settu þá á fót skapandi miðstöð í Kópavogi, Kula Design, og þannig gat sú þróun orðið til í þæfingu ullarinnar sem síðar varð Earth Matters. Áhersla þeirra er að verkin hafi virkni. Flest hver eru þau til hljóðdempunar og eru af hæsta gæðaflokki samkvæmt ISO vottun. Falla í A-flokk og hljóta því velvilja á heimsmarkaði.

„Það er svo mikilvægt að geta skapað verðmæti úr því sem annars færi til spillis, en til dæmis er verðmæti afskurða og þriðja flokks ullar bara nánast engin.

Að geta skapað eitthvað fallegt úr slíku sem hefur virði og fær virðingu er ómetanlegt," segir Bryndís.

Earth Matters textíllinn sem Bryndís notar m.a. í skúlptúra hefur einnig verið strengdur á ramma, bæði sem hljóðdempandi vegglist en einnig til að hólfa niður rými. „Þetta er hágæða efni með áferð jarðarinnar og þar er hvert efni einstakt. Hver rammi er abstrakt landslag, veggverk með virkni sem verður til vegna gljúfra hára íslensku ullarinnar. Sérstaða íslensku ullarinnar er sú hve hún er lagskipt og því allt annað yfirborð og áferð en þú færð með öðrum textíl."

Þessa dagana í tilefni Hönnunarmars má kynnast verkum Bryndísar í Ásmundarsal Reykjavíkurborgar þar sem henni var boðið að vera með sýningu á efri hæð safnsins. „Gestir fá að upplifa veröld víðtækrar þróunnarvinnu þar sem samspil og jafnvægi hljóðs og birtu stuðla að vellíðan," segir Bryndís, sem að auki frumsýnir nýjustu verk sín undir heitinu TYRA. „Þetta eru handgerðir hljóð- og ljóspanelar sem snerta við skynfærum fólks en eins og nafn sýningarinnar, Ljóstillífun, gefur til kynna er markmiðið hjá mér að skapa andlegt súrefni og svo jarðtengingu enda stuðla náttúruleg form og efni við betri líðan," segir Bryndís.

Sýninguna Ljóstillífun er hægt að heimsækja þar til 20. apríl, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Ásmundarsalar.

/sp



Þingborg
s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Dóruband er til í sauðalitum og jurtalitað, bæði einband og tvíband. Það er unnið úr Þingborgarlopanum sem er sérvalin lambsull. Uppskriftin að vettlingunum hér í blaðinu er með Dóru tvíbandi. Það fæst í Ullarversluninni Þingborg, sem er staðsett í Gömlu Þingborg og er 8 km austan við Selfoss.
Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17.
Póstsendum.
www.thingborg.is
gamlathingborg@gmail.com



Bernhard og Kafka á íslensku

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Ekki er ónýtt að hafa á síðustu vikum fengið í hendur nýjar öndvegisþýðingar á tveimur þýskumælandi stórskáldum frá síðustu öld.

Hjálmar Sveinsson hefur þýtt alræmda skáldsögu eftir austurríska rithöfundinn Thomas Bernhard (1931–1989) sem heitir *Skógarhögg. Geðshræring.* Bókin kom út árið 1984 og olli ólgu í menningarlífi Vínarborgar sem varð til þess að hún var tímabundið fjarlægð úr búðum vegna ásakana um ærumeiðingar. Kalla má það hressandi tilhugsun að ekki sé nema hálf öld síðan bækur gátu valdið öðru eins uppnámi sem kom til af því að Bernhard lætur persónu sína vaða á súðum um menningarelítu Vínarborgar og þó einkum gestgjafann í veislunni sem honum hefur verið boðið til en sá heitir í bókinni Auersberger, sem þótti skírskota til ættarnafns hjóna sem voru áberandi í menningarlífi Vínar á ritunartíma verksins, Gerhards og Maju Lampersberg. Málinu lauk með sátt og bókinni var dreift aftur í búðir. Í eftirmála þýðingarinnar segir Hjálmar Bernhard þó ekki hafa verið sáttan við meðferðina hjá löndum sínum og í erfðaskrá sinni hafi hann mælt fyrir um það að „eftir hans dag mætti ekki prenta, sviðsetja eða flytja neitt af hans verkum í Austurríki um alla eilífð“. Sem betur fer stóð bannið þó ekki lengi enda Bernhard einn af forvitnilegri höfundum frá síðari hluta síðustu aldar.



Skógarhögg. Geðshræring minnir um margt á aðra skáldsögu Bernhards sem Hjálmar hefur þýtt, *Steinsteypu* (ísl. þýð. 2005), en báðar sögurnar samanstanda af einræðum eða innra eintali sögumanna sinna sem birtist lesanda sem samfelldur texti á síðum bókanna, án greinarskila. Í þeim skilningi eru þetta eins konar hellur eða múrsteinar en þó ekki í þeim skilningi að þessar bækur séu harðar undir tönn. Texti þeirra beggja er auðskilinn þótt hann sé massífur og lýsir inn í hugarveröld manna sem hafa misst tökin, eru fullir af tilvistarskömm og óstjórnlegri dómhörku en afhjúpa í senn tilgerð, tækifærismennsku, öfund og aðra lesti sem þrífast í mannlegu samfélagi. Að mörgu leyti má segja að bækur Bernhards séu áframhald og úrvinnsla á tilvistarlegum og móderníska skáldskap frá því um og fyrir miðja tuttugustu öld en áhersla hans er á stöðu einstaklingsins í hnignandi menningarástandi Mið-Evrópu á seinni hluta aldarinnar. Fyrir áhugafólk um afburða tuttugustu aldar klassík, tilvistarlegan og menningarlegan bölmóð, óborganlega fyndni og texta með mikinn togkraft, þá er þetta rétta bókin.

* * *



Franz Kafka (1883–1924) átti stóran þátt í að móta þá tilvistarlegu og móderníska hefð evrópskra bókmennta sem Bernhard skrifar inn í. Hann var þýskumælandi gyðingur frá Prag sem á hans ævi var lengst af hluti austurrísk-ungverska keisaradæmisins sem leystist upp í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar. Kunnastur er hann fyrir skáldsögurnar *Réttarhöldin* og *Umskiptin*. Sú fyrri segir sögu manns sem festist í vef yfirgripsmikils og óskiljanlegs skrifræðis en sú síðari fjallar um mann sem vaknar einn daginn í líki skorkvikindis. Báðar hafa þær komið út í íslenskum þýðingum Ástráðs Eysteinssonar og Eysteins Þorvaldssonar ásamt öðrum sögum Kafka en nú er komið út sjötta ritið með þýðingum þeirra feðga á verkum Kafka en með því má segja að höfundarverk þessa grundvallarhöfundar liggi fyrir á íslensku.

Bókin heitir *Byrgið* og inniheldur sögur, kjarnyrði og brot eins og segir í undirtitli, þar á meðal titilsöguna sem er önnur tveggja nóvella í bókinni. Hin heitir *Rannsóknir hunds*. Hvorug þeirra kom út á meðan Kafka lifði frekar en flest verkanna sem hann skrifaði en eins og frægt er fór höfundurinn þess á leit við vin sinn og kollega, Max Brod, að hann fargaði öllum eftirlátnum handritum sínum að sér látnum. Brod auðnaðist að fara ekki eftir þeim tilmælum frekar en að áðurnefndu útgáfubanni Bernhards hafi verið fylgt eftir að öllu leyti. Bókmenntir heimsins eru ríkari fyrir vikið. Kjarnyrðin sem svo eru kölluð í undirtitlinum samanstanda meðal annars af þeim sem kennd hafa verið við smábæinn Zürau, stutt frá Prag, en í bókinni eru fjörutíu og eitt þeirra þýdd en þau voru 109 þegar þau komu fyrst út á frummálinu árið 1931. Þessir stuttu textar innihalda meðal annars vangaveltur um trúarleg og heimspekileg efni eins og þessar sem segja má að varpi forvitnilegu ljósi á umfjöllunarefni sumra bóka höfundarins: „Í baráttunni milli þín og heimsins skaltu styðja heiminn.“ Stór hluti bókarinnar samanstendur svo af brotum og styttri sögum sem sumar hverjar eiga sér snertifleti við stærri og þekktari verk Kafka. Þar er til dæmis að finna meinfyndna örútfærslu á umfjöllunarefni *Réttarhaldanna* og texta sem hefur augljós tengsl við síðustu skáldsöguna sem Kafka skrifaði, *Höllina*.

Það eru auðvitað stórtíðindi í íslensku bókmenntalífi að nú hafi svo að segja allt tiltækt höfundarverk Kafka verið þýtt á íslenska tungu. Ástráður og Eysteinn hafa unnið þrekvirki með þessum þýðingum sem seint verður fullþakkað. Á bak við þýðingarnar liggur ekki aðeins yfirlega yfir frumtextunum og þeim íslenska heldur einnig djúp þekking á höfundinum og því sögulega og bókmenntalega samhengi sem hann var sprottinn úr og Ástráður hefur miðlað í ítarlegum eftirmálum sem birst hafa í bókunum sex. Fyrir lesendur sem ekki telja sig hafa aðgang að verkum Kafka, þá felast í eftirmálunum lyklar sem opna textana fyrir hverjum þeim sem hafa áhuga á að nálgast þá.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Gólfþvottavélarnar sem létta þér verkin
i-team ÍSLAND
i-mop revolutionary cleaning
i-mop THE ORIGINAL
i-mop lite
i-mop XL
AFLVÉLAR
Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2021
GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better
• Loft í loft
• Loft í vatn
• Vatn í vatn
Varmadælur
Vörukaup ehf
516-2600
vorukaup@vorukaup.is
vörukaup

Líf ræn hreinsistöð
Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti
WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is

Vélabásinn:

Gerir út af við drægnikvíða

– Vetrarfrí á Tesla Model 3 Long Range



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Tesla Model 3 Long Range kæmist sennilega frá Reykjavík á Ísafjörð í einum rykk að sumri til. Á þessu vetrarferðalagi í febrúar reyndist ekki óhætt annað en að hlaða í Hólmavík. Mikil hálka var erfið yfirferðar á naglalausum vetrardekkjum. Í baksýn sést Ísafjörður. Myndir / ál

Hér er einblínt sérstaklega á hvernig Tesla Model 3 Long Range reynist í landshornaflakki á miðjum vetri, en í þessari útgáfu er bíllinn eingöngu með afturhjóladrif til að hámarka akstursdrægni.

Bíllinn sem rætt er um hér var ekinn tæpa 1.500 kílómetra á nokkrum dögum í febrúar þegar blaðamaður hafði hann undir höndum. Á þeim tíma ók undirritaður vestur á Ísafjörð og aftur til Reykjavíkur í erfiðri vetrarferð. Undir Teslunni voru naglalaus vetrardekk af bestu gerð frá Finnlandi.

Þar sem undirritaður hefur áður gert Tesla Model 3 skil á þessum vettvangi er lesendum bent á 2. tölublað Bændablaðsins 2024 þar sem ökutækinu eru gerð skil í smáatriðum. Bílarnir eru nánast eins, fyrir utan að sá sem fjallað var um áður var fjórhjóladrifinn og með minni drægni.

Spólar ekki í snjó

Samkvæmt framleiðanda á Tesla Model 3 í þessari útfærslu að komast allt að 700 kílómetra á einni hleðslu. Sú vegalengd næst aldrei nema í stýrðum aðstæðum, en hin raunverulega akstursdrægni bílsins er næg til þess að komast í landshornaflakk án þess að þjást af drægnikvíða.

Það sem undirritaður vildi sjá með þessari litlu tilraun var hvort bíll sem þessi væri raunhæfur valkostur fyrir þá sem vilja ferðast út á land allan ársins hring. Verðið og drægnin heilla, en afturhjóladrifnir bílar hafa oft verið álitnir óheppilegir í ófærð samanborið við þá sem eru framhjóladrifnir. Með tilkomu rafmagnsbíla er þyngdardreifingin milli öxla mjög jöfn og kenningin sú að flest vandamál afturdrifsins ættu að vera úr sögunni.

Þrátt fyrir að þessi tilraun hafi verið skipulögð yfir hávetur gafst ekki færi á að keyra í djúpum snjó, en á fönnugum bílastæðum var lítið mál að komast leiðar sinnar, þökk sé gífurlega öflugri spólvörn. Enn fremur gaf Teslan góða raun á fjallvegum með snjófönn og skafrenningi, en bíllinn hreinlega spólar ekki þó svo að inngjöfin sé stigin í botn.

Fullhlaðinn í Reykjavík

Teslan fékk hundrað prósent hleðslu áður en lagt var af stað úr Reykjavík og áætlaði aksturstölvan 567 kílómetra drægni. Alla leið upp í Borgarnes var sumarfærð, en ofar í Borgarfirðinum var nokkur snjóföl á veginum. Fönnin truflaði sjálfstýringuna þannig að undirritaður endaði á að slökkva á henni og styðjast eingöngu við skynvædda hraðastillinn.

Á leiðinni upp Brattabrekku fór talsverð orka af rafhlöðunni, en á fimm kílómetra kafla minnkaði akstursdrægnin um 18 kílómetra, en handan vatnaskila stóð hleðslan í stað. Undirritaður sá sama mynstrið á öllum fjallvegum.

Í Dölunum gekk ferðin tíðindalaust, en þar var orðið ljóst að teflt yrði á tæpasta vað með að aka alla leið á Ísafjörð án þess að hlaða, enda færð farin að spillast á Steingrímsfjarðarheiðinni. Því var ekki hætt á annað en að hefja undirbúning fyrir hleðslu í Hólmavík með því að velja hleðslustöð í leiðsögukerfinu. Með því hitar bíllinn rafhlöðuna sem flýtir fyrir upptöku rafmagns.

Í Hólmavík er 150 kílóvatta hraðhleðslustöð frá Orkubúi Vestfjarða og var undirritaður þegar búinn að sækja og tengjast greiðslu-appi. Því var einfalt að stinga bílnum í samband og stökkva inn í kaupfélagið til að fá sér hressingu og fara á salernið. Fyrir hleðsluna stóð rafhlaðan í kringum 40 prósent og áætlaði bíllinn að hann kæmist 237 kílómetra. Eftir 27 mínútur var hleðslan komin yfir 80 prósent sem aksturstölvan taldi duga 471 kílómetra. Kostnaðurinn var 2.068 krónur.



Nóg er af öflugum hleðslustöðvum á leiðinni. Hér er hlaðið rétt við Mjólkárvirkjun.



Í snjó og skafrenningi stóð bíllinn sig vel þrátt fyrir að vera eingöngu afturhjóladrifinn.

Flughált í Djúpinu

Uppi á Steingrímsfjarðarheiði var blint og komin snjóþekja. Þar fannst hversu mikið starf spólvörnin vann til að halda bílnum stöðugum og ekki yfir neinu að kvarta. Þegar komið var niður á láglendi í Djúpinu byrjuðu hins vegar alvöru vandræði, en þar var hitinn rétt yfir frostmarki, smá súld og þykkur klaki á veginum. Með öðrum orðum var flughált.

Slík færð reyndist naglalausu vetrardekkjunum ofjarl og átti ökumaður fullt í fangi með að halda bílnum á veginum. Jafnframt þurfti undirritaður að læra akstur í hálku upp á nýtt, því að vélarbremsan á Teslunni er nokkuð öflug þegar inngjöfinni er sleppt og ekki hægt að stilla hana. Þar með var ekki hægt að láta bílinn renna, heldur þurfti að finna jafnvægispunktinn á fótstiginu.

Tekið skal fram að í flughálku á Dynjandisheiðinni tveimur dögum síðar var upplifunin ekki jafn uggvænleg, en þá var eins og tölvukerfi bílsins hefði ýmist lært inn á aðstæður eða ökumaðurinn aðlagað sig að bílnum. Erfitt er að fullyrða hvort fjórhjóladrif hefði breytt miklu í þessum aðstæðum, en sennilega hefðu nagladekk gert gæfumuninn.

Þegar á Ísafjörð var komið hafði undirritaður ekið 466 kílómetra þann daginn. Í það fóru 74 kílóvattstundir, sem er eiginlega sama orka og fullhlaðin rafhlaða getur geymt (nákvæm tala fæst ekki hjá framleiðanda) og því hefði sennilega verið hægt að sleppa hleðslunni í Hólmavík. Á áfangastað var rafhlaðan komin niður í 40 prósent sem dugði til þess að sinna erindum og rúnta í einn og hálfan dag og leggja svo af stað suður á sunnudeginum.

Rafmagn beint úr Mjólká

Á suðurleið hlóð undirritaður bílinn á nýrri hraðhleðslustöð sem hefur verið komið fyrir við Mjólkárvirkjun í Arnarfirði. Þá var hleðslan komin í 10 prósent og fór upp í 80 prósent á rúmum hálftíma. Sú hleðsla kostaði 3.765 krónur en dugði ekki alveg alla leið til Reykjavíkur. Því hlóð undirritaður í 11 mínútur á 400 kílóvatta hraðhleðslustöð við Bauluna í Borgarfirði sem kostaði 1.532 krónur.

Helstu niðurstöður þessarar litlu tilraunar eru þær að ferðalag af þessu tagi er vel mögulegt á rafbíl. Það er mikið af öflugum hleðslustöðvum í þeim landshlutum sem ekið var í gegnum og eru oft mörg tengi á hverjum stað. Þessi tiltekni bíll kæmist sennilega alla leið á Ísafjörð í einum rykk að sumri til en það er ansi tæpt að vetri. Nagladekk hefðu komið sér vel í þessum tilteknu aðstæðum.

Þegar þetta er ritað kostar hvít Tesla Model 3 Long Range með afturhjóladrifi 6.690.000 krónur án 900.000 króna rafbílastyrks frá Orkusjóði. Blár litur er 186.000 króna aukahlutur. Nánari upplýsingar á tesla.com.





Bændurnir á Lynghóli, þau Þorbjörg og Guðni, kynntust í búfræðinámi. Mynd / sá

Bóndinn:

Best í heimi að búa í sveit

Nú kynnast lesendur búskapnum á Lynghóli í Skriðdal en þar er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Geta lesendur fylgst með fjölskyldunni á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.

Býli: Lynghóll í Skriðdal.

Ábúendur: Guðni Þórðarson og Þorbjörg Ásbjörnsdóttir.

Fjölskyldustærð: Mjög teygjanleg, þeir sem eru heima á býlinu erum við tvö og tvær 23 ára dætur okkar.

Stærð jarðar: U.þ.b. 350 ha en svo nytjum við jarðirnar sem eru báðum megin við okkur.

Gerð bús:100 geitur, 350 vetrarfóðraðar kindur, 60 nautgripir á ýmsum aldri. Nokkur hross og hænur. Framleiðsla á afurðum úr geitamjólk, svo sem ostum og skyri.

Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?: Fjölbreytnin, hafa ekki öll eggin í sömu körfunni, eins höfum við bara gaman af því að bardúsa við alls konar. Geiturnar hafa átt hug okkar meira en annað undanfarið, vegna þróunar á afurðum sem þær gefa af sér.

Hefðbundinn vinnudagur: Hann getur verið alls konar og sjaldan mjög hefðbundinn, fer mjög mikið eftir árstíma hvað er verið að gera. En almennt er byrjað á að fara í gjafir, kindum og geitum gefið hér heima og nautum í fjósi. Ostagerð er alltaf hluti af dögunum, það þarf að snúa þroskaða ostinum á hverjum degi og svo að gera ost þegar birgðir minnka. Hvað er gert milli verka fer bara eftir hvað liggur fyrir hverju sinni, undanfarið hefur smíði gjafagrinda í fjárhúsið verið aðalverk á milli gjafa og að taka á móti kiðlingum sem hafa hrunið í heiminn undanfarið, svo hefjast bara gegningar aftur að kvöldi.

Skemmtilegustu bústörfin: Sauðburður og geitburður eru í miklu uppáhaldi, alltaf jafngaman að fá að taka á móti öllu þessu nýja lífi og þá er líka alltaf svo mikið fjör í húsunum, þá sérstaklega þegar kiðin eru komin. Það kemur manni alltaf í gott skap að mæta í húsin og sjá kiðlingana og/eða lömbin vera að leika sér. Smalamennskurnar eru svo alltaf jafnskemmtilegar, að fara um landið og tína saman fé, svo notalegt þegar skjáturnar eru komnar heim aftur.

Hvernig er að búa í dreifbýli?: Best í heimi bara, annars væri maður ekki þar.



Fallegur dagur í Skriðdalnum.

Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?: Vera sinn eigin herra, ásamt því að umgangast skepnur alla daga, þær gera allt betra í lífinu.

Hverjar eru áskoranirnar?: Óstöðugt umhverfi, erfitt að gera langtíma fjárhagsáætlun því afurðaverð er síbreytilegt ásamt styrkjakerfinu, það er í sama pakka, maður veit sjaldnast almennilega hvað kemur úr pottinum hverju sinni. Verð á aðföngum er líka mjög misjafnt.

Hvernig er hægt að gera búskapinn hagkvæmari?: Ég veit það ekki alveg, þetta er eilíflega eitthvað sem verið er að glíma við, en ef hægt væri að gera langtímaáætlun sem myndi standast þá væri margt auðveldara.

Hvernig sjáið þið landbúnaðinn á Íslandi þróast næstu árin?: Vonandi stígur hann upp með hagkvæmari fjármögnun fyrir þá sem þurfa á henni að halda og afurðaverði sem stendur undir kostnaði.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin: Þegar rétt náðist að koma inn fé í ný fjárhús rétt fokheld, undan öskubyl sem var í uppsiglingu, féð átti að vera þar meðan hann gengi yfir en fór út um vorið, því það fylltist allt af snjó og var ekki hægt að setja út meir. En fegin vorum við að koma öllu inn.



Hér fyrir miðju má sjá ostinn síga í formunum, en annars geiturnar á góðri stundu. Myndir / Aðsendar










Matarkrókurinn:

2 fyrir 1-tilboð



Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com





Kjúklingavængir og bein í potti og uppbundinn kjúklingur. Fyrir og eftir – áhrifavalda-style.
Myndir / Hari

Það að geta gert tvo hluti í einu eða fengið meira fyrir minna er alltaf æskilegt. Með því að úrbeina kjúkling er hægt að elda kjötið sér og nýta beinin og það sem fellur til í kraftmikið soð.

Allt sem tengist kjúklingi er náttúrulegt kraftaverk. Frá eggjum til beina. Hægt að gera fínasta mat úr öllu sem til fellur. Hvort sem það er heilgrillaður kjúklingur, Suðurnesjakjúlli eða bara eitthvað fljótlegt á pönnu með sósu úr búðinni.

Heill er kjúklingur uppfullur af bæði próteini og kollageni. Sem er hvort tveggja einmitt í tísku mataráhrifavalda um þessar mundir. Próteinið fáum við úr kjötinu en kollagenið sogast beinlínis úr beinunum og skinninu við langa suðu í vatni. Þannig að ef kjúllinn er úrbeinaður er hægt að ná hvort tveggja fyrir sama verð. Hver elskar ekki tveir fyrir einn?

Beinin burt

Það er ekki stórkostlega flókið að úrbeina kjúkling en það er samt smá nostur og það þarf að hafa flugbeittan hníf. Best að það sé úrbeiningarhnífur – en ekki hvað? Líka hægt að nota flökunarhníf eða bara lítinn kokkahníf.

Byrja á að skera mænuna úr og dudda svo með að skera meðfram rifjunum. Þangað til þau losna frá. Vængirnir eru svo litlir að þá tekur því ekki að úrbeina. Skera í burt og nota í soðið. Bringubeinið er tekið með því að skera meðfram bringunum, aftan frá, og nota puttana jafnhliða til að losa kjötið. Allt er þetta gert frá bakhliðinni. Skinnhliðin á að haldast heil.

Næst er að skera lærlegginn úr. Finna hvar lærbeinið liggur og skera þar sem kjötið er þynnst og skafa það svo beinlínis frá. Skera á liðinn og taka legginn úr og setja með hinum beinunum. Það sem eftir stendur er kjúklingur með tveimur beinum. Upp á lúkkið.

Öllum hnútum kunnug

Til að elda kjúklinginn sem jafnast er best að binda hann aðeins upp. Áður en bandið fer á er um að gera að salta innhliðina. Mataröruggu bómullarbandi þá vippað utan um ökklana á kjúklingnum og svo eru settar nokkrar lykkjur upp eftir bringunni og bandið svo þrætt niður eftir lykkjunum hinum megin. Ef ekkert er til bandið eða það gengur ekkert að binda er fræðilega hægt að nota tannstöngla til að halda kjúklingnum saman. Þarf þó ekki að vera fallega hnýtt. Bara ekkert losni í hitanum.

Næsta skref er að salta og krydda skinnhliðina með góðri kryddblöndu að eigin vali. T.d. með pipar, papriku- og hvítlauksdufti. Hita ofn í 250 gráður. Skutla kjúllanum á bakka, gott að lyfta honum frá botninum með grind eða grænmeti, og inn í ofn með hann. Eftir nokkrar mínútur, eða þegar kominn er sæmilegur litur á herlegheitin, er hitinn lækkaður í 185 gráður. Elda kjúklinginn þangað til miðjan á þykkasta hluta hans stendur í rétt um 70 gráðum eða svo. Tekur tæpan klukkutíma eða þar um bil.

Láta kjötið hvíla í nokkrar mínútur áður en það er borið fram. Með úrbeiningunni er hægt að skera kjúklinginn eins og brauð. Sérlega lekkert á borði og þægilegt.

Beinasoð

Í pott fer úrval af grænmeti, gjarnan því sem ekki er hugað að verða matur, til að sjóða með beinunum. Ekki er allt grænmeti jafngott í soð. Kál og þá sérstaklega hvítkálsættin er ekkert endilega það besta. Úr því lekur súlfúr og við það myndast ólukkans prumpukeimur – sem er óæskilegur. Laukur, gulrætur, sellerí, paprika, hvítlaukur og lárviðarlauf eru hins vegar æskileg blanda. Grófskera grænmetið og gott að skera á liðina í vængjunum. Þannig lekur úr þeim kollagenið. Bæta nokkrum piparkornum ef vill en ekkert salt á þessu stigi.

Bein úr einum kjúklingi duga í sirka einn lítra af vatni eða þar um bil. Um að gera að drýgja soðið með því að splæsa í einn bakka af vængjum með. Nú eða frysta beinin og gera soð í annað eða þriðja hvert skipti sem kjúklingur er á matseðlinum.

Best og fljótlegast er að nota hraðsuðupott og sjóða beinin undir þrýstingi í sirka klukkutíma og leyfa þrýstingnum að losna náttúrulega. Þannig tekur soðgerðin tæpa tvo tíma. Ef enginn er hraðsuðupotturinn er bara að sjóða upp á beinunum og halda pottinum rétt undir bullsuðu í 3–4 klukkutíma. Með þéttu loki til að missa ekki of mikinn vökva



í uppgufun. Þau sem nenna veiða skánina sem rís upp við suðuna. Gott að byrja með örlítið meiri vökva til að fá lítrann í lokin.

Sigta beinin frá og þá er hægt að nota soðið strax eða kæla það niður og nota næstu daga. Ef vel tókst til ætti kollagenið að hafa umbreyst í gelatín. Það þekkist á því að þegar soðið er sæmilega kalt er það með geláferð.

Ef ekki á að nota soðið strax er hægt að frysta það og nýta hvenær sem er í kollagenríkan áhrifavalda-soðdrykk eða sem grunn í súpur og sósur. Flott að frysta flatt í endurlokanlegum pokum. Þá er hægt að brjóta soðbút af og nota þegar hentar. Líka hægt að frysta í klakabox og nota einn eða 10 soðklaka. Enn betra er, ef nota á klakaaðferðina, að sjóða soðið vel niður í kraftmeiri elexír og frysta svoleiðis klaka. Það eru algerar kraftaverkaklakabombur.

KROSSGÁTA



HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

239	LEIKA	BEYGÐU / BUNGA		SJÓNOP	ALLUR		FLÆKJA / DYGGUR		LITÞROTA	■			
HÁÐUR										FRÍR			
SKJÓÐA / ÓLAG					HAR-MÓNÍUM								
					ÚLDNA / GNÆFA								
TVEIR EINS / DANGL			EINBLÍNA / UM-HVERFIS						PÁLL				
DILLA		GJÓSA	DUNDAR / AFBROT					ROSI	■	TVEIR EINS / FÍNIRÍ			
				TVEIR EINS / RÍKI			SLYS					ILSKÓR	
KAMBUR					GJALDA					GÁLEYSI / SPOTTAR			
LEIKFANG / VEGSEMD					KLIÐUR		SKRÆLA / BYLGJAN						
			ÞRAUT-SEIGJU	KORN / HORFT				MÁLREIF / DIGRAST					
■		VELÚR / GEYSAST				EFTIR-TEKJA / SKARK						KRÚSI-DÚLLUR	
EMJAN					PARTI / ÓHLJÓÐI						TÓNN / RENGJA		
VARP / RIBBALDI				FJAR-STÆÐA					KEIP / TVÍHLJÓÐI				
				BÓKA						ROTA			
TRÉ							VESÆLAR						■

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



	238	STROKU	RENNINGAR	MAKAÐA	STÓRT	■	SKRAFA	ÖRVITA	KVÍÐA	KOMUST	■
	UPP-GANGUR	F	R	A	M	Þ	R	Ó	U	N	HÁTTALAG
	FYRIR-GANGUR	L	Æ	T	I	GÆTNI	A	Đ	G	Á	T
	BJÁSTUR	Ó	M	A	K	HLYKKUR	B	U	G	Đ	A
	ÞUSI	T	U	Đ	I	BRAML / FLÍK	B	R	A	U	K
	H	ÝFI	FRJÓKORN	TROÐA	T	R	A	Đ	K	A	VERMIR	HVÍLST	DAUFT	T
BRÝNA	E	G	G	J	A	BAKKI	■	HLJÓTI	U	GÓFLA Í SIG	H	Á	M	A
LÍTILL	L	Á	R	SLÖNGVA	BAUTI / MÖGL	B	U	F	F	ÖKYRR / KRÚSI-DÚLLUR	I	Đ	A	R
GRÓANDI	G	R	Ó	S	K	A	FUGL / UM-KRINGDI	Á	L	F	T	HÖFUÐFAT	T	REIKA
TVEIR EINS	I	I	ÖNGLI SAMAN / Á UNDAN	N	U	R	L	I	DRYKKUR / BEDRÍFUR	L	A	T	T	E
■	D	BURT / BÁTUR	F	A	R	Đ	U	ANDLEGUR LEIÐTOGI / RÖRILL	G	Ú	R	Ú	ÓMETI	I
ÓSTILLTUR	Ó	K	Y	R	R	BÓK / GEISAÐ	K	V	E	R	ÁLYGI / HÆTTA	R	Ó	G
ÓVÆTTUR	M	A	R	A	BORÐANDI / TVEIR EINS	Æ	T	A	R	ÓÞOLANDI	Ó	B	Æ	R
ÞAR TIL	U	N	S	ÞREPARÖÐ	S	T	I	G	I	LEIÐ	G	A	T	A
ÓLMAST	R	Ó	T	A	S	T	NÁBÚI	G	R	A	N	N	I	■

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Glæsileg vörn

Við sögðum í síðasta briddsþætti frá snjallri sagnvenju á Norðurlandamóti briddsspilara 65 ára og eldri sem fram fór í netheimum fyrir skemmstu.



Björn Þorláksson.

Þorlákur Jónsson var meðal þeirra sem skipuðu lið Íslands og hlaut bronsið á Norðurlandamótinu. Hann landaði ásamt félögum sínum í íslenska landsliðinu heimsmeistaratitli í bridds árið 1991 í Japan. Það afrek gleymist aldrei. Í Yokohama nutu Þorlákur og makker hans á þeim tíma, Guðmundur Páll Arnarson, þess að búa yfir beittri sagntækni ásamt hinum tveimur íslensku pörunum, þeir notuðu hindranir af meiri þrótti en sést hafði og bjuggu yfir fjöldjöflum í vopnabúrinu sem rugluðu margan andstæðinginn í ríminu.


En vörnin skiptir alltaf miklu máli og vörnina spilar Þorlákur enn eins og kóngur líkt og þeir sem fylgdust með NM heldri spilara á dögunum sáu í beinni útsendingu á Real Bridds.

Þorlákur sat í vestur og átti út gegn fjórum hjörtum án þess að AV kæmu inn á sagnir. Öll útspil önnur en tígull hefðu gefið samninginn og Þorlákur fann að spila út tígli. Makker Þorláks, Sverrir Ármannsson, drap á einspilið og spilaði spaða um hæl. Sagnhafi reyndi svíninguna en kóngur Þorláks átti slaginn og hélt svo Þorlákur áfram með spaða. Þegar hann komst inn á trompásinn gaf hann makker sínum stungu, glæsileg vörn og talan í AV.



Á myndinni eru þeir Rúnar Einarsson, Guðjón Sigurjónsson, Steinar Jónsson og Hrannar Erlingsson í sveit Málningar.

Mynd / Aðalsteinn Jörgensen.



MFS: Monrad-keppni hjá BR

„Þetta eru vel æfðir menn," segir Sigurbjörn Haraldsson, landsliðsmaður í bridds, um spilarana í sveit Málningar sem unnu fyrsta keppniskvöldið í þriggja kvölda sveitakeppni sem spiluð er nú með Monrad-sniði í einum merkilegasta briddsklúbbi landsins, Bridgefélagi Reykjavíkur.


Uppeldisstöð margra af sterkustu spilurum landsins í áranna rás.

Fjöldi briddsfélaga stendur fyrir vikulegum mótum um allt land. Eru nýir og óvanir spilarar velkomnir. Sú tíð er löngu liðin að nýliðar fái misjafnar móttökur. Bridds er spil fyrir alla, byrjendur sem lengra komna. Fyrst og fremst er bridds hugaríþrótt fyrir fólk sem vill hafa gaman af því að hitta annað fólk og brjóta heilann í leiðinni svo um munar.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

Reykjavík Open 2025 – Friðriki til heiðurs


Reykjavík Open, sem hefst miðvikudaginn 9. apríl í Hörpu, hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem fjölmennasta og glæsilegasta skákmót sem haldið er árlega á Íslandi.



Hermann Aðalsteinsson.

Mótið núna er haldið Friðrik Ólafssyni til heiðurs, en eins og margir vita lést hann fyrir fáeinum dögum síðan. Friðrik var fyrsti stórmeistari Íslendinga og má segja að hann hafi rutt brautina fyrir aðra skákmenn sem á eftir komu.

Eins og áður segir þá er Reykjavík Open risavaxið skákmót og taka meira en 400 keppendur þátt í mótinu og hefur svo verið í nokkur ár. Loka þurfti fyrir skráningu í lok mars, þar sem ekki var pláss fyrir fleiri í mótinu. Reykjavík Open er eina mótið á Íslandi þar sem fleiri erlendir skákmenn taka þátt en innlendir, sem segir okkur að mótið sé orðið eitt af þeim stóru alþjóðlegu skákmótum sem margir vilja vera með í. Mótið hefur einnig þá sérstöðu að það er ekki flokkaskipt, hvorki eftir stigum né aldri. Allir tefla í sama opna flokknum og líkur á því að tefla við stórmeistara eru því ágætar.



Friðrik Ólafsson stórmeistari. Mynd / Skáksambandið

424 keppendur eru skráðir til leiks og þar af „aðeins" 90 Íslendingar. Erlendu keppendurnir koma alls staðar að úr heiminum, en skákmenn frá 50 þjóðlöndum og af öllum getustigum, frá sterkum stórmeisturum niður í stiglausa skákmenn, mæta til leiks. 35 stórmeistarar taka þátt í mótinu og fjöldinn allur af öðrum titilhöfum. Tefldar verða 9 umferðir á 7 dögum og hægt verður að taka 3 sinnum sjálfvalda yfirsetu (bye) í mótinu. Fyrir sjálfvalda yfirsetu fæst hálfur vinningur.

Það hefur færst mjög í vöxt að undanförnu að mótshaldarar bjóði upp á að keppendur geti tekið sjálfvalda yfirsetu í mótum, oftast 1–3 sinnum. Aldrei þó í lokaumferðinni. Margir notfæra sér það og þá sérstaklega erlendir keppendur og geta þá skoðað landið eitthvað í leiðinni og kíkt t.d. á gröf Fischers í Laugdælakirkjugarði, sem er mjög vinsælt að gera. Gera má ráð fyrir mikilli umferð af „skáktúristum" í Laugdælakirkjugarði dagana sem mótið stendur yfir.

Þetta er síðasti skákpistillinn sem undirritaður skrifar í Bændablaðið og ég vona að lesendur hafi haft gaman af.

Bændablaðið þakkar Hermanni afar skemmtilega og fróðlega pistla.

Hermann Aðalsteinsson,
lyngbrekku@simnet.is



Erfinginn:

Valur

Nafn: Valur Egilsson.

Aldur: 7 ára.

Stjörnumerki: Fiskur.

Búseta: Húsavík þar til í sumar þegar ég flyt í Kelduhverfi.

Skemmtilegast í skólanum: Íþróttir og frímó.

Áhugamál: Að spila fótbolta og veiða.

Tómstundaiðkun: Ég fer í fótbolta, blak og frjálsar í skólanum og æfi á píanó.

Uppáhaldsdýrið: Gíraffi.

Uppáhaldsmatur: Tortilla.

Uppáhaldslag: Eins og þú með Ágústi.

Uppáhaldslitur: Blár.

Uppáhaldsmynd: Skósveinarnir.

Fyrsta minningin: Þegar Una systir var skírð og ég hélt hún ætti að heita Buna.

Hvað ertu ánægður með í fari þínu?: Að vera góður við aðra.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?: Mærudagar á Húsavík og tívolí á Kanarí.



Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?: Ég ætla að vinna í Skúlagarði og spila fótbolta.

Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

	3			9	6	8		2
6		5		8	2		4	
1							9	6
	1	6		7			5	
		3	8	6				9
		7	9		5	6	2	
3		1	4				6	
4			7	5	9			
	2	9				7		4

Miðlungs

6		7		4				9
2				9			4	
					5	2	6	
	9		3		2			5
5		1				4		
			6	1				
	8	6						2
			4					7

Þung

						7		
1		7		3		5	2	
9				4			6	
		6	5					
		3	4	2				
4	9							
					3			
	8							5
3		5		1	6		7	

Þyngst

				8	6	2		
	2	4						
		7			3			5
			5	7				6
		8		9			7	
	4							
4	8						9	
1	9		4	5				3
								2

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn gengur nú inn í tímabil þar sem gott er að vinna að nýjum hugmyndum og verkefnum sem tengjast framtíðinni. Mikilvægt er að hlusta á aðila í nánasta umhverfi þar sem samvinna getur leitt til betri árangurs – auk þess sem vatnsberinn má vera óhræddur við að nýta sem flest tækifæri til breytinga. Happatölur 5, 15, 65.

Fiskarnir ættu að gefa sér tíma fyrir sjálfsskoðun sem gæti ýtt undir persónulegan vöxt. Fiskarnir vita manna best að innra með þeim bærast djúpar tilfinningar sem þarf að vinna úr og ættu að gefa sér tíma til að þroskast. Í kjölfarið munu þeir finna svör við spurningum sem hafa legið á þeim lengi. Happatölur 3, 24, 15.

Hrúturinn þarf að nýta hvert tækifæri sem gefst til þess að upplifa aðra orku en hann hefur dvalið í lengi. Hann ætti að sjá fyrir sér manneskjuna sem hann vill vera, hvaða kosti hún ber og hvernig hann getur bætt sjálfan sig í þá áttina. Opinn fyrir breytingum og hugsa út fyrir boxið eru lykilorðin hér. Happatölur 2, 87, 19.

Nautið finnur fyrir góðri orku í kringum sig þessa dagana, en þarf að huga að því að halda jafnvægi milli vinnu og persónulegs lífs. Gefa sér tíma til að slaka á og njóta litlu hlutanna en ekki einblína á það sem miður fer, eða gæti farið miður. Góðar fréttir í tengslum við fjárhaginn berast innan skamms. Happatölur 4, 18, 24.

Tvíburinn má eiga von á því að þurfa að taka ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á framtíðina. Þeir ættu að hlusta á innsæið og leita til velunnara sem hafa reynslu af svipuðum aðstæðum. Samvinna getur leitt til góðs árangurs, en tvíburinn þarf að vera tilbúinn til að hlusta. Happatölur 15, 54, 44.

Krabbinn mun á næstu dögum eiga von á óvæntum breytingum eða tækifærum til innri betrunar. Hann þarf ekki að vera hræddur við að segja það sem honum í huga býr, því ef hann deilir skoðunum sínum á réttum tíma getur það leitt til jákvæðrar þróunar á hans innsta hugarangri. Happatölur 34, 66, 28.

Ljónið öðlast brátt ýmis tækifæri til að láta ljós sitt skína, nú sem aldrei fyrr. Sjálfsöryggi í öllum aðstæðum er lykilinn en ljónið má þó ekki sýna oflæti eða stífni. Mikilvægast er að vera næmur fyrir tilfinningum annarra og opinn fyrir samvinnu, annars fer illa. Happatölur 13, 32, 44.

Meyjan gæti fundið fyrir mikilli þörf fyrir að hvíla sig og endurheimta orkuna og ætti að láta það eftir sér. Hún þarf að muna, yfirhöfuð, að gefa sér tíma til að huga að heilsunni og gefa huganum hvíld frá streitu. Tími fyrir sjálfsmeðvitund er hvatning í átt að betri lífsgæðum. Happatölur 23, 9, 19.

Vogin Samvinna og tengsl við aðra verða voginni mikilvæg á næstu dögum. Hún þarf að huga að því hvernig hún getur ýtt undir jafnrétti og sanngirni í samskiptum, en þó fylgja innsæinu þegar kemur að því að taka ákvarðanir í tengslum við vináttu eða starfsfélaga. Happatölur 13, 25, 67.

Sporðdrekinn Þessa dagana bjóðast ýmis tækifæri til að sjá hlutina frá nýjum sjónarhóli og ætti sporðdrekinn að nýta sér þann tíma til að taka á áhyggjum sem tengjast framtíðinni. Nýjar upplýsingar geta komið í ljós, sem gefa meiri innsýn, þegar kemur að málum hjartans. Happatölur 3, 40, 17.

Bogmaðurinn Orkan sem ríkir í heimi bogmannsins um þessar mundir gefur honum tækifæri til að stíga út úr þægindarammanum. Áhætta getur leitt til mikils árangurs svo og tími sem nýttur er til að efla tengsl við aðra. Einhver veikindi eru í kortunum og því rétt að huga vel að heilsunni. Happatölur 89, 18, 32.

Steingeitin þarf að byggja upp stöðugleika og festu sem best hún getur. Nú er góður tími til að leggja á ráðin og framkvæma það sem henni liggur á hjarta en setja í skýran forgang það sem er mikilvægt. Steingeitin þarf einnig að gefa sér tíma til að slaka á. Happdrættisvinningur ætti að gefa af sér. Happatölur 14, 34, 15.



Söl, þessi rauðfjólubláu eða brúnu sæþörungar sem við þekkjum flest hafa alla tíð verið eftirsótt fæða, enda ein næringarríkasta tegund sjávarjurta sem vex hér við land. Má vænta að þeirra hafi verið neytt hérlendis frá upphafi byggðar ef marka má orð Egils Skallagrímssonar: *„Slíkt gerir að er sölin étur þyrstir æ þess að meir.“*

Sölvatínsla þarf að fara fram seinni hluta sumars við stórstraumsfjöru og þykja bragðbest ef hægt er að þurrka þau á sléttum klöppum böðuð sólskini, en svo segir í viðtali við hjónin Hrafnkel Karlsson og Sigríði Gestsdóttur í tímaritinu Frey árið 1988. Hrafnkell segir skerið Hásteinasker fylgja jörðinni þeirra, Hrauni í Ölfusi, en þar hefur farið fram sölvatekja frá aldaöðli og selja þau hjónin hluta uppskerunnar í náttúrulækningabúðum og víðar.

Myndin sem fylgir greininni sýnir frá sölvatínslu í Ölfusinu árið 1992, en að Hásteinaskerinu þarf að fara með báti og nokkur vinna er við að handtína sölin sem sett eru í körfur og poka. Ónefndur maður er hér fyrirsæta myndarinnar, vel útbúinn og virðist farast verkið vel úr hendi. *Isp* Mynd / Bbl

Tíska:

Nútímahippinn ræstur

Ein áþreifanlegasta birtingarmynd náttúruverndar og sjálfbærni tískunnar gæti komið yngri lesendum á óvart.

Þó mikið sé fjallað um mikilvægi endurnýtingar og áherslu á gagnsætt hringrásarkerfi tískuiðnaðarins er nú ekki verið að finna upp hjólið. Með tilkomu hippakynslóðarinnar, þá á árunum í kringum 1960–1970 varð lífræn tíska mikilvægur hluti af lífsstíl og heimspeki þess tíma.

Hipparnir, sem voru hvað þekktastir fyrir andóf gegn hefðbundnum samfélagsgildum, tóku auðvitað upp lífsstíl sem lagði áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd auk viðhorfa sem stungu í stúf við hefðbundna tísku. Áhersla á náttúru, ást og frið var í fyrirrúmi og því var lífræn tíska á þessum tíma ekki bara hugtak sem tengdist fatnaði heldur einnig stór hluti af þeirri hugsjón og samfélagslegu breytingu sem hippahreyfingin stóð fyrir. Til að mynda voru þeir á móti því að klæðast efnum sem voru framleidd með skaðlegum aðferðum en leituðust eftir náttúrulegri efnum í fatnað sinn, þá lífrænni bómull, hampi, ull og silki, sem voru framleidd án þess að nota tilbúinn áburð eða skordýraeitur.

Andóf gegn neysluhyggju

Hippatískan hélst í hendur við hugsjón þessa tíma, varð tákn um andóf gegn neysluhyggju, mengun og hinni gífurlegu neysluvæðingu sem var á þeim tíma.

Fatnaður gerður úr lífrænum efnum varð tákn fyrir að vilja lifa í samræmi við náttúruna og fylgja sjálfbærum og heiðarlegum framleiðsluaðferðum, auk þess sem hipparnir voru einnig fyrirmyndir í því að endurvinna og endurnýta gamlan fatnað. Þeir áttu það einnig til að vera afar skapandi þegar kom að því að endurvinna gömul föt, oft undir áhrifum frá náttúrunni, litum hennar og mynstrum. Útkoma sýndi því oft bæði persónulegan stíl viðkomandi og andóf gegn stöðluðum tískukröfum.



Mynd / Facebook, Guru Zen

Pólitísk yfirlýsing

Hippahreyfingin var einnig afar andsnúin yfirráðum stórfyrirtækja og verksmiðjuframleiðslu almennt og með endurnýtingu, eða vinnslu lífrænna efna, sýndu þeir andstöðu sína gagnvart stofnunum eða vinnuferli sem þeir töldu stuðla að misrétti og óréttlæti.

Lífræn tíska var þess vegna ekki bara um föt, heldur endurspeglaði pólitíska yfirlýsingu hippanna, áhyggjur þeirra af umhverfinu, réttindi fólks og samfélagslega ábyrgð svo eitthvað sé nefnt.

Þarna má segja að hafi vaknað sú hugmyndafræði sem er grundvöllur sjálfbærrar tísku í dag og samfélagslegrar hugsjónar gegn neysluhyggju og umhverfismengun.

Náttúrulegur lífsstíll

Þessi áhrifavaldur í sjálfbærni og náttúruvernd snerti á ýmsum flötum sem áttu ekki upp á pallborðið hjá almenningi á þessum árum.

Til viðbótar við litríkan fatnað, saumaðan upp úr gömlum klæðum, þótti óklippt hár, náttúrulegur skeggvöxtur og fjarvera nærfatnaðar áskrift að viðhorfi um að vera í samræmi við náttúruna. Frjálsar ástir komu þarna inn í reyndar líka svona til að kóróna allt saman og má nærri geta að kynslóðirnar á undan hafi ekki verið hrifnar af þessum „náttúrulega“ lífsstíl.

Betri heimur

Stefna hinna frjálslyndu hippa ríkir þó enn í dag. Hugtakið á við áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, frið og ást þar sem réttrúaðir velja oft náttúrulegar eða lífrænar vörur, en þó í bland við nútímatækni og tísku samtímans.

Svona nútímahippa mætti lýsa á eftirfarandi hátt: Einstaklingur sem hefur tekið upp lífsstíl sem byggir á þeim gildum sem hippahreyfingin frá 1960–70 stóð fyrir, en með nútímalegum áherslum á sjálfbærni, náttúruvernd, persónulegt frelsi og samfélagslega ábyrgð.

Nútímahipparnir eru andsnúnir neysluhyggju og þeirri hugmynd að fólk eigi að lifa í samkeppni við annað fólk og safna eignum. Þeir leggja áherslu á einfaldleika, samstöðu og samhengi við samfélagið. Þetta getur falist í því að þeir séu virkir í samfélagsmálum, styðji réttindi dýra, vinni að samfélagsbreytingum eða taki þátt í verkefnum sem stuðla að bættum lífskjörum fyrir alla. Eða í stuttu máli, lifa í samræmi við náttúruna, breiða út boðskap um einfaldara líf og stuðla að betri heimi.

(Svo verður víst að minnast á að fjölástir eru ofsalega mikið í tísku þessa dagana.) */sp*



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH) og er með halogenljós, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu m/fjarstýringu,kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er þöll (hemlock) Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2100w.



Rafmagnspotturinn HYDRO. Stærð 200x200x95. Verð kr. 850.000, m/loki, tröppu, síu ofl.

GODDI.IS
Auðbrekku19,
200 Kópavogi,
S. 544-5550



Ástjörn, sumarbúðir fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð kr. 10-11.000 á sólarhring. Systkinaafsl. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norðausturlandi. Bátar og leiksvæði. Uppl. S. 462-3980 astjorn.is - facebook, instagram, youtube.



Spónakögglar erlendir premium í 15 kg pokum. 60 pokar á brettinu. Tilboð á heilum brettum kr. 96.000 m/vsk. Takmarkað magn. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 nema fös. til kl.16.00.



Til sölu SsangYong Rexton HLX, fjórhjóladrif, dísil, árgerð 2019, sjálfskiptur, ekinn 81.000 km. Verð kr. 6.790.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf."
Jóh. 3.16
biblian.is



Fjórhjól til sölu. Polaris 570x2 árg. 2017. Keyrt 5.800 km. Dráttarvélaskráning. Verð kr. 1.350.000 +vsk. Upplýsingar í s. 896-7930.



Tvö smáhýsi fyrir tvo, hvort um sig, og íbúð fyrir tvo til skammtímaleigu í útjaðri Mosfellsbæjar. Heitur pottur, þvottavél og þurrkari. Geymið auglýsinguna. S. 849-2324.



Lyngur.is Fegraðu útisvæðið þitt með vönduðum handsmíðuðum garðhúsgögnum úr Douglasgreni eða eik. Útihúsgögnin okkar eru smíðuð af nákvæmni og úr hágæða viði sem tryggir bæði styrk og fallegt útlit. Allar upplýsingar á vefsíðunni okkar - www.lyngur.is



Ford Transit L3H3, Árgerð 2015 ,Akstur 175.000, Hliðarhurðir báðum megin. Beinskiptur 6 gíra Cruise control. Nýleg heilsársdekk. Verð 2.250.000 +vsk. Upplýsingar í s. 820-3883.



Stema kerra til sölu. Árgerð 2022. Burðargeta 2.875 kg. Verð kr. 990.000. Upplýsingar í s. 770-5747.



Fermingargjöfin í ár.

Znen R9 bensínvespa. Glænýtt mikið uppfært módel.
Þarf ekki próf til að aka, tryggja né skrá!
Verð kr. 379.000.
Nítró Sport, Urðarhvarfi 4. nitro.is





RAFSTILLING
REKI
SÉRFRÆÐINGAR Í SÍUM
VANDAÐAR LOFTSÍUR - OLÍUSÍUR - VÖKVASÍUR















MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER
BJÓÐUM UPP Á SÉRPANTANIR

reki.is
reki@reki.is
562-2950





Tveir gæðingar til sölu Toyota Hiace - Gráni ,árgerð 2007, ekinn 369.000 km og Rauður, árgerð 2008, ekinn 314.000 km. Verð 1.450.000 +vsk. Nánari upplýsingar í s. 894-0444 Þorsteinn.



Hús til sölu, 40 fm, með öflugum stálramma undir. Rafmagnstafla og „skíði“ undir stálramma. Hægt að draga það og flytja á vörubíl. Upplýsingar í s. 772-0030.



Toro Groundmaster 7.200 zeroturn, 2020 árgerð, ekin aðeins 312 klst. Upplýsingar í s. 771-2410. Verð kr. 1.500.000.



Til sölu gámur, ávaxtagámur sem er einangraður eins og frystigámur. 20 fet, lítur mjög vel út. Verð kr. 550.000 Afhendist á geymslusvæði í Hafnarfirði s. 861-7477.



Til sölu Ferguson TEA 20, árg 1949. Nýuppgerð. Upplýsingar í s. 896-1092.



Einstakur Suzuki til sölu! Landbúnaðar-, leik- eða golftæki. Verðhugmynd kr. 500.000,- Upplýsingar í s. 894-4001.



Ekeri vagn með heilopnun og kælivél. 2014 árgerð. Verð kr. 3.500.000. Upplýsingar í s. 861-0130.



Ford Transit dísil, árgerð 2007, ekinn 162.000 km. Fínasti sendibíll í góðu standi, á góðum nagladekkjum en sumardekk fylgja. S. 862-3674. Verð kr. 590.000.



Ford Econoline E 350 2005 326 hp dísil, ekinn 121.000. Nýskoðaður og smurður, góður bíll sem er búið að gera mikið fyrir, uppl í s. 865-8856, ekki í pm. Ásett verð kr. 1.700.000.



Stálgrind fyrir milliloft 576 m², burðageta 500 kg/m². Lofthæð 3,939 m. Sjá teikningu fyrir nánari útfærslu. Tilboð óskast. Upplýsingar í s. 692-7900.



Terberg dráttarbíll, árgerð 2009. Notkun 13.500 vinnustundir. Verð kr. 2.000.000. Upplýsingar í s. 861-0130.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Stórsekkir úr góðu öndunarefni. Sérsaumaðir í Póllandi. Sterkir, margnota sekkir. Góð reynsla fyrir kartöflur á Íslandi Erum að taka niður pantanir. Sköffum einnig aðrar gerðir af stórsekkjum. Hákonarson ehf. www.hak.is Email: hak@hak.is S. 892-4163.



Til Sölu 200 til 300 stálstoðir. Fást á góðu verði, til afhendingar í þremur rekkum. Uppl í s. 892-2221, Magnús.



Til sölu Liebherr krani, 36 metra bómu og 20 metra undir krók, tekur 850 kg. í 36 metrum er skoðaður fyrir 2025 er í sæmi legu standi og fæst á sanngjörnu verði, laus strax. Uppl. í s. 892-2221 Magnús.




Pallar til sölu, um 20 m á lengd, 3 hæðir. Frekari upplýsingar, smidaferill@smidaferill.is. Tilboð óskast.



Humbaur kerra árg. 2017 til sölu. Burðargeta 2.500 kg., stærð 420x210x35 cm, 2ja öxla. Nýyfirfarin og nýskoðuð í toppstandi. Verð kr. 800.000. Nánari upplýsingar í s. 660-4085.



Til sölu CF MOTO 625 fjórhjól. CForce 625 Touring orange EPS, árg 2022. Verð kr. 1.200.000. Til sölu vel með farið fjórhjól. Geymt inni og reglulega skipt um olíu. Keyrt: 4.500 km. Hiti í handföngum, rafmagnsstýri, vindhlíf á handföng. Spil og krókur. Læst drif framan og aftan 26” dekk. S. 666-8100.



YUCHAI minigrafa til sölu. Notkun aðeins 260 tímar. Árgerð 2008. Einn eigandi, geymd í upphituðu húsnæði utan notkunar og mjög vel með farin. Með fylgja 3 skóflur og staurabor. Upplögð í búskapinn, frístundahúsið og minni verktöku. Grafan er ekki vsk. skráð. Heildarverð kr. 2.700.000. Ágúst s. 893-8877.



Til sölu Ford Kuga Titanium, fjórhjóladrif, dísil, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 53.000 km. Verð kr. 3.590.000. -notadir.benni.is - s. 590-2035.



Er með tvo svona vinnuskúra til sölu, með salerni, eldhúsinnréttingu, ísskáp og rafmagnstöflu. Uppl í s. 892-2221 Magnús.



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Lyftaragafflar með snúningi. Burðargeta 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 360.000 +vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Til sölu Toyota Landcr. GX 33" árg. 6/2022, verð kr. 10.990.000 ný dekk, krókur, upphækkaður, góð smurbók, upplýsingar í s. 567-4000 hjá Heimsbílum, eða Garðar s. 660-7575, Tryggvi s. 663-0505. Raðnr. 714479 inn á bilasolur.is



Dodge Ram Limited Megacap árg 12/2019 ekinn 104.000 km. 6 manna, mjög vel með farinn, verð kr. 10.990.000. Frekari uppl. hjá Heimsbílum, Garðari eða Tryggva, s. 567-4000, eða s. 660-7575.



Til sölu Ford Transit custom trend L2H2, árg. 12/2022. Ekinn 69.000 km með krók. Verð án vsk. kr. 4.790.000. Upplýsingar hjá Heimsbílum í s. 567-4000. Erum með mikið úrval af sendibílum, hægt að skoða þá inn á Heimsbilar.is.



Til sölu Landrover Discovery SE Landmark v6 307 hestöfl ekinn aðeins 54.000 km. Krókur, leður, 7 manna, verð kr. 10.980.000. Mjög vel með farinn (3 lítra vél), frekari uppl. hjá Heimsbílum í s. 567-4000, eða 660-7575 og 663-0505, eða netfang, heimsbilar@heimsbilar.is



Veitingastaðurinn Stapinn á Arnarstapa er til sölu. Veitingastaðurinn er í góðum og vaxandi rekstri. Tekjur 2024 voru kr. 161.000.000 og rekstrarhagnaður kr. 51.000.000. Allar upplýsingar veitir Centra Fyrirtækjaráðgjöf, kristjan@centra.is eða sig.hardarson@centra.is



Dísilhitari 12 og 24 volt 5 kw ósamsettur. Verð kr. 53.900. Dísilhitarar 12,24 og 220 volt samsettir, verð kr. 58.900. Öll þjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Man TGA 26.440 kranabíll með sturtupalli, árg 2007. Ekinn 348.000 km. Sjálfskiptur, loft aftan og framan, gámalásar. Atlas krani 240.2E. 24 tm. 6 í glussa, 2 í hand. Rótor. Annar krani í varahluti fylgir. Nýskoðaður. Bíll í góðu standi. Verð kr. 9.700.000 +vsk. Uppl. í s. 892-3042.



Skoda Kodiaq, 7 manna. Árgerð 2017, ekinn 160.000 km. Sumar- og vetardekk. Einn eigandi, gott eintak. Upplýsingar í s. 895-1482.

VÉLFANG – VERKIN TALA

CLAAS

11 góðar ástæður til að velja CLAAS ARION 400 dráttarvél



Allt í einni hendi:
ELECTROPILOT stjórnstöngin er ekki bara fyrir ámoksturstækjavinnuna, þú stýrir einnig vökvasneiðum og einnig eru fimm forritanlegir hnappar til taks.



Loftfjaðrandi sæti:
Grammer Dual Motion-sætið er með loftfjöðrun, sætishitara, fram/aftur fjöðrun og höfuðpúða sem færist til hliðar þegar ökumaður þarf að sjá aftur fyrir sig.



Frábært útsýni:
Með PANORAMIC ökumannshúsinu er full yfirsýn yfir vinnuumhverfi og ámoksturstæki.



Kraftmikill mótor:
Fjögurra strokka FPT-mótorinn allt að 155 hestöfl – meira en nokkur önnur vél í þessum stærðarflokki.





Lýsing:
Með allt að átta LED vinnuljósum breytist vinna í skammdegi í bjartan dag.




Auðvelt viðhald:
Öllum kælum er hægt að halla fram svo að auðvelt sé að komast að til að sinna þrifum og viðhaldi.



Kúplingsfrí gírskipting:
Hvort sem þú velur QUADRISHIFT (16+16) eða HEXASHIFT (24+24) getur þú skipt um gír án þess að kúpla eða þá haft vélina sjálfskipta með QUADRACTIV/HEXACTIV.



Snjall akstur:
Með SMART STOP virkar bremsan einnig sem kúpling, mjög gagnlegt við allar aðstæður.



CLAAS = Þægindi:
Eins og alltaf bíður CLAAS upp á frammúrskarandi þægindi. Húsfjöðrun er staðalbúnaður og fjaðrandi framhásing valbúnaður.



Öflugt vökvakerfi:
Með allt að 4 vökvaúttökum og með stærstu vökvadælunni allt að 150 l/min flæði tiltækt!

Kælihólf:
Undir farþegasætinu er kælihólf með rými fyrir 1,5 lítra flösku og snarl.



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

RAFSTILLING REKI
ÖRUGG OG ÞÆGILEG SÆTI
FYRIR ATVINNUBÍLA - JARÐVINNUVÉLAR - TRAKTORA
ATVINNUTÆKI - BÁTA - AFÞREYINGARTÆKI









MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER
BJÓÐUM UPP Á SÉRPANTANIR

rafstilling.is
rafstilling@rafstilling.is
581-4991

Orkutækni ehf. - S: 7930116




Maschio hnífatætarar fyrir 90–170 hö. Með tvöföldum hnífafestingum, CAM öryggis-kúplingu og ýmsum aukabúnaði, til afgreiðslu strax á hagstæðu verði. S. 793-0116.

Orkutækni ehf. S: 7930116



Nardi plógar, ein- eða þrískornir, mjög sterkbyggðir gagvart grjóti. Aflþörf 90-170 hö. Til á lager. S. 793-0116.



Skoda Super L&K 4x4 Árg. 2020 Ekinn 340.000 km. Á vél 150.000 km. Allur L&K aukahlutapakkinn+glerþak. Nýkominn úr allsherjar yfirhalningu hjá Bílson. Ný vél, ný tímareim, nýtt svinghjól, skipt um allar oliur. Nýlegir demparar og gormar. Viðhaldssaga öll hjá Bílson. Mjög heill bíll að innan og utan. Verð kr. 2.800.000. Skoða öll skipti, dýrari eða ódýrari. S. Whatsapp 899-9501.



Dacia Duster. Árgerð 2016. Ekinn 320.000 km. Staðsetning: Reykjavík. Gengur en þarf viðgerðar. Verð kr. 350.000. S. 844-1247.



Möscha sveifludreifistútarnir eru DLG viðurkendir fyrir að skila meira köfnunarefni í grassvörðinn í formi stærri dropa og einnig fyrir sérlega jafna dreifingu, sem bætir áburðarnýtingu verulega. S. 793-0116.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdi: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par-1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Vorum að fá taðklær frá FK Machinery á lager. Ásoðnar Euro festingar. Slöngur fylgja. - 120 cm, verð kr. 250.000 m/vsk. - 140 cm, verð kr. 310.000 m/vsk. - 160 cm, verð kr. 335.000 m/vsk. - 180 cm, verð kr. 350.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Heflaður burðarviður stærð 40x175. Lengd 5,4 m. Verð kr. 630 lm. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Man TGS 26.440 6x2 Árgerð 2008 (28.12.2007) Sjálfskiptur, akstur 259.000 km. Kassi 8,5 metrar (tekur 21 Eurobretti) Hurðar á hlið, opnun 6,5 metrar. Hæð kassa 2.5 metrar. Kassi innanmál 2.55 m. (Breidd) Palfinger lyfta 2,5 tonn (árgerð 2015) með fjarstýringu. Framdekk síðan 2024 (Fulda). Afturdekk góð (Double Coin). Búkki með beygjum. Keyptur nýr hjá Krafti á sínum tíma. Verð kr. 5.990.000 +vsk. Upplýsingar í s. 820-3883.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Dísilhitarar 5kw. 12 til 24 volt. Verð kr.53.900 - Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki-Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang-hak@hak.is

LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS

www.ljardalur.is Sérhæfir sig í innflutningi á gröfum og vinnutækjum sem henta sumarbústaðareigendum, bændum og öðrum einstaklingum. Arnar@ljardalur.is



Til sölu ný kjötsög. Upplýsingar í s. 892-1031, Guðmundur Hlynur.



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2“, 3“, 4“. Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



1.600 kg beltagrafa. Fullt verð kr. 1.990.000 +vsk. Frábær aukahlutapakki fæst með. Allar upplýsingar www.ljardalur.is Arnar@ljardalur.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Eins tonna beltagrafa. Verð kr. 1.590.000 +vsk. Tilboð kr. 1.490.000 +vsk. Stór aukahluta pakki fylgir með á sérkjörum. Allar frekari upplýsingar www.ljardalur.is Arnar@ljardalur.is




Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Hyundai Kona Style 64KW, rafmagn, árgerð 2020, sjálfskiptur, ekinn 28.000 km. Tilboðsverð kr. 3.490.000. Verð áður kr. 3.690.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Finnskt timbur í fjárhúsgólf til sölu: Stærð 32 x 100 mm. Verð kr. 390 lm. m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. Verð kr. 470 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm. par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm. x B 70 cm. 1 stk Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Faðmgreip. Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Sólarsellur 50 til 370 w. Verð frá kr. 17.900.- Öll þjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.




Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is

Sveigjanlegar lausnir fyrir ferðaþjónustuna

- Gistirými fyrir starfsmenn
- Gistirými til útleigu
- Salernislausnir fyrir ferðamannastaði
- Geymslulausnir








Terra Einingar ehf.
Hringhella 6 , 221 Hafnarfjörður
Sími: 535-2550
einingar@terra.is

Skoðaðu úrvalið á
terraeiningar.is

terra Einingar

Heildarlausnir á girðingum, hliðum og aðgangskerfum

girding.is








Öryggisgirðingar ehf.
Hringhella 6 , 221 Hafnarfjörður
Sími: 544 4222
girding@girding.is

ÖRYGGISGIRÐINGAR




Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is





Traktorsskóflur FK Machinery. Breidd 220 cm.Verð kr. 197.000 +vsk. Breidd 240 cm. Verð kr. 209.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

STRATA
Landmælingar og drónaþjónusta

Bjóðum upp á sérhæfða þjónustu í GPSlandmælingum, útsetningum á lóðum og fl. Kortlagningu og eftirlit með dróna, 3D líkangerð, efnismælingar. Sérsniðin og vönduð þjónusta eftir þörfum viðskiptavina. S. 620-8537. info@strata.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is

Tilboð óskast í tvær samliggjandi lóðir (A13 og A15) í frístundabyggðinni Unalæk um 5 km. innan við Egilsstaði, sjá: https://gamla.fljotsdalsherad.is/static/files/skipulag/unalaekur_greinargerd.pdf Lagnir fyrir heitt og kalt vatn, rafmagn og nettengingar inn á svæðið. Nánari uppl. hjá jb@isfar.is.



Til sölu fjögurra hesta kerra, árgerð 1995.Nýlegt gólf, flexatorar, dekk, felgur og ljós. Nýskoðuð. Ásett verð kr. 900.000. Fer á góðu í staðgreiðslu. S. 866-4954 Magnús.




Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is

PUNKTAR OG HNIT
RÁÐGJÖF

Hnita afmarkanir jarða og lóða. Útbý skjöl og sé um samskipti við sveitarfélag og aðrar stofnanir. Starfssvæði Vesturland og austur að Klaustri og lengra. Fer hvert sem er eftir samkomulagi. Set einnig út hæla skv. hnitum punktaroghnit.is, punktaroghnit@gmail.com S. 693-7992.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðum verðum. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Gólfhitafræsing - Steypusögun - Erum staðsettir á Norðurlandi en þjónusta um allt land, fræsum fyrir gólfhita og leggjum rör, erum vel útbúnir í steypusögun og gólf eða veggjaslípun. Fræsing/sögun fyrir neysluvatni eða rafmagni. Í bílnum erum við með öll verkfæri í allt niðurrif og brotvinnu. Hafið samband í s. 867-1124 Einar. Þyrnisholl ehf. tyrnisholl@gmail.com



SISU plöntustafir (geispur) stærðir 43 f. 67 gata bakka - 53 f. 40 gata bakka- 61 f. 35 gata bakka og 73 f. 24 gata bakka, léttir og endingargóðir með festingu fyrir aukahandfang á hagstæðu verði. S. 793-0116.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt). Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Maschio hnífatætarar fyrir 90–170 hö. Með tvöföldum hnífafestingum, CAM öryggiskúplingu og ýmsum aukabúnaði, til afgreiðslu strax á hagstæðu verði. S. 793-0116.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.



ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is
BÍLARAFMAGN

Atvinna

Karlmaður á fertugsaldri óskar eftir bústörfum i sumar. Er vanur bústörfum. Staðsetning skiptir ekki máli. Er með bílpróf, meirapróf og vinnuvélaréttindi. Upplysingar í s. 763-2364.

Dýrahald

Er að leita eftir beitarhólfi fyrir fjögur hross, um 6-10 hektara í um eins til tveggja tíma fjarlægð frá Reykjavík. Karl Þ. Ásmundsson, s. 895-1450. kalli122@vortex.is

Einkamál

Einstakt tækifæri til að eignast eðal ljúfling sem er óbundinn en jarðtengd sál. Heyrðu í okkur í einn.a.tjorninni@gmail.com. Geggjaður maður með yndislegan hund, fallegt heimili og breitt bros, á þrítugsaldri, í blóma lífsins.

Jarðir

Fjárbú í rekstri á Austurlandi er til leigu/sölu. Um er að ræða rúmlega 300 kinda bú, ásamt fullvirðisrétti, og helstu tæki og tól til heyskapar geta fylgt auk heyfyrninga. Áhugasamir geta sent fyrirspurn á netfangið fjarbu.austur25@gmail.com. Frestur til fyrirspurna er til mánaðamóta apríl-maí.

Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir að fá leigt pláss/geymslu/útihús fyrir 2 fornbíla að minnsta kosti 40-50 fm, á sanngjörnu verði. Ótímabundið frá 1. mai 2025. (Helst á Suðurlandi nálægt Skeiðum) Allar upplýsingar í s. 651-6527.

Óska eftir amerískum bílum, jeppum, pallbílum. skoða allt og á alls konar verði. Tækin mega þarfnast einhverra lagfæringa. Sms eða símtal í s. 774-4441.

Óska eftir að kaupa bilaðar vélar. Range Rover árg. 72 -76 og einnig bilaða 350 Chevy/GM. S. 694-0987.

Óska eftir þýskum stríðsminjum til varðveislu. Uppl. Hlynur Lind s. 863-7355.

Óska eftir gömlum heflum, bæði tré og járn, til uppgerðar. Einnig sporjárnum og handverkfærum. Allt kemur til greina, endilega hafið samband. Er smíðanemi og óður safnari. (ps ekki segja konunni minni). Jón S. 864-2407 jonljon@gmail.com

Óska eftir gömlu mótorhjóli/skellinöðru til uppgerðar. Jón s. 837-3311.

Til leigu

Til leigu beitarhólf í Kjós. Hægt er að aðlaga stærð svæðis að þörfum hvers og eins. Einnig er möguleiki á að leigja slægjur. Nánari upplýsingar í s. 854-8080.

Geymsluhúsnæði til leigu í Kjós. Til leigu eru tvö einangruð húsnæði með heitu og köldu vatni. Annað er tæplega 200 fermetrar með góðri innkeyrsluhurð, þar sem hæðin er u.þ.b. 4 metrar og breidd rúmlega 3 metrar. Hitt húsnæðið er tæplega 150 fermetrar, einnig með heitu og köldu vatni. Þar er innkeyrsluhurðin um 3,5 metra á hæð og 3 metra á breidd. Húsnæðið verður tilbúið til afhendingar 1. júní eða fyrr. Hagstætt leiguverð! Nánari upplýsingar í s. 854-8080.

Til sölu

Liebherr 32TT 2001 byggingakrani, ásamt hjólastelli fyrir kranann. Krana steypumót frá Doka 2,7 m hæð, um 165 fm í 2-földu, auk fylgihluta. Einnig tveir vinnuskúrar, 20 feta. Uppl. í S. 773-5600 eða solhof@solhof.is

HECHT rafmagnsfjórhjól til sölu í Skagafirði. Hjólið var nýskráð í mars 2021 og er ekið 1.154 km. Verðhugmynd kr. 350.000. Upplýsingar veitir Gunnar í s. 895-9268.

New roller griper. Til sölu FLIEGL rúllugreip. Tekur rúllur frá 0,95 m til 2,00 m. Fyrir stórar rúllur, allt að 1.400 kg þungar. Gormar sem tryggja jafna opnun. uppl. í s. 894-6140, made in Holland.

1x6, 2x5, 2x6 og 2x8. Nýtt efni, gott verð, skipti á afurðum koma til greina. S. 892-4624.

Gefins tvær Simba dýnur, gegn því að vera sóttar. Stærðin á þeim er: 90 cm á breidd x 2 m á lengd. Erum á Akranesi. S. 847-4109 og 615-2869.

Notuð grásleppunet, um 160 stk. (stutt), í góðu standi. Ótrúlega ódýr. Nálægt 20% af verði nýrra. Á sama stað ýmislegt til línuveiða. Uppl. S. 893-8577 eða 863-5026.

Nissan Pathfinder árgerð 2012, 33" dekk, ekinn 153.000 km. 7 manna, grind í góðu lagi. Bíll í toppstandi. Verð kr. 1.690.000 S. 860-4409.

Til sölu 4 Michelin-sumardekk, stærð 235/50R19. Ónotuð, eru í Reykjavík. Upplýsingar í s. 893-1675.

Veiði

Útboð. Lax- og silungsveiði í Sandá í Þjórsárdal. Veiðifélag Hvammsár og Sandár í Þjórsárdal óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði í Sandá í Þjórsárdal fyrir árin 2025 til 2029, að öllum árum meðtöldum, samkvæmt útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum. Útboðsgögn og frekari upplýsingar eru hjá umsjónarmanni útboðsins í tölvupósti, sandaveidifelag@gmail.com Frestur til að skila tilboði rennur út 30. apríl 2025 kl 16:00. Veiðifélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum. Veiðifélag Hvammsár og Sandár.

Þjónusta

Aspira Þrif – Fyrsta flokks þrif fyrir fyrirtæki og heimili! Vönduð og fagleg þjónusta. Sérsniðin lausn fyrir þínar þarfir. Hreint rými – betri líðan. Við sjáum um þrifin, þú nýtur dagsins! Uppl. í s. 787-6107 eða netfang diljaosp@morrisonthrif.com

Rétta – Ráðgjöf og bókhald Fagleg ráðgjafarþjónusta og bókhald fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Við aðstoðum við réttu skrefin í rekstri. Hafðu samband í s. 854-8080 eða á olafur@retta.is

JLÓ Markaðssetning. Þín markaðsherferð, mín sérgrein. Aðstoð við stafrænar auglýsingar, samfélagsmiðla og prentefni. Sérhæfi mig í þjónustu fyrir lítil fyrirtæki, einstaklinga og ferðaþjónustu. Hafðu samband – saman finnum við réttu lausnina. S. 770-5500 / jlo.markadssetning@gmail.com

limtrevirnet.is

HVAÐ VILT ÞÚ BYGGJA?

Steinullareiningar eru frábært byggingarefni fyrir skemmur, geymslur og fjós



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Fljótleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

Hafðu samband og kynntu þér úrvalið.

LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

Við leggjum grunn að gæðum

Bústólpi



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is